	Greitt úr ríkissjóði	488,9
06-705	Kirkjumálasjóður	
	Kirkjumálasjóður	222,5
	Greitt úr ríkissjóði	222,5
06-735	Sóknargjöld	
	Sóknargjöld	1.790,0
	Greitt úr ríkissjóði	1.790,0
06-736	Jöfnunarsjóður sókna	
	Jöfnunarsjóður sókna	288,0
	Greitt úr ríkissjóði	288,0
06-841	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	
	Lögbundið framlag	11.937,0
	Greitt úr ríkissjóði	11.937,0
08-303	Lýðheilsusjóður	
	Tóbaksvarnir, lögbundið framlag	85,0
	Tannverndarsjóður, lögbundið framlag	10,0
	Greitt úr ríkissjóði	95,0
11-511	Framkvæmdasjóður ferðamannastaða	
	Lögbundið framlag	48,0
	Greitt úr ríkissjóði	48,0
	Lögbundin framlög alls	14.869,4
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	14.869,4

Séryfirlit 6

Tekjuáætlun fjárlaga með framsetningu GFS-staðalsins

m.kr.	Rekstrar- grunnur	Greiðslu- grunnur
Skatttekjur og tryggingagjöld		
Skattar á tekjur og hagnað		
Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	96.000	92.100
Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	96.000	92.100
Tekjuskattur, lögaðila	31.300	28.200
Skattar á tekjur og hagnað lögaðila	31.300	28.200
Fjármagnstekjuskattur einstaklinga	27.000	23.900
Skattur á fjármagnstekjur, ríkissjóður	2.610	2.490
Skattar á fjármagnstekjur	29.610	26.390
Skattar á tekjur og hagnað	156.910	146.690
Skattar á launagreiðslur og vinnuafl		
Markaðsgjald	442	439
Launaskattur	4.500	4.500
Skattar á launagreiðslur og vinnuafl	4.942	4.939
Eignarskattar		
Auðlegðarskattur	7.060	6.670
Erfðafjárskattur	3.200	3.200
Stimpilgjöld	3.200	3.200
Skipulagsgjald	160	160
Brunabótamatsgjald	138	138
Fasteignamatsgjald	247	247
Eignarskattar	14.005	13.615
Skattar á vöru og þjónustu		
Virðisaukaskattur	142.100	137.400
Vörugjald af innfluttum vörum	4.000	3.880
Vörugjald, almennt af innlendri framleiðslu	1.750	1.720
Vörugjald af innfluttum bifreiðum	2.700	2.700
Vörugjald af bensíni	4.560	4.560
Sérstakt vörugjald af blýlausu bensíni	7.840	7.840
Kolefnisgjald	3.090	3.060
Olúgjald	6.810	6.810
Áfengisgjald	11.100	11.000
Tóbaksgjald af innfluttu tóbaki	5.100	5.100

Vörugjöld, umhverfisskattar	2.703	2.703
Flutningsjöfnunargjald á olíuvörur	430	430
Vörugjöld í landbúnaði	805	805
Vörugjöld, eftirlitsgjöld	50	50
Vörugjöld af rafmagni og heitu vatni	2.255	2.220
Ýmis vörugjöld	52	52
Sértækir þjónustuskattar	4.289	4.285
Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	199.634	194.614
Bifreiðagjöld	6.600	6.540
Kílómetragjald	700	690
Neysluskattur og leyfissgjöld af skipum	258	258
Neyslu- og leyfisskattar, skráningargjöld	573	573
Neyslu- og leyfisskattar, leyfi fyrir atvinnustarfsemi	119	119
Neyslu- og leyfisskattar, leyfis- og vottorðsgjöld	202	202
Neyslu- og leyfisskattar, eftirlitsgjöld	447	447
Aðrir neyslu- og leyfisskattar	184	184
Neyslu- og leyfisskattar	9.082	9.012
Skattar á vöru og þjónustu	208.716	203.626
Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	6.172	6.122
Aðrir skattar		
Gjald á bankastarfsemi	1.000	1.000
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	1.668	1.618
Gjald vegna Ríkisútvarpsins ohf.	4.090	3.790
Ýmsir	371	371
Aðrir skattar	7.129	6.779
Skatttekjur	397.874	381.772
Tryggingagjöld		
Tryggingagjald, almennt	41.414	40.214
Tryggingagjald, hluti atvinnuleysistrygginga	21.658	20.229
Tryggingagjald, lífeyrissjóðir (til lækkunar á örorkubyrði)	2.698	2.620
Ábyrgðargjald atvinnurekenda vegna launa	2.652	2.514
Slysatryggingagjald vegna sjómanna	135	135
Tryggingagjöld	68.557	65.712
Skatttekjur og tryggingagjöld, samtals	466.431	447.484

Fjárframlög

Fjárframlög frá alþjóðastofnunum	596	596
Fjárframlög frá öðrum opinberum aðilum		
Hluti sveitarfélaga í innheimtukostaði	605	605
Viðbótarframlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldb. grunnskólakennara	390	390
Rekstrarframlög	227	227
Fjárframlög frá öðrum opinberum aðilum	1.222	1.222
Fjárframlög, samtals	1.818	1.818

Aðrar tekjur**Eignatekjur****Vaxtatekjur**

Vextir af innstæðum	5.710	5.624
Vextir af endurlánum	12.619	12.316
Dráttarvextir og álag af ríkissjóðstekjum	2.800	2.500
Vaxtatekjur	21.128	20.440

Arðgreiðslur	2.157	2.157
---------------------------	--------------	--------------

Hlutdeild í tekjum ríkisfyrirtækja	1.536	1.536
---	--------------	--------------

Leigutekjur

Veiðigjald af aflaheimildum	8.025	6.235
Aðrar leigutekjur	71	71
Leigutekjur	8.096	6.306
Eignatekjur	32.918	30.439

Sala á vöru og þjónustu**Neyslu- og leyfisgjöld**

Dómsmálagjöld	310	310
Gjöld fyrir fullnustugerðir og búskipti hjá sýslumanni	670	670
Ríkisábyrgðargjald og áhættugjald vegna ríkisábyrgða	620	620
Innritunargjöld, prófgjöld	777	777
Eftirlitsgjöld	534	534
Neyslu- og leyfisgjöld, ýmis	1.788	1.788
Neyslu- og leyfisgjöld	4.698	4.698
Sala á vöru og þjónustu	4.698	4.698

Sektir og skaðabætur

Lögreglustjórasektir	590	590
Dómsektir og stjórnvaldssektir	900	900
Skattsektir	410	410
Aðrar sektir	35	35
Sektir og skaðabætur	1.935	1.935

Tilfærslur aðrar en fjárframlög

Hlutdeild fjármálastofnana í sérstökum vaxtaniðurgreiðslum til heimila	6.000	6.000
Tilfærslur aðrar en fjárframlög	6.000	6.000
Ýmsar tekjur og óskilgreindar tekjur	75	75
Aðrar tekjur, samtals	45.626	43.147

Sala efnislegra eigna**Sala fastafjármuna**

Sala fasteigna	400	400
Sala jarðeigna jarðasjóðs	100	100
Sala fastafjármuna	500	500
Sala efnislegra eigna	500	500

Hagnaður af peningalegum eignum

Hagnaður af peningalegum eignum, samtals	7.100	7.100
Heildartekjur, samtals	521.474	500.048

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Samkvæmt 42. gr. stjórnarskrárinnar ber að leggja fram frumvarp til fjárlaga fyrir Alþingi strax og það kemur saman að hausti. Í samræmi við þetta hefur frumvarpið jafnan verið lagt fram á fyrsta fundi þingsins. Um meginefni þess er fjallað í fjárlaganefnd Alþingis en aðrar nefndir fá þá efnisflokka til umsagnar sem að þeim snúa. Fjallað er um nauðsynlegar lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlaga og breytingar á almennum lögum sem tengjast afgreiðslu fjárlaga í öðrum nefndum. Fjárlagafrumvarp er jafnan afgreitt í desember.

Fjárlagafrumvarpið er sett fram í sex lagagreinum ásamt fjórum nánari sundurliðunum, sem jafnframt hafa lagagildi, og sex séryfirlitum. Efni lagaákvæðanna er sem hér segir:

- Í 1. gr. er sýndur áætlaður rekstrarreikningur ríkissjóðs, þ.e. tekjur og gjöld, á rekstrargrunni en sjóðshreyfingar eru einnig sýndar. Tekjunum er skipt eftir meginflokkum og helstu skattstofnum. Frekari skiptingu teknanna er að finna í *sundurliðun 1*. Gjöldin eru flokkuð eftir ábyrgðarsviðum, þ.e. eftir ráðuneytum. Nánari skipting á fjárreiðum ríkisaðila í A–hluta er sýnd í *sundurliðun 2*.
- Í 2. gr. er yfirlit yfir sjóðstreymi ríkissjóðs. Niðurstaða rekstrar- og fjármunahreyfinga er hreinn lánsfjárjöfnuður en hann er ein af lykilstærðum í reikningsskilum ríkissjóðs og sá mælikvarði sem þykir gefa einna besta mynd af efnahagsáhrifum ríkisfjármálanna.
- Í 3. gr. eru sýndar lykiltölur úr starfsemi ríkisfyrirtækja í B–hluta sem skipta máli við afgreiðslu og ákvörðun Alþingis. Hér er um að ræða hagnað eða tap hlutaðeigandi fyrirtækis, arðgreiðslu til ríkissjóðs, fjárfestingu þess og lántöku ef um slíkt er að ræða. Fjárreiður B–hluta fyrirtækja koma nánar fram í *sundurliðun 3*.
- Í 4. gr. eru sýndar fjárreiður lánastofnana í C–hluta og er hún eins að uppbyggingu og 3. gr. Fjárreiður lánastofnana í C–hluta koma nánar fram í *sundurliðun 4*.
- Í 5. gr. eru ákvæði sem snúa að lántökuheimildum ríkisins, heimildum til endurlána til einstakra aðila utan A–hluta og um veitingu ríkisábyrgða og niðurfellingu skulda.
- Í 6. gr. er kveðið á um heimildir fjármálaráðherra sem snerta framkvæmd fjárlaga, svo sem heimildir til eftirgjafar gjalda, ráðstöfunar eigna og fasteignakaupa.

Á eftir lagaákvæðum frumvarpsins eru nokkur séryfirlit sem veita nánari upplýsingar um ríkisfjármálin. Fyrst er yfirlit um *málaflökkaskiptingu gjalda* í A–hluta sem byggir á alþjóðlegum staðli og síðan yfirlit um *hagræna skiptingu gjalda* í rekstur, fjármagnskostnað, neyslu- og rekstrartilfærslur, viðhald, stofnkostnað og fjármagnstilfærslur. Enn fremur er séryfirlit um *markaðar tekjur* sem færast á tekjuhlið ríkissjóðs en er varið til fjármögnunar á útgjöldum verkefna í A–hluta ríkissjóðs og annað yfir aðrar *rekstrartekjur* stofnana, sem einnig færast á tekjuhlið ríkissjóðs. Þar á eftir er birt yfirlit um *lögbundin framlög* sem veitt eru til nokkurra aðila. Loks er yfirlit sem sýnir *tekjuáætlun frumvarpsins með framsetningu alþjóðlegs staðals* sem áformað er að tekinn verði í notkun fyrir tekjuhlið fjárlaga.

Í athugasemdum á eftir lagagreinum er ítarleg umfjöllun sem skiptist þannig:

- Í fyrsta kafla er yfirlit yfir markmið í ríkisfjármálum og helstu niðurstöður frumvarpsins.
- Í öðrum kafla er gerð grein fyrir tekjuhlið A–hluta frumvarpsins þar sem farið er yfir áætlanir um einstaka tekjustofna.
- Í þriðja kafla er að finna ítarlega umfjöllun um gjaldahlið A–hluta frumvarpsins í heild og eftir einstökum ráðuneytum, málefnaflokkum og stofnunum.
- Í fjórða kafla er gerð grein fyrir fjárreiðum fyrirtækja ríkisins í B–hluta.
- Í fimmta kafla er að finna umfjöllun um fjárreiður lánastofnana í C–hluta.
- Í sjötta kafla er fjallað um lánsfjármál, þ.e. lántökur, endurlán og ábyrgðir.
- Í sjöunda kafla er fjallað um heimildir fjármálaráðherra.
- Í áttunda kafla er veitt yfirlit um ríkisábyrgðir og áhættuskuldbindingar ríkissjóðs.
- Í níunda kafla er gerð grein fyrir skattastyrkjum.
- Í tíunda kafla er birt yfirlit yfir lagabreytingar sem miðað er við í forsendum fjárlagafrumvarpsins.

Vakin er athygli á því að allt efni fjárlagafrumvarpsins, bæði talnayfirlit og greinargerðir, er birt á vef fjármálaráðuneytisins um leið og frumvarpið hefur verið lagt fram á Alþingi. Veffangið er *ffarlog.is*.

1 Yfirlit ríkisfjármála

Fjárlagafrumvarpið er að þessu sinni sett fram með þeim hætti að í stað fyrra heftis frumvarpsins sem fylgt hefur með því undanfarin ár kemur sérstök skýrsla um ríkisfjármálastefnuna. Í þeirri skýrslu er fjallað um markmið og horfur í ríkisfjármálum til næstu ára og farið yfir stefnumarkandi áhersluþætti. Í henni er einnig sett fram sú áætlun um ríkisfjármálin næstu fjögur árin sem fylgir með fjárlagafrumvarpinu samkvæmt ákvæðum um langtímaáætlun í lögum um fjárreiður ríkisins. Visað er til þeirrar skýrslu og er hér því einungis fjallað í stuttu máli um markmiðasetningu og helstu niðurstöður frumvarpsins. Þá er fjallað nánar um einstök atriði í viðeigandi köflum greinargerðar frumvarpsins.

Markmið í ríkisfjármálum. Eins og undanfarin tvö ár byggir fjárlagafrumvarpið á markmiðum áætlunar um þróun ríkisfjármála til fjögurra ára. Sérstök ríkisfjármálaáætlun til meðallangs tíma var kynnt til sögunnar í sjálfstæðri skýrslu sem gefin var út í júní árið 2009 undir heitinu *Áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum 2009–2013* og var lögð fyrir Alþingi. Sú stefnumörkun fól í sér viðbrögð við þeim mikla vanda í opinberum fjármálum sem blasti við eftir hrun bankakerfisins haustið 2008 og efnahagskreppunnar sem fylgdi í kjölfarið. Tilgangur hennar er að stöðva skuldasöfnun ríkissjóðs, draga úr vaxtakostnaði og treysta forsendur velferðarsamfélagsins til framtíðar litið. Í skýrslunni var gengið út frá greiningu á efnahagshorfum eins og þær voru metnar á þeim tíma, m.a. í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, en samráð var haft við aðila vinnumarkaðarins og fleiri hagsmunaaðila um helstu stefnumiðin. Áætlunin byggði á heildstæðri greiningu til fjögurra ára á fjölmörgum þáttum á bæði tekjuhlið og útgjaldahlið ríkisstarfseminnar og í sjóðstreymi ríkissjóðs og með tilliti til spár um þróun þjóðhagsforsendna. Megin markmið áætlunarinnar voru þó einföld og skýr og tóku fyrst og fremst til tveggja stefnumiða. Í fyrsta lagi var í áætluninni sett markmið um að frumjöfnuður, þ.e. afkoma að frátöldum vaxtajöfnuði, væri orðinn jákvæður árið 2011 og í öðru lagi að heildarjöfnuður, þ.e. afkoma að meðtöldum vaxtajöfnuði, væri einnig orðinn jákvæður tveimur árum síðar, árið 2013. Til að ná fram þessari miklu aðlögun á ríkisfjármálunum var talið óhjákvæmilegt að gera ráðstafanir sem fælu í sér blandaða leið aukinnar tekjuöflunar og samdráttar í útgjöldum, fyrst í fjárukalögum ársins 2009 og síðan í fjárlögum árána 2010 og 2011. Áætlunin gerði jafnframt ráð fyrir að mestur þungi í aðlögunaraðgerðum á tekju- og útgjaldahlið kæmi fram á árunum 2010 og 2011 en í minni mæli á árunum 2012 og 2013.

Ríkisfjármálastefnan hefur verið endurskoðuð samhliða undirbúningi fjárlagafrumvarpsins í vor og sumar. Niðurstaða þeirrar endurskoðunar er að nú er ekki talin vera þörf fyrir að aðlögun ríkisfjármálanna þurfi að verða jafn mikil og ganga jafn hratt fram og gert var ráð fyrir þegar áætlunin var gerð sumarið 2009. Nú er miðað við að viðsnúningur í

frumjöfnuði verði um 10–11% af landsframleiðslu í stað 16% í upphaflegri áætlun. Einnig hefur verið ákveðið að markmiði um afgang á heildarjöfnuði verði seinkað til ársins 2014, auk þess sem hann verði minni en stefnt var að áður. Í endurmetinni áætlun hefur því verið hægt á framgangi aðlögunarinnar þannig að markmið færast aftur um 1 ár. Það felur vitaskuld ekki í sér að fallið hafi verið frá því að ríkisstarfsemin verði aftur sjálfbær á tímabilinu. Eftir sem áður þarf að vinna að því hörðum höndum að stöðva ósjálfbæran hallarekstur og skuldasoðun ríkissjóðs á einungis nokkrum árum og draga þar með úr áhættu af stigmögnun vaxtakostnaðar ef traust á ríkisfjármálastefnunni færi þverrandi á erlendum og innlendum fjármálamarkaði.

Ástæður fyrir þessari endurskoðun á ríkisfjármálastefnunni eru nokkrar. Í fyrsta lagi er skuldastaða ríkissjóðs umtalsvert betri en reiknað var með á vormánuðum árið 2009. Skuldabyrðin sem ríkið hefur þurft að axla í tengslum við endurfjármögnun bankakerfisins varð til muna minni en búist hafði verið við og auk þess hefur ekki reynst þörf á ríkið tæki á sig ýmsar skuldbindingar sem kynnu að leiða af efnahagshruninu í þeim mæli sem talið var ráðlegt að reikna með í upphafi. Í öðru lagi hefur framgangur áætlunarinnar verið góður, halli á ríkisrekstrinum á greiðslugrunni hefur verið minni en búist var við og mikill bati orðið á afkomunni til þessa þar sem bæði tekjuöflun og aðgerðir til að lækka útgjöld hafa borið ágætan árangur. Traust á ríkisfjármálunum hefur aukist og gerði það ríkissjóði kleift að sækja lánsfé á erlenda markaði nú í júní sl. Í þriðja lagi er útlit fyrir að hagvöxtur fari hægar af stað og verði ekki jafn þróttmikill og vonast var til í fyrri áætlun. Efnahagsreikningar margra stórra sem smárra fyrirtækja hafa komið verulega laskaðir út úr hrúni fjármálakerfisins, of mikil skuldsetning er þeim þung byrði og fjármögnun til einkaaðila á framkvæmdum og fjárfestingum er erfiðleikum bundin við þessar aðstæður. Við slíkar aðstæður þarf að meta hvort aðhaldsstig ríkisfjármálanna kunni að hafa of mikil samdráttaráhrif og hamlandi áhrif á efnahagsbatann. Reyndar má telja að það hefði mun meiri þýðingu fyrir hagvöxtinn ef tækist að koma fjárfestingu í verðmætasköpun á vegum atvinnulífsins á góðan skrið. Í öllu falli er ljóst að framgangur ríkisfjármálaáætlunarinnar byggir á því að hagvöxtur taki að glæðast og verði stöðugur næstu árin. Í fjórða lagi er ekki útlit fyrir að hlutfall skatttekna af landsframleiðslu hækki í sama mæli á næstu tveimur árum og ástæða var talin til að ætla í fyrri áætlun miðað við fyrri samdráttarskeið og reynslu annarra landa. Hægari bati á tekjuhlið ríkissjóðs hefur í för með sér nokkra slökun á aðhaldsstiginu. Loks hefur betri staða ríkissjóðs verið nýtt til að hækka bætur almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga með hliðsjón af nýlegum kjarasamningum á almennum vinnumarkaði, auk þess sem gerðir hafa verið kjarasamningar við félög opinberra starfsmanna um sambærilegar hækkunarir. Þessar hækkunarir eru talsvert meiri en reiknað var með í fyrri áætlun.

Höfuðáherslan í ríkisfjármálaáætluninni er að ríkisreksturinn verði aftur sjálfbær og að skuldastöðu ríkissjóðs verði komið í viðunandi horf með lægri vaxtabyrði sem gefi meira svigrúm fyrir útgjöld annarra málaflokka. Fyrir lítið ríki eins og Ísland er áhættusamt að

búa við mikla skuldsetningu og vera þar með illa í stakk búið til að mæta áföllum í þjóðar- búskapnum eða t.d. sviptingum í vaxtakjörum á fjármálamörkuðum. Þar sem markmið um jöfnuð í ríkisfjármálunum ætti að geta náðst á næstu þremur árum þykir orðið nauðsynlegt að horfa lengra fram á veginn hvað þetta varðar. Í endurskoðaðri ríkisfjármálastefnu er því sett nýtt markmið um að heildarskuldir hins opinbera, ríkisins og sveitarfélaga, verði lækkaðar næstu árin þannig að þær verði komnar niður í 60% af landsframleiðslu á árabílinu 2016–2019. Skuldahlutfallið tekur bæði mið af skuldabólsútreikningum sem gerðir hafa verið, m.a. af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, og viðmiðum sem orðið hafa til á alþjóðvettvangi s.s. á vegum Evrópusambandsins. Fyrirhugað er að útfæra fjármálareglur fyrir hið opinbera þar sem sett verði skýr viðmið um með hvaða hætti og í hvaða skrefum markmiðinu verði náð og hvernig brugðist verði við breyttum aðstæðum sem fela í sér að staða ríkisfjármálanna færist nær eða fjær settu markmiði.

Rekstrargrunnur, mia.kr.	Reikn. ³ 2010	Fjárlög 2011	Áætlun 2011	Frumvarp 2012
Tekjur	467,9	472,5	482,7	521,5
Gjöld	591,2	509,8	524,8	539,2
Heildarjöfnuður	-123,3	-37,3	-42,1	-17,7
sem hlutfall af VLF (%)	-8,0	-2,3	-2,6	-1,0
Frumjöfnuður	-84,5	15,5	3,7	39,6
sem hlutfall af VLF (%)	-5,5	0,9	0,2	2,2
Vaxtajöfnuður	-39,1	-53,0	-45,8	-57,3
sem hlutfall af VLF (%)	-2,5	-3,2	-2,8	-3,3
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi ¹	-1,5	-8,2	-10,6	-20,7
Handbært fé frá rekstri	-124,8	-45,5	-52,7	-38,4
Fjármunahreyfingar ²	70,4	-11,8	5,9	-0,9
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	-54,4	-57,3	-46,8	-39,3

¹ Til þess að fá mat á sjóðstreymi þarf að draga frá tekjum á rekstrargrunni þann hluta þeirra sem ekki kemur til innheimtu á árinu. Þá þarf að lækka tekjum um andvirðið af sölu eigna þar sem það fellur ekki undir eiginlegan rekstur. Jafnframt þarf að lækka útgjöld á rekstrargrunni vegna þeirra gjalda sem ekki koma til greiðslu á árinu.

² Hér eru færðar lánveitingar ríkissjóðs, að frádrögnum afborgunum fyrri lánveitinga. Undir þennan lið falla til dæmis lán sem ríkissjóður tekur vegna Lána sjóðs íslenskra námsmanna o.fl. Auk þess færast þar hreyfingar á viðskiptareikningum og stofnfjárframlög ríkisins. Loks er heildarandvirði seldra eigna sem skilar sér í ríkissjóð á árinu fært undir þennan lið.

³ Tekjur og gjöld ársins 2010 lækkuð vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga.

Afkoma ríkissjóðs. Í fjárlögum fyrir árið 2011 var stefnt að því markmiði að frumjöfnuður yrði orðinn jákvæður á árinu á greiðslugrunni. Samkvæmt endurskoðuðum áætlunum er útlit fyrir að frumjöfnuður ársins 2011 verði mjög nærri þessu markmiði á greiðslugrunni, að frátöldum hugsanlegum óreglulegum gjaldfærslum, en þó gæti orðið halli sem nemur nokkrum milljörðum kr. Til að tryggja það betur eru áform um að í frumvarpi til fjárákvalaga verði gerðar tillögur um nokkrar aðhaldsráðstafanir á yfir-

standandi ári. Á rekstrargrunni er hins vegar horfur á að frumjöfnuðurinn geti orðið jákvæður um nokkra milljarða kr. Þar með verða komin fram mikil umskipti í stöðu ríkisfjármálanna frá árinu 2009 þegar hallinn á frumjöfnuði ríkisstarfseminnar var um 100 mia.kr., eða sem svarar til 6,6% af landsframleiðslu. Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2012 er áformað að halda áfram á sömu braut og bæta afkomuna enn frekar þannig að afgangur á frumjöfnuði á rekstrargrunni verði liðlega 2% af landsframleiðslu en það jafngildir um 1,5% á greiðslugrunni. Viðsnúningurinn í frumjöfnuðinum frá árinu 2009 verður þá orðinn hátt í 9% af landsframleiðslu eða nálægt 140 mia.kr. á ári. Áþekk framvinda verður í heildarjöfnuði ríkissjóðs. Þar gætir þó áhrifa af vaxtajöfnuðinum sem áætlað er að verði óhagstæðari á næsta ári sem nemur um 11 mia.kr. miðað við áætlun fyrir árið 2011. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heildarjöfnuðurinn verði neikvæður um tæplega 18 mia.kr. á næsta ári, eða sem svarar til 1% af landsframleiðslu, í samanburði við 140 mia.kr. halla, eða 9,3% af landsframleiðslu, árið 2009. Gangi þessi áform frumvarpsins eftir má telja þann árangur býsna góðan miðað við stöðu mála í mörgum öðrum löndum, sérstaklega í ljósi þess að þetta hefur áunnist að miklu leyti á sama tíma og samdráttur hefur verið í efnahagslífinu. Til að stuðla að þessum framgangi ríkisfjármálanna eru áformaðar ýmsar frekari ráðstafanir í frumvarpinu, bæði á tekju- og gjaldahlið.

Áætlað er að handbært fé frá rekstri verði neikvætt um 38,4 mia.kr. árið 2012 en það er nánast sami mælikvarði og heildarafkoma á greiðslugrunni að frátöldum 7,2 mia.kr. tekjum af söluhagnaði sem ekki teljast til handbær fjár í frumvarpinu heldur flokkast með fjármunahreyfingum. Við það bætast -0,9 mia.kr. fjármunahreyfingar þannig að lánsfjárfjöfnuður verður samkvæmt frumvarpinu neikvæður um 39,3 mia.kr. á árinu 2012. Fyrirhugað er að lánsfjárförf ríkissjóðs verði mætt með 11 mia.kr. lántöku umfram afborganir lána og með því að ganga á innistæður í Seðlabanka Íslands sem nemur afganginum. Hér kemur fram mikil breyting á lánsfjárfjöfnuði og lántökum ríkissjóð eftir fall fjármálakerfisins því samkvæmt ríkisreikningi voru lántökur ríkissjóðs umfram afborganir 456,8 mia.kr. árið 2008, 197,1 mia.kr. árið 2009 og 145,4 mia.kr. árið 2010. Áætlað er að lántaka umfram afborganir á yfirstandandi ári verði um 71 mia.kr.

Afkomuþróun án óreglulegra liða. Þegar fjallað er um þróun ríkisfjármálanna til nokkurra ára þarf að taka tilliti til áhrifa af ýmsum einskiptis eða óreglulegum þáttum sem geta fallið til í meiri eða minni mæli frá einu ári til annars og geta byrgt sýn á undirliggjandi framvindu. Þar er um að ræða þætti sem teljast ekki til eiginlegs rekstrar og geta sveiflast mikið milli ára, s.s. vegna hagþróunar eða samkvæmt mati eftir á við reikningshaldslegt uppgjör. Þessa þætti getur verið afar erfitt að áætla fyrirfram og falla þeir því vanalega ekki undir beina ákvarðanatöku stjórnvalda við fjárlagagerðina. Oftast falla þessir óreglulegu liðir á útgjaldahlið og má taka sem dæmi að í ríkisreikningi fyrir árið 2008 var gjaldfærð 41,5 mia.kr. hækkun á lífeyrisskuldbindingum vegna ríkisstarfsmanna í kjölfar áfalla á lífeyrissjóði þeirra en árið 2009 nam gjaldfærslan á hinn bóginn aðeins 1,4 mia.kr. Slík

skuldbinding hefur hins vegar lítil samtímaáhrif á útgjöld viðkomandi árs heldur greiðist á mörgum áratugum. Slíkar færslur koma lítið við sögu í reikningshaldi á greiðslugrunni viðkomandi árs og er það ein af ástæðunum fyrir því að miðað hefur verið við þann grunn í markmiðasetningu um ríkisfjármálin í samstarfsáætluninni með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Einskiptis óregluleg útgjöld geta þó líka falið í sér samsvarandi fjárstreymi úr ríkissjóði samanber nýlegt 33 mia.kr. framlag vegna afskrifta fasteignalána hjá Íbúðalánasjóði.

Álitamál getur verið hvaða liði má telja vera óreglulega en í yfirlitinu hér á eftir er lítið svo á að helstu liðirnir á útgjaldahliðinni séu gjaldfærðar lífeyrisskuldbindingar vegna ríkisstarfsmanna, fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóður greiðir og færist einnig á tekjuhliðina, afskriftir skattkrafna, ríkisábyrgðir á lánnum, tapaðar kröfur, afskrifuð eða niðurfærð eiginfjárframlög og loks vaxtagjöld. Á tekjuhlið er einkum um að ræða óregluleg áhrif af sölu eigna, hagnaði af peningalegum eignum og svo af fjármagnstekjuskatti sem ríkið greiðir sjálfu sér vegna hagnaðar af eignasölu. Með þessari framsetningu skal ekki dregið úr því að tilfallandi einskiptis skuldbindingar geta verið veigamiklar til lengri tíma lítið og þá jafnframt að tekjur af eignasölu geta gengið til lækkunar á langtímaskuldum heldur er fremur verið að leiða betur fram samtímaáhrif ríkisfjármálanna og þróun þeirra í átt til meiri sjálfbærni. Auk þess getur þurft að leiðrétta fyrir ýmsum breytingum á framsetningu fjárlaga þegar borin er saman þróun yfir nokkurra ára tímabil. Á það við í tölfunni hér fyrir neðan þar sem að málefni fatlaðra voru færð yfir til sveitarfélaga í árslok 2010. Hafa því bæði tekjur og útgjöld ríkissjóðs verið lækkuð sem því nemur, u.þ.b. 10 mia.kr., árin 2008 til 2010 til að þau verði samanburðarhæf við árin þar á eftir.

Rekstrargrunnur, mia.kr.	Reikn. ¹ 2008	Reikn. ¹ 2009	Reikn. ¹ 2010	Áætlun 2011	Frumvarp 2012
Frumtekjur	414,8	379,6	414,2	458,5	490,1
Frumútgjöld	395,6	448,6	434,6	439,8	442,6
Frumjöfnuður	19,2	-68,9	-20,4	18,7	47,5
Fjármagnsjöfnuður	6,3	-40,2	-38,8	-45,8	-57,3
Heildarjöfnuður án óreglulegra liða	25,5	-109,2	-59,2	-27,2	-9,7
% af landsframleiðslu					
Frumtekjur	28,0	25,4	26,9	27,9	27,8
Frumútgjöld	26,7	30,0	28,2	26,8	25,1
Frumjöfnuður	1,3	-4,6	-1,3	1,1	2,7
Fjármagnsjöfnuður	0,4	-2,7	-2,5	-2,8	-3,3
Heildarjöfnuður án óreglulegra liða	1,7	-7,3	-3,8	-1,7	-0,6

¹ Tekjur og gjöld árána 2008-2010 lækkuð vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga

Þegar óreglulegir liðir eru undaskildir með þessum hætti kemur skýrar fram undirliggjandi þróun í frumjöfnuði ríkissjóðs af reglubundinni starfsemi. Á þennan mælikvarða varð halli á frumjöfnuði 4,6% af landsframleiðslu árið 2009 eftir fall bankakerfisins en er að snúast við í afgang á þessu ári sem reiknað er með að vaxi síðan í 2,7% af landsframleiðslu á næsta ári. Heildarafkoma breytist á sama hátt að þessu liðum frátöldum úr halla sem nam 7,3% af landsframleiðslu árið 2009 í aðeins 0,6% halla árið 2012. Þá bera þessar tölur með sér að hlutfall frumtekna af landsframleiðslu, sem féll mikið árið 2009, er tekið að hækka aftur og nálgast svipað stig og árið 2008 í kjölfar ráðstafana sem gerðar hafa verið til að styrkja tekjuöflunina. Einnig má sjá að hlutfall frumútgjalda af landsframleiðslu, sem hækkaði skarpt árið 2009, hefur þokast niður á við aftur og stefnir í að verða um 1,5% lægra á næsta ári en það var árið 2008. Loks má nefna að hlutfall fjármagnsjafnaðar af landsframleiðslu gefur vísbendingu um varhugaverða þróun þar sem halli á þeim lið fer hækkandi og er áminning um að brýnt er að stöðva hallareksturinn og grynnka síðan í framhaldinu á skuldum ríkisins.

Efnahagsforsendur. Þjóðhagsforsendur fjárlagafrumvarps ársins 2012 og meðfylgjandi langtímaáætlunar í sérstakri skýrslu um ríkisfjármálastefnuna til ársins 2015 byggja á þjóðhagsspá Hagstofunnar sem gefin var út 8. júlí síðastliðinn. Gert er ráð fyrir að Hagstofan gefi út endurskoðaða spá um miðjan nóvember nk. og kann það að gefa tilefni til breytinga á áætlunum og tillögum í fjárlagafrumvarpinu við 2. umræðu þess. Eftir tveggja ára samdrátt í þjóðarbúskapnum, sem nemur alls tæplega 11% er búist við að hagkerfið taki á ný að vaxa á árinu 2011 og er ljóst að botni hagsveiflunar hefur verið náð. Þjóðhagsspá Hagstofunnar gerir ráð fyrir að landsframleiðslan á árinu 2012 aukist um 3,1% og að margir mikilvægir hagvísar þróist með jákvæðum hætti á árinu. Áætlað er að einkaneysla aukist um 3,3% á árinu 2012 og að aukningin verði 3,1% í ár eftir að hafa fallið um 23% frá því sem hún var mest árið 2007. Samdráttur samneyslu verður mun minni árið 2012 samanborið við árin á undan eða um 0,8%. Fjárfesting mun taka við sér í ár eftir um þriggja ára samdrátt og er reiknað með að vöxturinn verði um 15% í ár og á næsta ári. Áætlað er að afgangur á vöru- og þjónustuviðskiptum verði áfram verulegur eða um 9,3% af vergri landsframleiðslu á árinu 2012, en á móti er gert ráð fyrir að viðskiptajöfnuður verði neikvæður á árinu eða sem nemur 6,1% af landsframleiðslu vegna halla á jöfnuði þáttatekna en þáttatekjurnar innihalda vaxtagreiðslur banka í slitameðferð en gera má ráð fyrir að verulegur hluti þeirra verði afskrifaður.

Þjóðhagsspá Hagstofunnar gerir ráð fyrir að atvinnuleysi verði 6,0% af mannafla samanborið við 7,2% í ár. Kaupmáttur ráðstöfunartekna muni aukast um 3,2% á næsta ári og 3,3% í ár, sem er mikill viðsnúningur frá efnahagshruninu þar sem áætlað er að kaupmáttur hafi dregist saman um 20% á árunum 2009 og 2010. Spáð er að verðlag hækki að meðaltali um 3,7% milli áranna 2011 og 2012, en að verðbólga í ár verði 3,9%.

Tekjuhlíð. Í frumvarpinu eru heildartekjur ríkissjóðs áætlaðar 521,5 mia.kr. á árinu 2012. Er það um 38,7 mia.kr. hækkun frá áætlaðri útkomu fyrir árið 2011. Frumtekjur eru áætlaðar um 500,3 mia.kr. á næsta ári og hækka álíka mikið miðað við áætlaða útkomu fyrir árið 2011 eða um 39 mia.kr. Skatttekjur eru áætlaðar 466,8 mia.kr. samanborið við 438,9 mia.kr. í áætlun fyrir árið 2011 og hækka því um 27,8 mia.kr. Þótt helstu tekjustærðirnar hækki þannig að nafnvirði milli ára á hluti aukningarinnar rætur að rekja til launa- og verðlagsbreytinga í skattstofnum, auk áhrifa af jákvæðari horfum um hagþróun en verið hefur. Einnig er fyrirhugað að gera ráðstafanir til að auka tekjuöflun ríkissjóðs sem nemi 20,7 mia.kr. en þar af eru 9 mia.kr. einskiptis tekjur, eða 7 mia.kr. vegna áforma um eignasölu og 2 mia.kr. vegna framlengingar á rétti til úttekta á séreignasparnaði. Nánar er fjallað um tekjur ríkissjóðs í kafla 2 hér á eftir.

Gjaldahlíð. Heildargjöld eru áætluð 539,2 mia.kr. í frumvarpinu og hækka um 14,3 mia.kr. frá áætlaðri útkomu á árinu 2011. Frumútgjöld hækka hins vegar einungis um 3,2 mia.kr. milli ára. Afgangurinn skýrist af því að reiknað er með að vaxtagjöld ríkissjóðs aukist um liðlega 11 mia.kr. frá árinu 2011 til ársins 2012. Þegar litið er á breytingar á heildarútgjöldum og frumútgjöldum miðað við upphaflega áætlun fjárlaga fyrir árið 2011 eru þær hins vegar talsvert meiri eða annars vegar 29,3 mia.kr. og hins vegar 24,6 mia.kr. Skýrist það aðallega af því að inn í hækkun frumgjaldanna koma þá hækkanir á bótum almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga, launum ríkisstarfsmanna, bæði þær sem komu fram á þessu ári og þær sem gert er ráð fyrir að verði á næsta ári, auk áhrifa af hækkun á gengi erlendra gjaldmiðla og hækkandi verðbólgu milli ára. Áhrif af þessum verðlags-hækkunum árána 2011 og 2012 vega mjög þungt í frumvarpinu en þau nema samtals um 26,8 mia.kr. Að þessum verðlagsbreytingum frátöldum lækka frumútgjöldin frá fjárlögum 2011 um 2,2 mia.kr. Á móti hækka vaxtagjöld um 4,7 mia.kr. þannig að heildargjöldin hækka um 2,5 mia.kr. nettó að raungildi. Samsetning breytinganna á útgjaldahlíðinni frá gildandi fjárlögum er í stórum dráttum á þá leið að í fyrsta lagi aukast ýmsar fyrirbyggjandi útgjaldaskuldbindingar um 10,9 mia.kr. Þar vega þyngst vaxandi útgjöld almannelífeyris-kerfisins og veikleikar og umframútgjöld í sjúkratryggingum, sem nema um 3 mia.kr. í hvoru tilviki fyrir sig. Á móti vegur að reiknað er með að útgjöld vegna atvinnuleysisbóta lækki um 3,5 mia.kr. og að fjárförf vegna fæðingarorlofs er talin dragast saman um 1 mia.kr. Í öðru lagi munu margvísleg framlög sem veitt hafa verið til tímabundinna verkefna falla niður þar sem þeim lýkur á þessu ári og nemur sú lækkan um 4,6 mia.kr. Stærsta einstaka niðurfellingin af þessum toga er 500 m.kr. fjárheimild vegna kaupa á nýju varðskipi fyrir Landhelgisgæsluna sem afhent verður á þessu ári. Í þriðja lagi hafa verið útfærðar í fjárlagafrumvarpinu ráðstafanir til að draga úr útgjöldum í rekstri, tilfærslum og stofnkostnaði sem alls nema 8,6 mia.kr. en þar af má telja um 7,6 mia.kr. til varanlegra ráðstafana. Loks hækkar áætlun um vaxtagjöld um 4,7 mia.kr. á næsta ári miðað við gildandi fjárlög. Nánar er fjallað um útgjaldabreytingar í frumvarpinu í kafla 3 hér á eftir.

2 Tekjur A–hluta ríkissjóðs

Í þessum kafla er gerð grein fyrir tekjuhorfum ríkissjóðs árið 2012, eins og þær eru metnar út frá þeim forsendum sem fjárlagafrumvarpið byggist á. Þá er einnig gerð grein fyrir endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir árið 2011.

2.1 Tekjuhorfur 2011

Helstu niðurstöður. Útlit er fyrir að tekjuáætlun ársins 2011 muni ganga eftir og ríflega það. Á fyrstu átta mánuðum ársins eru innheimtar tekjur 3,8% yfir áætluðum tekjum tímabilsins. Sú niðurstaða gefur fullt tilefni til að hækka tekjuáætlun ársins í heild um ríflega 10 mia.kr. í frumvarpi til fjárlagalaga, þar af vaxtatekjur um 0,8 mia.kr., en frumtekjur um 9,3 mia.kr. Gangi sú áætlun eftir munu frumtekjur á greiðslugrunni nema 27,0% af landsframleiðslu yfirstandandi árs í stað 26,6% í áætlun fjárlaga. Á heildina litið hafa því þau markmið sem tekjuaðgerðum í upphafi ársins var ætlað að ná gengið eftir þótt frávik séu í báðar áttir innbyrðis á milli tekjustofna.

Þeim forsendum sem byggt er á við endurmat tekjuáætlunar fjárlaga má einkum skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi er niðurstaða ríkisreiknings fyrir árið 2010 sem lá fyrir sl. sumar, í öðru lagi endurskoðuð þjóðhagsspá fyrir árið 2011 (Hagstofan 8. júlí sl.) og í þriðja lagi eru upplýsingar um álagningu og innheimtu skatta og annarra tekna á fyrstu átta mánuðum ársins. Af þessum þáttum vega innheimtuupplýsingar þyngst í tilviki flestra skatta, enda er þar um áreiðanlegar upplýsingar að ræða um þróunina á fyrstu tveimur þriðjungum ársins á greiðslugrunni. Við endurskoðun fjárlagaáætlunar á greiðslugrunni er mikið mið tekið af þessum upplýsingum og áætlun gerð um mánaðarlega innheimtu til ársloka. Áætlun á rekstrargrunni er síðan í flestum tilvikum byggð á greiðslugrunns-áætluninni auk upplýsinga um álagningu ársins og eftir atvikum öðrum gögnum.

Tekjur ríkissjóðs samkvæmt uppgjöri ríkisreiknings urðu 478,7 mia.kr. á árinu 2010 sem er einum mia.kr. meira en í áætlun fjárlagalaga, og á greiðslugrunni varð útkoman 4 mia.kr. hærri. Frávik í einstökum liðum frá áætlun 2010 hafa í flestum tilvikum sjálfkrafa nokkur áhrif á áætlun ársins 2011 á rekstrargrunni.

Í forsendum fjárlaga fyrir árið 2011 var spáð 1,9% hagvexti og 2,3% verðbólgu að meðaltali milli áranna 2010 og 2011. Miðað við júlispá Hagstofunnar mun hagþróunin verða heldur betri en verðbólga meiri og er nú spáð 3,9% verðbólgu að jafnaði á árinu. Ein stærsta breytingin frá fyrri forsendum felst í þeim kjarasamningum sem gerðir hafa verið á vinnumarkaði síðan í maí. Launahækkanir í upphafi samningstímans eru meiri en ráð var fyrir gert, og hækkanir á samningstímabilinu í heild eru einnig heldur meiri. Hagstofan hefur einnig endurskoðað mat sitt á vinnuafleiðisþætti á árinu, og telur að hún muni aukast um 2,1% í stað 0,8% milli ára. Þá er rétt að nefna að margir sóttu um að taka út séreignar-

sparnað á fyrsta fjórðungi ársins, og sú viðbót við tekjuskattsstofn ársins verður meiri en ætlað var. Þetta leiðir til hækkunar á fyrri áætlunum um stofna tekjuskatts einstaklinga og tryggingagjalda og er útlit fyrir ágætan vöxt þeirra á árinu, eftir því sem næst kyrrstöðu þeirra beggja að nafnvirði á árinu 2010. Aukin verðbólga leiðir þó til þess að kaupmáttur ráðstöfunartekna í heild er nú talinn aukast minna milli ára en áður eða um 3,3% í stað 3,6% í fyrri spá og vöxtur einkaneyslu hefur aðeins verið endurmetinn lítillaga upp á við, úr 2,6% í 3,1%. Óbeinir skattar eru aftur á móti nú taldir skila ríkissjóði 3,6 mia.kr. minni tekjum en í áætlun fjárlaga og skýrist það af fleiri þáttum en hinum almennu þjóðhagsforsendum.

2.2 Þróun einstakra tekjustofna 2011


Skattar á tekjur og hagnað. Betri horfur um skatttekjur ríkissjóðs á árinu 2011 má að mestu leyti rekja til meiri launabreytinga, sem skýrist m.a. af kjarasamningum ársins eins og að framan greinir. Mun meira hefur skilað sér í ríkissjóð af fjármagnstekjuskatti en

áætlað hafði verið á tímabilinu janúar til ágúst, en stór hluti hans kemur jafnan til endurgreiðslu í október og óvissa því enn talsverð um endanlegar tekjur. Áætlun um fjármagnstekjuskatt er þó hækkuð sem svarar að hluta til þess fráviks sem orðið er í innheimtu, eða um 3,5 mia.kr. á greiðslugrunni og

5,0 mia.kr. á rekstrargrunni, og er þá einnig litið til mikillar hækkunar í ríkisreikningi fyrir árið 2010. Áætlun um tekjuskatt lögaðila er lækkuð um 1,7 mia.kr. á rekstrargrunni og er það byggt á niðurstöðu ríkisreiknings 2010. Áætlun á greiðslugrunni er óbreytt en vænta má endurmats í október þegar álagning á hagnað lögaðila á árinu 2010 liggur fyrir.

Tryggingagjald. Gert er ráð fyrir að stofn tryggingagjalds muni vaxa talsvert meira en í forsendum fjárlaga, eða um 6,6% sem skýrist af meiri launabreytingum en reiknað var með í forsendum fjárlaga. Hér er um þriðja stærsta tekjustofn ríkissjóðs að ræða og er tekjuáætlun ársins hækkuð um 2,3 mia.kr. vegna þessa. Álagning tryggingagjalds á laun sem greidd voru á árinu 2010 fer fram í október nk. við álagningu opinberra gjalda á lögaðila.

Eignarskattar. Álagning auðlegðarskatts fór fram í annað sinn í júlí sl. en þá var jafnframt í fyrsta sinn lagt á þann hluta stofnsins sem eru eignir í félögum, metnar á markaðs-



virði ellegar verðmæti eigin fjár í félagi. Álagningin nam samtals 6,6 mia.kr. og leiðir til 1,1 mia.kr. hækkunar á fyrri áætlun um tekjur af auðlegðarskatti. Einnig er áætlun um tekjur af stimpilgjöldum hækkuð um 0,3 mia.kr. Áætlun um tekjur af erfðafjárskatti er lækkuð um 750 m.kr. þar sem afar lítið hefur verið lagt á og innheimt það sem af er ári. Skýringin er meðal annars sú að tekjur af erfðafjárskatti urðu óvenjumiklar í árslok 2010, eftir að kynnt voru áform um hækkun skatthlutfallsins úr 5% í 10% í ársbyrjun 2011. Reiknað hafði verið með 55% samdrætti innheimtustofnsins milli áranna 2010 og 2011 en nú er reiknað með um 70% samdrætti. Greiðslur erfðafjárskatts eru þó óreglulegar og jafnan mestar á síðustu mánuðum ársins, og felur áætlunin í sér að tæp 60% innheimtunnar verði á síðasta þriðjungi ársins. Sveiflurnar má væntanlega fyrst og fremst rekja til ákvarðana einstaklinga um fyrirframgreiðslu arfs.

Skattar á vöru og þjónustu. Áætlað er að skattar á vöru og þjónustu muni skila ríkissjóði 199,4 mia.kr. tekjum á árinu 2011 sem er 2,5 mia.kr. minna en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Áætlun um virðisaukaskatt er hækkuð um 1,0 mia.kr. en innheimta vörugjalda það sem af er ári gefur tilefni til lækkunar frá fyrri áætlun. Innheimta óbeinna skatta er í heild sinni nánast óbreytt að nafnvirði á fyrstu átta mánuðum ársins, þegar leiðrétt hefur verið fyrir áhrifum af viðbótargreiðslufresti aðflutningsgjalda, en frestanir sem gilda út árið 2011 voru lögfestar í maí. Innheimta virðisaukaskatts á fyrstu átta mánuðum ársins er 0,3% undir áætlun, en á síðustu mánuðum ársins er gert ráð fyrir að hún verði lítillega umfram áætlun, í ljósi tímasetningar launahækkana, fjölda erlendra ferðamanna og fleiri þátta. Virðisaukaskattskyld velta hefur dregist mjög mikið saman frá árinu 2008 og var enn lítils háttar raunsamdráttur á fyrri hluta árs 2011. Almenn vörugjöld eru lækkuð um 1,6 mia.kr. sem skýrist nær alfarið af lækkun áætlaðra tekna af kolefnisgjaldi, en við gerð tekjuáætlunar fjárlaga lá ekki fyrir hvort endurgreiðslur kolefnisgjalds yrðu bókfærðar á tekju- eða gjaldahlið. Þær eru nú færðar á tekjuhlið og eru auk þess óvenjumiklar á árinu 2011 vegna síðbúinna endurgreiðslna allt frá innleiðingu kolefnisgjaldsins í ársbyrjun 2010. Skattstofnar vörugjalda af bensíni og olíu hafa haldið áfram að dragast saman frá fyrra ári en þessir liðir skila þó svipuðum tekjum og í fyrra. Báðir liðir eru 5–6% undir áætlun fjárlaga í janúar–ágúst. Nú er áætlað að samdráttur í sölu bensíns og olíu muni nema 4,7% og 3,7% á árinu í heild en í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir að salan ykist um 1,9% og olíusala um 3,1%. Verð bæði bensíns og díselolíu hækkaði á heimsmarkaði á fyrstu mánuðum ársins og hefur verið að jafnaði um 17% hærra á árinu en það var við gerð áætlunar fjárlaga í nóvember sl., og líklegt að samdráttur eftirspurnar sé að einhverju leyti varanlegur. Tekjur af áfengis- og tóbaksgjaldi eru annars vegar 3,3% og hins vegar 1,3% undir áætlun og eru áætlaðar tekjur ársins því lækkaðar lítillega frá fjárlögum. Þessir skattstofnar hafa haldið áfram að dragast saman á heildina lítið, en þróunin er þó misjöfn eftir gjaldflokkum bæði áfengis og tóbaks. Vörugjöld af ökutækjum eru áætluð 2,2 mia.kr., sem er hækkun um 0,3 mia.kr. frá fjárlögum, en tekjur af þessum fyrrum stóra tekjustofni námu aðeins 1,8 mia.kr. á árinu 2010.

Aðrar rekstrartekjur. Áætlun fjárlaga um aðrar rekstrartekjur hækkar um 0,3 mia.kr. í heild en breytingar eru meiri í einstökum liðum. Áætlaðar tekjur af arðreiðslum eru lækkaðar um 1,1 mia.kr., þar af um 0,8 mia.kr. vegna niðurfellingar áætlunar um arðgreiðslur Landsvirkjunar. Vaxtatekjuáætlun ársins er hækkuð um 0,8 mia.kr. Tekjur af veiðigjaldi falla nú hér undir, en í fjárlögum var það flokkað með skatttekjum. Hækkar áætlun um tekjur af veiðigjaldi um 1,2 mia.kr. og er þá tekið mið af breytingu á lögum um fiskveiðistjórnun í júní sl. Hækkun á fjárframlögum um 0,4 mia.kr. er einkum tilkomin vegna áætlaðs framlags úr Foraðildarsjóði ESB (IPA).

2.3 Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 2012

Helstu niðurstöður. Tekjuáætlun ársins 2012 hljóðar upp á 521,5 mia.kr. heildartekjur. Það er aukning um 8,0% að nafnvirði milli ára en 4,2% að raunvirði. Sem hlutfall af landsframleiðslu hækka heildartekjur úr 29,4% í 29,6%. Aukningin kemur öll fram í frumtekjum sem hækka sem hlutfall af landsframleiðslu úr 28,1% í 28,4% milli ára.

Tekjuáætlun ársins 2012 er byggð á eftirfarandi forsendum: tekjuáætlun ársins 2011, þjóðhagsspá fyrir árið 2012 og áformum um nýja tekjuöflun sem miðast við að ná markmiðum áætlunar um jöfnuð í ríkisfjármálum. Tekjuáætlun ársins 2011 hefur verið uppfærð samhliða gerð tekjuáætlunar fyrir næsta ár eins og fjallað hefur verið um hér að framan og myndar hún í flestum tilvikum grundvöll þeirra áætlana. Almennar efnahagsforsendur að baki áætlunum um þróun skattstofna á næsta ári eru í samræmi við þjóðhagsspá Hagstofunnar frá 8. júlí sl. Þá er tekjuáætlunin byggð á forsendum um nýjar tekjuöflunar- aðgerðir sem samtals nema 20,7 mia.kr. Þær skiptast þannig að breytingar á gildandi sköttum og upptaka nýs launaskatts hafa áhrif til hækkunar um 9,7 mia.kr., nýrri úttektaheimild fyrir séreignarsparnað er ætlað að skila 2 mia.kr. og loks er stefnt að því að arður af eignum og sala eigna skili ríkissjóði 9 mia.kr. tekjum á árinu 2012. Nánari umfjöllun um þessar ráðstafanir er í kafla 3.3.2 í skýrslu um ríkisfjármálaáætlun fyrir árin 2012–2015 sem fylgir með fjárlagafrumvarpinu og einnig hér á eftir.

Ágætur vöxtur verður í hagkerfinu á árinu 2012, drifinn áfram af einkaneyslu og atvinnuvegafjárfestingu. Eftirspurn eftir vinnuafli mun aukast annað árið í röð og atvinnuleysi minnka úr 7,2% í 6,0%. Þjóðarútgjöld munu vaxa um 4,0% milli árana 2011 og 2012 en framlag utanríkisviðskipta er neikvætt og hagvöxtur verður 3,1% samkvæmt spá Hagstofunnar. Þróun eftirspurnar, atvinnu og launa er mikilvæg fyrir stóra skattstofna ríkissjóðs og þegar saman fer fjölgun starfa og góður vöxtur raunlauna og kaupmáttar eru sköpuð skilyrði til að tekjuhlíð ríkissjóðs nái sér á strik á ný eftir mikla dýfu í kjölfar hrunsins fyrir þremur árum. Nánari umfjöllun um þjóðhagsspána er í kafla 2 í skýrslu um ríkisfjármálaáætlun fyrir árin 2012–2015.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2009	Reikningur 2010	Fjárlög 2011	Áætlun 2011	Frumvarp 2012
I Skatttekjur	384.092	416.909	431.912	441.404	466.766
Skattar á tekjur og hagnað	150.868	150.143	147.846	156.446	162.668
Einstaklingar	109.947	121.700	114.000	124.300	123.000
Tekjuskattur einstaklinga	88.612	93.782	89.300	94.600	96.000
Skattur á fjármagnstekjur	21.336	27.918	24.700	29.700	27.000
Lögaðilar	31.112	18.413	26.400	24.700	31.300
Ótalið annars staðar	9.809	10.030	7.446	7.446	8.368
Skattur á fjármagnstekjur rikissjóðs	4.655	4.805	2.200	2.200	2.610
Útvarpsgjald	3.738	3.695	3.730	3.760	4.090
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	1.416	1.530	1.516	1.486	1.668
Tryggingagjöld	44.757	61.748	64.572	66.903	63.207
Eignarskattar	5.321	9.662	10.658	11.358	14.005
Skattar á vörur og þjónustu	178.333	189.321	201.898	199.448	214.589
Virðisaukaskattur	121.248	123.976	132.000	132.300	142.100
Almenn vörugjöld	21.103	26.803	29.976	28.336	31.324
Vörugjald af ökutækjum	1.641	1.817	1.900	2.200	2.700
Almennt vörugjald af bensíni	3.260	4.392	4.720	4.400	4.560
Sérstakt vörugjald af bensíni	7.731	7.272	7.630	7.290	7.840
Oliugjald	6.198	6.417	6.830	6.400	6.810
Aðrir sértækir veltuskattar	7.982	10.307	8.169	8.199	8.503
Bifreiðagjald	5.308	5.942	6.380	6.250	6.600
Þungaskattur/kílómetragjald	849	617	810	650	700
Önnur neyslu- og leyfisgjöld	3.013	1.779	3.484	3.424	3.452
Aðrir skattar	4.813	6.035	6.937	7.249	12.297
II Aðrar rekstrartekjur	52.913	40.988	32.248	32.592	38.754
Arðgreiðslur	1.197	1.936	2.226	1.161	3.157
Vaxtatekjur	44.107	29.255	20.701	21.473	21.128
Aðrar eignatekjur	1.103	2.408	2.636	3.888	8.096
Neyslu- og leyfisgjöld	4.532	5.081	5.205	4.540	4.773
Annað	1.973	2.308	1.480	1.530	1.600
III Sala eigna.....	1.081	19.675	600	600	7.600
V Fjárframlög.....	1.429	1.125	7.704	8.132	8.354
Heildartekjur rikissjóðs	439.516	478.697	472.464	482.727	521.474
Sjóðshreyfing	415.842	462.143	454.407	464.554	500.048

Raunaukning skatttekna á milli áráanna 2011 og 2012 verður 2,0% miðað við þá tekjuáætlun sem hér er lögð fram. Skatttekjur munu nema 26,5% af landsframleiðslu, sem er 0,4 prósentustigum minna en árið 2011 og skýrist lækkunin einkum af sérstökum atriðum sem valda minni tekjum af tekjuskatti einstaklinga þrátt fyrir hækkun skattstofnsins, eins og vikið verður að síðar. Heildartekjur munu samkvæmt tekjuáætlun frumvarpsins nema 29,6% af landsframleiðslu á árinu 2012. Helsti mælikvarði áætlunarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum hefur verið frumjöfnuður á greiðslugrunni, en frumtekjur eru skilgreindar sem

heildartekjur að frádregnum vaxtatekjum. Þær aukast um 0,3 prósentustig af landsframleiðslu á næsta ári og er það framlag tekjuhliðar í ferlinu í átt til frumjafnaðar, sem nú er gert ráð fyrir að náist á árinu 2012. Hér á eftir verður fjallað nánar um helstu tekjuliði á árinu 2012.

Rekstrargrunnur	Mia.kr.			% af VLF		
	2010	2011	2012	2010	2011	2012
Heildartekjur	478,7	482,7	521,5	31,1	29,4	29,6
Skatttekjur	416,9	441,4	466,8	27,1	26,9	26,5
Beinir skattar	227,6	242,0	252,2	14,8	14,7	14,3
Óbeinir skattar	189,3	199,4	214,6	12,3	12,2	12,2
Vaxtatekjur	29,3	21,5	21,1	1,9	1,3	1,2
Frumtekjur	449,4	461,3	500,3	29,2	28,1	28,4
Óreglulegar tekjur ¹	19,7	0,6	7,6	1,3	0,0	0,4
Heildartekjur án óreglulegra tekna	459,0	482,1	513,9	29,9	29,4	29,2
Frumtekjur án óreglulegra tekna	429,8	460,7	492,7	28,0	28,1	28,0

1. Óreglulegar tekjur eru sala eigna, söluhagnaður og sérstakt endurmat.

Skattar á tekjur og hagnað. Skattar á tekjur og hagnað nema samtals tæpum 163 mia.kr. í fjárlagafrumvarpi ársins 2012 og aukast um 6,2 mia.kr. frá árinu 2011. Tekjuskattur einstaklinga er áætlaður 96 mia.kr. á næsta ári, 1,4 mia.kr. meiri en árið 2011. Hækkunar launa, greiðslna úr lífeyrissjóðum og almannatryggingum, atvinnuleysisbóta og annarra tekna, munu hækka tekjuskattsstofninn verulega á árinu 2012 og einnig er reiknað með því að vinnandi fólki fjölgi um 1,9%. Úttekt séreignarsparnaðar samkvæmt eldri heimildum nam 20,7 mia.kr. á árinu 2011 og mun aðeins nema 0,6 mia.kr. á árinu 2012, en gert er ráð fyrir að ný heimild sem gilda muni frá október 2011 muni leiða til nálægt 7 mia.kr. útgreiðslna og 2 mia.kr. tekjuskattsgreiðslna. Þá er reiknað með að hámark frádráttarbærra iðgjalda til séreignarsparnaðar verði 2% í stað 4% og að tekjuáhrif þeirrar breytingar verði 1,4 mia.kr. Ekki er reiknað með breytingum á árinu 2012 á skatthlutföllum í þriggja þrepa tekjuskattskerfinu sem hefur gilt frá ársbyrjun 2010. Í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga í maí 2011 er gert ráð fyrir að persónuafsláttur 2012 verði hækkaður í takt við verðbólgu frá upphafi til loka ársins 2011 og að hækkunin verði 5,1%. Þá er gert ráð fyrir að þrepamörk tekjuskatts hækki um 3,5% í forsendum útreikninga. Ívilnandi reglur um frádrátt vegna framkvæmda við íbúðarhúsnæði hafa lítills háttar áhrif til lækkunar og annar áfangi í afnámi sjómannaafsláttar kemur til framkvæmda á árinu. Alls er tekjuskattsstofn einstaklinga talinn aukast um 4,3% frá fyrra ári, í um 940 mia.kr., en tekjuskatturinn sjálfur aðeins um 1,5% sem skýrist af mikilli hækkun persónuafsláttar og minni tekjum af úttekt séreignarsparnaðar. Þrátt fyrir hækkandi vaxtastig er áætlað að fjármagnstekjur dragist lítilliga saman milli ára og afdráttarskattur af vaxtatekjum aðila með takmarkaða skattskyldu dragist verulega saman að teknu tilliti til endurgreiðslna. Búist er við að skattstofn lögaðila muni fara hækkandi frá tekjuárinu 2011

og mun hækkun skatthlutfalls lögaðila úr 18% í 20% sem lögfest var í lok árs 2010 koma fram við álagningu á árinu 2012. Áætlað er að fjármagnstekjuskattur einstaklinga muni nema 27,0 mia.kr. en tekjuskattur lögaðila 31,3 mia.kr. árið 2012. Sá síðarnefndi verður endurskoðaður þegar álagning á hagnað lögaðila liggur fyrir október nk.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2010	Fjárlög 2011	Áætlun 2011	Frumvarp 2012
Einstaklingar	121.700	114.000	124.300	123.000
Tekjuskattur einstaklinga	93.782	89.300	94.600	96.000
Fjármagnstekjuskattur	27.918	24.700	29.700	27.000
Lögaðilar	18.413	26.400	24.700	31.300
Ótalið annars staðar	10.030	7.446	7.446	8.368
Samtals	150.143	147.846	156.446	162.668

Tryggingagjald. Á næsta ári er ráðgert að hækkun atvinnuþryggingagjalds á árunum 2009–2010 byrji að ganga til baka með hliðsjón af minnkandi fjárþörf Atvinnuleysistryggingasjóðs. Reiknað er með 1,36 prósentustiga lækkun atvinnuþryggingagjalds, 0,45 prósentustiga hækkun almenns tryggingagjalds og 0,05 prósentustiga hækkun ábyrgðargjalds launa. Það þýðir að samanlögð gjöld sem lögð eru á tryggingagjaldsstofninn lækka úr 8,65% í 7,79%. Stofn tryggingagjalds er hækkaður um 6,5% í tekjuáætlun ársins 2012, byggt á spám um vöxt nafnlauna og vinnuafleifisþrúna. Nettólækkun á samanlögðu gjaldhlutfalli leiðir hins vegar til 7,6 mia.kr. minni tekna en ella og tekjur af tryggingagjaldi lækka því um 3,1 mia.kr. milli ára samkvæmt áætlun frumvarpsins.

Eignarskattar. Auðlegðarskattur skilar ríkissjóði mestum tekjum af eignarsköttunum en aðrir helstu eignarskattar eru stimpilgjöld og erfðafjárskattur. Ráðgert er að taka upp viðbótarþrep í álagningu auðlegðarskatts, sem skila muni ríkissjóði 1,5 mia.kr. tekjum. Frumvarp þar af lútandi verður lagt fram á haustþinginu. Erfðafjárskattur er áætlaður tvöfalt hærri að nafnvirði en á fyrra ári, sem skýrist af tilfærslu milli ára vegna hækkunar skatthlutfallsins á árinu 2011 og því óvenju litlum tekjum á árinu 2011. Á árinu 2012 er búist við að áhrif flýtingarinnar séu orðin hverfandi og stofninn þróist í takt við eignaverð. Sjá nánar meðfylgjandi töflu um eignarskatta.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2010	Fjárlög 2011	Áætlun 2011	Frumvarp 2012
Auðlegðarskattur	3.849	5.210	6.360	7.060
Erfðafjárskattur	2.613	2.350	1.600	3.200
Stimpilgjöld	2.656	2.600	2.900	3.200
Sértækir eignarskattar	545	498	498	545
Samtals	9.662	10.658	11.358	14.005

Skattar á vöru og þjónustu. Skattar á vöru og þjónustu eru áætlaðir 214,6 mia.kr. á næsta ári og felur það í sér 3,8% raunaukningu. Hér flokkast virðisaukaskattur, almenn og sértæk vörugjöld og aðrir óbeinir skattar sem sjá má í nánari sundurliðun í töflu á bls. 206. Byggt er á áætlunum um þróun ráðstöfunartekna, einkaneyslu, innflutnings, verðlags og fleiri hagstærða sem áhrif hafa á almenna eftirspurn. Milli árana 2011 og 2012 er áætlað að kaupmáttur ráðstöfunartekna aukist um 3,2%, einkaneyslan um 3,3% og þjóðarútgjöld um 4,0%. Krónutölugjöldin svokölluðu, þ.e. þau vörugjöld sem eru föst krónutala á magn-einingu, falla hér undir og er reiknað með 5,1% verðlagshækkun þeirra á árinu 2012. Undantekning þar frá er almennt vörugjald á bensín. Áætlað er að hækkun krónutölugjalda leiði til 1,9 mia.kr. tekjuaukningar fyrir ríkissjóð, en þar er um að ræða: sérstakt vörugjald á bensín, olíugjald, kílómetragjald, bifreiðagjald, sérstakan skatt á raforku, áfengisgjald og tóbaksgjald. Áætlun um virðisaukaskatt tekur mið af einkaneyslu og fleiri liðum innlendrar eftirspurnar. Nafnaukning einkaneyslu sem nemur 7,5% vegur þyngst en lítill vöxtur samneyslu og virðisaukaskattsberandi fjárfestingar og fleiri þættir gera það að verkum að vog virðisaukaskatts hækkar um 7,2% að nafnvirði milli ára. Búast má við að velta í efra þrepi hans muni fara að aukast á ný eftir mikinn samdrátt undanfarin þrjú ár. Áætlað er að virðisaukaskattur haldist óbreyttur sem hlutfall af landsframleiðslu og nemi 142,1 mia.kr. á árinu 2012. Vörugjöld af ökutækjum munu skila tæplega fjórðungi meiri tekjum en á fyrra ári eða 2,7 mia.kr. Reiknað er með að rúmlega 7.000 bílar verði fluttir til landsins en að meðalvörugjald á hvert ökutæki á föstu gengi haldi áfram að lækka. Vörugjöld á bensín og díselolíu munu skila alls 1,1 mia.kr. meiri tekjum en árið 2011 en reiknað er með að sala bensíns aukist um 2,3% og olíu um 1,2% auk verðlagshækkunar gjaldanna. Við upptöku kolefnisgjalds í ársbyrjun 2010 var aðeins lagt á 50% af fullu gjaldi miðað við verð á losunarheimildum á markaði í Evrópu. Viðmiðunin var hækkuð í 75% á árinu 2011 og er nú gert ráð fyrir að ljúka innleiðingu kolefnisgjalds og miða gjaldið við fullt verð á losunarheimildum á Evrópumarkaði. Gjaldið er miðað við 13 evrur á hvert tonn losunarheimilda og það reiknað yfir í íslenskar krónur. Tekjuáhrif þessa eru tæplega 0,8 mia.kr. Aukning tekna af kolefnisgjaldi milli árana 2011 og 2012 skýrist einnig af því að á árinu 2011 voru tekjurnar óvenjulitlar, en þá féllu til talsverðar endurgreiðslur vegna ársins 2010. Reiknað er með vexti skattstofnsins á milli ára, þ.e. 2,3% í bensíni en heldur meiri vexti í öðrum flokkum kolefnisgjaldsins. Orkuskiptar á rafmagn og heitt vatn, sem einnig voru teknir upp í ársbyrjun 2010, eru taldir munu skila 2,3 mia.kr. tekjum. Áfengissala, sem hefur dregist verulega saman frá því fjármálakreppan reið yfir, er talin munu ná botni á árinu 2011 og gert ráð fyrir lítilega meiri sölu í öllum flokkum á næsta ári eða alls 1,5%. Tóbakssala dregst hins vegar saman um 0,9% á næsta ári í forsendum tekjuáætlunar. Bifreiðagjald mun skila ríkissjóði 0,4 mia.kr. meiri tekjum en 2011, eða 6,6 mia.kr. Reiknað er með að gjaldskyldum bifreiðum fjölgi á ný eftir fækkun undanfarin tvö ár. Þá er reiknað með 2,0% aukningu í akstri kílómetragjaldsskyldra ökutækja, sem einnig hefur dregist mikið saman á undanförunum þremur árum. Liðurinn önnur neyslu- og leyfisgjöld í

flokki skatttekna nær yfir ýmis neyslu-, leyfis- og eftirlitsgjöld og er þessi liður talinn munu skila 1,8 mia.kr. sem er svipað og á árinu 2011.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2010	Fjárlög 2011	Áætlun 2011	Frumvarp 2012
Virðisaukaskattur	123.976	132.000	132.300	142.100
Vörugjöld	46.701	51.056	48.626	53.234
Almenn vörugjöld af innfluttum vörum	3.343	3.910	3.700	4.000
Almenn vörugjöld af innlendri framleiðslu	1.525	1.770	1.670	1.750
Vörugjöld af ökutækjum	1.817	1.900	2.200	2.700
Vörugjald af bensíni	4.392	4.720	4.400	4.560
Sérstakt vörugjald af bensíni	7.272	7.630	7.290	7.840
Kolefnisgjald	1.914	3.140	1.570	3.090
Oliugjald	6.417	6.830	6.400	6.810
Sérstakur skattur af seldri raforku	-	1.970	1.850	1.970
Sérstakur skattur af sölu á heitu vatni	-	240	270	285
Flutningsjöfnunargjöld	347	430	430	430
Áfengisgjald	10.214	10.890	10.450	11.100
Tóbaksgjald	4.573	4.970	4.900	5.100
Ýmis vörugjöld	4.887	2.656	3.496	3.599
Tollar og innflutningsgjöld	5.952	5.392	5.832	6.172
Aðrir sértækir skattar á vöru og þjónustu	2.807	2.777	2.367	2.331
Bifreiðaskattar	6.559	7.190	6.900	7.300
Aðrir neysluskattar og leyfisgjöld	3.327	3.484	3.424	3.452
Samtals	189.321	201.898	199.448	214.589

Aðrir skattar. Áformað er að leggja nýjan launaskatt á fjármálafyrirtæki, lífeyrissjóði og váttryggingafélög frá og með árinu 2012, sem er ætlað að skila ríkissjóði 4,5 mia.kr. tekjum árlega. Gert er ráð fyrir að skattstofninn verði heildarlaun og skatthlutfallið 10,5%. Er hér höfð hliðsjón af þeim launaskatti sem verið hefur við lýði í Danmörku sl. tvo áratugi og er ígildi virðisaukaskatts á þessar atvinnugreinar. Þessi nýi launaskattur er talinn með í liðnum Aðrir skattar í töflu á bls. 206 en nánari sundurliðun er sýnd í töflu á bls. 207. Sérstakur skattur á fjármálastarfsemi er áætlaður 1,0 mia.kr., eins og á árinu 2011, en álagning hans fer í fyrsta sinn fram í október 2011.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2010	Fjárlög 2011	Áætlun 2011	Frumvarp 2012
Ábyrgðargjald vegna launa	1.901	2.008	2.075	2.652
Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða	2.419	2.538	2.529	2.698
Launaskattur á fjármálafyrirtæki o.fl.	-	-	-	4.500
Iðnaðarmálagjald	377	-	-	-
Markaðsgjald	358	402	415	442
Gjald á lánastofnanir til umboðsmanns skuldara	-	600	840	595
Gjald á bankastarfsemi	-	1.000	1.000	1.000
Skattsektir	981	390	390	410
Samtals	6.035	6.937	7.249	12.297

Aðrar rekstrartekjur. Áætlað er að aðrar rekstrartekjur ríkissjóðs nemi alls 38,8 mia.kr. á árinu 2012 sem er 6,2 mia.kr. hækkun milli ára. Arðgreiðslur eru áætlaðar 3,2 mia.kr. sem felur í sér hækkun um 2 mia.kr. milli ára, og er þar um að ræða sérstaka ráðstöfun vegna aðlögunar ríkissjóðs að markmiðum um jöfnuð í afkomu. Vaxtatekjur eru áætlaðar 21,1 mia.kr. og lækka um 0,3 mia.kr. frá áætlun 2011. Gert er ráð fyrir að gengið verði á innistæður ríkissjóðs á árinu 2012. Andvirði tekinnna erlendra lána ríkissjóðs á árunum 2010 og 2011 eru á innlendum gjaldeyrisreikningum ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands. Til skoðunar er að veita þessu fé áfram í formi láns til bankans en niðurstaða í því liggur ekki fyrir. Hér er áætlað að vextir af veittum lánnum lækki um 1,2 mia.kr. en vextir af bankareikningum hækki um 1,1 mia.kr. milli ára. Dráttarvextir af skattskuldum lækka um 0,3 mia.kr. Veiðigjald af veiðiheimildum er flokkað sem eignatekjur og fellur í flokk annarra rekstrartekna samkvæmt flokkunarkerfi fjárlaga. Tekjur af veiðigjaldi eru áætlaðar 7,8 mia.kr. á rekstrargrunni á árinu 2012. Áætlunin er byggð á því að gjaldið verði hækkað á fiskveiðiárinu 2012/2013 og eru árleg tekjuáhrif breytingarinnar 4,5 mia.kr. en 1,5 ma.kr. á greiðslugrunni á árinu 2012. Ýmis neyslu- og leyfisgjöld sem ekki teljast til skatta eru talin munu aukast úr 4,5 mia.kr. árið 2011 í 4,8 mia.kr. á næsta ári.

Sala eigna. Gert er ráð fyrir að samanlagðar tekjur af sölu fastafjármuna og peningalegra eigna ríkissjóðs nemi 7,6 mia.kr. árið 2012. Þar af eru 7,0 mia.kr. samkvæmt sérstökum áformum um aukna tekjuöflun vegna áætlunarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum.

Fjárframlög. Loks er gert er ráð fyrir að fjárframlög frá opinberum aðilum nemi alls 8,4 mia.kr. á árinu 2012. Þar af er hlutdeild fjármálastofnana og lífeyrissjóða í sérstökum vaxtaniðurgreiðslum til heimila áætluð 6,0 mia.kr. annað árið í röð.

3 Gjöld A–hluta ríkissjóðs

Í þessum kafla er fjallað um áætluð heildarútgjöld A–hluta ríkissjóðs árið 2012, helstu áherslumál ríkisstjórnarinnar og skiptingu útgjalda hagrænt og eftir málaflokkum. Í kaflanum er fyrst farið yfir verðlagsforsendur útgjaldahliðar frumvarpsins og atriði sem varða framsetningu hennar. Þá er kynnt endurskoðuð áætlun um útgjöld ríkissjóðs á þessu ári og helstu breytingar sem horfur eru á að verði frá áformum gildandi fjárlaga og síðan gerð grein fyrir útgjaldabreytingum í frumvarpinu með samanburði milli ára eftir helstu útgjaldatilefnum, málaflokkum og með hagrænni skiptingu eftir rekstri, tilfærslum, viðhaldi og stofnkostnaði. Þá er í þessum kafla fjallað um aðhaldsaðgerðir ráðuneyta sem fyrirhugaðar eru á næsta ári, þróun útgjalda ríkissjóðs, gefið yfirlit um verkefni ráðuneyta á sviði kynjaðrar fjárlagagerðar, vikið að umgjörð og regluverki fjárlagagerðar og loks gerð grein fyrir reglum um safnliði fjárlaga. Í sérstökum köflum hér á eftir er fjallað ítarlegar um útgjöld einstakra ráðuneyta, málaflokka og verkefna. Vakin er athygli á því að í sjálfstæðri skýrslu sem birt er samhliða frumvarpinu er fjallað um áætlun um ríkisútgjöldin til næstu fjögurra ára, þ.e. árin 2012–2015.

3.1 Verðlagsforsendur

Frumvarpið er sett fram á áætluðu verðlagi ársins 2012 í samræmi við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem birt var í júlí sl. og miðast við kjarasamninga sem gerðir hafa verið á árinu um launahækkanir bæði á árinu 2011 og 2012. Hækkanir vegna verðlags í frumvarpinu eru umtalsvert meiri en verið hefur undanfarin ár en þær nema samtals 26,7 mia.kr. Í fyrsta lagi er launagrunnur frumvarpsins hækkaður í samræmi við þá kjarasamninga sem tóku gildi á miðju þessu ári en áhrifa þeirra hækkana gætir á ársgrundvelli á næsta ári. Þessar launahækkanir eru metnar á rúmlega 6,6 mia.kr. og er meðalhækkun á launaliðum stofnana rétt um 5%. Í öðru lagi voru bætur almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga hækkaðar 1. júní sl. í kjölfar kjarasamninganna á árinu. Tekið var mið af krónutöluhækkun lægstu launa í kjarasamningunum, 12.000 kr., og svaraði það að jafnaði til 8,1% hækkunar á bótum almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga. Á ársgrundvelli er gert ráð fyrir að útgjöld þessara bótaflokka hækki af þessum sökum um 6,8 mia.kr. í frumvarpinu. Fjárveitingar í frumvarpinu hækka þannig alls um 13,4 mia.kr. vegna áhrifa af hækkunum í tengslum við kjarasamninga sem koma til framkvæmda á þessu ári. Því til viðbótar kemur síðan launa-, gengis- og verðlagsútreikningur fjárlagafrumvarpsins til ársins 2012 og nemur sú hækkun samtals 13,3 mia.kr. Kjarasamningar við félög ríkisstarfsmanna gera ráð fyrir áfangahækkun 1. mars 2012 sem gert er ráð fyrir að hækki launalið stofnana að meðaltali um 3,9% á ársgrundvelli. Kostnaður við það er metinn á tæpa 4,7 mia.kr. Þá hækka útgjöld um 1,3 mia.kr. vegna veikingar á gengi krónunnar frá forsendum gildandi fjárlaga,

um 3 mia.kr. vegna hækkunar á bótum almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga á næsta ári og um 4,3 mia.kr. vegna hækkunar á öðrum rekstrargjöldum en launum.

Kjarasamningar sem gerðir voru á árinu 2011 gilda almennt frá 1. maí 2011 til 1. mars 2014. Launahækkunar tóku í flestum tilvikum gildi þann 1. júní sl. og hækkuðu laun þá almennt um 4,25% en þó að fjárhæð 12.000 kr. að lágmarki. Auk þess var samið um 50.000 kr. eingreiðslu og einskiptis hækkun á orlofs- og desemberuppbótum þannig að heildarfjárhæð eingreiðslunnar er 75.000 kr. á árinu 2011. Þar sem launataxtar hækka að lágmarki um 12.000 kr. í ár getur verið nokkur munur á hækkunum hjá einstökum stofnunum vegna þess að samsetning starfsfólks eftir stéttarfélögum er mismunandi. Þann 1. mars 2012 er síðan gert ráð fyrir að laun hækki almennt um 3,5% eða 11.000 kr. að lágmarki og um 3,2% eða 11.000 kr. að lágmarki þann 1. mars 2013. Þann 1. mars 2014 verður síðan greidd 38.000 kr. eingreiðsla til þeirra sem eru í fullu starfi í janúar 2014. Í frumvarpinu hafa launaliðir allra ríkisstofnana, sjálfseignastofnana og annarra rekstraraðila sem ríkissjóður fjármagnar verið hækkaðir í samræmi við sértækt mat á áhrifum framangreindra forsendna hjá hverjum aðila.

Eins og áður segir var ákveðið að hækka bætur almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga mjög mikið á þessu ári, eða um 8,1%, með hliðsjón af krónutöluhækkun lægstu launa í kjarasamningum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hækkun bóta á næsta ári verði 3,5% í samræmi við almenna prósentuhækkun í kjarasamningum á vinnumarkaði. Uppsöfnuð hækkun bóta verður þar með orðin nálægt 12% á hálfis árs tímabili.

Í forsendum fjárlaga 2011 var gert ráð fyrir 2,3% hækkun á vísitölu neysliverðs á milli árána 2010 og 2011. Í þjóðhagsspá Hagstofunnar sem kom út í júlí er hins vegar gert ráð fyrir að hækkun vísitölu neysliverðs milli árána 2010 og 2011 verði 3,9% og síðan 3,7% á milli árána 2011 og 2012. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að önnur rekstrargjöld en laun, en algengt er þau nemi um 20–30% af rekstrarveltu stofnana, hækki um 5,32% milli árána 2011 og 2012. Sú hækkun er að hluta til að leiðrétta framangreint vanmat á hækkun vísitölu neysliverðs milli 2010 og 2011 sem fólst í forsendum fjárlaga 2011, auk þess sem reiknað er með spá um hækkun á vísitölu neysliverðs til næsta árs. Þetta þýðir að allur almennur rekstur stofnana, annar en launakostnaðar, hækkar sem þessu nemur. Gengið er út frá því eins og undanfarin ár að sama hækkun eigi yfirleitt við um sértekjur stofnana. Í þeim tilvikum þar sem stofnun er fjármögnuð að verulegum hluta eða að fullu með sértekjum hefur hins vegar lengi verið gengið út frá því í verðlagsreikningi fjárlaga að sértekjur hækki í takt við launakostnað í samræmi við vægi hans í veltunni enda algengt að um sé að ræða útselda þjónustu.

Í forsendum frumvarpsins hefur ekki tíðkast að spá fyrir um þróun á gengi gjaldmiðla heldur hefur vanalega verið miðað við gengi þeirra í byrjun september á undan fjárlaga-árinu. Þannig er í þessu frumvarpi miðað við gengi íslensku krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum samkvæmt skráningu Seðlabanka Íslands þann 1. september sl. Í forsendum fjárlaga þessa árs var miðað við gengisskráningu 15. nóvember 2010 og voru fjárheimildir

uppfærðar miðað við það gengi við 2. umræðu um frumvarpið á Alþingi en talsverð styrking hafði orðið á gengi krónunnar frá framlagningu þess. Í forsendum fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2012 hefur gengi íslensku krónunnar veiktst talsvert og er gengisvísitalan 6,6% hærri en í fjárlögum 2011. Gengi evru hefur hækkað um 6,4% en gengi dollars um 1,4%. Þetta leiðir til hækkunar á fjárheimildum fjárlagaliða í frumvarpinu þar sem útgjöld eru greidd eða beintengd við erlenda mynt, en það á t.d. við um stóran hluta útgjalda sendiráða, framlög og aðildargjöld til tiltekinna alþjóðasamtaka og lyfjakostnað.

3.2 Framsetning gjaldahliðar

Framsetning fjárlagafrumvarpsins er í samræmi við lög nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins. Það felur meðal annars í sér að útgjöldin í frumvarpinu eru eins og áður sett fram á rekstrargrunni og eru gjaldfærð á það ár þegar efnt er til skuldbindingar fremur en þegar greiðslur fara fram. Í meginatriðum er miðað við sömu reikningsskilareglur og hjá almennum fyrirtækjum að því frátöldu að fjárfestingar eru gjaldfærðar í rekstrarreikningi þegar stofnað er til þeirra en eru ekki eignfærðar og afskrifaðar. Auk þess er beitt verðbólguleiðréttum reikningsskilum á vaxtagjöld og lífeyrisskuldbindingar.

Gjöldin eru einnig sýnd á greiðslugrunni. Heildargreiðslur úr ríkissjóði eru áætlaðar 531,4 mia.kr. en heildargjöld á rekstrargrunni 539,2 mia.kr. samkvæmt frumvarpinu. Mismunurinn þar á milli er 7,8 mia.kr. og skýrist að mestu af tveimur liðum. Í fyrsta lagi eru afskrifaðar skattkröfur áætlaðar 10 mia.kr. en þær eru færðar til gjalda í rekstrarreikninginn án þess að greiðslur komi úr ríkissjóði og í öðru lagi eru greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga hærri en gjaldfærð skuldbinding og er mismunurinn 2,3 mia.kr.

Fjárveitingar til ráðuneyta, stofnana og verkefna á útgjaldahlið A–hluta frumvarpsins eru birtar í sundurliðun 2 á bls. 18. Þar koma fram heimiluð útgjöld einstakra viðfangsefna á rekstrargrunni en frá þeim dragast sértekjur þannig að samtölur ráðuneyta og fjárlagaliða sýna gjöld umfram sértekjur. Með sértekjum er átt við sölu ríkisaðila á vöru og þjónustu ásamt innbyrðis viðskiptum á milli þeirra innan A–hluta frumvarpsins. Í sundurliðun 2 kemur einnig fram áætluð fjármögnun útgjalda á árinu með beinum greiðslum úr ríkissjóði eða innheimtu ríkistekna sem færast á tekjuhlið frumvarpsins en eru markaðar til viðkomandi verkefna á útgjaldahliðinni. Í sérstökum yfirlitum er heildarútgjöldum ríkissjóðs skipt í fyrsta lagi eftir helstu málaflokkum ríkisstarfseminnar og er sú skipting sýnd í sérýfirliti 1 á bls. 167. Í öðru lagi er heildarútgjöldunum skipt í almennan rekstur, neyslu- og rekstrartilfærslur, viðhald, stofnkostnað og fjármagnstílfærslur. Er sú skipting kölluð hagræn skipting ríkisútgjalda og sýnd í sérýfirliti 2 á bls. 172.

Í sérýfirlitum á bls. 173 og 178 eru birt yfirlit yfir markaðar tekjur og aðrar rekstrartekjur ríkisstofnana úr tekjuhlið frumvarpsins auk þess sem gerð er grein fyrir ráðstöfun teknanna til fjármögnunar á verkefnum á gjaldahliðinni. Þá er á bls. 184 yfirlit yfir lögbundin útgjöld ríkissjóðs. Loks er á bls. 185 birt sérýfirlit sem sýnir framsetningu á tekjuáætlun frumvarpsins samkvæmt alþjóðlegum staðli sem áformað er að taka upp í fjárlögum.

3.3 Endurmetnar útgjaldahorfur ársins 2011

Rekstrargrunnur, m.kr.	m.kr
Heildarbreyting frá fjárlögum 2011	15.040
<i>Þar af:</i>	
<i>Auknar útgjaldaskuldbindingar:</i>	24.369
Hækkun á bótum almanna- og atvinnuleysistrygginga	8.326
Kjarasamningar ríkisstarfsmanna	5.366
Fjárheimild fyrir ófyrirséðum útgjöldum ráðstafað að hluta til kjarasamninga ríkisstarfsmanna	-3.300
Ellilífeyrir og örorkubætur umfram forsendur fjárlaga	4.020
Aðhaldsmarkmið í sérfræðilækningum hafa ekki gengið eftir	1.160
Vinumarkaðsaðgerðir, einkum aukið námsframboð og efling starfsmáms	945
Lyfjakostnaður umfram forsendur fjárlaga	897
Læknismeðferðir erlendis umfram forsendur fjárlaga	664
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	550
Greiddar vaxtabætur umfram áætlun fjárlaga	500
Framkvæmdir Ofanflóðasjóðs með fjárheimildum fyrri ára	445
Sanngirnissbætur til fyrrum vistmanna á vistheimilum fyrir börn	423
Átak á vegum ríkisstjórnar til eflingar atvinnu og byggðar á Vestfjörðum	400
Átak til þess að jafna árstíðasveiflu í ferðamennsku	300
Kostnaður vegna þjóðaratkvæðagreiðslu vegna laga nr. 13/2011 um Icesave málið	245
Ýmsar aðrar útgjaldaskuldbindingar	3.428
<i>Lækkaðar útgjaldaskuldbindingar:</i>	-4.085
Minni fjárförf Fæðingarorlofssjóðs vegna fækkunar bótaþega	-1.200
Ofáætlun barnabóta í forsendum fjárlaga	-1.200
Tímabundin lækun framlags í ljósi góðrar eiginfjárstöðu LÍN.	-600
Ýmis önnur mál til lækunar á útgjöldum	-1.085
<i>Útgjöld fjármögnuð með mörkuðum ríkistekjum (engin áhrif á afkomu):</i>	1.097
Endurvinnslan, skilagjöld á drykkjarvöruumbúðir	840
Umboðsmaður skuldara, aukið umfang starfsemi	240
Skattheimta til flugmála aflögð, ISAVIA innheimtir sjálft notendagjöld	-466
Annað, nettó	483
<i>Endurskoðuð áætlun um vaxtagjöld ársins</i>	-6.341
<i>Ráðstöfun fjárheimilda af lið vegna ófyrirséðra útgjalda (milliferstur):</i>	0
Gengisendurmat fjárheimilda vegna veikingar krónunnar	1.256
Ýmis kostnaður og bætur vegna eldgossins í Grímsvötnum	325
Ýmsar launabætur vegna fyrri kjarabreytinga	125
Fært samtals af liðnum 09-989 v. framangreindra mála	-1.706

Útgjöld ríkissjóðs árið 2011 hafa verið endurskoðuð í ljósi breyttra forsendna og þróun efnahagsmála á árinu. Tekið er mið af rauntölum reikningshaldsins það sem af er árinu og spá um þróun útgjalda til áramóta. Ýmsar fyrirliggjandi ákvarðanir stjórnvalda á árinu auk tillagna sem settar hafa verið fram vegna undirbúnings frumvarps til fjáráukalaga eru

jafnframt hluti af útgjaldaendurskoðun ársins. Heildargjöld ríkissjóðs árið 2011 eru á þessum grundvelli áætluð 524,8 mia.kr. og er þar með gert ráð fyrir að þau hækki um rúma 15 mia.kr. frá áætlun fjárlaga. Gert er ráð fyrir að til falli 24,4 mia.kr. í nýjum eða auknum útgjaldaskuldbindingum sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum. Því til viðbótar komi um 1,1 mia.kr. útgjöld, nettó, sem fjármögnuð eru með jafn mikilli breytingu á mörkuðum tekjum og hafa því engin áhrif á afkomu ríkissjóðs. Á móti kemur 10,4 mia.kr. lækkun útgjalda vegna nokkurra þátta sem reynst hafa verið ofmetnir í áætlun fjárlaga. Í þessu útgjaldaendurmati er ekki reynt að áætla fyrirfram hugsanleg einskiptis útgjöld sem kynnu að leiða af áföllnum skuldbindingum í tengslum við afleiðingar af hruni fjármálakerfisins, einkum framlög sem kynni að þurfa að gjaldfæra vegna yfirtöku Landsbankans á SpKef eða vegna frekari afskrifta fasteignalána hjá Íbúðalánasjóði en þegar hefur verið gert ráð fyrir.

Hafa þarf í huga að við endurskoðun útgjaldaáætlunarinnar er leitast við að leggja mat á öll útgjöld sem horfur eru á að falli til á árinu án tillits til þess hvenær eða hvort fjárheimildir hafa verið veittar til þeirra. Sem dæmi má taka að í endurmatinu fyrir árið 2011 er nú gert ráð fyrir að framkvæmdir á vegum Ofanflóðasjóðs verði ríflega 400 m.kr. umfram þá fjárheimild sem veitt er í gildandi fjárlögum ársins á grundvelli þess að gert er ráð fyrir að heimilað verði að flytja afgangshættur frá fyrra ári til yfirstandandi árs.

Auknar útgjaldaskuldbindingar eiga að lang stærstum hluta rætur að rekja til áhrifa af kjarasamningum sem gerðir hafa verið á árinu. Samtals er gert ráð fyrir að hækking útgjalda í tengslum við samningana verði 13,7 mia.kr. Þar af nemur hækking á bótum almannaþrygginga 6 mia.kr. og hækking á atvinnuleysisbótum 2,3 mia.kr. Launkostnaður ríkissjóðs hækkar um rúma 5,4 mia.kr. í kjölfar kjarasamninga sem gerðir voru við félag ríkisstarfsmanna með hliðsjón af sambærilegum samningum á almennum vinnumarkaði. Til að mæta hluta af þessum launaútgjöldum vegna kjarasamninganna verður unnt að nýta um 3,3 mia.kr. af óskiptri 5 mia.kr. fjárheimild á sérstökum lið fjárlaga vegna óvissra útgjalda en gert er ráð fyrir að ráðstafa þurfi afgangi hennar til annarra málefna. Af öðrum liðum sem áætlað er að verði umfram forsendur fjárlaga vegur þungt kerfislægur vöxtur í útgjöldum vegna ellilífeyris og örorkubótum, sem gert er ráð fyrir að verði 4 mia.kr. umfram áætlunir en það endurmat byggir á rauntölum á fyrri helmingi ársins og áætlunum til áramóta. Þá verður sérfræðilækniskostnaður um 1,2 mia.kr. hærri en áformað var í fjárlögum þar sem ekki er útlit fyrir að aðhaldsmarkmið í þeim málaflokki gangi eftir í samningum við rekstraraðila þjónustunnar. Gert er ráð fyrir að framlög vegna vinnumarkaðsaðgerða aukist um nálægt 950 m.kr. einkum vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um að auka námsframboð fyrir atvinnuleitendur og efla starfsnám. Horfur eru á að lyfjakostnaður sjúkratrygginga verði tæplega 900 m.kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum 2011 miðað við spá um útkomu ársins. Þrátt fyrir að ákveðin árangur hefur náðst í að færa lyfjanotkun meira í ódýrari lyf hefur magnaukning lyfjanotkunar vegið upp kostnaðarábatann af þeim árangri. Að óbreyttu er útlit fyrir að lækniskostnaður vegna brýnnar meðferðar erlendis verði rúmlega 660 m.kr. umfram fjárheimildir fjárlaga. Vegna endurskoðaðrar áætlunar um lög-

boðin framlög af skatttekjum og útsvarstofni, auk endurmats á kostnaði við húsaleigu-bótakerfið, er reiknað með að auka þurfi tilfærsluframlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um 550 m.kr. Þá má nefna að þegar tekið hefur verið tillit til úthlutana eftir endurálagningu vaxtabóta vegna húsnæðislána í kjölfar álagningar skatta á einstaklinga liggur fyrir að greiðslur verða um 500 m.kr. hærri en áætlað var í fjárlögum. Eins og áður segir er gert ráð fyrir að Ofanflóðasjóður nýti afgangsheimildir frá fyrri árum til framkvæmda sem nemi tæpum 450 m.kr. umfram áætlun fjárlaga. Áætlað er að greiðslur sanngirnibóta vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn verði rúmum 420 m.kr. umfram áætlanir í fjárlögum. Þetta stafar fyrst og fremst af því að greiddar verða bætur vegna fleiri heimila en áður var áætlað. Gert er ráð fyrir 400 m.kr. framlagi vegna átaks í eflingu atvinnu og byggðar á Vestfjörðum, auk þess sem 300 m.kr. fara til átaks til að jafna árstíðasveiflu í ferðamennsku. Loks má nefna að Þjóðaratkvæðagreiðsla um framtíðargildi laga nr. 13/2011 um heimild fjármálaráðherra til að staðfesta svokallaða Icesave samninga hafði í för með sér 245 m.kr. viðbótarútgjöld á þessu ári.

Nokkrar breytingar verða á útgjöldum sem fjármögnuð eru með mörkuðum ríkistekjum og hafa því ekki áhrif á afkomuna. Helst er til að nefna að fallið hefur verið frá áformum um framleiðendaábyrgð á endurvinnslu einnota drykkjarvöruumbúða sem gert var ráð fyrir að tæki gildi á miðju ári og þarf því að hækka fjárheimild liðarins í fjárlögum yfirstandandi árs um 840 m.kr. til ráðstöfunar á tekjunum á síðari hluta ársins. Áætlað er að aukið umfang starfsemi Umboðsmanns skuldara hafi í för með sér 240 m.kr. hækkun útgjalda á móti tekjum sem lagðar verða á fjármálafyrirtæki til þessa málaflokks. Þá er gert ráð fyrir að framlag til hlutafélagsins Isavia lækki um 466 m.kr. í samræmi við ný lög um flugmála-áætlun og fjáröflun til flugmála, en við breytinguna falla niður tekjur ríkissjóðs af flugvallaskatti og varaflugvallagjaldi. Framlag til félagsins á útgjaldahlið lækkar í sama mæli þar sem félagið innheimtir í staðinn notendagjöld af flugrekstraraðilum samkvæmt gjaldskrá.

Meginskýringin á lækkun útgjalda frá forsendum fjárlaga 2011 er að áætlun um vaxtagjöld ársins lækki um rúma 6,3 mia.kr. Stafar það aðallega af lægri ávöxtunarkröfu í útboðum ríkisverðbréfa heldur en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir auk þess sem óverðtryggðir vextir á útgáfum ríkissjóðs vegna endurfjármögnunar bankanna hafa líka reynst vera lægri.

Af öðrum stórum útgjaldaliðum sem horfur eru á að verði undir áætlunum fjárlaga má nefna að horfur eru á að fjárbörf Fæðingarorlofsjóðs verði 1,2 mia.kr. lægri en reiknað var með í fjárlögum og að við skattálagningu kom í ljós að útgjöld vegna barnabóta höfðu verið ofmetin í fjárlögum sem nemur 1,2 mia.kr. Þá er gert ráð fyrir því að framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna verði lækkað um 600 m.kr. á þessu ári þar sem eiginfjárstaða sjóðsins er góð. Þrátt fyrir að framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs hækki verulega vegna hækkana á bótafjárhæðum í kjölfar kjarasamninga, eins og áður getur, er reiknað með að útgjöld sjóðsins lækki um 270 m.kr. vegna minni atvinnuleysis. Önnur tilefni til lækkunar á útgjaldahliðinni eru lægri.

Vegna veikingar íslensku krónunnar á þessu ári verða gengisforsendur fjárlaga ársins 2011 endurmetnar. Áætlað er að það leiði til þess að fjárlagaliðir sem hafa beina tengingu við gengi hækki um samtals tæpa 1,3 mia.kr. Þessa gætir á afmörkuðum sviðum í rekstri hins opinbera en mest hefur þetta áhrif á fjárveitingar vegna lyfja sem hækka um 326 m.kr. og S–merkt lyf um 283 m.kr. Aðrir liðir sjúkratrygginga hækka einnig og má nefna að fjárveitingar til hjálpartækja hækka um 68 m.kr. og brýn meðferð erlendis um 55 m.kr. Fjárframlög til sendiráða hækka um 126 m.kr. og til Þróunarsjóðs EFTA um 95 m.kr. auk þess sem rammaáætlun ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun er hækkuð um 65 m.kr. Þessar og aðrar breytingar vegna styrkingar krónunnar eru innifaldar í þeim útgjalda-breytingum sem koma fram í töflunni hér fyrir framan. Hækkun fjárveitinga vegna gengisbreytinga eru færðar af liðnum ófyrirséð útgjöld og koma því ekki fram sem bein útgjalda-aukning ríkissjóðs á þessu ári. Þetta á einnig við um útgjöld vegna eldgossins í Grímsvötum en nú er áætlað að á þessu ári muni koma til greiðslu vegna þess rúmar 300 m.kr.

3.4 Útgjaldahlið fjárlagafrumvarps fyrir árið 2012

Heildargjöld ríkissjóðs árið 2012 eru áætluð 539,2 milljarðar kr. og hækka um 2,5 mia.kr. að frátöldum gengis- og verðlagsbreytingum, eða um 0,5% frá fjárlögum 2011. Í töflunni hér á eftir er samanburður á fjárlögum ársins 2011 og fjárlagafrumvarpi 2012 að undanskildum launa-, gengis- og verðlagshækkunum fjárveitinga á milli ára til að sýna breytingar að raunvirði.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2011	Frumvarp ¹ 2012	Breyting m.kr.	Breyting %
Rekstrargjöld	197.202	195.872	-1.330	-0,7
Fjármagnskostnaður	73.654	78.400	4.746	6,4
Neyslu- og rekstrartilfærslur	218.007	218.159	152	0,1
Viðhald	7.933	7.855	-78	-1,0
Stofnkostnaður	13.014	12.032	-982	-7,5
Samtals	509.808	512.317	2.509	0,5

¹ Án verðlagshækkana

Rekstrargjöld hækka um 12,8 mia.kr. frá fjárlögum ársins 2011 en lækka um 1,3 mia.kr. þegar verðlagsbreytingar eru undanskildar eða sem svarar til 0,7% lækkunar að raunvirði milli ára. Fjármagnskostnaður ríkisins er áætlaður 78,4 mia.kr. í frumvarpinu og hækkar um 4,7 mia.kr. frá fjárlögum 2011. Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 12,7 mia.kr. frá fjárlögum ársins 2011 en um 0,2 mia.kr. þegar verðlagsbreytingar eru undanskildar eða sem svarar til 0,1% hækkunar að raunvirði milli ára. Viðhald og stofnkostnaður lækkar um 1,1 mia.kr. á verðlagi ársins 2011 eða um 5,1%, en verðlagsbreytingar eru um 0,2 mia.kr.

3.4.1 Útgjaldabreytingar 2012 – eftir helstu tilefnum

Heildargjöld ríkissjóðs hækka töluvert milli ára en að baki þeirri hækkun eru hins vegar umtalsverðar breytingar á ýmsum útgjaldabáttum bæði til hækkunar og lækkunar. Þá er aukning fjárframlaga vegna launa-, gengis- og verðlagshækkana veruleg. Eftirfarandi tafla sýnir helstu tilefni útgjaldabreytinga frá fjárlögum 2011.

Rekstrargrunnur, m.kr.	m.kr.
Frumútgjöld	436.154,4
Vaxtagjöld	73.654,0
Fjárlög 2011	509.808,4
Elli- og örorkulífeyrir, endurmetin fjárþörf	3.170,0
Sjúkratryggingar, aðhaldsáform ganga ekki eftir, veikleikar og magnaukning í lyfjum	2.696,4
Nám á framhaldsskólastigi, úrræði vegna aðstæðna á vinnumarkaði	1.240,0
Tekjutrygging örorku- og ellilífeyrisþega, hækkun vegna víxlverkunar og fjölgun bótaþega	846,0
Aukin útgjöld fjármögnuð með mörkuðum ríkistekjum	723,7
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga framlög v. yfirfærslu á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga	683,8
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög	558,0
LÍN vegna áforma um 10% hækkun á framfærslugrunni námslána	550,0
Atvinnuleysi lækkar	-3.525,0
Fæðingarorlofsjóður, endurmetin fjárþörf	-1.078,0
Þróunarsjóður EFTA, tímabundin samdráttur í fjárþörf	-920,8
Barnabætur, endurmat vegna ofáætlunar í fjárlögum 2011	-800,0
Önnur bundin útgjöld	6.781,4
Auknar útgjaldaskuldbindingar án niðurfellinga	10.925,5
Niðurféllid fjárframlög	-4.578,8
Alls auknar útgjaldaskuldbindingar og niðurfellingar	6.346,7
Aðhaldsráðstafanir	-8.584,1
Frumútgjöld 2012 á verðlagi 2011	433.917,0
Áhrif af hækkun bóta almanna- og atvinnuleysisbóta um mitt ár 2011 á ársgrundvelli	6.818,0
Hækkanir bóta almanna- og atvinnuleysisstrygginga á árinu 2012	3.015,0
Áhrif af launahækkun ríkisstarfsmanna um mitt ár 2011 á ársgrundvelli	6.638,8
Launahækkanir ríkisstarfsmanna á árinu 2012	4.766,2
Almannar verðlagshækkanir á árinu 2012	4.303,0
Áhrif af veikingu á gengi íslensku krónunnar	1.307,0
Launa-, gengis- og verðlagshækkanir alls	26.848,0
Frumútgjöld 2012 á verðlagi 2012	460.765,0
Hækkun vaxtagjalda	4.746,0
Heildargjöld 2012 á verðlagi 2012	539.165,0

Útgjöld sem má rekja til afleiðinga efnahagskreppunnar eða ýmsum öðrum útgjalda-skuldbindingum sem eru bundin í lögum, samningum eða með ákvörðunum ríkisstjórna hækka um 10,9 mia.kr. frá fjárlögum 2011. Helstu ástæður þess að útgjaldaskuldbindingar hækka milli ára eru að útgjöld lífeyristrygginga hækka um 2,7 mia.kr. og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð hækka um 0,5 mia.kr. í samræmi við nýtt endurmat á kerfis-

lægri þróun. Samtals hækka þessir tveir liðir um 3,2 mia.kr. og er helsta skýringin sú að tekjutrygging öryrkja var vanmetinn í fjárlögum 2011. Útgjöld sjúkratrygginga hækka um 2,7 mia.kr. Skýrist það einkum af því að aðhaldsmarkmiðum hefur ekki verið náð í sérfræðilækniskostnaði auk magnvaxtar í lyfjum, S-merktum lyfjum og brýnni meðferð erlendis. Til að mæta erfiðum aðstæðum á vinnumarkaði hækka útgjöld vegna náms á framhaldsskólastigi um 1,2 mia.kr., en um er að ræða 800 m.kr. til að skapa námstækifæri fyrir allt að 1.000 atvinnuleitendur haustið 2011 og 440 m.kr. til að tryggja námspláss í framhaldsskólum fyrir alla umsækjendur undir 25 ára aldri sem uppfylla skilyrði fyrir inntöku. eru þetta tímabundin fjárframlög sem falla aftur niður á árunum 2014 og 2015. Tekjutrygging örorku- og ellilífeyrisþega hækkar um 0,8 mia.kr. vegna fjölgun bótaþega og samkomulags ríkisstjórnarinnar og lífeyrissjóða um að koma í veg fyrir víxlverkun milli bóta almannatrygginga og lífeyrisgreiðslna úr lífeyrissjóðum. Útgjaldahliðin hækkar einnig um 0,7 mia.kr. vegna veltu sjóða og verkefna sem fjármögnuð eru með jafn mikilli aukningu ríkistekna sem þeim tengjast og hefur það því ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Mest munar um að fallið hefur verið frá áformum um framleiðendaábyrgð á endurvinnslu einnota drykkjarvöruumbúða en útgjöld hækka um 0,9 mia.kr. vegna þess. Þá er um 0,2 mia.kr. hækkun vegna jöfnunar á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða. Á móti lækka útgjöld um 0,6 mia.kr. þar sem tekjur af flugvallaskatti og varaflugvallagjaldi færast ekki lengur í ríkissjóð heldur innheimtir ISAVIA í staðinn jafn mikil notendagjöld af flugrekstraraðilum. Framlag ríkisins til ISAVIA lækkar því um sömu upphæð. Hækkun á framlagi til Jöfnunar-sjóðs sveitarfélaga nemur rúmlega 1,2 mia.kr., en þar af hækkar lögbundið framlag um tæplega 0,6 mia.kr. og sérstakt tímabundið framlag vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga um tæplega 0,7 mia.kr. Að lokum hækka fjárframlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna um 550 m.kr. vegna áforma um 10% hækkun framfærslulána við endurskoðun á úthlutunarreglum sjóðsins fyrir næsta skólaár.

Á móti hækkun útgjalda koma ýmsar breytingar á skuldbindingum sem leiða af sér lægri útgjöld. Bætur Atvinnuleysistryggingasjóðs lækka um 3,5 mia.kr., en þar af er 3,1 mia.kr. vegna lægra atvinnuleysis og 0,4 mia.kr. vegna átaks um að skapa námstækifæri fyrir allt að 1.000 atvinnuleitendur haustið 2011. Fjárbörf Fæðingarorlofs-sjóðs lækkar um 1,1 mia.kr. á milli ára, en þau voru ofátluð í fjárlögum 2011. Framlag Íslands til Þróunar-sjóðs EFTA á árinu 2012 vegna tímabilanna 2004–2009 og 2010–2014 lækkar um 0,9 mia.kr., en áætlað er að útgjöld aukist til fyrra horfs á árunum 2013 og 2014. Að lokum lítur út fyrir að útgjöld vegna barnabóta hafi verið ofmetin um 0,8 mia.kr. í fjárlögum 2011 og lækka því útgjöld vegna þeirra sem því nemur.

Niðurfelld framlög vegna margvíslegra tímabundinna verkefna nema alls um 4,6 mia.kr. Munar þar mest um 750 m.kr. lækkan á greiðslum atvinnuleysisbóta vegna þeirra sem fullnýtt hafa bótarétt sinn í fjögur ár og 0,5 mia.kr. framlag vegna kaupa Landhelgis-gæslunnar á nýju varðskipi sem afhent verður á þessu ári.

Ein veigamesta breytingin á útfærslu útgjaldahliðar fjárlagafrumvarpsins samanborið við fjárlög ársins 2011 er að dregið er talsvert úr aðhaldsráðstöfunum. Í fjárlögum 2011 námu beinar aðhaldsráðstafanir 28 mia.kr. en í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2012 nema þær um 8,6 mia.kr.

Áætlað er að frumútgjöld ársins 2012 án launa-, gengis- og verðlagshækkana verði 433,9 mia.kr. og lækka þau um 2,2 mia.kr. frá fjárlögum 2011 eða um 0,5% að raunvirði.

Áætlaðar launa-, gengis- og verðlagshækkunar í fjárlagafrumvarpinu eru verulegar, en alls nema þær 26,8 mia.kr. Að jafnaði hækkuðu bætur almanna- og atvinnuleysistrygginga í tengslum við nýja kjarasamninga um 8,1% og laun ríkisstarfsmanna um nálægt 5% sl. sumar. Af þessum sökum hækkar grunnur almanna- og atvinnuleysistrygginga vegna útfærslu kjarasamninga fyrir árið 2011 um 6,8 mia.kr. og launagrunnur um 6,6 mia.kr. Áhrif hækkana sem orðið hafa á bótum og launum á árinu 2011 nema því alls um 13,4 mia.kr. í fjárlagafrumvarpinu. Á árinu 2012 er reiknað með að launagreiðslur hækki um 4,8 mia.kr. vegna næstu áfangahækkunar kjarasamninga og að bætur almanna- og atvinnuleysistrygginga hækki um 3 mia.kr. Almennar verðlagshækkunar sem taka mið af þróun verðbólgu nema um 4,3 mia.kr. Annars vegar er um að ræða útgjöld vegna endurskoðunar á verðbólguþróun ársins 2011 en hún var vanmetin um 1,6% í fjárlögum 2011 og hins vegar spá um 3,7% hækkun á verðlagi á árinu 2012.

3.4.2 Útgjaldabreytingar 2012 – eftir málaflokkum og hagrænni skiptingu

Hér að framan er greint frá útgjaldabreytingum ársins 2012 samanborið við fjárlög 2011 og breytingarnar flokkaðar eftir tilefnum. Í þessum kafla eru útgjöldum ársins skipt niður eftir málaflokkum og hagrænni skiptingu og þau borin saman við áætlaða útkomu ársins 2011.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Áætlun ¹ 2011	Frumvarp ¹ 2012	Breyting m.kr.	Breyting %
Almenn opinber þjónusta	27.540	25.889	-1.651	-6,0
Löggæsla og öryggismál	21.493	19.769	-1.725	-8,0
Fræðslumál	45.585	46.499	914	2,0
Heilbrigðismál	113.165	110.315	-2.850	-2,5
Almannatryggingar og velferðarmál	124.835	118.209	-6.626	-5,3
Húsnæðis-, skipulags- og hreinsunarmál	4.893	4.984	91	1,9
Menningar- og kirkjumál	14.987	14.320	-667	-4,4
Eldsneytis- og orkumál	2.293	2.209	-84	-3,7
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál	18.622	18.308	-314	-1,7
Iðnaðarmál	1.875	1.777	-98	-5,2
Samgöngumál	20.654	19.812	-842	-4,1
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega	10.800	10.861	61	0,6
Önnur útgjöld ríkissjóðs	102.952	119.365	16.413	15,9
Samtals	509.693	512.317	2.624	0,5

¹ Án verðlagshækkana.

Vakin er athygli á því að útgjaldaáætlunin fyrir árið 2011 er sett fram á verðlagi fjárlaga 2011, þ.e. áætluð útgjöld í töflunni hér fyrir ofan eru án launa- og gengisbreytinga sem falla til á árinu 2011 umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárlögum 2011. Um er að ræða hækkanir sem settar eru fram sem launa-, gengis- og verðlagshækkanir í fjárlagafrumvarpi 2012. Til að samanburðurinn á áætlun 2011 og fjárlagafrumvarpi 2012 sé byggður á sama grunni verður áætlun fyrir árið 2011 að vera án þessara hækkana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum 2011 en þær nema alls um 15,1 mia.kr.

Breytingar á útgjöldum málaflokka frá áætlun 2011 er mjög misjöfn, sem skýrist bæði af því hvar mest er um niðurfellingar á fjárveitingum til tímabundinna verkefna, hvernig útfærsla aðhaldsráðstafana er, kerfislegra þátta og ákvarðana ríkisstjórnarinnar um aukin útgjöld. Mest lækka útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála að raunvirði eða um 6,6 mia.kr. sem gerir um 5,3% lækkun. Skýringar á lækkuninni má að mestu leyti rekja til lægri útgjalda Atvinnuleysistryggingasjóðs sem nema alls um 5,5 mia.kr., en þar af er 800 m.kr. vegna aðhaldsaðgerða og síðan annarra sparnaðaraðgerða sem nema alls um 1 mia.kr. Hlutfallslega lækka útgjöld mest í málaflokknum löggæsla og öryggismál eða um 8,0% sem gerir um 1,7 mia.kr. lækkun að raunvirði aðallega vegna niðurfellingar tímabundinna fjárheimilda til kaupa á nýju varðskipi. Næst mesta lækkun útgjalda að raunvirði er í málaflokknum heilbrigðismál eða um 2,9 mia.kr. sem gerir um 2,5% raunlækkun og er sú lækkun að stærstum hluta vegna aðhaldsaðgerða sem nema alls um 2,3 mia.kr. Þriðja mesta hlutfallslega lækkunin er á málaflokknum almenn opinber þjónusta eða 6,0% sem gerir um 1,7 mia.kr. lækkun að raunvirði. Má það að mestu leyti rekja til þess að framlag Íslands til Þróunarsjóðs EFTA á árinu 2012 lækkar um 0,9 mia.kr. auk aðhaldsaðgerða sem nema um 0,7 mia.kr. Málaflokkurinn samgöngumál lækkar um 0,8 mia.kr. að raunvirði eða um 4,1% og stafar lækkunin annars vegar af 0,6 mia.kr. lækkun útgjalda sem fjármögnuð eru með ríkistekjum þar sem tekjur af flugvallaskatti og varaflugvallagjaldi færast ekki lengur í ríkissjóð heldur innheimtir ISAVIA í staðinn jafn mikil notendagjöld af flugrekstraraðilum og hins vegar af aðhaldsaðgerðum sem nema rúmlega 0,2 mia.kr.

Útgjöld hækka mest að raunvirði í málaflokknum önnur útgjöld ríkissjóðs eða um 16,4 mia.kr. Er það jafnframt hlutfallslega mesta hækkunin en hún nemur um 15,9% á milli ára. Helst ástæða hækkunarinnar er að vaxtagjöld hækka um 11,1 mia.kr. Næst mesta hækkunin er í málaflokknum fræðslumál eða um 0,9 mia.kr. sem gerir um 2,0% raunhækkun. Hækkunina má að mestu leyti rekja til ýmissa ákvarðana ríkisstjórnarinnar sem auka útgjöld á árinu 2012 um 2,5 mia.kr. umfram það sem ríkisstjórnin hefur ákveðið fyrir árið 2011. Ákvarðanir ríkisstjórnarinnar fela m.a. í sér aðgerðir til að fá einstaklinga í atvinnuleit í nám, að öllum umsækjendum undir 25 ára er tryggt námspláss í framhaldsskólum og hækkun á framfærslugrunni námslána LÍN. Til lækkunar útgjalda til fræðslumála vega aðhaldsaðgerðir þyngst eða um 1,9 mia.kr. Aðrar útgjaldaskuldbindingar og niðurfellingar til fræðslumála nema því alls um 0,3 mia.kr.

Útgjöld annarra málaflokka breytast minna en þeirra sem hér hafa verið nefndir og þá sérstaklega að raunvirði. Helstu skýringar á breyttum útgjöldum eru aðhaldsaðgerðir sem settar eru fram í fjárlagafrumvarpinu og niðurfellingar á tímabundnum fjárframlögum.

Eins og fram kemur í kafla 3.3 er áætlað að heildargjöld ársins 2011 verði 509,7 mia.kr. án launa- og gengisbreytinga sem áætlað er að falli til á árinu 2011 umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárlögum 2011. Útgjöld hækka því um 2,6 milljarðar kr. Þegar launa-, gengis- og verðlagshækkanir næsta árs eru frátaldar eða um 0,5%. Áætlað er að frumútgjöld ársins 2011 geti orðið um 442,4 mia.kr. miðað við þá útfærslu sem hér er notuð og lækka frumútgjöldin milli ára um 8,5 mia.kr. að raunvirði og svarar það til 1,9% lækkunar. Hér á eftir er farið yfir helstu breytingar sem verða á útgjaldahliðinni frá endurskoðaðri áætlun fyrir árið 2011 eftir hagrænni skiptingu í rekstur, vaxtagjöld, viðhald og stofnkostnað.

Rekstrargjöld. Með rekstrargjöldum er átt við laun og önnur rekstrargjöld vegna kaupa á vörum og þjónustu í A-hluta ríkissjóðs að frádregnum sértekjum. Er hér um að ræða eiginlegan rekstur ríkissjóðs, t.d. rekstur mennta- og heilbrigðisstofnana og kaup ríkisins á þjónustu af einkaaðilum og sjálfseignastofnunum svo sem vegna reksturs hjúkrunarheimila. Rekstrargjöld ársins 2012 eru áætluð 210,0 mia.kr. og hækka um 8,5 milljarða kr frá áætlaðri útkomu ársins 2011. Ef rekstrargjöld eru borin saman án launa-, gengis og verðlagshækkana árána 2011 og 2012, sbr. umfjöllun hér á undan, aukast rekstrarútgjöld einungis um 0,3 m.kr. Hins vegar hækka rekstrargjöld alls um 14,1 mia.kr. í fjárlagafrumvarpinu samanborið við fjárlög fyrra árs vegna launa-, gengis- og verðlagsbreytinga.

Helstu breytingar sem verða á rekstrargjöldum er að útgjöld hækka um 1,2 mia.kr. til að skapa námstækifæri fyrir allt að 1.000 atvinnuleitendur og tryggja námspláss í framhaldsskólum fyrir alla umsækjendur undir 25 ára aldri sem uppfylla skilyrði fyrir inntöku, og útgjöld Landspítala hækka um sömu upphæð, þ.e. 1,2 mia.kr. samanborið við áætluð útgjöld á árinu 2011.

Ráðuneytum og stofnunum ríkisins er almennt ætlað að draga saman rekstur sinn um 3% frá fjárlögum 2011. Undantekningar eru í velferðarmálum, s.s. heilbrigðisþjónustu, skólum og löggæslu, þar sem markmiðið er 1,5% lækkun útgjalda á milli ára. Að auki lækka útgjöld velferðarráðuneytis um 600 m.kr. vegna frestunar um eitt ár á hluta aðhaldsaðgerða hjá heilbrigðisstofnunum sem útfærðar voru í fjárlagafrumvarpi 2011. Alls lækka rekstrargjöld um 4,4 mia.kr. vegna aðhaldsaðgerða sem gerir um 2,2% lækkun miðað við fjárlög 2011.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur ¹ 2009	Reikningur ² 2010	Fjárlög 2011	Áætlun 2011	Frumvarp 2012
Rekstrargjöld	210.791	215.585	197.202	201.527	210.001
Laun	119.883	119.323	111.263	114.762	119.956
Lífeyrisskuldbindingar.....	432	8.178	5.434	5.434	5.434
Fjármagnstekjuskattur.....	4.655	4.805	2.200	2.200	2.610
Önnur gjöld	125.604	122.349	112.474	114.400	118.229
Sértekjur	-39.782	-39.069	-34.168	-35.270	-36.229
Fjármagnskostnaður	84.342	68.102	73.654	67.313	78.400
Neyslu- og rekstrartilfærslur	236.830	224.864	218.007	234.082	230.664
Lífeyristryggingar	46.297	45.708	47.608	56.424	57.206
Atvinnuleysistryggingasjóður	25.538	24.275	23.014	25.975	20.521
Sjúkratryggingar	25.990	24.455	21.792	25.307	25.163
Vaxtabætur og vaxtaniðurgreiðslur	10.429	11.721	17.700	18.200	17.325
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	11.802	14.700	13.804	14.355	15.132
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	10.709	10.809	10.994	10.994	11.540
Afskriftir skattkrafna	27.551	15.075	10.000	10.000	10.000
Fæðingarorlofsjóður	10.274	9.230	9.607	8.418	8.455
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	9.603	8.932	9.427	10.641	11.195
Barnabætur	10.085	10.342	9.200	8.000	8.262
Lánasjóður íslenskra námsmanna	6.820	8.969	8.236	7.636	7.762
Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða	2.187	2.644	2.439	2.454	2.620
Framlag til hjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga	2.857	2.631	2.394	2.373	2.301
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	36.688	35.374	31.793	33.306	33.182
Viðhald	8.408	8.894	7.933	7.875	7.982
Vegakerfi	4.760	4.721	4.679	4.679	4.679
Annað	3.647	4.173	3.254	3.196	3.303
Stofnkostnaður	31.355	19.986	9.500	10.293	8.667
Vegakerfi	15.405	11.776	5.976	6.326	5.976
Háskólar og framhaldskólar	1.165	1.159	954	954	991
Heilbrigðisstofnanir	1.568	1.161	569	525	642
Flugvellir	902	327	229	0	0
Ríkisábyrgðir á lánum	3.505	0	0	0	0
Annað	8.810	5.562	1.771	2.488	1.059
Fjármagnstilfærslur	7.057	64.552	3.514	3.759	3.452
Hafnarframkvæmdir	744	374	527	527	407
Ofanflóðasjóður	638	590	715	1.160	1.180
Leiguibúðir	1.100	436	236	80	118
Öldrunarstofnanir	415	209	903	903	664
Íbúðalánasjóður	0	33.000	0	0	0
Ríkisábyrgðir	0	27.457	0	0	0
Annað	4.161	2.486	1.133	1.089	1.083
Gjöld samtals	578.782	601.982	509.808	524.848	539.165

¹ Fjárhæðir aðlagðar vegna flokkunar á Ríkisútvarpi og kirkjugörðum undir rekstur í stað tilfærslna áður

² Útgjöld reiknings hafa ekki verið lækkuð vegna yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga

Neyslu- og rekstrartilfærslur. Undir þennan flokk útgjalda falla almannatryggingar, greiðslur í fæðingarorlofi, barnabætur, vaxtabætur, beinar greiðslur til bænda og aðrar greiðslur samkvæmt samningum um búvöruframléiðslu og aðrar tekjutilfærslur til einstaklinga. Hér er einnig um að ræða rekstrartilfærslur til fyrirtækja, sveitarfélaga og ríkis- aðila utan A-hluta ríkissjóðs svo sem til fyrirtækja í B-hluta og lánasjóða í C-hluta. Samtals eru neyslu- og rekstrartilfærslur áætlaðar um 230,6 mia. kr. á árinu 2012 og lækka um 3,4 mia.kr. frá áætlaðri útkomu ársins 2011. Þegar launa-, bóta, gengis- og verðlags- hækkunarir eru undanskildar, sbr. umfjöllun hér á undan, lækka neyslu- og rekstrartilfærslur um 6,7 mia.kr. eða sem svarar til 3,1% að raunvirði milli ára.

Helstu tilefni til hækkunar á neyslu- og rekstrartilfærslum eru að lífeyristryggingar og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð hækka samtals um 1,3 mia.kr. og útgjöld Jöfnunarsjóða sveitarfélaga aukast um 0,8 mia.kr. Til lækkunar útgjalda munar mest um að framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs lækkar um 5,5 mia.kr. samanborið við áætlun 2011 vegna minna atvinnuleysis, aðhaldsaðgerða og lægri útgjalda vegna námskeiðahalds, átaks- verkefna og annarra úrræða. Framlag Íslands til Þróunarsjóðs EFTA lækkar um 1 mia.kr. og útgjöld vegna vaxtabóta lækka um 0,9 mia.kr.

Alls lækka neyslu- og rekstrartilfærslur um 4 mia.kr. vegna aðhaldsaðgerða sem gerir um 1,8% lækkun miðað við fjárlög 2011. Munar þar mest um að hlutdeild ríkissjóðs í fjármögnun Lánasjóðs íslenskra námsmanna lækkar tímabundið um 1,0 mia.kr. þar sem eigin- fjárstaða sjóðsins er traust og útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs lækka um 0,8 mia.kr.

Fjármagnskostnaður. Áætlað er að gjaldfærðir áfallnir vextir af skuldum ríkissjóðs verði 78,4 mia.kr. á næsta ári og hækki um 11,1 mia.kr. frá áætlaðri útkomu ársins 2011. Helsta ástæða fyrir hærri fjármagnskostnaði er að vaxtagjöld vegna ríkisverðbréfa hækka um 6,0 mia.kr. og vaxtakostnaður vegna eiginfjármögnunar viðskiptabankanna hækkar um 2,8 mia.kr. en þessi hækkun fjármagnskostnaðar skýrist af lakari vaxtakjörum á innlendum markaði. Vaxtagjöld vegna skuldabréfs sem fært var í Seðlabankann til að styrkja eigin- fjárstöðu hans vegna taps bankans á veð- og daglánnum við fall bankanna, lækka um 0,1 mia.kr. Áætlað er að skuldabréfið verði greitt niður um 16,0 mia.kr. á árinu 2012 og að staða þess verði 159,7 mia.kr. í árslok 2012. Alls hækkar innlendir vaxtakostnaður um 8,7 mia.kr. frá áætlun 2011 og er áætlað að vaxtagjöld á innlendum markaði verði alls 58,4 mia.kr. á árinu 2012. Vaxtakostnaður vegna lántöku hjá samstarfsþjóðum til styrkingar gjaldeyrisvaraforða Seðlabankans eykst um 1,1 mia.kr. á næsta ári og áætlað er að vaxta- kostnaður annarra erlendra skulda hækki um 1,3 mia.kr. Alls verða vaxtagjöld í erlendum gjaldeyri 20 mia.kr. á árinu 2012.

Viðhaldsverkefni. Framlög til viðhaldsverkefna eru áætluð 8,0 mia.kr. og hækka um 100 m.kr. frá áætlun 2011. Ef tillit er tekið til verðlagsbreytinga eru framlög til viðhalds- verkefna óbreytt á milli ára.

Stofnkostnaður og fjármagnstílfærslur eru áætlaðar 12,1 milljarðar kr. og lækka um 1,9 mia.kr. frá áætlun ársins. Mest munar um að fellt er niður 0,5 mia.kr. framlag vegna kaupa Landhelgisgæslunnar á nýju varðskipi. Framlög til stofnkostnaðar og vegna fjármagnstílfærslna lækka um 0,2 mia.kr. vegna aðhaldsaðgerða.

3.5 Aðhaldsaðgerðir árið 2012

Í þessum kafla er fjallað um aðhaldsaðgerðir á útgjaldahlið fjárlaga 2012 sem eru hluti af aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum.

Eftir verulegar aðhaldsráðstafanir í ríkisrekstrinum undangengin þrjú ár hefur svigrúm fyrir aðhaldsaðgerðir þrengst þótt vissulega ættu ennþá að vera til staðar ýmsir frekari möguleikar til hagræðingar í endurskipulagningu á skólafstarfsemi, heilbrigðisþjónustu, lög-gæslu, greiðsluþátttöku lyfja og útfærslu bótakerfa.

Miðað við síðustu ár er í frumvarpinu dregið talsvert úr áformum um samdrátt í útgjöldum. Aðhaldsmarkmið ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2012 byggja á því að gerðar verði ráðstafanir til að draga úr útgjöldum sem nemur 3% í almennri stjórnsýslu og þjónustu en 1,5% í velferðarmálum, s.s. heilbrigðisþjónustu, bótakerfum og sjúkratryggingum, en einnig í skólum, rannsóknarsjóðum og löggæslu. Áætlað er að fyrrgreind aðhaldsmarkmið skili um 8,6 mia. kr. útgjaldalækkun árið 2012 og jafngildir það um 2,1% lækkun á veltu fjárlaga 2011 þegar undanskilin eru vaxtagjöld og óreglulegir liðir á borð við afskriftir skattkrafna og lífeyrisskuldbindinga.

Hér á eftir er fjallað um aðhaldsaðgerðirnar eftir hagrænni skiptingu þ.e eftir rekstri, tílfærslum og stofnkostnaði. Aðhaldsaðgerðum er skipt niður á ráðuneyti og gerður er samanburður við veltutölur fjárlaga 2011 að frádregnum vaxtagjöldum og óreglulegum liðum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Lækkun m.kr.	Velta 2011	Lækkun %
Rekstur	-4.409	189.568	-2,3%
Tílfærslur	-3.992	208.007	-1,9%
Viðhald og stofnkostnaður	-184	20.836	-0,9%
Samtals	-8.584	418.411	-2,1%

Rekstur. Sparnaðaraðgerðir í rekstri nema samtals 4,4 mia.kr. og eru 2,3% af veltu gildandi fjárlaga. Misjafnt er hvernig ráðuneytin útfæra sparnaðaraðgerðir í rekstri en leitast hefur verið við að byggja á forgangsriðun og faglegu mati á verkefnum í samræmi við tillögur ríkisstjórnar þar um. Ráðgert er að lækka flesta þá útgjaldaliði sem heyra undir rekstur eins og laun, ferðakostnað og aðkeypta þjónustu.

Rekstrargrunnur, m.kr., rekstrarútgjöld	Lækkun m.kr.	Velta 2011	Lækkun %
Æðsta stjórn ríkisins	-68	3.452	-2,0%
Forsætisráðuneyti	-18	655	-2,8%
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	-754	39.242	-1,9%
Utanríkisráðuneyti	-198	5.067	-3,9%
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	-125	3.886	-3,2%
Innanríkisráðuneyti	-732	28.000	-2,6%
Velferðarráðuneyti	-2.078	90.949	-2,3%
Fjármálaráðuneyti	-226	9.482	-2,4%
Iðnaðarráðuneyti	-26	1.376	-1,9%
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	-85	2.841	-3,0%
Umhverfissráðuneyti	-99	4.619	-2,1%
Samtals	-4.409	189.568	-2,3%

Markmið um samdrátt í rekstrarútgjöldum 2012 eru að ná fram 1,5 – 3% lækkun rekstarkostnaðar. Í velferðarmálum, s.s. heilbrigðisþjónustu, bótakerfum og sjúkratryggingum ásamt skólum, rannsóknarsjóðum og löggæslu, nemur lækkunin 1,5% en 3% í almennri stjórnsýslu og þjónustu. Hlutfall rekstarkostnaðar af heildarútgjöldum er mjög misjafn og ræðst af eðli þeirrar starfsemi sem fer fram í ráðuneytinu og þeirrar stofnana sem undir ráðuneytið heyrir. Ráðuneyti eins og utanríkisráðuneytið þar sem rekstrarveltan er að stærstum hluta í stjórnsýslu og eftirlitsstofnunum er með mesta hlutfall lækkunar á komandi ári. Aðhald í því ráðuneyti umfram 3% skýrist af því að áformað er að draga nokkru meira úr rekstarkostnaði m.a. til að veða að hluta til á móti auknum framlögum til þróunaraðstoðar í frumvarpinu. Lægra hlutfall aðhaldsaðgerða hjá iðnaðarráðuneytinu og mennta- og menningarmálaráðuneytinu skýrist af því að þar eru liðir sem teljast til tilfærslna í fjárlögum en eru í reynd ígildi rekstrarliða og eru þeir meðhöndlaðir sem slíkir í aðhaldsútfærslunni. Lækkun á veltu velferðarráðuneytis umfram 1,5% skýrist að hluta af því að á vegum þess starfa stjórnsýslu- og eftirlitsstofnanir þar sem gerð er meiri hagræðingarkrafa en auk þess lækka útgjöldin um 600 m.kr. vegna frestunar um eitt ár á hluta aðhaldsaðgerða hjá heilbrigðisstofnunum sem útfærðar voru í fjárlagafrumvarpi 2011.

Neyslu – og rekstrartilfærslur. Aðgerðir til lækkunar á neyslu- og rekstrartilfærslum nema samtals tæplega 4 mia.kr. í fjárlagafrumvarpinu eða sem svarar til um 1,9% af veltu þeirra án óreglulegra liða í gildandi fjárlögum. Sparnaðarmarkmið í veltu bótaflokka almannatrygginga og sjúkratrygginga nemur 1,5%. Framlög á margvíslegum úthlutunarliðum til félagasamtaka og reksturs sumra sjálfseignarstofnana sem fá framlög í fjárlögum 2012 lækka um 3%.

Rekstrargrunnur, m.kr., tilfærslur	Lækkun m.kr.	Velta 2011	Lækkun %
Æðsta stjórn ríkisins	-2	55	-2,9%
Forsætisráðuneyti	-1	132	-0,5%
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	-1.266	15.849	-8,0%
Utanríkisráðuneyti	-37	4.826	-0,8%
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	-37	14.602	-0,3%
Innanríkisráðuneyti	-464	19.170	-2,4%
Velferðarráðuneyti	-1.739	116.105	-1,5%
Fjármálaráðuneyti	-326	31.734	-1,0%
Iðnaðarráðuneyti	-111	3.530	-3,1%
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	-1	469	-0,3%
Umhverfisráðuneyti	-8	1.534	-0,5%
Samtals	-3.992	208.007	-1,9%

Hlutfallsleg lækkun neyslu- og rekstrartilfærslna er mest hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu og nemur hún um 8% af áætlaðri veltu ársins 2011. Skýrist það að stærstum hluta af tímabundinni 1 mia.kr. lækkun á framlagi ríkissjóðs til viðhalds á eiginfjárstöðu Lánasjóðs íslenskra námsmanna þar sem staða sjóðsins er traust samkvæmt nýlegri úttekt. Einnig er gert ráð fyrir að framlag til sjóðsins geti lækkað um 175,4 m.kr. þar sem lánareglum sjóðsins hefur verið breytt til að stytta þann tíma sem námsmenn hafa rétt á námslánum.

Í töflunni hér á eftir er nánari skipting á aðhaldsaðgerðum eftir helstu tilfærsluliðum. Hlutfallslega lækka tilfærslur til Atvinnuleysistryggingasjóðs mest eða um 3,4% af áætlaðri veltu ársins 2011. Fyrirhugað er að framlengja tímabundna heimild til greiðslu atvinnuleysisbóta í fjögur ár, þó þannig að gert er ráð fyrir að eftir að þriggja ára samfelldu bótatímabili lýkur falli bætur niður í þrjá mánuði. Atvinnuleitendur sem falast eftir því eiga rétt á framfærslustuðningi frá sveitarfélögum þann tíma sem bætur falla niður.

Rekstrargrunnur, m.kr., tilfærsluliðir	Lækkun m.kr.	Velta 2011	Lækkun %
Lífeyristryggingar	-540	57.035	-0,9%
Atvinnuleysistryggingasjóður	-791	23.014	-3,4%
Sjúkratryggingar	-320	21.792	-1,5%
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga ásamt sérstökum viðbótarframlögum	-350	13.804	-2,5%
Barnabætur	-138	9.200	-1,5%
Vaxtabætur og vaxtaniðurgreiðslur	-176	17.700	-1,0%
Fæðingarorlofsjóður	-135	9.607	-1,4%
Ýmislegt	-1.542	55.855	-2,8%
Samtals	-3.992	208.007	-1,9%

Viðhalds- og stofnkostnaður. Ráðstafanir til lækkunar á viðhalds- og stofnkostnaði nema samtals 184 m.kr. og hlutfallslega er lækkunin mest hjá umhverfisráðuneytinu, mennta- og menningarmálaráðuneytinu og æðstu stjórn ríkisins. Um er að ræða útfærslu á 3% aðhaldskröfu á ýmsa minni stofnkostnaðarliði en engin skerðing er gerð í frumvarpinu á framlögum til samgönguframkvæmda.

Rekstrargrunnur, m.kr., stofnkostnaður	Lækkun m.kr.	Velta 2011	Lækkun %
Æðsta stjórn ríkisins	-1	34	-2,9%
Forsætisráðuneyti	0	95	0,0%
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	-61	2.043	-3,0%
Utanríkisráðuneyti	-2	76	-2,6%
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	-4	144	-2,7%
Innanríkisráðuneyti	-20	12.736	-0,2%
Velferðarráðuneyti	-44	2.336	-1,9%
Fjármálaráðuneyti	-14	2.645	-0,5%
Iðnaðarráðuneyti	0	48	0,0%
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	0	0	0,0%
Umhverfisráðuneyti	-38	678	-5,6%
Samtals	-184	20.836	-0,9%

3.6 Þróun útgjalda ríkissjóð

Áætlað er að frumútgjöld ríkissjóðs árið 2012 verði 442,6 mia.kr. þegar óreglulegir liðir eru undanskildir. Frumútgjöld eru heildarútgjöld að frádregnum vaxtagjöldum en frumvarpið gerir ráð fyrir að þau verði um 78,4 mia.kr. árið 2012 sem er um 11 mia.kr. hærra en áætlun ársins 2011 gerir ráð fyrir eða sem svarar til 8,6 mia.kr. hækkunar á föstu verðlagi. Á árunum 2003–2006 voru vaxtagjöld ríkissjóðs að jafnaði á bilinu 22–26 mia.kr. á föstu verðlagi en í kjölfar bankahrunsins haustið 2008 hefur vaxtabyrði ríkissjóðs aukist mikið og er að meðaltali nálægt 80 mia.kr. á föstu verðlagi árin 2009–2012.


Óreglulegir liðir, aðrir en vaxtagjöld, teljast hér vera: afskriftir skattkrafna, lífeyris-skuldbindingar, fjármagnstekjuskattur ríkissjóðs, ríkisábyrgðir og tapaðar kröfur. Hér er um að ræða útgjaldaliði sem geta sveiflast mikið milli ára, s.s. vegna hagþróunar eða samkvæmt mati eftir á við reikningshaldslegt uppgjör, sem stjórnvöld geta ekki haft mikil áhrif á, a.m.k. ekki til skamms tíma. Við ákvörðun útgjaldaramma eru atvinnuleysisbætur og Jöfnunarsjóður sveitarfélaganna einnig undanskildir sem óreglulegir liðir en það er ekki gert í umfjölluninni hér. Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2012 nema óreglulegir liðir samtals 18,2 mia.kr., sem er 240,5 m.kr. lækkun að raunvirði miðað við áætlun ársins 2011. Í umfjöllun um útgjaldapróun ríkissjóðs er hér eftir átt við frumútgjöld án óreglulegra liða en einnig hefur verið leiðrétt fyrir útgjöldum vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga fram til ársins 2010.

á, a.m.k. ekki til skamms tíma. Við ákvörðun útgjaldaramma eru atvinnuleysisbætur og Jöfnunarsjóður sveitarfélaganna einnig undanskildir sem óreglulegir liðir en það er ekki gert í umfjölluninni hér. Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2012 nema óreglulegir liðir samtals 18,2 mia.kr., sem er 240,5 m.kr. lækkun að raunvirði miðað við áætlun ársins 2011. Í umfjöllun um útgjaldabróun ríkissjóðs er hér eftir átt við frumútgjöld án óreglulegra liða en einnig hefur verið leiðrétt fyrir útgjöldum vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga fram til ársins 2010.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2012	% af heildar- útgjöldum
Heildarútgjöld ríkissjóðs	539.165	100,0
Vaxtagjöld	-78.400	14,5
Afskriftir skattkrafna	-10.000	1,9
Lífeyrisskuldbindingar	-5.434	1,0
Fjármagnstekjuskattur	-2.610	0,5
Tapaðar kröfur	-110	0,0
Frumútgjöld ríkissjóðs án óreglulegra liða	442.611	82,1

Á árunum 2003 til 2012 er áætlað að frumútgjöld ríkissjóðs hafi að meðaltali verið 458,4 mia. kr. án óreglulegra liða og að teknu tilliti til verðlagsbreytinga. Frumútgjöld á föstu verðlagi miðað við vísitölu neysluverðs hækkuðu um 86,3 mia.kr. á árunum 2003 til 2009 eða 20,4%. Á árinu

2010 lækkuðu útgjöldin um rúma 41 mia.kr. og í áætlun ársins 2011 er gert ráð fyrir að útgjöld lækki um 12,1 mia.kr. samanborið við fyrra ár en í fjárlögum ársins var gert ráð meiri lækkun frumútgjalda eða 34,3 mia.kr. að raunvirði. Skýrist breytingin að stærstum hluta vegna




aukinna útgjalda í kjölfar kjarasamninga við stéttarfélag ríkisstarfsmanna og auknum útgjöldum vegna hækkunar á bótum almanna- og atvinnuleysistrygginga. Miðað við áætlun fjárlagafrumvarpsins er gert ráð fyrir að frumútgjöldin muni lækka um 13,3 mia.kr. að raunvirði og hafa þau þá lækkað um 66,5 mia.kr. að raunvirði frá árinu 2009 eða um 13,1%. Ef árið 2003 er borið saman við áætlun frumvarpsins sést að frumútgjöld hafa hækkað um 19,8 mia.kr. að raunvirði eða 4,7%. Neyslu- og rekstrartilfærslur hafa aukist um 39,1 mia.kr. eða 21,5% yfir þetta tímabil sem skýrist einna helst af auknum útgjöldum vegna atvinnuleysis,

lífeyristrygginga og vaxtabóta auk þess sem stjórnvöld samþykktu að greiða sérstaka vaxtaniðurgreiðslu til skuldsettra heimila árin 2011 og 2012. Rekstrarútgjöld ríkissjóðs hafa nánast staðið í stað á sama tímabili og hafa einungis hækkað um 166 m.kr. en viðhald og fjárfestingar hafa hins vegar lækkað um 19,4 mia.kr. eða 49,3%.

Frumútgjöld ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF) hafa á árunum 2003 til 2010 verið á bilinu


25–30% eða 27,4% að meðaltali. Miðað við áætlanir frumvarpsins verða frumútgjöldin 25,1% af VLF sem er áþekkt hlutfall og var árið 2006. Skýrist lækkunin meðal annars af því að áætluð rekstrarútgjöld verða 11,5% af VLF sem er nokkru lægra en meðaltal sl. 10 ára sem er 12,6%. Einnig er gert



råd fyrir að viðhald og fjárfestingar ríkissjóðs verði um 1,2% af VLF en það hlutfall var 1,9% árin 2005–2006 áður en mikil þensla varð í opinberum framkvæmdum á árunum 2007–2008. Áætlað er að neyslu- og rekstrartilfærslur verði um 12,5% af VLF sem er 0,2% hærra en meðaltal sl. 10 ár en 1,5% lægra en þær voru árið 2009.

Í frumvarpinu er áætlað að frumútgjöld ríkissjóðs á mann að teknu tilliti til verðlagsbreytinga verði 1.385 þús. kr. og lækki um 3,3% miðað við áætlun ársins 2011. Gert er råd fyrir að frumútgjöld á árunum 2003 til 2012 hafi að meðaltali verið 1.492 þús. kr. á mann

og eru því áætluð útgjöld ársins 2012 talsvert lægri en þau hafa verið að meðaltali sl. 10 ár eða sem nemur 7,2%. Í heild er áætlað að frumútgjöld á mann hafi lækkað um 81 þús. kr. að raunvirði milli árána 2003 og 2012 eða um 4,7%. Neyslu- og tekjutilfærslur hafa hækkað hlutfallslega mest frá árinu 2003 eða um



9,7%, sem skýrist að stórum hluta af auknu atvinnuleysi, en á móti hafa rekstrargjöld lækkað um 9,7%. Að lokum hafa útgjöld vegna viðhalds og stofnkostnaðar lækkað um 54,3% að raunvirði samanborið við árið 2003.

3.7 Tilraunaverkefni í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð

Innleiðing kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar hefur staðið yfir frá því árið 2009 en þá skipaði fjármálaráðherra verkefnisstjórn til að móta innleiðingu kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar. Á síðasta ári var ákveðið að hvert ráðuneyti veldi a.m.k. eitt tilraunaverkefni til að vinna að á yfirstandandi fjárlagaári. Lagt var af stað með 19 tilraunaverkefni sem ýmist voru unnin af ráðuneytum eða stofnunum þeirra og voru þau kynnt í fjárlagafrumvarpi ársins 2011. Hér á eftir er gerð grein fyrir verkefninu í heild sinni, hvernig til hefur tekist og hvaða lærdóm má draga af vegferðinni fram að þessu. Nánari upplýsingar um hvert verkefni fyrir sig er að finna í greinargerð hvers ráðuneytis. Það er þó aðeins stutt yfirlit yfir helstu niðurstöður verkefna en verkefnin í heild sinni verða einnig gerð aðgengileg á rafrænu formi.

Markmiðið með tilraunaverkefnunum er að auka vitund um áhrif fjárlaga og stefnumótunar á jafnrétti kynjanna ásamt því að skapa þekkingu. Fjárlögin eru iðulega álitin kynhlutlaus sem markast að hluta til af því að ekki er gerð grein fyrir áhrifum mismunandi aðgerða á kynin. Með kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð er leitast við að gera áhrifin sýnileg og stuðla þannig að betra aðgengi að upplýsingum sem hægt er að nota við ákvarðanatöku og stefnumótun í þeim tilgangi að stuðla að jafnrétti og koma í veg fyrir að fjárlögin auki eða viðhaldi kynjamisrétti.

Niðurstöður tilraunaverkefna

Tilraunaverkefni ráðuneytanna eru mismunandi að umfangi og innihaldi og óhætt er að segja að ferlið hafi verið lærdómsríkt. Verkefnin sem lagt var af stað með eru:

Forsætisráðuneytið: Greining á erindum sem berast umboðsmanni barna.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið: Umsóknir og úthlutanir listamannalauna.

Utanríkisráðuneytið: Þróunarsamvinna Íslands.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið: AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi.

Innanríkisráðuneytið: Samgöngubætur og byggðapróun: Félagsleg, efnahagsleg og menningarleg áhrif Héðinsfjarðarganga á mannlíf á norðanverðum Tröllaskaga. Samsetning starfsmannafjölda stofnana ráðuneytisins. Fjölgun kvenna innan lögreglunnar og áhrif Lögregluskólans í því samhengi.

Velferðarráðuneytið: Biðlistar í hjartaþræðingu og liðskiptaaðgerðir. Styrkir úr Forvarnasjóði. Gæðastyrkir heilbrigðisráðuneytisins. Greiðslur atvinnuleysisbóta. Útgjöld vegna úrræða atvinnuleitenda. Stofnanir Barnaverndarstofu.

Fjármálaráðuneytið: Áhrif millifæranleika persónuafsláttar milli hjóna og sambýlisfólks.

Iðnaðarráðuneytið: Sjóðir á vegum ráðuneytisins.

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið: Styrkir til úthlutunar af ráðstöfunarfé ráðherra. Rannsókn á skuldastöðu heimilanna.

Umhverfisráðuneytið: Úthlutun úr veiðikortasjóði. Eiturefni í efnunum og efnavörum.

Lokið var við flest verkefni eða gerð áætlun um framhald verkefnisins ef þörf var á að vinna það í fleiri áföngum. Ráðuneyti og stofnanir skiluðu verkefnaskýrslum til fjármálaráðuneytisins og voru þau metin af verkefnisstjórn. Lesa má áhugaverðar niðurstöður úr mörgum verkefnum. Til að mynda kom í ljós við greiningu á biðtíma eftir hjartaþræðingu og liðskiptaaðgerðum á mjöðm og hné að biðtíminn er mismunandi milli kynja. Konur þurfa að öllu jöfnu að bíða lengur eftir hjartaþræðingu en karlar. Mynstur í biðtíma kynjanna var ekki eins skýrt þegar kom að liðskiptaaðgerðum en þar biðu karlar lengur í sumum bráðleikaflokkum en konur í öðrum. Þar sem aðeins var unnið með gögn yfir tveggja ára tímabil er of snemmt að draga víðtækar ályktanir af niðurstöðunum en þær sýna fram á að þörf er á að rannsaka þetta nánar.

Verkefni innanríkisráðuneytisins, samgöngubætur og byggðapróun, nýtur nokkurrar sérstöðu að því leyttinu til að um er að ræða rannsóknaverkefni sem unnið er af fræðifólki við Háskólann á Akureyri. Fyrsti áfangi verkefnisins fólst í kortlagningu á stöðu kynjanna í Fjallabyggð áður en Héðinsfjarðargöng voru opnuð. Í framhaldinu verða framkvæmdar rannsóknir sem ætlað er að leiða í ljós hvaða áhrif göngin hafa á stöðu kynjanna.

Nokkuð stór hluti tilraunaverkefnanna snýr að kynjagreiningu á sjóðum og styrkjum. Sum þeirra tilraunaverkefna þjóna fyrst og fremst þeim tilgangi að vera lærdómsverkefni, þ.e. að fólk kynnist aðferðafræðinni og læri af ferlinu við að vinna verkefnið. Í þeim tilvikum ætti reynslan að vera yfirfærarleg á önnur verkefni í framtíðinni, ef viljinn er fyrir hendi. Önnur verkefni eru stærri að umfangi og fela í sér fleiri tækifæri til breytinga. Gott dæmi um það er verkefni Landlæknisembættisins (áður Lýðheilsustöðvar), Forvarnasjóður. Sú greining leiddi í ljós að betur hefði verið hægt að huga að kynjasjónarmiðum við úrvinnslu umsókna og úthlutunar. Það leiddi til bættrar skráningar gagna. Auk þess var umsóknareyðublöðum og fleiru breytt til þess að hægt verði að leggja mat á kynjaáhrif þeirra verkefna sem hljóta styrki.

Framkvæmd, lærdómur og næstu skref

Öll ráðuneytin voru með að minnsta kosti eitt verkefni tengt kynjaðri hagstjórn sem unnið var á árinu en þó heltust tvö verkefni úr lestinni. Verkefni efnahags- og viðskiptaráðuneytisins, rannsókn á skuldastöðu heimilanna, var háð samþykki frumvarps um heimild til þess að framkvæma rannsókn á fjárhagsstöðu skuldugra heimila. Frumvarpið var ekki samþykkt og því var ekki unnt að vinna verkefnið. Að auki féll niður annað af tveimur verkefnum umhverfisráðuneytisins, úthlutun úr veiðikortasjóði.

Sem fyrr segir lagði verkefnisstjórnin mat á verkefni. Matið tók til verkefnaskýrslanna og þeirra upplýsinga sem þar komu fram en ekki var farið í að skoða eða sannreyna gögnin sem byggt var á. Þegar matið lá fyrir gafst ráðuneytum og stofnunum færi á að breyta skýrslunum í samræmi við athugasemdir, ef einhverjar voru, og að því loknu fór fram endurmat. Mismunandi er hversu djúpar greiningarnar eru og hvernig unnið var úr gögnunum. Flest verkefnanna endurspeglar skilning á aðferðafræðinni og ná fram því

markmiði að byggja upp vitund og þekkingu á kynjasjónarmiðum. Greining á gögnum er aðeins fyrsta skrefið og nauðsynlegt er að ná fram þeim sameiginlega skilningi að tölfræði er aðeins einn hluti af stærri heildarmynd. Verkefnin þurfa einnig að taka menningarbundna þætti til skoðunar og greina með hvaða hætti hið opinbera hefur áhrif þar á og hvar tækifæri eru til breytinga. Nokkur verkefna bástust of seint til að verkefnisstjórnin næði að leggja mat á þau. Það eru verkefni fjármálaráðuneytisins, Vinnumálastofnunar og tvö af verkefnum innanríkisráðuneytisins, samsetning starfsmannafjölda stofnana ráðuneytisins og fjölgun kvenna innan lögreglunnar og áhrif Lögregluskólans í því samhengi.

Kjarni kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar er að sameina þekkingu á birtingarmyndum kynjamisréttis og þekkingu á fjármálum og áætlunum hins opinbera. Sjaldgæft er að sami einstaklingurinn búi yfir þekkingu á báðum sviðum en ótvíræður styrkur birtist í verkefnum þar sem þekking á þessu tvennu fer saman. Sem dæmi um það má nefna verkefni utanríkisráðuneytisins en jafnréttis- og kynjasjónarmið eru veigamikill þáttur í þróunaraðstoð. Þar hefur því tekist að byggja upp þekkingu á báðum sviðum. Sömu sögu má segja af umboðsmanni barna þar sem kynjasjónarmið hafa verið þáttur í starfsemi.

Á heildina litið hafa tilraunaverkefnin skilað aukinni þekkingu á kynjaáhrifum á mörgum sviðum og sum þeirra hafa þegar leitt til breytinga á vinnuferlum og ákvarðanatöku. Þau hafa markað fyrsta skrefið í innleiðingu kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar. Reynsla annarra landa hefur leitt í ljós að eitt af því erfiðasta við framkvæmdina er að gera þær úrbætur eða breytingar sem greiningarvinna leiðir í ljós að þörf sé á og að eftirlit með framkvæmdinni er ábótavant. Sama áskorun bíður okkar og miklu máli skiptir að samskiptaleiðir séu vel skilgreindar sem og ábyrgðaraðilar. Þá þarf einnig að koma úrbótatillögum í réttan farveg og gera aðgerðaráætlun um framkvæmdina. Sumar breytingar er tiltölulega auðvelt að framkvæma og á færri þeirra sem vinna verkefnin. Aðrar breytingar kalla á ákvarðanatöku á efri stjórnsýslustigum og enn aðrar geta verið pólitískar. Næstu áfangar innleiðingar þurfa að taka mið af þessu og þróa þarf ferla sem auðvelda eftirlit og mat á árangri. Þriggja ára áætlun um áframhaldandi innleiðingu kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar var samþykkt í ríkisstjórn í apríl 2011. Fjallað er um áætlunina og næstu skref innleiðingar í skýrslu um ríkisfjármálaáætlun fyrir árin 2012–2015 sem lögð er fram samhliða fjárlagafrumvarpinu.

3.8 Íslenska upplýsingasamfélagið

Í frumvarpinu er áætlað fyrir útgjöldum til málefna upplýsingasamfélagsins í samræmi við stefnu stjórnvalda fyrir árin 2008–2012 sem starfar undir kjörorðinu Netríkið Ísland. Þetta er þriðja stefna stjórnvalda af þessu tagi og er markmið hennar að Ísland verði meðal fremstu þjóða í rafrænni stjórnsýslu og nýtingu upplýsingatækni. Stefnan byggir á þremur meginstöðum en þær eru skilvirkni, þjónusta og framþróun. Við val á verkefnum hefur verið leitast við að veita fjármagni í verkefni sem leiða til aukinnar sjálfsafgreiðslu sem og einfaldari og nútímavæddari stjórnsýslu.

Samkvæmt frumvarpinu verður fjármagni veitt til 8 verkefna og eru fjárheimildirnar á bilinu 2–10 m.kr. hver en samtals verður varið 39,7 m.kr. til þeirra á næsta ári. Gert er ráð fyrir útgjöldunum á fjárlagaliðum viðkomandi aðila sem annast verkefni. Verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið mótar tillögur um hvaða verkefni eru fjármögnuð og leggur þær fyrir ráðherranefnd um ríkisfjármál. Endanlega ákvörðun um hvert verkefni er hinsvegar ávallt í höndum Alþingis.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2012
02-299-1.90 Háskóla og rannsóknarstarfsemi, háskólastarfsemi	
Námsferill frá grunnskóla til háskóla	6
02-319-1.11 Framhaldsskólar, sameiginleg þjónusta	
Frjáls og opin hugbúnaður í skólastarfi	5
Opið menntaefni	2
06-821-1.01 Þjóðskrá Íslands	
Mínar síður á Ísland.is	10
Tilkynning um búferlaflutninga, fæðingavottorð o.fl. hjá Þjóðskrá	4
08-190-1.90 Velferðarráðuneyti, ýmis verkefni	
Rafrænn samskiptavettvangur ráðuneytis og stofnana þess	2
08-201-1.01 Tryggingastofnun ríkisins	
Tryggur, þjónustuvefur Tryggingastofnunar ríkisins	9
12-190-1.90 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, ýmis viðskipta- og bankamál	
Grunngerð rafrænna viðskipta	2
Samtals	40

3.9 Umgjörð fjárlaga og regluverk

Góður trúverðugleiki fjárlaga hefur afgerandi þýðingu á tímum mikils og nauðsynlegs aðhalds í útgjöldum ríkissjóðs. Trúverðugleiki útgjalda fjárlaga er m.a. kominn undir vilja og getu ríkisstjórnar, ráðuneyta og stofnana til að halda útgjöldum ríkissjóðs innan heimilda fjárlaga. Alþingi og stofnanir þess hafa einnig mikilvægu hlutverki að gegna við eftirlit með að framkvæmd fjárlaga verði í samræmi við ákvarðanir Alþingis. Stjórnvöld hafa sett fram markmið um að styrkja regluverk fjármálastjórnar ríkisins og ráðast í margvíslegar umbætur sem snúa að framkvæmd fjárlaga. Unnið hefur verið að þessum markmiðum í þeim tilgangi að auðvelda forstöðumönnum stofnana og ráðuneytum eftirfylgni með útgjöldum.

Almennt gildir að forstöðumaður stofnunar er ábyrgur fyrir því að reksturinn sé innan heimilda fjárlaga. Telji forstöðumaður hættu á að útgjöldin fari umfram heimildir ber honum að tilkynna það sínu ráðuneyti. Ráðuneytinu er ætlað í samvinnu við forstöðumann stofnunar að leita leiða til að tryggja fjárhagslegan rekstur stofnunar.

Í 37. gr. fjárreiðulaga er að finna heimild til að geyma ónýttar fjárheimildir og draga skuldir frá fyrra ári að fengnu samþykki hlutaðeigandi ráðherra og fjármálaráðherra. Yfirfærsla innstæðna og skulda var tekin upp á árinu 1992 í því skyni að auka fjármálalega ábyrgð í kerfinu. Stofnanir þurftu þar með að axla ábyrgð á umframútgjöldum en gátu jafn-

framt gert ráð fyrir því að ef þær skiluðu afgangi yrði hann ekki af þeim tekinn. Á undanförunum árum hefur yfirfærslan verið unnin á grundvelli verklagsreglna sem kynntar hafa verið ráðuneytum og samstaða er um. Í ljósi erfiðrar stöðu ríkisfjármála hafa verið kynntar viðmiðanir sem miða að því að draga úr yfirfærslu fjárheimilda án þess að það dragi úr gildi heimildanna sem tæki til aðhalds og stöðugleika í rekstri stofnana ríkisins. Almenn er miðað við svipað verklag og verið hefur varðandi tilfærsluframlög og stofnkostnað eins og þær reglur hafa verið settar fram í frumvörpum til lokafjárlaga. Hvað varðar uppsafnaðar fjárheimildir er nú miðað við að yfirfærðar fjárheimildir geti orðið að hámarki 10% fjárveitinga á ársgrundvelli en þó að teknu tilliti til þess hvort verkefni eða útgreiðslur hafi frestast. Mestu skiptir þó í þessu sambandi að nú er farið vandlegar yfir ástæður fyrir ónotuðum fjárheimildum og lagt mat á þörf fyrir hugsanlegan flutning þeirra milli ára.

Í fjárlagafrumvarpinu er að finna um 5 mia.kr. safnlið, eins konar varasjóð, sem fjármálaráðherra er heimilt að nota til að bregðast við ófyrirséðum eða óvæntum útgjöldum á fjárlagaárinu án þess að það raski útgjaldahlið fjárlaga. Varasjóðurinn er eitt þeirra tækja sem er ætlað að styrkja trúverðugleika fjárlaga og draga úr hættu á að útgjöld fari umfram heimildir í fjárlögum. Þessi fjárheimild er fyrst og fremst ætluð til þess að mæta hugsanlegum frávikum í launa-, gengis- og verðlagsforsendum frumvarpsins. Vegna annarra skuldbindinga ríkisins verður sjóðnum einungis ætlað að mæta útgjöldum sem eru óhjákvæmileg og voru ófyrirséð við afgreiðslu fjárlaga.

Óskiptir liðir fjárlaga – breytt fyrirkomulag. Í fjárlögum hafa lengi verið til staðar tilteknir fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild sem úthlutað hefur verið af ýmist samkvæmt tillögum þingnefnda eða að ákvörðun ráðherra. Einkum hefur verið um að ræða margvíslega styrki til samtaka, safna, lista- og menningarverkefna, íþróttaviðburða, atvinnubrúnar o.fl. sem hafa yfirleitt ekki falið í sér háar fjárhæðir hvert fyrir sig en eru umtalsverðar þegar á heildina er litið. Þá hafa einnig verið sambærilegar fjárveitingar í fjárlögum sem settar hafa verið fram á sérgreindum viðfangsefnum fyrir einstök verkefni fremur en undir slíkum óskiptum úthlutunarliðum þótt engin eðlismunur hafir verið á þeim verkefnum. Þessu til viðbótar hafa verið í fjárlögum nokkrir sjóðir þar sem sjóðstjórnir taka ákvarðanir um úthlutanir til svipaðra verkefna. Stærstur hluti þessara úthlutana hefur verið afgreiddur með sérstökum yfirlitum um sundurliðun óskiptra liða í A-hluta, sem birt hafa verið aftast í megin sundurliðun fjárveitinga í fjárlögum, sundurliðun 2. Dæmi um slíkt yfirlit er að finna á bls. 159 í fjárlögum ársins 2011.

Í gengum tíðina hefur hins vegar hvorki þótt vera nægilegt samræmi í úthlutunum af þessum toga né í þarfagreiningu eða eftirfylgni með þeim. Þetta fyrirkomulag hefur af þessum ástæðum og fleiri verið til endurskoðunar hjá fjárlaganefnd að undanförunu. Hefur nú verið ákveðið í samráði við ráðuneytin að því verði breytt þannig að í fjárlögum verði framvegis einungis ákvarðað umfang einstakra málaflokka með fjárheimildum en að aðrir aðilar en þingnefndir eða ráðherrar, svo sem lögbundnir sjóðir, menningarráð landshluta, úthlutunarnefndir á vegum ráðuneyta og fleiri taki ákvarðanir eða geri tillögur um slíkar

úthlutanir til verkefna eftir því sem við á. Umsóknum um styrki verði með þessu móti fundinn nýr farvegur þannig að taka megí afstöðu til þeirra á grundvelli fyrir fram ákveðinna viðmiða.

Breytt fyrirkomulag þessara mála er liður í umbótum sem fjárlaganefnd hefur beitt sér fyrir á umgjörð styrkveitinga á vegum bæði þingsins og ráðuneyta. Er því einnig ætlað að stuðla að skilvirkara verklagi við fjárlagagerð þingsins með því móti að vinna fjárlaganefndar og umræður í þinginu geti beinst meira að markmiðum ríkisfjármála, heildarstærðum, forgangsröð og áherslum í málaflökkum en í minni mæli að einstökum smærri verkefnum. Megin markmiðin með breytingunum eru að:

- Gera úthlutanir styrkja gagnsærri og auka traust á því hvernig fjármunum ríkisins er ráðstafað.
- Efla þarfagreiningu og eftirfylgni með verkefnum á þessu sviði.
- Bæta stjórnsýslu og yfirsýn yfir málaflökka.
- Ákvarðanataka og umsýsla mála verði fagleg og afgreiðsla mála samræmd.

Ráðuneyti hafa unnið að því að undanfögnu í samráði við fulltrúa fjárlaganefndar og fjármálaráðuneytið að útfæra breytta framsetningu fjárveitinga í fjárlögum í samræmi við framangreint. Það mun fela í sér að færa þarf margar fjárheimildir á aðra liði sem fyrir eru í fjárlögum eða á nýja liði og fella niður ýmsa eldri óskipta liði og sérgreind viðfangsefni verkefna. Þeirri útfærsluvinnu var þó ekki að fullu lokið í öllum ráðuneytum við lokun á talnabálki fjárlagafrumvarpsins og er framsetning frumvarpsins því óbreytt að þessu leyti. Verður því að hafa þann fyrirvara við slíkar fjárheimildir í frumvarpinu að við 2. umræðu þess er gert ráð fyrir að fluttar verði breytingartillögur í þessu skyni um nýja framsetningu í samræmi við breytt fyrirkomulag þessara mála.

3.10 Safnliðir

Alþingi ákveður fjárframlög til einstakra verkefna og stofnana og verður þeim ákvörðunum ekki breytt nema með lögum. Nauðsynlegt er þó fyrir framkvæmdarvaldið að hafa ákveðinn sveigjanleika innan ársins til að mæta breytingum á forsendum frá samþykkt fjárlaga og færa fjárheimildir á þá fjárlagaliði þar sem stofnað er til þeirra. Þannig eru í frumvarpinu tilteknir safnliðir með óskiptum fjárheimildum sem venja hefur verið að ráðstafa innan ársins með millifærslu á aðra fjárlagaliði án þess að sækja þurfi til þess heimild Alþingis enda er heildarfjárheimild óbreytt eftir sem áður. Í lok greinargerðar um hvert ráðuneyti í skýringum með frumvarpinu er yfirlit yfir slík viðfangsefni með óskiptum fjárheimildum sem ætlaðar eru til að mæta ýmsum sameiginlegum eða ófyrirséðum kostnaði tiltekinnna verkefna. Fjárheimildir eru millifærðar af þessum viðfangsefnum á önnur viðfangsefni þar sem viðkomandi kostnaður er gjaldfærður miðað við framvinduna innan ársins. eru millifærslurnar í samræmi við þær forsendur og þau verkefni sem liðirnir ná yfir. Má þar

t.d. nefna safnliði vegna fjárfestinga, ófyrirséðra útgjalda, sameiginleg útgjöld vegna heimildagreinar fjárlaga, ráðstöfunarfé ráðherra og safnliði fyrir vissa flokka samstæðra stofnana til að mæta breytingum á forsendum um t.d. nemendafjölda eða nýtingu hjúkrunarrýma o.fl. Verði breytingar á forsendum, t.d. um nýtingu hjúkrunarrýma, er millifært af viðkomandi safnlið á viðkomandi hjúkrunarheimili ef nýtingin er meiri en áætlað var í fjárlögum en af hjúkrunarheimilinu á safnliðinn ef nýtingin reynist minni. Samkvæmt 37. gr. fjárreiðulaga er heimilt að flytja fjárheimildir á milli einstakra rekstrarviðfangsefna hvers ríkisaðila í A–hluta. Er heimildin til komin þar sem áætlanir geta breyst um hvernig verkefni skipast innan hverrar stofnunar og ekki talin ástæða til að leggja hvert slíkt tilvik fyrir Alþingi. Ekki er um að ræða að heimilt sé að millifæra fjárheimildir ef t.d. verkefni er fært frá einni stofnun til annarrar eða ef áformað er að nota ónýtta stofnkostnaðarheimild til reksturs. Í slíkum tilvikum er sótt um breytingu til Alþingis í fjárukalögum. Ekki er um að ræða breytingu á þeirri framkvæmd sem verið hefur undanfarin ár. Var í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2005 í fyrsta sinn birt yfirlit yfir millifærslu liði hjá hverju ráðuneyti en ekki þótti nægjanlega skýrt við samþykkt fjárlaga hve viðtækar heimildir framkvæmdarvaldið hefði í þessum efnum. Fjárveitingavaldið er í höndum Alþingis og því eðlilegt að við afgreiðslu fjárlaga liggja fyrir hvert svigrúm framkvæmdarvaldsins er til að millifæra fjárheimildir á milli fjárlagaliða innan ársins.

Fjármálaráðuneytið hefur gert viðmiðunarreglur um millifærslur fjárheimilda innan ársins og eru þær eftirfarandi:

Samkvæmt 37. gr. fjárreiðulaga er heimilt að flytja fjárheimild milli einstakra rekstrarverkefna innan stofnunar enda séu verkefnin skilgreind í fjárlögum. Með ákvæðinu er komið á mótis við sjónarmið um aukinn sveigjanleika stofnana til ráðstöfunar fjármuna sinna. Einnig eru í fjárlögum óskiptir safnliðir sem hafa verið notaðir til að mæta ýmsum sameiginlegum kostnaði og millifært er af milli fjárlagaliða. Er í fjárlagafrumvarpi birtur listi yfir þá liði. Tilvik, sem fela í sér greiðslu kostnaðarhlutdeildar, kaup eða sölu þjónustu milli verkefna, skulu hins vegar gerð með útgáfu reiknings sem færast til gjalda og tekna í bókhaldi á viðkomandi verkefni. Hvert ráðuneyti ber ábyrgð á millifærslu fjárheimilda samkvæmt reglum þessum og að fjárheimildir séu fyrir hendi en fjármálaráðuneytið hefur eftirlit með millifærslunum og heldur skrá með skýringum um einstakar millifærslur.

1. Alþingi ákvarðar fjárheimildir einstakra fjárlagaliða og verkefna í fjárlögum, fjárukalögum og lokafjárlögum.
2. Eftir afgreiðslu fjárlaga er heimilt að millifæra fjárheimildir innan fjárlagaársins á milli einstakra rekstrarverkefna hvers ríkisaðila í A–hluta enda séu verkefnin tilgreind í fjárlögum, sbr. 37. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

3. Sé talið nauðsynlegt að millifæra fjárheimildir á fjárlagaliði eða viðfangsefni, sem ekki eru tilgreind í fjárlögum og stofna nýjan fjárlagalið eða viðfangsefni innan ársins, skal Fjársýsla ríkisins hafa samráð við fjárlagaskrifstofu um það.
4. Óheimilt er að millifæra fjárheimildir á milli framkvæmdaviðfangsefna (stofnkostnaðar- og viðhaldsviðfangsefna) og rekstrarviðfangsefna, sbr. lið 2, nema Alþingi veiti heimild til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.
5. Tilteknir fjárlagaliðir og viðfangsefni eru skilgreind sem safnliðir með óskiptri fjárheimild og er þeim ætlað að mæta ýmsum kostnaði við sameiginleg verkefni ráðuneyta eða samstæðra stofnana. Sumir safnliðir fjárlaga eru ætlaðir til að millifæra fjárheimildir til stofnana þar sem framlög til þeirra eru ákvörðuð miðað við tilteknar forsendur um þjónustu eða framleiðslu og endanleg fjárheimild á að ráðast af uppgjöri á því magni þjónustu sem veitt er, svo sem fjölda nemenda eða legurýma. Heimilt er að millifæra fjárheimildir innan ársins af slíkum safnliðum til viðkomandi verkefna í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna eins og tilgreint er í fjárlagafrumvarpi.
6. Viðfangsefni fjárlaga, sem flokkast sem safnliðir, skulu einvörðungu notaðir til að flytja heimildir innan ársins á viðkomandi viðfangsefni þar sem efnt er til útgjalda og þau eru gjaldfærð. Sjálfir liðirnir skulu ekki notaðir til að færa gjöld eða tekjur í bókhaldi.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Útgjöld og fjármögnun æðstu stjórnar ríkisins breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	3.474,8	3.451,6	3.295,6	-5	-5
Neyslu- og rekstrartilfærslur	89,0	55,3	53,7	-3	-40
Stofnkostnaður og viðhald	170,1	34,1	33,1	-3	-81
Samtals	3.733,9	3.541,0	3.382,4	-4	-9
Greitt úr ríkissjóði	-	3.541,0	3.382,4	-4	-
Innheimt af ríkistekjum	-	-	-	-	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	3.541,0	3.382,4	-4	-

Heildargjöld æðstu stjórnar ríkisins árið 2012 eru áætluð um 3.442 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 60 m.kr. en þær nema 1,7% af útgjöldum. Gjöld umfram tekjur eru 3.382 m.kr. og eru þau öll fjármögnuð með beinu framlagi úr ríkissjóði.

Vakin er athygli á að í inngangi þessa kafla um gjöld A–hluta, kafla 3.5, er umfjöllun um fyrirhugaðan samdrátt í ríkisútgjöldum á næsta ári þar sem farið er heildstætt yfir þau áform fyrir öll ráðuneytin og málaflökka þeirra.

Í frumvarpinu dragast útgjöld æðstu stjórnar ríkisins saman um 403,9 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2011 en þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum verðlags- og gengisbreytingum lækka útgjöldin um 158,6 m.kr. milli ára eða sem svarar til 4,5%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi verða gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld um 71 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum. Í öðru lagi er um að ræða ýmsar breytingar á útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2012 og nema þær 28,9 m.kr. til lækkunar. Í þriðja lagi falla niður alls 304 m.kr. framlög sem veitt voru tímabundið til ýmissa verkefna. Nettólækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 403,9 m.kr. Á móti þessum lækkunum koma verðlagshækkunar ársins 2012, sem eru áætlaðar 245,3 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 3.382,4 m.kr. Þar vega þyngst hækkunar á launum samkvæmt kjarasamningum við stéttarfélag ríkisstarfsmanna. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að í fjárheimildum vegna annarra rekstrargjalda en launa verði vegið upp vanmat á verðlagshækkunum í forsendum fjárlaga 2011 til viðbótar við spá um verðbreytingar ársins 2012, auk þess sem tekið er tilliti til áhrifa af lækkun á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt.

Fjárveitingar til verkefna æðstu stjórnar ríkisins markast nokkuð af því að gert er ráð fyrir áframhaldandi aðhaldsráðstöfunum í frumvarpinu í samræmi við áætlun ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum þótt þær verði ekki jafn umfangsmiklar og í fjárlögum undanfarinna þriggja ára. Hagræðingarkrafa til velferðarmálaflokka, skóla og löggæslu er fjórða árið í röð nálægt helmingi lægri en í annarri starfsemi. Engu að síður kalla sparnaðar-áformin á árinu 2012 á margvíslegar hagræðingaraðgerðir og forgangsröðun verkefna. Áætlað er að aðhaldsaðgerðir í stofnunum æðstu stjórnar ríkisins á næsta ári lækki útgjöld sem nemur 2% af veltu fjárlaga 2011.


Rekstrargjöld að frádragnum sértekjum eru áætluð 3.451,6 m.kr. og lækka um 156 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Rekstrarfjárveitingar flestra stofnana og verkefna æðstu stjórnar ríkisins eru lækkaðar alls um 68,4 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrar-kostnaði ríkissjóðs. Aðhaldsmarkið voru sett miðað við að lækka útgjöld sem nemur 3% af veltu stjórnarsýslu og almennrar þjónustu en 1,5% af veltu velferðarmálaflokka, skóla og löggæslu. Fjárlagaliðirnir *Alþingiskostnaður*, *Ríkisstjórn* og *Hæstiréttur* eru þó undanskildir aðhaldskröfu, enda ekki eiginlegir rekstrarliðir og útgjöld að mestu háð ákvörðunum kjara-ráðs. Lækkunin hjá æðstu stjórn ríkisins nemur 2% af rekstrarveltu að raungildi. Auk þess er gert ráð fyrir öðrum lækkunum á útgjaldaskuldbindingum í rekstri sem nema 28,9 m.kr. Á móti falla niður nokkur framlög sem veitt voru til tímabundina verkefna að fjárhæð 304 m.kr. Loks nemur verðlagshækkun fjárveitinga til rekstrar 245,3 m.kr.

Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 1,6 m.kr. og verða 53,7 m.kr. en eru 55,3 m.kr. í fjárlögum ársins 2011. Sett var markmið um 3% lækkun almennra tilfærslustyrkja og úthlutunarliða við undirbúning frumvarpsins en 1,5% í bótakerfum og er gert ráð fyrir að þau útgjöld lækki um 1,6 m.kr.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 33,1 m.kr. og lækkar um 1 m.kr. milli ára til að mæta áformum um samdrátt í ríkisútgjöldum en sett var markmið um 3% lækkun.

Vikið er nánar að áformum um sparnað og forgangsröð útgjalda og helstu útgjalda-breytingar í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir

Skipting áætlaðra útgjalda æðstu stjórnar ríkisins árið 2012 eftir helstu málefna-flokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Fjárlagaliðir æðstu stjórnar ríkisins

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar á fjárveitingum til stofnana og verkefna sem falla undir æðstu stjórn ríkisins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Embætti forseta Íslands	197,1	173,2	185,4	7,0	-5,9
Alþingi	2.221,1	2.217,6	2.266,3	2,2	2,0
Framkvæmdir á Alþingisreit	128,9	0,0	0,0	-	-100,0
Rannsókn á falli íslensku bankanna á árinu 2008	238,0	0,0	0,0	-	-100,0
Stjórnlagaráð	94,0	236,5	0,0	-100,0	-100,0
Saksóknari Alþingis	8,5	24,4	0,0	-100,0	-100,0
Ríkisstjórn	206,9	214,3	200,5	-6,4	-3,1
Hæstiréttur	118,1	171,0	203,5	19,0	72,3
Umboðsmaður Alþingis	113,3	111,1	116,3	4,7	2,6
Ríkisendurskoðun	408,0	392,9	410,4	4,5	0,6
Samtals	3.733,9	3.541,0	3.382,4	-4,5	-9,4

101 Embætti forseta Íslands. Gert er ráð fyrir 185,4 m.kr. fjárveitingu til embættisins á næsta ári sem jafngildir að hún verði óbreytt að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Lögð er til 5 m.kr. lækkun á fjárveitingu til almenns reksturs í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar og áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum. Hins vegar er sótt um 5 m.kr. hækkun á fjárveitingu til opinberra heimsókna. Aðhald í rekstri undanfarin 2 ár hefur skilað embættinu tæplega 18 m.kr. afgangi sem gert er ráð fyrir að það mun nýta að fullu á árinu 2011 meðal annars til að standa straum af kostnaði vegna opinberra heimsókna erlendra þjóðhöfðingja og verkefna sem frestað var á árunum 2009 og

2010. Dregið var mjög úr fjölda og umfangi slíkra heimsókna í kjölfar efnahagsáfallanna haustið 2008 en nú er talin ástæða til að auka aftur alþjóðleg samskipti embættisins og standa straum af kostnaði vegna heimsókna erlendra þjóðhöfðingja sem boðið hefur verið til Íslands á undanförunum árum en ekki hefur verið unnt að sinna fyrir. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsuppfærslu fjárlagafrumvarpsins.

201 Alþingi. Gert er ráð fyrir 2.266,3 m.kr. framlögum til Alþingis og jafngildir það 97,7 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingar eru af þrennum toga. Niður falla tvönn framlög sem veitt voru tímabundið í fjárlögum yfirstandandi árs á viðfangsefnið *1.07 Sérverkefni*, annars vegar 40 m.kr. vegna upplýsingaveitu um aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu og hins vegar 3,1 m.kr. vegna nefndar um eflingu græns hagkerfis. Lögð er til 3,9 m.kr. lækkun framlags á viðfangsefnið *1.06 Almennur rekstur* vegna aukinna endurgreiðslna ríkissjóðs til stofnunarinnar á virðisaukaskatti af aðkeyptri tölvuvinnslu frá einkafyrirtækjum miðað við undanfarin tvö ár. Loks er lögð til 50,7 m.kr. lækkun á framlögum til stofnunarinnar í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar og áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsuppfærslu fjárlagafrumvarpsins. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir fjárveitingar og útgjöld Alþingis.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Alþingiskostnaður	790,2	809,4	861,3	6,4	9,0
Framlög til þingflokka	58,5	53,5	51,9	-3,0	-11,3
Fastanefndir	36,5	12,2	12,5	2,5	-65,8
Alþjóðasamstarf	114,1	107,6	110,6	2,8	-3,1
Almennur rekstur	868,9	851,6	884,0	3,8	1,7
Sérverkefni	45,4	79,6	36,7	-53,9	-19,2
Rekstur fasteigna	266,3	270,6	277,2	2,4	4,1
Fasteignir	13,0	12,5	12,1	-3,2	-6,9
Tæki og búnaður	28,2	20,6	20,0	-2,9	-29,1
Samtals	2.221,1	2.217,6	2.266,3	2,2	2,0

290 Stjórnlagaráð. Lagt er til að heiti liðarins verði Stjórnlagaráð og að þar falli niður 236,5 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á liðinn í fjárlögum yfirstandandi árs.

295 Saksóknari Alþingis. Niður fellur 24,4 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var í fjárlögum 2011 vegna kostnaðar við störf saksóknara Alþingis og málsreksturs fyrir landsdómi. Útgjöld á fyrstu sjö mánuðum ársins eru orðin 24,8 m.kr. og því ljóst að kostnaður verður umfram það sem áætlað var við afgreiðslu gildandi fjárlaga, enda náði sú áætlun aðeins til miðs yfirstandandi árs. Lögð hefur verið fram frávisunarkrafa í málinu og fór málf lutningur um hana fram fyrir Landsdómi 5. september sl. Verði

frávísun hafnað er allt eins gert ráð fyrir því að málið kunnir að dragast fram á næsta ár og má þá gera ráð fyrir að leitað verði heimildar Alþingis fyrir auknum fjárframlögum til starfrækslu embættisins við 2. eða 3. umræðu frumvarpsins. Þá má einnig búast við að leitað verði eftir auknum framlögum í frumvarpi til fjáráukalaga fyrir árið 2011.

301 Ríkisstjórn. Lögð er til 30 m.kr. lækkan fjárveitingar á þennan lið. Með sameiningu og fækkun ráðuneyta um síðastliðin áramót var ráðherrum fækkað úr tólf í tíu og aðstoðarmönnum ráðherra fækkaði einnig um tvo. Samkvæmt niðurstöðu reiknilíkans lækkar það útgjöld á liðnum um 30 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsuppfærslu frumvarpsins.

401 Hæstiréttur. Lagt er til að launagrunnur Hæstaréttar verði hækkaður tímabundið um 18 m.kr. á árinu 2012 vegna úrskurðar kjararáðs um hækkun á launakjörum dómara vegna sérstaks álags. Samkvæmt úrskurði kjararáðs eru launakjör dómara hækkuð með því að fjölga greiddum einingum um 20 og kemur fjölgun greiddra eininga til viðbótar einingum sem eru greiddar samkvæmt úrskurði kjararáðs frá 2009. Hver eining er ígildi 5.058 kr. Álagsgreiðslurnar eru tímabundnar til 31. janúar 2013 og hækka laun hæstaréttardómara því um rúmar 101 þús. kr. á mánuði á tímabilinu og verða rúmar 998 þús. kr. á mánuði. Laun forseta Hæstaréttar hækka samsvarandi og verða rúmar 1.087 þús. kr. á mánuði. Hækkun launa hæstaréttardómara samkvæmt úrskurði kjararáðs vegna aukins álags kemur til viðbótar sérstökum fjárveitingum í fjárlögum 2011 bæði hjá Hæstarétti og héraðsdómsólum vegna fjölgunar dómara og aðstoðarmanna til að mæta auknu álagi í tengslum við málrekstur í kjölfar bankahrunsins. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsuppfærslu frumvarpsins.

610 Umboðsmaður Alþingis. Gert er ráð fyrir 116,3 m.kr. fjárveitingu til embættisins sem jafngildir 3,3 m.kr. raungildislækkun frá gildandi fjárlögum í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um 3% samdrátt í stjórnslu og almennri þjónustu og áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsuppfærslu frumvarpsins.

620 Ríkisendurskoðun. Gert er ráð fyrir 410,4 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar sem jafngildir 12 m.kr. raungildislækkun frá gildandi fjárlögum í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um 3% samdrátt í stjórnslu og almennri þjónustu og áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsuppfærslu frumvarpsins.

01 Forsætisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun forsætisráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	693,8	654,7	640,6	-2	-8
Neyslu- og rekstrartilfærslur	206,3	131,8	273,9	108	33
Stofnkostnaður og viðhald	120,1	95,4	87,4	-8	-27
Samtals	1.020,2	881,9	1.001,9	14	-2
Greitt úr ríkissjóði	-	875,9	990,9	13	-
Innheimt af ríkistekjum	-	6,0	11,0	-	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	881,9	1.001,9	14	-

Heildargjöld forsætisráðuneytis árið 2012 eru áætluð um 1.041 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 39 m.kr. en þær nema 3,7% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 1.002 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 991 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 11 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Vakin er athygli á að í inngangi þessa kafla um gjöld A–hluta, kafla 3.5, er umfjöllun um fyrirhugaðan samdrátt í ríkisútgjöldum á næsta ári þar sem farið er heildstætt yfir þau áform fyrir öll ráðuneytin og málaflokka þeirra.

Í frumvarpinu aukast útgjöld forsætisráðuneytisins um 74,8 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2011 en þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum verðlags- og gengisbreytingum hækka útgjöldin um 120 m.kr. milli ára eða sem svarar til 13,6%. Útgjalda-breytingum milli ára má skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi verða gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 27 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum. Í öðru lagi er um að ræða ýmsar breytingar á útgjalda-skuldbindingum sem falla til á árinu 2012 en þær nema 229,5 m.kr. Þar af eru 5 m.kr. vegna breytinga á fjárheimildum verkefna sem fjármögnuð eru að fullu með ríkistekjum og hafa þar með ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Á móti því vega, í þriðja lagi, tímabundin framlög til ýmissa verkefna sem falla niður og nema 127,7 m.kr. Nettóhækkun vegna breytinga á útgjalda-skuldbindingum er því alls 74,8 m.kr. Loks bætast við verðlagshækkanir ársins 2012, sem eru áætlaðar 45,2 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 1.001,9 m.kr. Þar vega þyngst hækkunir á launum samkvæmt kjarasamningum við stéttarfélög ríkisstarfsmanna. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að í fjárheimildum vegna annarra rekstrargjalda en launa verði vegið upp vanmat á verðlagshækkunum í forsendum fjárlaga 2011 til viðbótar við spá um

verðbreytingar ársins 2012, auk þess sem tekið er tilliti til áhrifa af lækkun á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt.

Fjárveitingar til verkefna forsætisráðuneytisins markast nokkuð af því að gert er ráð fyrir áframhaldandi aðhaldsráðstöfunum í frumvarpinu í samræmi við áætlun ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum þótt þær verði ekki jafn umfangsmiklar og í fjárlögum undanfarinna þriggja ára. Hagræðingarkrafa til velferðarmálaflokka, skóla og löggæslu er fjórða árið í röð nálægt helmingi lægri en í annarri starfsemi. Engu að síður kalla sparnaðaráformin á árinu 2012 á margvíslegar hagræðingaraðgerðir og forgangsröðun verkefna. Áætlað er að aðhaldsaðgerðir ráðuneytisins á næsta ári lækki útgjöld sem nemur 3% af veltu fjárlaga 2011. Í undirbúningi og greiningu forsætisráðuneytis á valkostum í aðhaldsráðstöfunum á árinu 2012 var horft til niðurskurðar fyrri ára sem og rekstraráætlana fyrir árið í ár, hverjar afgangsheimildir eru og hvar möguleiki er á sértækum aðgerðum í sparnaðarskyni og tekjuaukningu. Ekki er farið í flatan niðurskurð heldur er markmiðið að tillögugerðin megi byggja á traustum forsendum og vera líkleg til árangurs. Leitast er við að hlífa þeim verkefnum og stofnunum sem hafa veikleika í áætlun 2011 og málefnum þar sem áhersla ríkisstjórnar liggur að fara þurfi á næstunni.


Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 640,6 m.kr. og lækka um 14,1 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Rekstrarfjárveitingar flestra stofnana og verkefna sem heyra undir ráðuneytið eru lækkaðar alls um 18,4 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Aðhaldsmarkmið ráðuneyta voru sett miðað við að lækka útgjöld sem nemur 3% af veltu stjórnarsýslu og almennrar þjónustu en 1,5% af veltu velferðarmálaflokka, skóla og löggæslu. Lækkunin hjá forsætisráðuneytinu nemur 2,8% af rekstrarveltu að raungildi. Þótt markmiðin hafi verið sett miðað við veltu eru þau útfærð eftir forgangsröð og áherslum ráðuneytisins sem getur falið í sér mismikla skerðingu á fjárveitingum eins og fram kemur í umfjöllun um einstakar stofnanir og verkefni. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir auknum útgjaldaskuldbindingum í rekstri sem nema 30,1 m.kr. Þar munar mest um 10 m.kr. umsýslukostnað á nýjum fjárlagalið til að stuðla að atvinnuuppbyggingu og fjölgun vistvænna starfa, 10 m.kr. vegna umsýslu með þjóðlendum sem flyst aftur til ráðuneytisins og 6 m.kr. útgjöld samhæfingarnefndar um siðferðileg viðmið fyrir stjórnarsýsluna. Á móti falla niður nokkur framlög sem veitt voru til tímabundina verkefna að fjárhæð 70,2 m.kr. Loks nemur verðlagshækkun rekstrarútgjalda 44,4 m.kr.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 142,1 m.kr. og verða 273,9 m.kr. en eru 131,8 m.kr. í fjárlögum ársins 2011. Sett var markmið um 3% lækkun almennra tilfærslustyrkja og úthlutunarliða við undirbúning frumvarpsins en 1,5% í bótakerfum og er gert ráð fyrir að þau útgjöld ráðuneytisins lækki um 0,6 m.kr. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir 199,4 m.kr. hækkun í útgjaldaskuldbindingum tilfærslukerfa, þar af 190 m.kr. framlag á nýjan fjárlagalið til atvinnuuppbyggingar og fjölgun vistvænna starfa. Á móti lækka útgjöld um 57,5 m.kr. vegna tímabundinna framlaga sem falla niður. Verðlagshækkun fjárveitinga sem teljast til tilfærslna nemur 0,8 m.kr.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 87,4 m.kr. og er það 8 m.kr. lækkun milli ára. Niður falla 8 m.kr. tímabundin framlög til sameiginlegra verkefna ráðuneyta hjá íslenska upplýsingasamfélaginu sem forsætisráðuneytið fer með forræði yfir. Ráðuneytið mun ekki þiggja nýtt fé af liðnum á árinu 2012 og er það liður í aðhaldsáformum þess.

Vikið er nánar að áformum um sparnað og forgangsröð útgjalda og helstu útgjalda-breytingar í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2012 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Skuldbindandi samningar

Samningur forsætisráðuneytis við Vesturfarasetrið á Hofsósi um 28 m.kr. árlegan fjárstuðning við starfsemi setursins rennur út í árslok 2011. Unnið er að athugun á áframhaldandi stuðningi við starfsemi setursins en niðurstaða liggur ekki fyrir. Í frumvarpinu er því ekki gert ráð fyrir neinum slíkum framlögum á vegum ráðuneytisins að sinni.

Tilraunaverkefni í kynjaðri fjárlagagerð

Umboðsmaður barna kannaði með hvaða hætti kynin njóta þeirrar leiðbeiningarþjónustu sem embættið veitir með því að athuga efni og afgreiðslu erinda sem bárust frá almenningi á árinu 2010. Alls voru tekin fyrir 914 erindi.

Niðurstöður sýna að u.þ.b. 2/3 hlutar erinda sem berast embættinu eru frá konum og stúlkum en 1/3 frá körlum og drengjum. Það á jafnt við um börn og fullorðna þó að munurinn sé nokkuð meiri hjá börnum en fullorðnum þannig að stúlkur hafa frekar samband en drengir. Ástæðurnar fyrir þessari skiptingu hjá hinum fullorðnu eru líklega að mestu leyti menningarbundnar og staðfesta þá hugmynd að konur beri almennt meiri ábyrgð á börnum þegar kemur að uppeldi og velferð þeirra. Þá er íslenskur vinnumarkaður

mjög kynskiptur og starfsfólk í þeim geirum sem helst sinna börnum, þ.e. menntun, heilbrigðisþjónustu og barnavernd, eru í miklum meirihluta konur. Hvað varðar börnin er erfiðara að segja til um af hverju stúlkur leita frekar eftir aðstoð en drengir og er það eitt af því sem embættið stefnir á að vinna meira með í framtíðinni.

Þegar bornar eru saman tölur um innkomin erindi eftir kynjum og skiptingu tíma starfsfólks kom ekki í ljós marktækur kynjamunur en börn fengu að meðaltali meiri tíma en fullorðnir. Hvað varðar þá málaflokka sem fólk vill ræða um kemur fram munur á kynjunum, bæði á konum og körlum og stúlkum og drengjum. Munurinn er þó ekki slíkur að hægt sé að draga af honum viðtækar ályktanir. Þó að verklag og útteiling þjónustu hjá umboðsmanni barna feli ekki í sér mismunun af hálfu starfsfólks er ljóst að kerfisbundinn munur og menningarlegur munur á stöðu kynjanna hefur töluverð áhrif á það hverjir nýta sér þjónustu umboðsmanns. Brýnt er að reyna að vinna að því að jafna hlutföll kynjanna á vinnumarkaði og á heimilum þannig að fleiri karlar fari að sinna menntun og umönnun barna. Það sem umboðsmaður getur helst gert er að reyna að ná betur til barnanna, sérstaklega drengja. Það má gera með ýmsum hætti, svo sem með því að huga að því hvernig kynningarefni og upplýsingar á heimasíðu er sett fram og hvaða málefni eru rædd og þegar umboðsmaður fær tækifæri til að ræða við börn. Í þeirri viðleitni er mikilvægt að hafður verði í huga sá áherslumunur kynjanna sem fram kom í verkefninu á efni þeirra erinda sem bærust embættinu. Auk ofangreinds mun verkefnið leiða til úrbóta á skráningum erinda og gert er ráð fyrir því að taka nýtt skráningarkerfi í notkun í byrjun árs 2012.

Í lokin má geta þess að ein af ástæðum þess að umboðsmaður ákvað að taka þátt í verkefninu um kynjaða hagstjórn og fjárlagagerð er að verklag og aðferðir fræðanna má yfirfæra yfir á svokallaða barnahagstjórn. Með barnahagstjórn væri hægt að kanna hvernig opinbert fé nýttist börnum og þá er að sjálfsögðu rétt að kanna sérstaklega mismunandi áhrif ákvarðanna á stúlkur og drengi.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir forsætisráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Forsætisráðuneyti, aðal-skrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	279,5	291,5	311,5	6,9	11,4
Ýmis verkefni	338,6	208,2	121,1	-41,8	-64,2
Ráðstöfunarfé	0,0	2,5	2,5	0,0	-
Samtals	618,1	502,2	435,1	-13,4	-29,6

Heildarfjárveiting til málefnaflokkksins lækkar um 90,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar en þær nema alls 23,8 m.kr. og að þeim meðtöldum lækka útgjöldin um 67,1 m.kr. milli ára. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 4,7 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga. Þá koma fram nokkur ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 24,5 m.kr. Á hinn bóginn falla niður samtals 110,7 m.kr. af framlögum sem veitt voru til tímabundinna verkefna. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu breytingum á fjárveitingum til málefnaflokkksins.

101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir 311,5 m.kr. fjárveitingu til skrifstofunnar og jafngildir það 2,5 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lögð er til 1 m.kr. lækkun fjárveitingar í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um 3% samdrátt í stjórnsýslu og almennri þjónustu. Einnig er gert ráð fyrir að 1,5 m.kr. fjárheimild flytjist frá forsætisráðuneytinu til Rekstrarfélags Stjórnarráðsbygginga í tengslum við breytt fyrirkomulag á umsýslu með rekstri ráðherrabifreiða. Aðrar breytingar á fjárheimildum skýrast af launa- og verðlagsreikningi frumvarpsins.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 121,1 m.kr. og jafngildir það 88,4 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingar á þessum lið eru í stórum dráttum af fernum toga. Í fyrsta lagi falla niður samtals 96,2 m.kr. fjárheimildir sem veitt voru til tímabundinna verkefna. Á viðfangsefninu *1.15 Hrafnseyri* fellur niður 15 m.kr. framlag sem veitt var til endurnýjunar á Safni Jóns Sigurðssonar. Á viðfangsefninu *1.25 Vesturfarasetrið á Hofsósi* fellur niður 28 m.kr. framlag sem veitt var tímabundið til fjögurra ára í fjárlögum 2008 í samræmi við samning þar um milli forsætisráðuneytis og Vesturfarasetursins en samningurinn rennur út í árslok 2011. Unnið er að athugun á áframhaldandi stuðningi við starfsemi setursins. Verði niðurstaðan að halda stuðningi áfram verður sótt um fjárveitingu til þess við 2. umræðu frumvarpsins eða í fjárukalögum næsta árs eftir atvikum. Á viðfangsefninu *1.51 Undirbúningur að hátíðarhöldum vegna tveggja alda afmælis Jóns Sigurðssonar forseta* falla niður samtals 30,2 m.kr. framlög. Á viðfangsefninu *1.56 Nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðaheimila fyrir börn* fellur niður 23 m.kr. framlag en gert er ráð fyrir að nefndin ljúki störfum á árinu 2011. Í öðru lagi verða breytingar á fjárveitingum til málefna er varða Hrafnseyri og Jón Sigurðsson. Eins og forsætisráðherra boðaði í ræðu á Hrafnseyri 17. júní sl. er áformað að efla starfsemina þar með því að setja þar á fót mennta- og menningarsetur til minningar um Jón Sigurðsson um næstu áramót. Flytjast þá jafnframt mál er varða Hrafnseyri og Jón Sigurðsson frá forsætisráðuneyti til mennta- og menningarmálaráðuneytis í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar þar um. Við þessa breytingu fellur niður 7,9 m.kr. fjárveiting af viðfangsefninu *1.23 Hrafnseyri* og 6,6 m.kr. af viðfangsefninu *1.40 Gjölf*

Jóns Sigurðssonar en á móti er sótt um 14,5 m.kr. fjárveitingu til setursins á lið mennta- og menningarmálaráðuneytis 02-999-1.98 *Ýmis framlög*. Í þriðja lagi er lögð til samtals 3,7 m.kr. lækkun framlaga til að koma til móts við markmið ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda. Um er að ræða 1 m.kr. lækkun á viðfangsefninu 1.17 *Úrskurðarnefnd upplýsingalaga* og 2,7 m.kr. á viðfangsefninu 1.90 *Ýmis verkefni*. Í fjórða lagi er sótt um samtals 26 m.kr. framlög til þriggja nýrra verkefna. Farið er fram á 10 m.kr. framlag á viðfangsefnið 1.20 *Jafnréttissjóður* svo hefja megi úthlutanir úr sjóðnum að nýju en þær hafa legið niðri um skeið. Tilgangur Jafnréttissjóðs er að efla kynjarannsóknir og stuðla þannig að bættri stöðu kvenna og karla og framgangi jafnréttis. Styrkir sjóðsins skulu að meginstefnu veittir til rannsókna á stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði en einnig á öðrum sviðum samfélagsins, samkvæmt nánari fyrir-mælum í reglum um úthlutun styrkja Jafnréttissjóðs og starfsreglum stjórnar sjóðsins. Óskað er eftir 6 m.kr. framlagi á nýtt viðfangsefni 1.59 *Samhæfingarnefnd um siðferðileg viðmið fyrir stjórn-sýsluna*. Nefndinni var komið á fót með lögum nr. 86/2010 og gegnir hún víðtæku samhæfingar- og leiðbeiningarhlutverki gagnvart ráðuneytum og ríkisstofnunum að því er varðar þau siðferðilegu viðmið sem stjórn-sýslan þarf að fara eftir. Framlagið verður notað til að greiða laun starfsmanns nefndarinnar í hlutastarfi, standa straum af kostnaði við alþjóðlegt samstarf, sbr. lagaskyldu sem hvílir á nefndinni, og til að fjármagna námskeiðahald fyrir ríkisstarfsmenn. Sótt er um 10 m.kr. framlag á viðfangið 1.90 *Ýmis verkefni* þar sem umsýsla með þjóðlendum færir frá sýslumanni Snæfellinga til forsætisráðuneytis. Gert er ráð fyrir að fjárveiting til sýslumannsembættisins lækki um sömu fjárhæð. Forsætisráðuneytið fer með umsón þjóðlendna skv. lögum nr. 58/1998, um þjóðlendur. Ráðuneytið gerði á sínum tíma þjónustusamning við embætti sýslumanns Snæfellinga um að annast skráningu þjóðlendna og daglega umsýslu með þeim, s.s. í tengslum við leyfisveitingar, og fékk embættið nýtt 10 m.kr. framlag í fjárlögum 2009 til að standa undir þeim útgjöldum. Í upphafi þessa árs var ákveðið að framlengja ekki samninginn þar sem þetta fyrir-komulag á umsýslunni þótti ekki vera hið heppilegasta, m.a. vegna þess að um ákveðinn tvíverknað væri að ræða. Ráðuneytið hefur um þessar mundir til skoðunar hvernig verður heppilegast að koma umsýslunni fyrir m.a. að flytja hana til fjármála-ráðuneytisins eða stofnunar á þess vegum. Aðrar breytingar á fjárheimildum liðarins skýrast af launa- og verðlagsreikningi frumvarpsins.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Fasteignir forsætisráðuneytis; 203 Fasteignir Stjórnarráðsins; 241 Umboðsmaður barna; 253 Vest – norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn; 261 Óbyggðanefnd; 271 Ríkislögmaður; 281 Atvinnuuppbygging og fjölgun vistvænna starfa; 902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fasteignir forsætisráðuneytis	108,9	102,9	103,1	0,2	-5,3
Fasteignir Stjórnarráðsins	15,7	16,2	15,7	-3,1	0,0
Umboðsmaður barna	39,4	37,0	39,9	7,8	1,3
Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn	12,2	12,5	12,7	1,6	4,1
Óbyggðanefnd	30,1	42,0	27,9	-33,6	-7,3
Ríkislögmaður	56,3	61,6	64,4	4,5	14,4
Atvinnuuppbygging og fjölgun vistvænna starfa	0,0	0,0	200,0	-	-
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	99,8	99,5	103,1	3,6	3,3
Ísl. uppl.samfélagið, sameiginleg verkefni ráðun	39,7	8,0	0,0	-100,0	-100,0
Samtals	402,1	379,7	566,8	49,3	41,0

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 187,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Þar af eru launa- og verðlagsbætur 21,4 m.kr. og er raunaukning fjárveitinga því 165,7 m.kr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 14,3 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga. Þá koma fram tvö ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 205 m.kr., þar af 200 m.kr. til atvinnuuppbyggingar og fjölgunar vistvænna starfa. Á hinn bóginn falla niður samtals 25 m.kr. af framlögum sem veitt voru til tímabundinna verkefna. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu breytingum á fjárveitingum til málefnaflokksins.

201 Fasteignir forsætisráðuneytis. Lögð er til 3,5 m.kr. lækkun fjárveitingar í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um 3% samdrátt í stjórnsýslu og almennri þjónustu. Aðrar breytingar á fjárheimildum liðarins skýrast af launa- og verðlagsreikningi frumvarpsins.

203 Fasteignir Stjórnarráðsins. Lögð er til 1 m.kr. lækkun fjárveitingar í samræmi við áform ráðuneytisins um lækkun ríkisútgjalda. í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um 3% samdrátt í stjórnsýslu og almennri þjónustu. Aðrar breytingar á fjárheimildum liðarins skýrast af launa- og verðlagsreikningi frumvarpsins.

- 253 Vest–norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn.** Lögð er til 0,6 m.kr. lækkun fjárveitingar í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um 3% samdrátt í stjórnsýslu og almennri þjónustu. Aðrar breytingar á fjárheimildum liðarins skýrast af launa- og verðlagsreikningi frumvarpsins.
- 261 Óbyggðanefnd.** Niður fellur 17 m.kr. framlag sem veitt var tímabundið í fjárlögum 2008. Umrætt framlag var fyrst veitt tímabundið á fjárlögum 2001 til greiðslu á kostnaði annarra en ríkisins af hagsmunagæslu fyrir óbyggðanefnd og var framlengt til fjögurra ára í fjárlögum 2008. Málarekstur fyrir óbyggðanefnd er nú í lágmarki þar sem ríkið hefur frestað kröfugerð um sinn. Aðrar breytingar á fjárheimildum liðarins skýrast af launa- og verðlagsreikningi frumvarpsins.
- 271 Ríkislögmaður.** Lögð er til 2 m.kr. lækkun fjárveitingar í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um 3% samdrátt í stjórnsýslu og almennri þjónustu. Aðrar breytingar á fjárheimildum liðarins skýrast af launa- og verðlagsreikningi frumvarpsins.
- 281 Atvinnuuppbygging og fjölgun vistvænna starfa.** Gert er ráð fyrir 200 m.kr. fjárheimild á þessum nýja fjárlagalið sem ætlað er að gera ráðherranefnd um atvinnumál kleift að styðja við verkefni sem lúta að atvinnuuppbyggingu og fjölgun starfa. Um er að ræða verkefni sem tengjast vinnu ráðherranefndar um atvinnumál. Fjármunirnir verða notaðir til að styðja við ýmis verkefni hjá ríkinu sem leitt geta til fjölgunar starfa og einnig til að vinna sérfræðivinnu á vegum nefndarinnar. Tveir vinnuhópar, annar um vinnumarkaðsmál og hinn um atvinnuþróun á vegum ráðherranefndarinnar, hafa skilað tillögum um aðgerðir og munu þessi fjármunir meðal annars verða nýttir til að aðstoða við framkvæmd þeirra verkefna. Þá munu þessir fjármunir einnig verða notaðir til þess að styðja sérstaklega við atvinnutækifæri á sviði vistvænnar nýsköpunar, þróunar og þjónustu.
- 902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum.** Gert er ráð fyrir 103,1 m.kr. fjárveitingu á liðinn og jafngildir það 2,2 m.kr. lækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum. Breytingar eru af tvennum toga. Annars vegar er lögð til 7,2 m.kr. lækkun rekstrarfjárveitingar í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um 3% samdrátt í stjórnsýslu og almennri þjónustu. Hins vegar er sótt um 5 m.kr. hækkun á fjárveitingu sem fjármögnuð er með ríkistekjum af lóðarleigu. Lögð hefur verið áhersla á að afla þjóðgarðinum á Þingvöllum aukinna tekna og bæta að sama skapi þjónustu við gesti hans. Leiga fyrir tjaldstæði hefur verið hækkuð í samræmi við nágrannasveitir og lóðarleiga tvöfölduð. Þá hefur verið starfrækt lítil verslun í Fræðslumiðstöðinni og aðgangseyrir tekinn upp til reynslu í nýjum salernishúsum á Hakinu. Miðað er við að gjaldaheimild liðarins hækki um 10,3 m.kr. og að á móti komi 5,3 m.kr. sértekjur og 5 m.kr. ríkis-

tekjur af lóðarleigu. Aðrar breytingar á fjárheimildum liðarins skýrast af launa- og verðlagsreikningi frumvarpsins.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta. Niður falla 8 m.kr. framlög sem veitt voru tímabundið á þennan lið í fjárlögum 2011. Forsætisráðuneytið mun ekki þiggja nýtt fé á liðinn á árinu 2012 og er það hluti af aðhaldsráðstöfunum ráðuneytisins.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.10 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
01-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun mennta- og menningarmálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	39.144,4	39.241,9	42.920,2	9	10
Neyslu- og rekstrartilfærslur	18.484,3	15.849,1	16.814,1	6	-9
Stofinkostnaður og viðhald	3.217,0	2.043,3	2.046,4	0	-36
Samtals	60.845,7	57.134,3	61.780,7	8	2
Greitt úr ríkissjóði	-	55.533,4	60.181,4	8	-
Innheimt af ríkistekjum	-	1.600,9	1.599,3	0	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	57.134,3	61.780,7	8	-

Heildargjöld ráðuneytis árið 2012 eru áætluð um 69.813,3 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 8.032,6 m.kr. en þær nema 11,5% af heildargjöldum. Gjöld umfram tekjur eru 61.780,7 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 60.181,4 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 1.599,3 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Vakin er athygli á að í inngangi kafla um gjöld A–hluta, kafla 3.5, er umfjöllun um fyrirhugaðan samdrátt í ríkisútgjöldum á næsta ári þar sem farið er heildstætt yfir öll ráðuneytin og málaflokka þeirra.

Í frumvarpinu hækka útgjöld mennta- og menningarmálaráðuneytisins um 1.324,2 m.kr. á verðlagi fjárlaga 2011 en þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum verðlags- og gengisbreytingum hækka útgjöldin um 4.646,4 m.kr. milli ára eða sem svarar 8,1%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi verða gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 2.081 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum. Í öðru lagi er um að ræða ýmsar breytingar á útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2012 en þær nema 3.917,3 m.kr. Í þriðja lagi, tímabundin framlög til ýmissa verkefna sem falla niður og nema 512,1 m.kr. Nettóhækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 1.324,2 m.kr. Loks bætast við launa- og verðlagshækkunar ársins 2012, sem eru áætlaðar 3.322,2 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 61.780,7 m.kr. Þar vega þyngst hækkunar á launum samkvæmt kjarasamningum við stéttarfélög ríkisstarfsmanna. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að í fjárheimildum vegna annarra rekstrargjalda en launa verði vegið upp vanmat á verðlagshækkunum í forsendum fjárlaga 2011 til viðbótar við spá um verðbreytingar ársins 2012, auk þess sem tekið er tilliti til áhrifa af lækkun á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt.

Fjárveitingar til verkefna mennta- og menningarmálaráðuneytisins markast nokkuð af því að gert er ráð fyrir áframhaldandi aðhaldi í samræmi við áætlun ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum þótt þær verði ekki jafn umfangsmiklar og í fjárlögum undanfarinna þriggja ára. Samhliða þessu er ráðgert að umfang ýmissa verkefna sem falla undir ráðuneytið eða ráðuneytið er þátttakandi í, aukist talsvert á árinu 2012. Þannig er gert ráð fyrir verulegri fjölgun nemenda í framhalds- og háskólum vegna þátttöku í átaki fyrir atvinnuleitendur. Hagræðingarkrafa til velferðarmálaflokka, skóla og löggæslu er fjórða árið í röð nálægt helmingi lægri en í annarri starfsemi. Eigi að síður kalla sparnaðaráform á árinu 2012 á margvíslegar hagræðingaraðgerðir og forgangsröðun verkefna. Áætlað er að aðhaldsaðgerðir ráðuneytisins á næsta ári lækki útgjöld sem nemur 3,6% af fjárheimildum í fjárlögum 2011. Aðhaldsaðgerðunum má í meginatriðum skipta í tvennt. Í fyrsta lagið er um að ræða almennar aðhaldsaðgerðir sem nema 1.081 m.kr. eða um 1,9% af heimildum fjárlaga 2011. Í öðru lagi er um að ræða sértæka aðgerð sem nemur 1.000 m.kr. og felst í því að framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna lækkar tímabundið á næsta ári í ljósi traustrar eiginfjárstöðu sjóðsins. Þetta mun ekki hafa áhrif á úthlutunarreglur sjóðsins eða lánveitingar hans. Á undanförunum árum hefur verið gripið til ýmissa ráðstafana til þess að mæta kröfum um aðhald í ríkisrekstri. Frá haustinu 2008 hafa verið starfandi nokkrir vinnuhópar skipaðir sérfræðingum ráðuneytisins sem hafa verið í sambandi við ýmsa hagsmunaraðila um aðgerðir. Áformaðar aðhaldsráðstafanir vegna ársins 2012 byggja að mestu á tillögu um að almennt verði miðað við 2% hagræðingarkröfu í rekstri og tilfærsluútgjöldum, en 3% lækkun framlaga til stofnkostnaðar með fáum undantekningum. Á

háskólastigi er leitast við að hlífa samkeppnissjóðum í rannsóknum og á framhaldsskólastigi er gert ráð fyrir 1,5% aðhaldi í rekstri skólastofnana. Aðrir liðir lækka því heldur meira.


Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 42.920,2 m.kr. og hækka um 3.678,3 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Rekstrarfjárveitingar flestra stofnana og verkefna sem heyra undir ráðuneytið eru lækkaðar alls um 1,9% m.kr. vegna áforma um lækkun rekstrarútgjalda ríkissjóðs. Ráðuneytum var sett það markmið að lækka útgjöld um 3% af veltu stjórnarsýslu og almennrar þjónustu en 1,5% af veltu velferðarmálaflokka, skóla og löggæslu. Þótt markmiðin hafi verið sett miðað við veltu eru þau útfærð eftir forgangsröð og áherslum ráðuneytisins sem getur falið í sér mismikla skerðingu á fjárveitingum eins og fram kemur í umfjöllun um einstakar stofnanir og verkefni. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir auknum eða nýjum útgjaldaskuldbindingum í rekstri sem nema 1.572,7 m.kr. Þar munar mest um 1.240 m.kr. hækkun á framhaldsskólastigi vegna þátttöku í aðgerðum vegna aðstæðna á vinnumarkaði. Þá hækkar sammingsbundið framlag vegna Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúss um 88 m.kr. þar sem greitt er í tólf mánuði í stað tíu á árinu 2011, auk 20 m.kr. framlags vegna frágangs lóðamál o.fl. Eins hækka framlög til Sinfóníu- hljómsveitar Íslands um 31,6 m.kr. vegna hækkunar á húsaleigu við flutning úr Háskólabíói í Hörpu. Framlög til Keilis hækka um 50 m.kr. og loks eru veittar 143,1 m.kr. til hinna ýmsu verkefna. Á móti falla niður nokkur framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna að fjárhæð 116 m.kr. Loks nemur verðlagshækkun fjárveitinga til rekstrar um 2.975,6 m.kr.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 945 m.kr. og verða 16.814,1 m.kr. en eru 15.849,1 m.kr. í fjárlögum ársins 2011. Sett var markmið um 3% lækkun almennra tilfærslustyrkja og úthlutunarliða við undirbúning frumvarpsins en 1,5% í bótakerfum og er gert ráð fyrir að þau útgjöld ráðuneytisins lækki um 1.266,2 m.kr. Af þessum aðhaldsráðstöfunum vegur þyngst sértæk aðgerð sem felur í sér 1.000 m.kr. tímabundna lækkun framlags til Lána sjóðs íslenskra námsmanna (LÍN). Á hinn bóginn er gert ráð fyrir 2.104,7 m.kr. hækkun í útgjaldaskuldbindingum. Þar munar mest um 590 m.kr. til LÍN vegna breytingar á framfærslugrunni og um tímabundið framlag vegna aukinna útlána sem leiða af vinnumarkaðsaðgerðum. Vegna samkomulags um fjármögnun ríkissjóðs á tónlistarnámi á vegum sveitarfélaga hækka framlög um 480 m.kr. Þá er gert ráð fyrir 510 m.kr. vegna vinnumarkaðsaðgerða sem skiptist þannig að 300 m.kr. tímabundnu framlagi er varið í þróunarsjóð til eflingar á starfstengdu námi, 150 m.kr. í vinnustaðanámssjóð og 60 m.kr. í raunfærnimat. Þá er gert ráð fyrir 250 m.kr. hækkun í samræmi við endurskoðaða áætlun um sammingsbundnar greiðslur vegna rammaáætlana ESB um menntun og rannsóknir. Að lokum er gert ráð fyrir 43,8 m.kr. framlagi til að lög nr. 57/2009 um listamannalaun komist að fullu í framkvæmd og framlög til ýmissa annarra verkefna nema 230,9 m.kr. Á móti lækka útgjöld um 220,1 m.kr. vegna tímabundinna framlaga sem falla niður. Verðlags- hækkun fjárveitinga sem teljast til tilfærslna nemur um 346,6 m.kr.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 2.046,4 m.kr. og er það 3,1 m.kr. hækkun milli ára. Framlög lækka um 60,8 m.kr. til að mæta áformum um samdrátt í ríkisútgjöldum en sett var markmið um 3% lækkun. Þá falla niður tímabundin framlög til framkvæmda sem nema um 176 m.kr. Á móti kemur 240 m.kr. framlag vegna nýrra framkvæmda. Þar vegur þýngst tímabundin 100 m.kr. hækkun framlags vegna byggingar framhaldsskóla í Mosfellsbæ og 50 m.kr. framlag vegna byggingar fyrir stofnun frú Vigdísar Finnbogadóttur. Gert er ráð fyrir að verja 90 m.kr. í áframhaldandi framkvæmdir við Háskólann á Akureyri með því að ráðast í byggingu skrifstofuaðstöðu og fundarrýmis.

Vikið er nánar að áformum um sparnað og forgangsroð útgjalda og helstu útgjalda-breytingar í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2012 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Skuldbindandi samningar

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 11.259,4 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér á eftir. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2011, eru á áætluðu verðlagi ársins 2012 og miðast við hámarksskuldbindingar en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 16,8% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2012. Fjöldi samninga sem ráðuneytið stendur að er verulegur og umfang þeirra sem hlutfall af veltu umtalsvert. Ráðuneytið hefur unnið að því að endurbæta samninga og eftirlit með þeim. Meðal annars er verið að taka í notkun sérstakan hugbúnað til að halda utan um eftirlitsaðgerðir.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2011	2012	2013	2014	2015
Háskólinn á Bifröst	A	305,3	321,7	321,7	321,7	321,7
Háskólinn í Reykavík, háskólanám	A	1.911,2	2.014,0	2.014,0	2.014,0	2.014,0
Listaháskóli Íslands, háskólanám	A	614,4	647,4	647,4	647,4	647,4
Stoðþj., viðhald og leiga Iðnsk. í Hafnarf.	A	132,0	132,0	132,0	132,0	132,0
Verslunarskóli Íslands, framhaldsskólanám	A	855,5	912,6	912,6	912,6	912,6
Keilir	A	102,1	155,2	155,2	155,2	155,2
Hraðbraut, framhaldsskóli	A	141,5	83,0	0,0	0,0	0,0
Hússtjórnarskólinn Hallormsstað, framh.skóli	A	25,5	27,2	27,2	27,2	27,2
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík, framh.skóli	A	27,5	29,3	29,3	29,3	29,3
Tækniskólinn	A	1.594,7	1.754,0	1.754,0	1.754,0	1.754,0
Menntaskóli Borgarfjarðar	A	164,1	164,6	164,6	164,6	164,6
Víkingsnaust	B	15,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Höfundarréttargreiðslur v/ljósritunar í skólum	B	55,3	52,1	52,1	52,1	52,1
Íslenska óperan	B	133,6	130,9	130,9	130,9	130,9
Samningur við Akureyri um menningarstarf.	B	120,0	117,6	117,6	117,6	117,6
Samningar við sveitafél. um menningamál	B	139,2	136,4	136,4	136,4	136,4
Aftekssjóður ÍSÍ	C	24,7	24,1	24,1	24,1	24,1
Bókamessan í Frankfurt	C	100,0	25,0	4,0	0,0	0,0
Caput, tónlistarhópur	C	4,0	4,0	4,0	0,0	0,0
Endurmenntun HÍ, endurmenntun frh.sk.	C	34,0	34,0	34,0	34,0	34,0
Evrópuverkefni á sviði æskulýðsmála	C	8,9	9,2	9,5	10,5	10,5
Feneyjartvíæringurinn	C	10,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Ferðasjóður Íþróttasambands Íslands	C	54,1	52,7	52,7	52,7	52,7
Fræðslumiðst. atvinnulífsins, verkefni FA	C	110,4	232,6	185,6	185,6	139,6
Fræðslum.st. atvinnul. greitt til fræðsluaðila	C	671,4	678,0	678,0	678,0	678,0
Fullorðinsfræðsla fatlaðra - Fjölmennt	C	222,7	223,1	223,1	223,1	223,1
Háskólasetur Vestfjarða	C	86,0	77,8	77,8	77,8	77,8
Þekkingarnet Austurlands	C	51,0	52,7	52,7	52,7	52,7
Þekkingarsetur Vestmannaeyja	C	23,0	15,1	15,1	15,1	15,1
Þekkingarsetur Suðurlands	C	14,2	14,5	14,5	14,5	14,5
Þekkingarsetur Þingeyinga	C	34,8	35,9	35,9	35,9	35,9
Háskóli Íslands - menntun tannsmíða	C	12,3	13,0	0,0	0,0	0,0
Síldarminjasafnið á Siglufirði	C	10,6	10,4	10,4	10,4	10,4
Hönnunarmiðstöð Íslands	C	8,5	8,3	8,3	8,3	8,3
ÍSÍ - framlag til sérsambanda	C	61,8	60,5	60,5	60,5	60,5
Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar	C	13,0	12,7	12,7	12,7	0,0
Listahátíð í Reykjavík	C	29,2	28,6	0,0	0,0	0,0
Lundur, nemendagarðar	C	32,6	32,6	32,6	32,6	32,6
Reykjavíkúrakademían	C	16,0	16,5	16,5	16,5	16,5
Ríkisútvarpið ohf.	C	2.962,5	3.100,0	3.100,0	3.100,0	3.100,0
Simenntunarmiðstöðvar á 11 stöðum	C	173,5	178,5	178,5	178,5	178,5
Skriðuklaustur	C	28,8	17,2	17,2	17,2	17,2
Snorrastofa í Reykholti - rekstur	C	18,5	18,9	18,9	18,9	18,9
Ýmsir minni samningar	C	106,0	74,0	55,0	48,5	43,2
Samtals		11.259,4	11.727,9	11.516,6	11.503,1	11.439,1

Skuldbindandi samningum ráðuneyta er skipað í þrjá flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar sem mennta- og menningarmálaráðuneytið stendur að ásamt fjármála-

ráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í töflunni og er kostnaður vegna þeirra áætlaður 5.873,8 m.kr. á yfirstandandi ári. Aðrir samningar sem bæði ráðuneytin standa að eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar 463,1 m.kr. Að lokum eru 4.922,5 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem mennta- og menningarmálaráðuneytið stendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur, þannig að til jafnaðar verði nálægt 11.500 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Um þessar mundir er unnið að endurskoðun og endurnýjun eldri samninga.

Tilraunaverkefni í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð

Tilraunaverkefni mennta- og menningarmálaráðuneytisins í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð fólst í að safna, greina og birta upplýsingar um fjölda umsókna og úthlutana listamannalauna á síðustu þremur árum. Nýjum lögum um listamannalaun, nr. 57/2009, er ætlað að efla listsköpun í landinu og Alþingi veitir árlega framlag á fjárlögum. Frá árinu 2010 voru starfslaun listamanna veitt úr sex sjóðum skv. reglugerð nr. 834/2009. Starfslaun listamanna eru ýmist veitt til tveggja ára, eins árs eða nokkurra mánaða og ein mánaðarlaun hafa verið hugsuð sem ferðastyrkur. Kyngreindum upplýsingum hefur verið safnað um fjölda umsókna í hverjum sjóði, úthlutanir úr sjóðunum og skiptingu úthlutunar eftir lengd starfslauna. Einnig hefur verið safnað upplýsingum um stjórnir úthlutunarnefnda. Markmið tilraunaverkefnisins var að draga ofangreindar upplýsingar fram eins og gert hefur verið. Í framhaldinu verða upplýsingarnar skoðaðar nánar og metið hvort ástæða þyki til að rýna betur ofan í einstaka þætti og hvort leggja þurfi til breytingar eða ekki.

Úthlutunarliðir

Vakin er athygli á því að áformað er að gera breytingar á fyrirkomulagi sem verið hefur á úthlutunum á styrkjum af tilteknum óskiptum fjárheimildaliðum og sambærilegum sérgreindum viðfangsefnum fjárlaga til margvíslegra samtaka, safna, lista- og menningarverkefna, íþróttaviðburða og atvinnuþróunar. Breytt fyrirkomulag þessara mála er liður í umbótum sem fjárlaganefnd hefur beitt sér fyrir á umgjörð styrkveitinga á vegum bæði þingsins og ráðuneyta. Þar sem vinnu ráðuneyta að útfærslu breyttrar framsetningar þessara fjárheimilda var ekki að fullu lokið við lokun talnabálks fjárlagafrumvarpsins er framsetning þeirra óbreytt í frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að fluttar verði breytingartillögur um framsetningu fjárheimildanna í samræmi við nýtt fyrirkomulag við 2. umræðu frumvarpsins. Nánari umfjöllun um þessi áform kemur fram í kafla 3.9 í greinargerð frumvarpsins.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til málefnaflokkansins: 101 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé.

	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargrunnur					
Mennta- og menningarmálar., aðalskrifstofa	599,0	577,5	774,5	34,1	29,3
Ráðstöfunarfé	-	6,1	6,0	-1,6	-
Samtals	599,0	583,6	780,5	33,7	30,3

Heildarfjárveiting til málefnaflokkans hækkar um 147,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru í fyrsta lagi að gert er ráð fyrir að draga úr útgjöldum málefnaflokkans um 11,7 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum sem skiptist þannig; *101 mennta- og menningarmálaráðuneyti, aðalskrifstofa* 11,6 m.kr. og *199 ráðstöfunarfé* 0,1 m.kr. Í öðru lagi er lagt til að millifærðar verði samtals 160,3 m.kr. af ýmsum liðum yfir á aðalskrifstofu. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um innra eftirlit hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu frá því í október 2007 var gerð athugasemd við að sú hefð hefði skapast að færa til gjalda á einstök verkefni innan safnliða launakostnað og ýmsan tilfallandi kostnað vegna viðkomandi verkefnis. Ráðuneytið gaf meðal annars þá skýringu að í sumum tilvikum hefði komið til greina að millifæra fjárveitingu af safnlið yfir á fjárlagalið þess sem vinnur að verkefni. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um eftirfylgni sem gefin var út í mars 2011 er aftur gerð samskonar athugasemd. Af þessu tilefni er óskað eftir eftirfarandi millifærslum yfir á aðalskrifstofu vegna verkefna sem þar hafa verið unnin en gjaldfærð á eftirfarandi liði; 15,5 m.kr. af *02-299 1.90 Háskólastarfsemi* vegna ýmiss kostnaðar við þróun háskóla- og rannsóknakerfisins, 5 m.kr. af *02-316 1.05 Fasteignir skóla* vegna umsýslu fasteigna sem ekki eru í umsjón Fasteigna ríkisins, 33,3 m.kr. af *02-319 1.11 Sameiginleg þjónusta* vegna umsjónar með innritun nemenda í framhaldsskóla og fleiri sameiginlegra verkefna, 6 m.kr. af *02-319 1.17 Námskrárgerð* vegna samræmingar í námskrárgerð, 77,7 m.kr. af *02-319 1.28 Mat á skólastarfi* til kaupa á sérfræðiþjónustu vegna ytri úttekta og matsstarfa, 3,5 m.kr. af *02-319 1.29 Forvarnarstarf í skólum* vegna umsjónar með forvarnarstarfi í skólum, 12,5 m.kr. af *02-319 1.41 Framkvæmd nýrrar skólaféfnu* vegna þróunarkostnaðar og við að kynna og innleiða stefnuna í starf skóla, 1,8 m.kr. af *02-961 1.01 Fjölmíðlanefnd* vegna verkefna ráðuneytisins eftir að fjölmíðlanefnd hefur störf, 5 m.kr. af *02-999 1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis* vegna kostnaðar við upplýsingartækniverkefni. Í þriðja og síðasta lagi er lagt til að millifærðar verði 1,1 m.kr. af lið aðalskrifstofu yfir á *09-980 Rekstrarfélag Stjórnarráðsbygginga* vegna reksturs ráðherrabifreiðar. Þessar millifærslur hafa ekki áhrif á útgjöld heldur aðeins á hvaða liði þau verða bókfærð.

Háskólar og rannsóknir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokkis: 201–203 Háskóli Íslands og stofnanir tengdar honum; 209 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum; 210 Háskólinn á Akureyri; 216 Landbúnaðarháskóli Íslands; 217 Hólaskóli – Háskólinn á Hólum; 223 Námsmatsstofnun; 225 Háskólinn á Bifröst; 227 Háskólinn í Reykjavík; 228 Listaháskóli Íslands; 231 Rannsóknamiðstöð Íslands; 234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora; 235–239 rannsóknasjóðir, 269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður; 299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi og 985 Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Háskóli Íslands	10.261,2	9.561,0	10.081,0	5,4	-1,8
Tilraunastöð Háskólans að Keldum	220,4	187,6	197,4	5,2	-10,4
Raunvísindastofnun Háskólans	389,8	348,9	367,0	5,2	-5,8
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	308,3	274,2	280,2	2,2	-9,1
Háskólinn á Akureyri	1.374,6	1.301,9	1.394,0	7,1	1,4
Landbúnaðarháskóli Íslands	610,0	556,7	583,0	4,7	-4,4
Hólaskóli - Háskólinn á Hólum	274,6	239,7	248,3	3,6	-9,6
Námsmatsstofnun	121,6	112,7	118,6	5,2	-2,5
Háskólinn á Bifröst	332,9	305,3	321,7	5,4	-3,4
Háskólinn í Reykjavík	2.089,0	1.911,2	2.014,0	5,4	-3,6
Listaháskóli Íslands	641,8	614,4	647,4	5,4	0,9
Rannsóknamiðstöð Íslands	201,2	212,2	222,2	4,7	10,4
Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora	-	184,7	199,7	8,1	-
Markáætlun á sviði vísinda og tækni	418,8	285,0	276,4	-3,0	-34,0
Rannsóknasjóður	837,9	782,5	782,5	0,0	-6,6
Tækjasjóður	156,7	110,5	107,0	-3,2	-31,7
Rannsóknarnámssjóður	98,4	96,0	96,0	0,0	-2,4
Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnk.	580,6	99,0	95,6	-3,4	-83,5
Háskóla- og rannsóknastarfsemi	295,8	489,3	447,9	-8,5	51,4
Rammaáætl. ESB um menntun, ranns. og tækniþr. ...	1.032,4	1.035,2	1.364,8	31,8	32,2
Samtals	20.246,0	18.708,0	19.844,7	6,1	-2,0

Heildarfjárveiting til málefnaflokkisins lækkar um 41,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru talin 1.178,3 m.kr. hækkun vegna kjarasamninga og almennra verðlagsbreytinga. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflakksins um sem nemur 329,5 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og svarar það til um 2% af veltu. Helstu ráðstafanir eru þær að fjárframlög til reksturs háskóla og háskólastofnana eru lækkuð um 297,7 m.kr. eða 2% og framlög til stofnkostnaðarliða um 31,8 m.kr. eða 3%. Framlög í samkeppnissjóði á sviði rannsókna eru lækkuð minna en framlög í Rannsóknasjóð og Rannsóknarnámssjóð eru óskert. Á hinn bóginn er lagt til framlög hækki um 453,6 m.kr. vegna nýrra verkefna. Þar ber helst að

nefna að áætlað er að framlög til þátttöku í rammaáætlunum ESB hækki um 250 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Gert er ráð fyrir 852 m.kr. til viðhalds- og stofnkostnaðarframkvæmda og að þar af leggi ríkissjóður til 702 m.kr. sem er 30,6 m.kr. hækkun, en 150 m.kr. framkvæmdir verði greiddar af styrkjum og öðrum sértekjum. Áformað er að verja 90 m.kr. í byggingu 5. áfanga við Háskólann á Akureyri og 323 m.kr. í byggingu fyrir stofnun Vigdísar Finnbogadóttur en þar af komi 50 m.kr. úr ríkissjóði, 123 m.kr. af hagnaði Hapdrættis Háskóla Íslands og 150 m.kr. af öðrum styrkjum. Veitt er 30 m.kr. framlag til Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála sem staðsett er í Háskólanum á Akureyri en rekin í samstarfi nokkurra aðila og að lokum er veitt 20 m.kr. framlag til Háskóla Íslands vegna ákvörðunar Alþings um að stofna prófessorstöðu sem tengd er nafni Jóns Sigurðssonar. Þá falla niður tímabundnar fjárveitingar að fjárhæð 75 m.kr. Þar ber helst að nefna 30 m.kr. framlag í Nýsköpunarsjóð, 10 m.kr. til meistaranáms við Háskólasetur Vestfjarða, 10 m.kr. til Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum vegna rafrænnar orðabókar og 9 m.kr. til reksturs sjávarrannsóknarmiðstöðvar í Þekkingarsetri Vestmannaeyja.

Ráðuneytið áætlar skiptingu fjárveitinga milli kennslu og rannsókna á grundvelli reglna nr. 646/1999 um fjárveitingar til háskóla og samninga við háskólana á grundvelli laga nr. 63/2006 um háskóla. Fyrir liggur að endurskoða reglurnar. Við skiptingu fjárveitinga til kennsluþáttarins er stuðst við endurskoðað reiknilíkan, sem greint var frá í frumvarpi til fjárlaga 2011, þar sem fram kemur að til stæði að breyta í nokkrum áföngum. Helstu breytingar sem kynntar voru í fjárlagafrumvarpi 2011 eru í fyrsta lagi að skólar fái brautskráningarframlög til viðbótar við framlög á grundvelli ársnemendafjölda. Brautskráningarframlög taka nú mið af meðalfjölda útskrifta árin 2008 og 2009. Fjárhæðin er óbreytt, 150 þús.kr. fyrir bakkalárgráðu, 50 þús.kr. fyrir viðbótarnám eftir bakkalárgráðu, 100 þús.kr. fyrir meistara- og kandidategráðu og að lokum 1 m.kr. fyrir doktorspróf. Brautskráningarframlög skóla koma fram í eftirfarandi töflu.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjöldi brautskráðra til greiðslu	Reiknað framlag 2012
Háskóli Íslands	2.278	303.275
Háskólinn á Akureyri	309	38.750
Háskólinn í Reykjavík	637	81.025
Háskólinn á Bifröst	156	20.400
Landbúnaðarháskóli Íslands	28	3.950
Hólaskóli-Háskólinn á Hólum	6	900
Listaháskóli Íslands	117	15.475
Samtals	3.530	463.775

Í öðru lagi er, eins og áður var kynnt, gert ráð fyrir að framlög á grundvelli fjölda ársnema miðist fyrst og fremst við veginn meðalfjölda á liðnum árum en aðeins að litlu leyti við spá fram í tímann. Að þessu sinni er miðað við að fjöldi á árinu 2009 vegi 20%, fjöldi

árið 2010 vegi 60% og endurskoðuð spá um ársnemendur árið 2011 vegi 20%. Þannig munu breytingar ársnemendafjölda í skólunum skila sér hægar inn í fjárveitingar hvort sem um fjölgun eða fækkun er að ræða. Í tengslum við þetta samhengi fjárveitinga og nemendafjölda er til skoðunar að hækka fjárhæð skrásetningargjalda í opinberum háskólum í samræmi við verðlagsþróun, að því gefnu að sú fjárhæð skili sér óskipt til skólanna.

Nám við Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla – Háskólann á Hólum og hluti af námi Listaháskólans hefur ekki verið verðlagt og flokkað skv. núgildandi reglum um fjárveitingar. Fyrirhugað er að við næsta áfanga á endurskoðun reiknilíkans verði lokið við að færa allt nám undir reglurnar. Í umfjöllun um fjárveitingar til kennslu og rannsókna, hér á eftir, hefur skipting fjárveitinga Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og Hólaskóla – Háskólans á Hólum til kennslu annars vegar og rannsókna og annarra verkefna hins vegar, verið áætluð með bráðbirgðaverðlagningu á námi. Stuðst er við vegið meðaltal ársnema á liðnum árum eins og hjá hinum háskólunum. Framlög vegna búreksturs og staðarhalds eru færð undir rannsóknir og annað í eftirfarandi töflu.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Rannsóknir og		
	Kennsla frumvarp 2012	annað frumvarp 2012	Frumvarp alls 2012
Háskóli Íslands	6.169,8	3.325,2	9.495,0
Háskólinn á Akureyri	985,5	498,5	1.484,0
Háskólinn á Bifröst	272,5	49,2	321,7
Háskólinn í Reykjavík	1.568,7	445,3	2.014,0
Listaháskóli Íslands	611,2	36,2	647,4
Landbúnaðarháskóli Íslands	342,3	240,7	583,0
Hólaskóli - Háskólinn á Hólum	148,6	99,7	248,3
Samtals	10.098,6	4.694,8	14.793,4

Verðflokkar náms eru á bilinu 500 til 2.351 þús.kr. á ársnemenda. Frá verðum í töflunni eru dregnar annars vegar tekjur skóla af lögbundnu 45 þús.kr. skásetningargjaldi sama fjölda ársnemenda og áætlað er fyrir með reiknilíkani og reiknuð fjárbinding í húsnæði ríkisins sem opinberu háskólarnir hafa afnot af. Sértekjur einkareknu háskólanna af skólagjöldum og útgjöld á móti þeim koma ekki fram í frumvarpinu. Þessir frádráttarliðir og framsetning þeirra í frumvarpinu gera það að verkum að útgjöld ríkisins vegna skólanna eru ekki samanburðarhæf með beinum hætti í fjárlögum, þó að skólarnir fái kennsluframlög samkvæmt sömu reglum, með þeim frávikum sem greint er frá hér að framan. Verð sem greidd eru fyrir ársnemenda í Listaháskónum eru á bilinu 771 þús.kr. til 3.145 þús.kr. og eru framlög til þróunarstarfs að hluta til innifalin í þeim fjárhæðum.

Verðflokkar, án frádráttarliða	Verð þús.kr.	Verðhlutfall
Nám á sviði félags- og mannvísinda, guðfræði og lögfræði og annað sambærilegt	500	1,0
Styttra nám á sviði tölvufræða og stærðfræði og annað sambærilegt.	709	1,4
Kennaranám og annað hliðstætt nám sem m.a. felst í æfingakennslu.	771	1,5
Hjúkrunarnám og hliðstætt nám sem m.a. felst í þjálfun við meðhöndlun sjúklinga.	888	1,8
Nám í raunvísindum, verk- og tæknifr., m.a. verkl. æfingar og notkun sérhæfðs búnaðar.	987	2,0
Læknisnám sem felst m.a. í verklegum æfingum, notkun sérhæfðs búnaðar og þjálfun.	1.446	2,9
Nám í tannlækningum	2.351	4,7

Í frumvarpinu er framlag til kennslu miðað við 13.813 ársnemendur, þar af 13.353 í þeim háskólum sem fá framlag samkvæmt reiknilíkani eða verðskrá fyrir listnám. Þetta er fækkun um 50 frá forsendum fjárlaga 2011 en fjölgun um 170 frá forsendum í frumvarpi til fjárlaga 2011. Taflan sýnir ársnemendafjölda að baki fjárveitingum, en taka ber fram að sú aðferðafræði sem notuð er við áætlanagerðina reiknar Háskóla Íslands 350 fleiri nemendur og Listaháskóla Íslands 10 fleiri, en eru í töflunni.

Ársnemendur	HÍ	HA	HB	HR	LHÍ	LBHÍ	HH	Áætlað 2012	Áætlað 2011
Félags- og mannvísindi	4.500	500	490	900	-	-	-	6.390	6.500
Tölvufræði og stærðfræði	130	-	-	290	-	-	-	420	420
Hjúkrunarfræði	560	330	-	-	-	-	-	890	890
Kennaranám o.þ.h.	1.750	330	-	185	30	-	-	2.295	2.230
Verk-, tækni-, efnafræði	1.540	100	-	690	18	-	-	2.348	2.360
Læknisfræði	350	-	-	-	-	-	-	350	350
Tannlækningar	55	-	-	-	-	-	-	55	55
Listnám	-	-	-	-	335	-	-	335	355
Framhaldsskólastig	-	-	60	210	-	-	-	270	225
Háskólastig/viðbótarstig ófl. ...	-	-	-	-	-	290	170	460	480
Samtals 2012	8.885	1.260	550	2.275	383	290	170	13.813	13.865
Áætlað 2011	8.865	1.300	570	2.265	383	290	190	13.863	
Meðalverðhlutfall	1,5	1,4	1,0	1,3	3,3	-	-	0,0	

1. Háskóli Íslands og tengdar stofnanir. Hér er fjallað um Háskóla Íslands, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, sem er háskólastofnun tengd læknadeild, og Raunvísindastofnun Háskóla Íslands, sem er stofnun innan Háskóla Íslands.

201 Háskóli Íslands. Lagt er til að fjárveiting skólans lækki um 117,7 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Í fyrsta lagi er óskað eftir 50 m.kr. tímabundnu framlagi sem lið í fjármögnun húsbýggingar Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. Gert er ráð fyrir að útgjaldaheimild skólans verði hækkuð um 200 m.kr. á árinu 2012 vegna framkvæmdanna en þar af eru 50 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði

en 150 m.kr. með framlögum frá styrktaraðilum og flokkast þau sem sértekjur. Að auki er áætlað að Happraætti Háskóla Íslands leggi til 123 m.kr. á árinu 2012 þannig að heildarkostnaður á árinu 2012 nemi 323 m.kr. Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður við framkvæmdirnar nemi 1.400 m.kr. þar af leggi ríkissjóður til 200 m.kr. með beinum framlögum, Happraætti Háskóla Íslands 600 m.kr. og styrktaraðilar samtals 600. m.kr. Bein framlög ríkisins verða eins og áður segir 50 m.kr. á árinu 2012, 75 m.kr. á árinu 2013 og 75 m.kr. á árinu 2014. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 20 m.kr. framlag vegna ákvörðunar Alþingis um nýja prófessorsstöðu við Háskóla Íslands sem verði tengd nafni Jóns Sigurðssonar. Auk launa er gert ráð fyrir húsnæðis-, ferða- og ráðstefnukostnaði. Í þriðja lagi er lagt til að framlag lækki um 185,5 m.kr. vegna aðgerða til að ná markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld dragist saman um 169,8 m.kr. og framlög til viðhalds- og stofnkostnaðar um 15,7 m.kr. Í fjórða lagi fellur niður 1 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var við 2. umræðu fjárlaga 2011 til kennslu í meistaranámi í opinberri stjórnsýslu. Að lokum lækkar fjárheimild skólans um 0,9 m.kr. vegna aukinna endurgreiðslna ríkissjóðs til stofnunarinnar á virðisaukaskatti af aðkeyptri tölvuvinnslu frá einkafyrirtækjum miðað við undafarin tvö ár.

202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum. Lagt er til að framlag lækki um 3,7 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Tillagan er hluti af aðgerðum til að ná markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum.

203 Raunvísindastofnun Háskólans. Lagt er til að framlag lækki um 6,9 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Tillagan er hluti af aðgerðum ráðuneytisins til að ná markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum.

2. Aðrir háskólar og háskólastofnanir. Hér er fjallað um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Háskólann á Akureyri, Landbúnaðarháskóla Íslands, Hólaskóla – Háskólann á Hólum, Háskólann á Bifröst, Háskólann í Reykjavík og Listaháskóla Íslands.

209 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Gert er ráð fyrir að framlag til stofnunarinnar lækki um 15,4 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag lækki um 5,4 m.kr. til að ná markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Í öðru lagi fellur niður tímabundið 10 m.kr. framlag sem veitt var á árunum 2007 til 2010 vegna útgáfu á rafrænni orðabók.

210 Háskólinn á Akureyri. Lagt er til að framlag lækki um 2,5 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Í fyrsta lagi er lagt til að fjárheimild skólans lækki um 30 m.kr. til að styrkja rekstrargrundvöll Rannsóknamiðstöðvar ferðamála sem er miðstöð

rannsóknna, fræðslu og samstarfs í atvinnugreinum sem tengjast ferðamálum. Miðstöðin er samstarfsverkefni Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri, Háskólans að Hólum, Samtaka ferðaþjónustunnar og Ferðamálastofu. Rekstur hennar er í umsjón Háskólans á Akureyri. Gert er ráð fyrir að samstarfsaðilarnir veiti styrki til starfseminnar eins og verið hefur. Framlagið er ætlað til þess að fastráða og fjölga starfsmönnum þannig að uppbygging þekkingar á þessu sviði verði á varanlegri og traustari grundvelli. Á móti kemur tillaga um að framlag lækki um 24,9 m.kr. til að ná markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Að lokum lækkar fjárheimild skólans um 2,5 m.kr. vegna aukinna endurgreiðslna ríkissjóðs til stofnunarinnar á virðisaukaskatti af aðkeyptri tölvuvinnslu frá einkafyrirtækjum miðað við undanfarin tvö ár.

216 Landbúnaðarháskóli Íslands. Lagt er til að framlag lækki um 10,8 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag lækki um 10,3 m.kr. til að ná markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Í öðru lagi lækkar fjárheimild skólans um 0,5 m.kr. vegna aukinna endurgreiðslna ríkissjóðs til stofnunarinnar á virðisaukaskatti af aðkeyptri tölvuvinnslu frá einkafyrirtækjum miðað við undanfarin tvö ár.

217 Hólaskóli – Háskólinn á Hólum. Lagt er til að framlag lækki um 6,9 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag til reksturs, viðhalds og stofnkostnaðar lækki samtals um 4,6 m.kr. til að ná markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Í öðru lagi fellur niður tímabundið 1,7 m.kr. framlag sem veitt var í 2. umræðu fjárlaga 2011 til Guðbrandsstofnunar að Hólum í Hjaltadal. Að lokum lækkar fjárheimild skólans um 0,6 m.kr. vegna aukinna endurgreiðslna ríkissjóðs til stofnunarinnar á virðisaukaskatti af aðkeyptri tölvuvinnslu frá einkafyrirtækjum miðað við undanfarin tvö ár.

225 Háskólinn á Bifröst. Lagt er til að framlag lækki um 6,1 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Tillagan er hluti af aðgerðum ráðuneytisins til að ná markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum.

227 Háskólinn í Reykjavík. Lagt er til að framlag lækki um 38 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Tillagan er hluti af aðgerðum til að ná markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum.

228 Listaháskóli Íslands. Lagt er til að framlag lækki um 12,3 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Tillagan er hluti af aðgerðum til að ná markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Þá er lagt til að tímabundið 10 m.kr. húsnæðisframlag sem veitt var í fjárlögum 2009 til þriggja ára verði framlengt um

önnur þrjú ár. Þegar framlagið var veitt var gert ráð fyrir að skólinn flytti í nýtt húsnæði í maí 2011. Vegna efnahagsástandsins hafa þessi áform ekki gengið eftir.

3. Þjónustu- og rannsóknastofnanir. Hér er fjallað um Námsmatsstofnun og Rannsóknarmiðstöð Íslands.

223 Námsmatsstofnun. Lagt er til að framlag lækki um 2,3 m.kr. á næsta ári að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Tillagan er hluti af aðgerðum ráðuneytisins til að ná markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum.

231 Rannsóknarmiðstöð Íslands. Gert er ráð fyrir að framlag til stofnunarinnar lækki um 4,4 m.kr. á næsta ári að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag lækki um 3,6 m.kr. til að ná markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Í öðru lagi lækkar fjárheimild stofnunarinnar um 0,8 m.kr. vegna aukinna endurgreiðslna ríkissjóðs til stofnunarinnar á virðisaukaskatti af aðkeyptri tölvuvinnslu frá einkafyrirtækjum miðað við undafarin tvö ár.

4. Rannsóknasjóðir. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að framlög til rannsóknasjóða ráðuneytisins lækki samtals um 12,1 m.kr. Framlag í Markáætlun á sviði vísinda og tækni lækkar um 8,6 m.kr. og framlag í Tækjasjóð lækkar um 3,7 m.kr. eða 3%. Framlög í Rannsóknarsjóð og Rannsóknarnámssjóð breytast ekki milli ára.

5. Aðrir liðir. Hér er fjallað um ýmsa safnliði tengda háskóla- og rannsóknarstarfsemi.

269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður. Gert er ráð fyrir að heildarframlög til liðarins verði 95,6 m.kr. og lækki um 3,4 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Lagt er til að halda áfram framkvæmdum við Háskólann á Akureyri og ráðstafa 90 m.kr. á ári árin 2012 og 2013 í 5. áfanga nýbyggingar skólans sem er skrifstofuaðstaða fyrir kennara og fundarrými. Áformað er að hann verði 740 fm. og kosti nálægt 200 m.kr. Á síðasta ári seldi ríkissjóður hlut sinn í gamla Iðnskólanum á Akureyri þar sem kennaradeild skólans og hluti af skrifstofuhúsnæði hans var til húsa. Einnig hefur skólinn sagt upp leigu á 7. hæð Borga. Að þessum framkvæmdum loknum verður öll starfsemi Háskólans á Akureyri á einum stað á Sólborgarsvæðinu. Að lokum er miðað við að verja 5,6 m.kr. í viðhald og endurbætur á húsnæði Tilraunastöðvar Háskólans að Keldum.

299 Háskóla- og rannsóknarstarfsemi. Lagt er til að heildarframlög til liðarins lækki um 52,8 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Í fyrsta lagi er lagt til að á 1.90

Háskólastarfsemi verði veitt 6 m.kr. tímabundið framlag til verkefnisins námsferill frá grunnskóla til háskóla í stað 4 m.kr. í fjárlögum 2011. Um er að ræða úthlutun 2012 vegna framkvæmdar stefnu um upplýsingasamfélagið 2008–2012. Markmið verkefnisins er að koma á rafrænu aðgengi allra að námsferli sínum, frá grunnskóla til háskóla. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 4 m.kr. tímabundnu framlagi til tveggja ára til að tryggja aðgang íslenskra vísindamanna að Norrænu ofurtölvuveri. Að undan- gengnu samkeppnisútbóði meðal háskóla á Norðurlöndum var ákveðið að ofurtölvu- verið verði staðsett á Íslandi. Háskóli Íslands í samstarfi við Thor Data Center í Hafnarfirði mun annast reksturinn. Í þriðja lagi er lagt til að á viðfang *1.33 Fræða- og þekkingarsetur* verði veitt 6 m.kr. tímabundnu framlagi til að efla samstarf háskóla-, þekkingar- og fræðasetra á Vestfjörðum. Um er að ræða tveggja ára þróunar- og uppbyggingarverkefni í menntun og rannsóknum. Í frumvarpi til fjárukalaga fyrir árið 2011 er sótt um jafn hátt framlag. Tillagan er hluti af aðgerðum sem ríkisstjórnin samþykkti þann 5. apríl 2011 til að efla atvinnu og byggð á Vestfjörðum. Í fjórða lagi lækkar fjárveiting liðarins um 7,4 m.kr. vegna tillagna um tvær millifærslur á fjár- heimildum. Annars vegar er um að ræða 8,1 m.kr. hækkun vegna millifærslu á fjár- veitingu sem veitt var Þekkingarsetri á Skagaströnd í fjárlögum 2010 og var færð á fjárlagalið 999 *1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis*. Nú er lagt til að þetta framlag til setursins verði fært yfir á fjárlagalið *1.33 Fræða- og þekkingar- setur*. Hins vegar er um að ræða 15,5 m.kr. lækkun vegna millifærslu af *299–190 Háskólastarfsemi* yfir á *101–101 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, aðalskrifstofa* vegna flutnings verkefna þangað. Í fimmta lagi er gert ráð fyrir að útgjöld lækki um 8,4 m.kr. eða 2% til að mæta aðhaldsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og snertir lækkunin öll viðföng liðarins. Að lokum falla niður þrjár tímabundnar fjár- veitingar samtals að fjárhæð 49 m.kr. sem veittar voru í 2. og 3. umræðu fjárlaga 2011. *1.15 Nýsköpunarsjóður* lækkar um 30 m.kr. vegna framlags sem veitt var til að efla sjóðinn, *1.32 Þekkingarsetur Vestmannaeyja* lækkar um 9 m.kr. vegna framlags til reksturs sjávarrannsóknarseturs og að lokum lækkar *1.34 Háskólaasetur Vestfjarða* um 10 m.kr. vegna framlags til meistaranáms.

985 Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun. Gert er ráð fyrir að heildarframlög til liðarins hækki um 248,7 m.kr. að frátöldum gengis- og verðlags- breytingum, en endurmat á gengisförsendum fjárlaga hækkar liðinn um 77,5 m.kr. Í fyrsta lagi er áætlað að framlög til rammaáætlana hækki um 250 m.kr. Skuldbindingar Íslands vegna þátttöku í rannsóknaráætlunum ESB hafa verið endurmetnar. Hlutur Íslands í útgjöldum EFTA ríkjanna innan EES vegna þátttöku í rammaáætlunum ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun hækkar úr 2,94% í 3,08%. Rammaáætlun ESB hækkar um 913,6 milljónir Evra á milli ára og hlutur EFTA ríkjanna um 41,6 milljónir Evra. Áætlanir gera ráð fyrir að hlutur Íslands hækki um 1,6 milljónir Evra eða sem

svarar til um 250 m.kr. á verðlagi fjárlaga 2011. Í öðru lagi er lagt til að framlag til *1.01 Landskrifstofa menntaáætlana ESB* lækki um 0,4 m.kr. vegna aðgerða til að ná markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Í þriðja lagi er lagt til að framlag til *1.90 Alþjóðleg samskipti vegna rammaáætlana ESB* lækki um 1 m.kr. vegna aðgerða til að ná markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum.

Framhaldsskólar

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301–309; 350–372; 504–516; 541; 551; 581 Framhaldsskólar; 316 Fasteignir framhaldsskóla; 318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður; 319 Framhaldsskólar, almennt; 441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra; 451 Framhaldsfræðsla. Fjórir nýir fjárlagaliðir bætast við málefnaflokkinn: 320 Nám á framhaldsstigi vegna aðstæðna á vinnumarkaði; 518 Þróunarsjóður fyrir starfsnám; 519 Vinnustaðanáms-
sjóður og 565 Tónlistarnám á vegum sveitarfélaga.

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 1.988,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar en þær nema alls 1.380,2 m.kr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málefnaflokksins um 369,4 m.kr á verðlagi fjárlaga 2011 til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Samdrátturinn jafngildir 2% lækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs, sem er sama aðhaldskrafa og í öðrum málefnaflökkum ráðuneytisins.

Helstu breytingar á framlögum til málefnaflokksins skýrast af menntunarátaki sem er hluti af vinnumarkaðsaðgerðum sem ríkisstjórnin samþykkti 19. apríl 2011. Lagt er til að alls 1.790 m.kr. verði veitt til átaksins í fjárlögum næsta árs. Framlagið skiptist á þann veg að 800 m.kr. eru ætlaðar í kennslukostnað við námstækifæri allt að 1.000 atvinnuleitenda; 440 m.kr. eru til að tryggja nemendum undir 25 ára aldri skólavist í framhaldsskólum að uppfylltum tilteknum skilyrðum; 40 m.kr. eru til að gera skil á milli framhaldsskóla og framhaldsfræðslu sveigjanlegri; 60 m.kr. eru til að auka framboð á raunfærnimati og náms- og starfsráðgjöf innan framhaldsfræðslunnar; 300 m.kr. fari í nýjan þróunarsjóð til eflingar starfstengdu námi og 150 m.kr. í nýjan vinnustaðanámsjóð sem ætlað er að mæta kostnaði vegna starfsnáms á vinnustöðum. Aðrar helstu breytingar eru að ráðgert er að verja alls 480 m.kr. í að fjármagna stuðning ríkisins við tónlistarnám á vegum sveitarfélaga á framhaldsstigi í hljóðfæraleik og mið- og framhaldsstigi í söngnámi í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 19. apríl 2011. Þá er lagt til að 100 m.kr. tímabundnu framlagi verði veitt til byggingar nýs húsnæðis Framhaldsskólans í Mosfellsbæ. Að lokum er lagt til að samtals 138 m.kr. verði millifærðar af safnliðum yfir á lið aðalskrifstofu ráðuneytisins vegna verkefna sem þar eru unnin.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Menntaskólinn í Reykjavík	518,1	457,4	492,8	7,7	-4,9
Menntaskólinn á Akureyri	516,1	482,3	514,4	6,7	-0,3
Menntaskólinn að Laugarvatni	157,7	149,9	162,6	8,5	3,1
Menntaskólinn við Hamrahlíð	892,8	698,0	780,2	11,8	-12,6
Menntaskólinn við Sund	442,2	411,0	445,7	8,4	0,8
Menntaskólinn á Ísafirði	276,5	261,6	251,8	-3,7	-8,9
Menntaskólinn á Egilsstöðum	265,3	262,0	273,0	4,2	2,9
Menntaskólinn í Kópavogi	747,3	697,6	770,0	10,4	3,0
Kvennaskólinn í Reykjavík	371,4	317,0	385,8	21,7	3,9
Fasteignir framhaldsskóla	145,5	56,6	53,4	-5,7	-63,3
Framhaldsskólar, stofnkostnaður	575,5	564,0	647,0	14,7	12,4
Framhaldsskólar, almennt	913,9	1.756,9	1.263,3	-28,1	38,2
Nám á framhaldsstigi v. aðstæðna á vinnumarkaði	-	-	1.240,0	-	-
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	938,7	856,9	987,5	15,2	5,2
Fjölbrautaskólinn Ármúla	869,5	662,7	739,3	11,6	-15,0
Flensborgarskóli	594,6	532,6	588,7	10,5	-1,0
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	691,6	640,7	695,7	8,6	0,6
Fjölbrautaskóli Vesturlands	473,2	442,1	439,7	-0,5	-7,1
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	202,7	185,3	211,0	13,9	4,1
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	322,1	334,5	341,7	2,2	6,1
Fjölbrautaskóli Suðurlands	692,7	672,8	748,6	11,3	8,1
Verkmenntaskóli Austurlands	210,9	210,2	238,0	13,2	12,8
Verkmenntaskólinn á Akureyri	1.070,8	980,0	1.080,5	10,3	0,9
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	527,4	467,7	511,4	9,3	-3,0
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	132,8	125,3	140,5	12,1	5,8
Framhaldsskólinn á Húsavík	136,1	121,4	131,2	8,1	-3,6
Framhaldsskólinn á Laugum	165,8	170,5	185,5	8,8	11,9
Borgarholtsskóli	880,0	805,5	894,5	11,0	1,6
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	218,5	200,2	213,0	6,4	-2,5
Menntaskóli Borgarfjarðar	167,0	164,1	164,6	0,3	-1,4
Menntaskólinn Hraðbraut	160,1	141,5	83,0	-41,3	-48,2
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	84,1	100,9	158,8	57,4	88,8
Menntaskólinn á Tröllaskaga	33,8	76,9	139,8	81,8	313,6
Fullorðinsfræðsla fatlaðra	248,1	222,7	223,0	0,1	-10,1
Framhaldsfræðsla	1.369,9	1.183,0	1.399,6	18,3	2,2
Tækniskólinn	1.794,4	1.594,7	1.754,0	10,0	-2,3
Iðnskólinn í Hafnarfirði	627,9	572,3	607,4	6,1	-3,3
Þróunarsjóður fyrir starfsnám	-	-	300,0	-	-
Vinnustaðanámssjóður	-	-	150,0	-	-
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	29,2	27,5	29,3	6,5	0,3
Hússtjórnarskólinn Halormsstað	29,6	25,5	27,2	6,7	-8,1
Tónlistarnám á vegum sveitarfélaga	-	-	480,0	-	-
Verslunarskóli Íslands	938,7	855,5	912,6	6,7	-2,8
Samtals	19.432,5	18.487,3	21.856,1	18,2	12,5

Gerð er tillaga um að skipta á milli skólanna rúmlega 200 m.kr. framlagi á óskiptum safnlið framhaldsskóla í fjárlögum yfirstandandi árs, á grundvelli nemendafjölda og samsetningar náms. Einnig er lagt til að skipta milli skólanna samtals 198,6 m.kr. fjárveitingu til sjálfsmatskerfis framhaldsskóla á safnlið í stað þess að millifæra hana yfir á skólana við framkvæmd fjárlaga eins og til þessa. Eins og fyrr segir er gerð 2% aðhaldskrafa á málaflokka ráðuneytisins. Í frumvarpinu er miðað við að framhaldsskólarnir taki á sig 1,5% lækkun eða 217,1 m.kr. en aðrir liðir málefnaflokksins fái hlutfallslega meiri skerðingu. Samningur við Menntaskólann Hraðbraut um framlag vegna náms á síðara námsári rennur út á miðju ári 2012 og er því lagt til að framlag verði helmingur af því sem er í fjárlögum yfirstandandi árs. Þá er lagt til að 309 *Kvennaskólinn í Reykjavík* hækki um 12,6 m.kr. og 351 *Fjölbrautaskólinn Ármúla* um 10,9 m.kr. vegna húsaleigu til Fasteigna ríkissjóðs vegna stærra húsnæðis.

Árið 2012 er gert ráð fyrir 20.400 ársnemendum í framhaldsskólum landsins, sem eru 297 fleiri ársnemendur en áætlað var við gerð fjárlaga yfirstandandi árs. Nemendaáætlunin var endurskoðuð í ársbyrjun 2011 og fjárveiting einstaka skóla leiðrétt miðað við nýja og betri áætlun. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er reiknað með 20.340 ársnemendum á árinu þannig að heildartalan breytist lítið. Til viðbótar þessu kemur svo ársnemendafjöldi þeirra einstaklinga sem hófu skólagöngu í haust á grundvelli átaks stjórnvalda, „Nám er vinnandi vegur“.

	Reiknaðir ársnem. 2010	Áætlaðir ársnem. 2011	Áætlaðir ársnem. 2012	Áætlað hlutfall bóknáms	Fjár- v. 2012	Þús. kr. á árs- nemanda
Menntaskólinn í Reykjavík	887	895	895	97,3	492,8	551
Menntaskólinn á Akureyri	769	745	745	98,7	514,4	690
Menntaskólinn að Laugarvatni	159	160	160	94,4	162,6	1.016
Menntaskólinn við Hamrahlíð	1.236	1.230	1.240	97,2	780,2	629
Menntaskólinn við Sund	779	735	735	95,9	445,7	606
Menntaskólinn á Ísafirði	258	308	290	87,7	251,8	868
Menntaskólinn á Egilsstöðum	289	305	307	96,9	273,0	889
Menntaskólinn í Kópavogi	1.060	1.050	1.056	90,6	770,0	729
Kvennaskólinn í Reykjavík	600	610	650	99,5	385,8	594
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	1.262	1.250	1.262	72,3	987,5	782
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	1.141	1.015	1.016	89,7	739,3	728
Flensborgarskóli	842	820	819	94,6	588,7	719
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	928	940	941	84,7	695,7	739
Fjölbrautaskóli Vesturlands	517	545	520	82,9	439,7	846
Framhaldssk. í Vestmannaeyjum	242	240	240	85,9	211,0	879
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	334	345	330	77,6	341,7	1.035
Fjölbrautaskóli Suðurlands	883	884	885	88,7	748,6	846
Verkmenntaskóli Austurlands	191	185	184	74,2	238,0	1.293
Verkmenntaskólinn á Akureyri	1.193	1.186	1.187	73,8	1.080,5	910
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	773	750	761	90,7	511,4	672
Framhaldssk. í A-Skaftafellssýslu	146	135	137	93,1	140,5	1.026
Framhaldsskólinn á Húsavík	117	135	136	98,2	131,2	965
Framhaldsskólinn á Laugum	118	125	125	99,1	185,5	1.484
Borgarholtsskóli	1.080	1.080	1.081	75,8	894,5	827
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	210	205	210	96,6	213,0	1.014
Menntaskólinn í Borgarnesi	163	160	159	96,6	164,6	1.035
Menntaskólinn Hraðbraut	304	235	100	94,5	83,0	830
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	73	155	203	96,6	158,8	782
Menntaskólinn á Tröllaskaga	39	80	120	75,5	139,8	1.165
Tækniskólinn	1.883	1.800	1.808	45,8	1.754,0	970
Iðnskólinn í Hafnarfirði	507	550	560	44,1	607,4	1.085
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	24	24	24	15,7	29,3	1.221
Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað	28	28	24	39,5	27,2	1.133
Verslunarskóli Íslands	1.435	1.430	1.430	97,4	912,6	638
Framhaldsskólar almennt, v/nem.uppgj.	-	-	60	-	0,0	-
Samtals	20.468	20.340	20.400	83,7	16.099,8	789

316 Fasteignir framhaldsskóla. Gert er ráð fyrir að framlög lækki um 6,2 m.kr. þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Annars vegar er um að ræða 1,2 m.kr. lækkun til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og hins vegar 5 m.kr. millifærslu af liðnum á aðalskrifstofu ráðuneytisins vegna umsýslu fasteigna sem hefur verið unnið að þar en greidd af þessum lið.

318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður. Heildarframlög á fjárlagaliðinn eru áætluð 647 m.kr. sem er 83 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Áætlað er að ráðstafa 641 m.kr. af fjárveitingunni til byggingarframkvæmda og 6 m.kr. til kaupa á tækjum og búnaði eins og taflan sýnir.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2011	Frumvarp 2012
Framhaldsskólar í Reykjavík	240,0	-
Menntaskólinn í Reykjavík	47,0	27,0
Menntaskólinn á Laugarvatni	25,0	25,0
Menntaskólinn við Sund	-	40,0
Fjölbrautaskólinn Ármúla	-	200,0
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	85,0	290,0
Menntaskólinn á Tröllaskaga	-	-
Byggingarframkvæmdir, óskipt	78,0	59,0
Héraðsskólahúsið á Laugarvatni	50,0	-
Tæki og búnaður, óskipt	39,0	6,0
Samtals	564,0	647,0

Samkvæmt samkomulagi á milli ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar er gert ráð fyrir 400 m.kr. árlegri fjárveitingu fram til ársins 2014 vegna stofnkostnaðar við framhaldsskóla í Reykjavík. Hluttur ríkissjóðs vegna samkomulagsins er 60% af kostnaði eða 240 m.kr. á ári. Í samkomulaginu er gert ráð fyrir að framkvæmdum við Fjölbrautaskólann við Ármúla ljúki á árinu 2012 og að framkvæmdir við Menntaskólann við Sund hefjist á næsta ári og ljúki árið 2014. Lokið er við endurbætur á gamla Miðbæjarskólanum fyrir Kvennaskólann í Reykjavík. Þá hafa Fasteignir ríkissjóðs tekið við umsjón og viðhaldi á fasteignum Menntaskólans í Reykjavík. Unnið hefur verið að endurbótum á heima- vist Menntaskólans á Laugarvatni og verður því verki haldið áfram. Þá er hönnunar- vinnu vegna Framhaldsskólans í Mosfellsbæ lokið og er verkið tilbúið í framkvæmda- útboð. Áætlað er að heildarkostnaður verði í kringum 1,5 mia.kr. Vinnu við að innrétta Héraðsskólahúsið á Laugarvatni er lokið. Að síðustu er lokið framkvæmdum við við- byggingu Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og við Verkmenntaskólann á Akureyri. Þess ber að geta að áætlanir um skiptingu framlags til stofnkostnaðar eru í endur- skoðun og er gert ráð fyrir að lagðar verði til breytingar við þinglega meðferð frumvarpsins.

319 Framhaldsskólar, almennt. Á þessum fjárlagalið er aðallega áætlað fyrir sameigin- legum útgjöldum framhaldsskóla og óskiptum framlögum sem mennta- og menningar- málaráðuneytið millifærir yfir á hlutaðeigandi skóla þegar forsendur þar að lútandi liggja fyrir. Gert er ráð fyrir að fjárheimild á fjárlagaliðnum nemi 1.263,3 m.kr. á næsta ári sem jafngildir 573,8 m.kr. lækkun frá fjárlögum þessa árs að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Til að mæta aðhaldsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar í

ríkisfjármálum lækka framlög til liðarins um 35,5 m.kr. eða 2% frá fjárlögum yfirstandandi árs. Allir viðfangsefnaliðir lækka um þetta hlutfall nema *1.12 Orlof kennara* sem lækkar ekki og *1.20 Sjálfmatskerfi framhaldsskóla* sem lækkar um 1,5%. Lagt er til að framlag á viðfang *1.31 Keilir, frumgreinanám og annað nám á framhaldsstigi* hækki um 50 m.kr. til að mæta kostnaði við nemendafjölgun samkvæmt samningi sem ráðuneytið gerir við skólann um frumgreinanám og framhaldsskólanám. Á viðfangsefnalið *1.41 Framkvæmd nýrrar skólastefnu* er óskað eftir 40 m.kr. tímabundnu framlagi til þriggja ára til að gera skil framhaldsskóla og framhaldsfræðslu sveigjanlegri. Tillagan er hluti af átaki á sviði vinnumarkaðsaðgerða og til eflingar menntunar í samræmi við tillögur samráðshóps um vinnumarkaðsmál sem ríkisstjórnin samþykkti 19. apríl 2011. Þá falla 40 m.kr. niður af lið *1.18 Námssefnisgerð* vegna verkefnis sem færast til sveitarfélaga, en um er að ræða framlag til námsgagnasjóðs fyrir grunnskóla og er tillagan í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga um aðkomu ríkisins að tónlistarnámi á vegum sveitarfélaga á framhaldsstigi í hljóðfæraleik og mið- og framhaldsstigi í söngnámi. Eftir standa 50,2 m.kr. sem eru að stærstum hluta ætlaðar í námssefnisgerð fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Af lið *1.20 Sjálfmatskerfi framhaldsskóla* er lagt til að 201,7 m.kr. verði millifærðar á framhaldsskólana í hlutfalli við fjölda stöðugilda þeirra sem fá laun samkvæmt samningi ríkisins við Kennarasamband Íslands. Við það fellur viðfangefnið niður. Til þessa hefur framlaginu verið skipt með millifærslum á fjárlagaárinu. Vegna formlegs flutnings verkefna á lið aðal- skrifstofu ráðuneytisins, sem þar hafa verið unnin, eru millifærðar á þann lið samtals 133 m.kr. af eftirfarandi viðföngum: *1.11 Sameiginleg þjónusta*, 33,3 m.kr. vegna innritunar og fleiri sameiginlegra verkefna og standa þá 63,5 m.kr. eftir á viðfanginu; *1.17 Námskrárgerð* 6 m.kr. vegna samræmingar í námskrárgerð og standa þá 32 m.kr. eftir; *1.28 Mat á skólastarfi* 77,7 m.kr. til kaupa á sérfræðiþjónustu vegna ytri úttekta og matsstarfa og fellur viðfangsefnið þá niður; *1.29 Forvarnastarf í skólum* 3,5 m.kr. vegna umsjónar með forvarnartarfi í skólum og standa þá 3,5 m.kr. eftir á viðfangsefnaliðnum; *1.41 Framkvæmd nýrrar skólastefnu* 12,5 m.kr. vegna þróunarkostnaðar og við að kynna og innleiða stefnuna í starfi skóla og standa þá 51 m.kr. eftir á liðnum. Lagt til að framlag á viðfangi *1.90 Framhaldsskólar, óskipt* lækki um 208,2 m.kr. við það að fjárhæðinni er skipt milli framhaldsskóla með reiknilíkani framhaldsskóla á grundvelli áætlunar um nemendafjölda og samsetningu náms í skólunum. Þá fellur niður 50 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var vegna nemendafjölgunar við 3. umræðu fjárlaga 2011. Að lokum er óskað eftir tveimur tímabundnum framlögum á viðfangsefni *1.11 Sameiginleg þjónusta* til eins árs vegna framkvæmdar stefnu um upplýsingasamfélagið. Annars vegar 2 m.kr. til verkefnis um opið menntakerfi og hins vegar 5 m.kr. til verkefnis um frjálsan og opinn hugbúnað í skólastarfi. Á móti fellur niður af sama viðfangi 2 m.kr. tímabundið framlag til síðarnefnda verkefnisins.

320 *Nám á framhaldsstigi vegna aðstæðna á vinnumarkaði.* Farið er fram á að framlag til þessa nýja liðar verði 1.240 m.kr. vegna átaks á sviði vinnumarkaðsgerða og eflingar menntunar í samræmi við tillögur samráðshóps um vinnumarkaðsmál sem ríkisstjórnin samþykkti 19. apríl 2011. Annars vegar er um að ræða tímabundið 440 m.kr. framlag til þriggja ára til að kosta skólavist í framhaldsskólum landsins frá og með skólaárinu 2011–2012 fyrir umsækjendur undir 25 ára aldri sem uppfylla tiltekin skilyrði. Hins vegar er um að ræða 800 m.kr. tímabundið framlag vegna skólavistar fyrir allt að 1.000 atvinnuleitendur haustið 2011 í þrjú skólaár í framhaldsskólum, frumgreinadeildum, háskólum og hjá framhaldsfræðsluáðilum. Lagt er til að Atvinnuleysistryggingarsjóður fjármagni verkefnið sem gert er ráð fyrir að kosti 400 m.kr. haustið 2011, 800 m.kr. hvort ár 2012 og 2013 en 400 m.kr. árið 2014 þegar gert er ráð fyrir að áttakinu ljúki. Stefnt er að því að gera tillögu um skiptingu framlagins á milli skóla fyrir 2. umræðu fjárlaga því þá munu liggja fyrir betri upplýsingar um nemendur og nám þeirra.

441 *Fullorðinsfræðsla fatlaðra.* Gert er ráð fyrir að framlög á liðnum lækki um 1,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum, þegar frá eru taldar launa- og verðlagsbreytingar. Til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum um samdrátt í útgjöldum lækka framlög um 4,5 m.kr. frá fyrra ári. Þá eru 3,1 m.kr. færðar á liðinn vegna hlutdeildar hans í framlagi sem flutt er af lið *319 1.20 Sjálfsmatskerfi framhaldsskóla.*

451 *Framhaldsfræðsla.* Lagt er til að framlag hækki um 180,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum verðlagsbreytingum. Breytingin skýrist í fyrsta lagi af því að lagt er til að veitt verði 124 m.kr. tímabundin fjárheimild á *1.10 Fræðslumiðstöð atvinnulífsins* til að ráðstafa styrk frá Evrópusambandinu til að efla starfshæfni fullorðinna. Í tillögu Íslands um IPA landsáætlun 2011 er lagt til að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins fái styrk til að auka starfshæfni fullorðinna með litla formlega menntun með því að efla raunfærnimat. Á móti framlaginu kemur óafturkræfur styrkur frá Evrópusambandinu sem nemur 1.875.000 evrum eða 309 m.kr. miðað við að evran kosti 165 krónur. Gert er ráð fyrir að 124 m.kr. fái árið 2012, 77 m.kr. árið 2013, 77 m.kr. árið 2014 og 31 m.kr. árið 2015. Í öðru lagi er óskað eftir 60 m.kr. tímabundnu framlagi á *1.11 Framhaldsfræðsla, almennt* til að auka framboð á raunfærnimati og náms- og starfsráðgjöf innan framhaldsskóla og framhaldsfræðslu. Tillagan er hluti af áttaki á sviði vinnumarkaðsgerða og eflingar menntunar í samræmi við tillögur samráðshóps um vinnumarkaðsmál sem ríkisstjórnin samþykkti 19. apríl 2011. Gert er ráð fyrir að framlagið haldist óbreytt árið 2013, en lækki í 30 m.kr. árið 2014 og falli niður árið 2015. Þá er í fjárukalögum yfirstandandi árs óskað eftir 60 m.kr. til verkefnisins. Í þriðja lagi er lagt til að 40 m.kr. framlag verði veitt varanlega á *1.12 Fræðslusjóður* vegna aðildar félagsmanna BSRB að Fræðslusjóði. Tillagan er í samræmi við stöðugleika-sáttmála sem undirritaður var í júní 2009 þar sem staðfest var samkomulag milli ríkis-

stjórnar, Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands um að fjárframlög til fullorðinsfræðslu yrðu aukin og að samið yrði um aðkomu opinbera vinnumarkaðarins að kerfinu. Á móti hækkuninni fellur niður 20 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var til sjóðsins í fjárlögum 2011. Framlag til sjóðsins verður með þessu 110 m.kr. árið 2012 eins og gert er ráð fyrir í samkomulaginu. Í fjórða og síðasta lagi lækka framlög um 23,3 m.kr. til að mæta aðhaldsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og skiptist það hlutfallslega á viðfangsefnaliði.

518 Þróunarsjóður fyrir starfsnám. Óskað er eftir 300 m.kr. tímabundnu framlagi til tveggja ára á þennan nýja lið vegna stofnunar þróunarsjóðs til eflingar starfstengdu námi. Tillagan er hluti af átaki á sviði vinnumarkaðsaðgerða og eflingar menntunar í samræmi við tillögur samráðshóps um vinnumarkaðsmál sem ríkisstjórnin samþykkti 19. apríl 2011. Gert er ráð fyrir að samanlögð fjárveiting til verkefnisins verði 600 m.kr. árin 2012 og 2013.

519 Vinnustaðanámssjóður. Óskað er eftir 150 m.kr. tímabundnu framlagi til þriggja ára til að leggja fjármagn í nýjan vinnustaðanámssjóð. Tillagan er hluti af átaki á sviði vinnumarkaðsaðgerða og eflingar menntunar í samræmi við tillögur samráðshóps um vinnumarkaðsmál sem ríkisstjórnin samþykkti 19. apríl 2011. Sjóðnum er ætlað að mæta kostnaði vegna starfsnáms á vinnustað. Gert er ráð fyrir að samanlögð fjárveiting til verkefnisins verði 450 m.kr. árin 2012–2014. Skipuð hefur verið nefnd sem er ætlað að gera tillögu að frumvarpi um vinnustaðanámssjóð.

565 Tónlistarnám á vegum sveitarfélaga. Óskað er eftir 480 m.kr. fjárheimild til að fjármagna stuðning ríkisins við tónlistarnám á vegum sveitarfélaga á framhaldsstigi í hljóðfæraleik og mið- og framhaldsstigi í söngnámi. Ríkisstjórnin samþykkti 19. apríl 2011 að leggja til að veittar verði árlega allt að 250 m.kr. til að mæta kostnaði við tónlistarnám fram til ársins 2015 og var gert ráð fyrir að fjármunir til verkefnisins yrðu til ráðstöfunar frá og með haustönn 2011. Fjárframlag úr ríkissjóði til námsins verður endurskoðað síðar með hliðsjón af framvindu markmiðs um að ná heildarjöfnuði í ríkisfjármálum. Í framhaldi af ákvörðun ríkisstjórnarinnar var undirritað samkomulag við Samband íslenskra sveitarfélaga 13. maí 2011 sem kveður á um að framlag ríkissjóðs á ársgrunni verði alls 480 m.kr., vegna kennslukostnaðar í tónlistarskólum og að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skipti fjárhæðinni milli sveitarfélaga. Á móti skuldbinda sveitarfélög sig til að taka yfir ný verkefni frá ríki upp á 230 m.kr. á ári. Hrein aukning á útgjöldum ríkissjóðs vegna samkomulagsins nemur því 250 m.kr. Samkomulagið gildir fyrir skólaárin 2011–2012 og 2012–2013 en fyrir lok fyrra skólaársins skulu aðilar hefja viðræður um framlengingu og endurskoðun samkomulagsins.

Grunnskólar

Eftirfarandi liðir teljast til þessa málefnafloks: 720 Grunnskólar, almennt og 725 Námsgagnastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Grunnskólar, almennt	159,3	199,9	183,3	-8,3	15,1
Námsgagnastofnun	444,9	423,2	440,1	4,0	-1,1
Samtals	604,2	623,1	623,4	0,0	3,2

Heildarfjárveiting til málefnafloksins lækkar um 34,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Til að mæta aðhaldsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að lækka fjárveitingu um 12,5 m.kr. Þá falla 22,2 m.kr. niður vegna verkefnis sem færast til sveitarfélaga í samræmi við samkomulag um stuðning ríkisins við sveitarfélög vegna tónlistarnáms á framhaldsstigi í hljóðfæraleik og mið- og framhaldsstigi í söngnámi.

720 Grunnskólar, almennt. Gert er ráð fyrir að framlag lækki um 26,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum verðlagsbótum. Breytingin skýrist annars vegar með því að 22,2 m.kr. útgjöld vegna endurmenntunar grunnskólakennara færast til sveitarfélaga í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga um stuðning ríkisins við sveitarfélög vegna tónlistarnáms á framhaldsstigi í hljóðfæraleik og mið- og framhaldsstigi í söngnámi og hins vegar af 4 m.kr. lækkun til að mæta aðhaldsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum.

725 Námsgagnastofnun. Lagt er til að framlag lækki um 8,5 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs, að frátöldum almennum verðlagsbreytingum. Tillagan er vegna markmiða ríkisstjórnarinnar um aðhald í ríkisfjármálum.

Námsaðstoð

Tveir fjárlagaliðir teljast til þessa málefnafloks: 782 Lánasjóður íslenskra námsmanna og 884 Jöfnun námskostnaðar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Lánasjóður íslenskra námsmanna	9.140,5	8.235,6	7.762,0	-5,8	-15,1
Jöfnun á námskostnaði	580,6	534,7	563,2	5,3	-3,0
Samtals	9.721,1	8.770,3	8.325,2	-5,1	-14,4

Heildarfjárveiting málefnaflokkans lækkar um 585 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar.

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna. Gert er ráð fyrir að framlag ríkisins nemi 7,762 m.kr. í frumvarpinu sem er 585 m.kr. lækkun að frátöldum verðlagshækkunum sem nema 111,4 m.kr. Skýrist breytingin af fimm atriðum. Í fyrsta lagi er óskað eftir 550 m.kr. fjárveitingu vegna endurskoðunar á úthlutunarreglum sjóðsins. Úthlutunarreglur LÍN fyrir skólaárið 2011–2012 gera ráð fyrir að framfærslulán innanlands hækki um 10% en framfærslulán erlendis um 3–4% með hliðsjón af verðlagsþróun í viðkomandi landi. Framfærslulán vegna barna, skólagjaldalán og önnur lán hækka ekki. Í öðru lagi er óskað eftir 150 m.kr. tímabundnu framlagi vegna átaks til menntunar sem er liður í vinnumarkaðsaðgerðum sem ríkisstjórnin samþykkti 19. apríl 2011. Gert er ráð fyrir að útlán sjóðsins aukist tímabundið um 300 m.kr. vegna aukinnar eftirspurnar eftir námslánnum í tengslum við átakið sem miðar að því að atvinnuleitendur fari í nám. Miðað er við að ígildi 250 ársnemenda nýti sér þetta og hver um sig taki að meðaltali 1.200 þús.kr. að láni á ári. Gert er ráð fyrir að útlánaaukningin og framlagið sem henni tengist fjari út árið 2015 þegar nemendurnir hafa lokið námi. Í þriðja lagi er lagt til að framlag lækki um 110 m.kr. vegna endurmats á hlutdeild ríkissjóðs í fjármögnun sjóðsins. Nýir útreikningar starfshóps á vegum stjórnar sjóðsins sem meðal annars fulltrúar Ríkisendurskoðunar, fjármálaráðuneytis og mennta- og menningarmálaráðuneytis átti sæti í benda til þess að framlag ríkissjóðs þurfi að nema 47% af útlánnum sjóðsins auk framlags til vaxtastyrkja og rekstrar á skrifstofu sjóðsins, svo eiginfjárstaða hans haldist óbreytt. Útreikningar starfshópsins byggja á reikniverki Ríkisendurskoðunar. Á síðustu árum hefur verið miðað við að hlutfallið þurfi að vera 51%. Helsta skýring á breyttu hlutfalli eru lægri meðalvextir á lánnum sem sjóðurinn skuldar um þessar mundir og að þeir sem greiða af námslánnum hafa haft að jafnaði hærri tekjur en reiknað var með og tekjutengd afborgun lána því skilað meiru til sjóðsins en reiknað var með. Á móti kemur að slæmt efnahagsástand hefur leitt til þess að fleiri hafa fengið undanþágur frá því að greiða af námslánnum og að afskriftir lána hafa aukist. Í fjórða lagi er lagt er til að framlag lækki um 175 m.kr. til að mæta aðhaldskröfu í ríkisfjármálum. Lánareglum sjóðsins hefur verið breytt til þess að ná þessu markmiði með því að þrengja lánsréttinn þannig að í stað þess að miða við að námsmenn geti verið á námslánnum í að hámarki fimm ár meðan þeir stunda grunnskólánám og fimm ár í meistaranámi er nú miðað við 420 ECTS–einingar sem jafngildir sjö árum ef námsmaður lýkur 60 ECTS–einingum á ári. Einungis þeir sem stunda doktorsnám geta fengið viðbótarlán upp á 180 ECTS–einingar eða að samtals 600 ECTS–einingar sem jafngildir 10 árum á námslánnum. Að lokum er í fimmta lagi lagt til að framlag ríkisins lækki tímabundið um 1.000 m.kr. og er það liður í aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að ná markmiðum í ríkisfjármálum. Framlag ríkisins gengur að mestu leyti til þess að

viðhalda og byggja upp eiginfjárstöðu sjóðsins til að gera honum kleift í framtíðinni að mæta því að hann leggur mun lægri vexti á útlán sín en hann þarf sjálfur að greiða í vexti af lánum sem hann tekur til að fjármagna útlánin, auk þess sem hann þarf að eiga fyrir því sem ekki innheimtist af lánum. Bókfært eigið fé sjóðsins í árslok 2010 nam 66,5 mia.kr. en sé útlánasafn hans núvirt er eigið fé hans áætlað 33,9 mia.kr. og er eiginfjárstaðan því talin mjög traust. Vegna endurskoðunar á útgjöldum sjóðsins á yfirstandandi fjárlagaári verður jafnframt lagt til í frumvarpi til fjárukalaga 2011 að framlag til hans verði lækkað um 600 m.kr. á árinu 2011.

884 Jöfnun námskostnaðar. Gert er ráð fyrir að framlög til jöfnunar á námskostnaði verði óbreytt þegar frá er talin 28,5 m.kr. hækkun vegna almennra verðlagsbreytinga. Sjóðurinn veitir styrki til námsmanna á framhaldskólastigi og til ófjárráða námsmanna á háskólastigi sem stunda nám fjarri heimabyggð. Annars vegar er um að ræða styrki til uppihalds og ferða, sem veittir hafa verið um 3.300 nemendum á ári, og hins vegar akstursstyrki til framhaldsskóla sem bjóða upp á skipulagðan skólaakstur. Þótt framlög á liðinn hafi tekið verðlagsbreytingum hefur það ekki dugað til að hækka styrki frá því sem þeir voru skólaárið 2008/2009.

Málefnaflokkar á sviði menningar, lista, íþróttá- og æskulýðsmála

Í þessum inngangskafli er fjallað um áherslur að baki tillögum í frumvarpinu um málefnaflokkana söfn, listastofnanir o.fl. Einnig er fjallað um breytingar á úthlutun styrkja. Heildarfjárveiting til þessara málefnaflokka er áætluð 9.811,4 m.kr. og lækkar um 150,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar, en þær nema alls 539,4 m.kr. Að þeim meðtöldum hækka útgjöldin um 388,8 m.kr. milli ára.

Áformað er að lækka útgjöld málefnaflokka um samtals 182,5 m.kr. með almennum hagræðingaraðgerðum þannig að allir liðir lækki um 2% frá gildandi fjárlögum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum. Við skiptingu hagræðingarkröfu í fjárlögum árin 2010 og 2011 var lækkunin mismunandi eftir liðum enda var leitast við að hlífa lögbundinni starfsemi, sjóðum og grunnþjónustu en láta lækkun frekar taka til annarra verkefna. Þetta var gert til að verja eftir mætti þá undirstöðu og faglegu færni sem byggð hefur verið upp á síðustu árum og þarf að vera til staðar í landinu.

Söfn, listastofnanir o.fl.

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málaefnaflokks: 901–919 Söfn; 961 Fjölmiðla-nefnd; 965 Harpa, tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík; 969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður; 971 Ríkisútvarpið; 972 Íslenski dansflokkurinn; 973 Þjóðleikhúsið; 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands; 977 Höfundaréttargjöld; 978 Launasjóður listamanna; 979 Húsafriðunarnefnd; 980 Listskreytingasjóður; 981 Kvikmyndamiðstöð Íslands og 982 Listir, framlög.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fornleifavernd ríkisins	108,0	96,8	85,2	-12,0	-21,1
Þjóðminjasafn Íslands	408,2	366,3	381,7	4,2	-6,5
Þjóðskjalasafn Íslands	263,0	236,9	262,8	10,9	-0,1
Þjóðmenningarhúsið	99,4	83,2	88,6	6,5	-10,9
Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	655,9	596,1	628,6	5,5	-4,2
Listasafn Einars Jónssonar	23,6	15,5	16,3	5,2	-30,9
Listasafn Íslands	156,4	150,9	159,0	5,4	1,7
Kvikmyndasafn Íslands	60,4	41,5	43,4	4,6	-28,1
Blindrabókasafn Íslands	78,6	77,3	81,0	4,8	3,1
Náttúruminjasafn Íslands	27,0	21,0	22,1	5,2	-18,1
Gljúfrasteinn - Hús skáldsins	31,9	28,1	29,7	5,7	-6,9
Safnasjóður	97,0	96,3	99,1	2,9	2,2
Söfn, ýmis framlög	214,7	187,1	152,7	-18,4	-28,9
Samtals	2.224,1	1.997,0	2.050,2	2,7	-7,8
Fjölmiðlanefnd	-	25,7	29,1	13,2	-
Harpa, tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík	-	419,4	553,6	32,0	-
Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður	184,4	171,6	121,2	-29,4	-34,3
Ríkisútvarpið	3.158,0	2.962,5	3.100,0	4,6	-1,8
Íslenski dansflokkurinn	130,1	112,4	118,2	5,2	-9,1
Þjóðleikhúsið	705,5	644,8	679,7	5,4	-3,7
Sinfóníuhljómsveit Íslands	739,6	714,9	789,8	10,5	6,8
Höfundarréttargjöld	58,5	52,5	52,5	0,0	-10,3
Launasjóðir listamanna	365,7	408,8	488,9	19,6	33,7
Húsafriðunarnefnd	108,0	73,2	47,2	-35,5	-56,3
Listskreytingasjóður	4,6	1,5	1,5	0,0	-67,4
Kvikmyndamiðstöð Íslands	608,8	520,8	512,5	-1,6	-15,8
Listir, framlög	891,7	832,5	760,3	-8,7	-14,7
Samtals	6.954,9	6.940,6	7.254,5	4,5	4,3
Samtals	9.179,0	8.937,6	9.304,7	4,1	1,4

Heildarfjárveiting til málefnafloksins lækkar um 148,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar launa- og verðlagsbreytingar en þær nema alls 515,4 m.kr. Að þeim meðtöldum hækka útgjöldin um 367,1 m.kr. milli ára. Helsta breytingin er sú að gert er ráð fyrir að dregið verði úr útgjöldum málefnafloksins um 162,3 m.kr. til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Til lækkunar koma einnig 212,4 m.kr. framlög vegna tímabundinna verkefna sem falla niður. Að lokum lækka framlög til nokkurra aðila um 3 m.kr. vegna breyttra forsenda m.a. í tengslum við endurgreiðslu á virðisaukaskatti af tölvuvinnslu og um 1,8 m.kr. millifærslu yfir í annan málefnaflokk.

Á móti kemur að lagt er til að framlag til málefnafloksins hækki um 231,2 m.kr. Hækkunin skýrist í fyrsta lagi af 108 m.kr. vegna kostnaðar við samninga um Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík. Í öðru lagi af 31,6 m.kr. til Sinfóníuhljómsveitar

Íslands vegna húsnæðiskostnaðar. Í þriðja lagi af 43,8 m.kr. til fjölgunar listamannalauna skv. lögum nr. 57/2009. Í fjórða lagi af 5,8 m.kr. til Fjölmíðlanefndar skv. lögum nr. 38/2011 um fjölmíðla. Í fimmta lagi af 26 m.kr. til Þjóðskjalasafns Íslands og í sjötta lagi af 16 m.kr. til samninga við sveitarfélög um menningarmiðstöðvar á landsbyggðinni.

Söfn

Hér verður fjallað í einu lagi um söfn og aðrar stofnanir sem vinna að varðveislu menningararfs þjóðarinnar og eru á fjárlagaliðnum 901–919. Það eru Fornleifavernd ríkisins, Þjóðminjasafn Íslands, Þjóðskjalasafn Íslands, Þjóðmenningarhúsið, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Listasafn Einars Jónssonar, Listasafn Íslands, Kvikmyndasafn Íslands, Blindrabókasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands, Gljúfrasteinn – Hús skáldsins, Safnasjóður og Söfn, ýmis framlög.

901 *Fornleifavernd ríkisins.* Gert er fyrir að útgjöld lækki um 17,7 m.kr. á næsta ári að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Skýrist það af tvennu. Í fyrsta lagi af 1,6 m.kr. samdrætti til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Í öðru lagi falla niður 16,1 m.kr. tímabundin framlög sem veitt voru við 3. umræðu fjárlaga 2011 og skiptust þannig: 2 m.kr. til fornleifarannsóknar á Hólum í Hjaltadal sem staðið hefur í nokkur ár; 1,2 m.kr. til Þorláksbúðarfélagsins til áframhaldandi vinnu við endurreisn Þorláksbúðar í Skálholti; 2 m.kr. til að halda áfram fornleifauppgreiftri á tanganum við Kolkuós (Kolbeinsárós); 1,2 m.kr. til rannsókna á menningarsögulegum minjum í Hringsdal og nágrenni hans; 4 m.kr. til Hins þingeyska fornleifafélags til fornleifarannsókna í Suður-Þingeyjarsýslu; 2 m.kr. til Fornleifastofnunar Íslands til úrvinnslu fornleifarannsókna sem fram fór í Skálholti árin 2002–2007; 0,5 m.kr. til Byggðasafns Skagfirðinga vegna Tyrfingsstaðaverkefnisins; 1,2 m.kr. til Reykjanesbæjar vegna fornleifarannsókna í Höfnum og að lokum 2 m.kr. til Fornleifafélags Barðstrendinga og Dalamanna til áframhaldandi fornleifarannsókna í Breiða-fjarðareyjunum Skáley og Hrappsey.

902 *Þjóðminjasafn Íslands.* Gert er ráð fyrir að útgjöld lækki um 8 m.kr. á næsta ári að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Skýrist það af samdrætti til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum sem skiptist þannig: 1.01 *Þjóðminjasafn Íslands* almennur rekstur lækkar um 6,2 m.kr. og 5.21 *Endurbætur húsa í vörslu Þjóðminjasafnsins* lækkar um 1,8 m.kr.

903 *Þjóðskjalasafn Íslands.* Lagt er til að útgjöld hækki um 7,7 m.kr. á næsta ári að frátöldum launa- verðlagshækkunum. Skýrist það af fimm ástæðum. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag hækki um 20 m.kr. vegna móttöku rafrænna gagna í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar á árinu 2010 sem var frestað að koma í framkvæmd. Í öðru

lagi er tillaga um 6 m.kr. framlag til skráningar skjalasafna og annarra verkefna hjá Héraðsskjalasafninu á Ísafirði. Tillagan er hluti af aðgerðum sem ríkisstjórnin samþykkti þann 5. apríl 2011 til að efla atvinnu og byggð á Vestfjörðum. Í þriðja lagi er tillaga um 4,4 m.kr. samdrátt í útgjöldum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum sem skiptist þannig: *1.01 Þjóðskjalasafn Íslands, almennur rekstur* lækkar um 4,3 m.kr. og *1.11 Héraðsskjalasöfn* lækka um 0,1 m.kr. Í fjórða lagi fellur niður 13,5 m.kr. tímabundin fjárveiting sem veitt var við 2. umræðu fjárlaga 2011 til að skrá og skanna ljósmyndir hjá Héraðsskjalasafni Austfirðinga, Héraðsskjalasafni Skagfirðinga og Héraðsskjalasafni Árnesinga. Í fimmta og síðasta lagi er gerð tillaga um 0,4 m.kr. lækkun fjárheimildar þar sem safnið fær meiri virðisaukaskatt endurgreiddan af aðkeyptri tölvuþjónustu en á undanförunum árum

904 Þjóðmenningarhúsið. Gert er ráð fyrir að útgjöld lækki um 1,7 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum launa- og verðlagshækkunum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum.

905 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Gert ráð fyrir að útgjöld lækki um 11,9 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum launa- og verðlagshækkunum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum.

906 Listasafn Einars Jónssonar. Gert ráð fyrir að útgjöld lækki um 0,3 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum launa- og verðlagshækkunum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum.

907 Listasafn Íslands. Miðað er við að framlag lækki um 3,3 m.kr. á næsta ári að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Í fyrsta lagi skýrist það af samdrætti til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og skiptist þannig; *1.01. Listasafn Íslands* 2,9 m.kr. og *1.02 Listasafn Ásgríms Jónssonar* 0,1 m.kr. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 0,3 m.kr. lækkun fjárheimildar þar sem safnið fær meiri virðisaukaskatt endurgreiddan af aðkeyptri tölvuþjónustu en á undanförunum árum og fjárveitingar miðuðust við. Á *1.01 Listasafn Íslands* er gert ráð fyrir 22,1 m.kr. til listaverkakaupa sem er lækkun um 0,5 m.kr.

908 Kvikmyndasafn Íslands. Áætlað er að útgjöld lækki um 0,8 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagshækkunum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum.

909 Blindrabókasafn Íslands. Gert er ráð fyrir að útgjöld lækki um 1,5 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum launa- og verðlagshækkunum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum.

- 911 Náttúruvinnjafn Íslands.** Gert er ráð fyrir að framlag lækki um 0,4 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum launa- og verðlagshækkunum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum.
- 913 Gljúfrasteinn – Hús skáldsins.** Gert er ráð fyrir að framlag lækki um 0,6 m.kr. á næsta ári að frátöldum launa- og verðlagshækkunum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum.
- 918 Safnasjóður.** Gert ráð fyrir að útgjöld lækki um 2,4 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum.
- 919 Söfn, ýmis framlög.** Framlag lækkar um 37,9 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Skýrist það svo: Í fyrsta lagi er tillaga um 3,1 m.kr. samdrátt í útgjöldum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum sem skiptist þannig: 1.11 Nýlistasafn 0,1 m.kr., 1.14 Hönnunarmiðstöð Íslands 0,2 m.kr.; 1.15 Hönnunarsafn Íslands 0,2 m.kr., 1.16 Lækningaminjasafn Íslands 0,2 m.kr. 1.17 Leikminjasafn Íslands 0,1 m.kr., 1.42 Sildarminjasafnið á Siglufirði 0,2 m.kr., 1.90 Söfn, ýmis framlög 0,4 m.kr., 1.98 Söfn, ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis 0,9 m.kr., og 6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður 0,8 m.kr. Í öðru lagi fellur niður tímabundið 1,5 m.kr. framlag til 1.01 Listasafn ASÍ sem veitt var við 2. umræðu fjárlaga 2011. Í þriðja lagi fellur niður 18,3 m.kr. tímabundin fjárveiting á 1.98 Söfn, ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis vegna eftirfarandi þriggja samninga: 4,6 m.kr. framlag sem veitt var til uppbyggingar á Heklusetri. Samkvæmt samningi við Heklusetur ehf. sem rennur út í árslok 2011 beitti ráðuneytið sér fyrir 6 m.kr. á ári árin 2007–2011 eða samtals 30 m.kr. með fyrirvara um samþykki Alþingis. Vegna aðhalds í ríkisrekstri þurfti að draga úr framlaginu og fékk setrið samtals 27,7 m.kr. á grundvelli samningsins; 4,6 m.kr. framlag til Strandagaldurs ses. vegna uppbyggingar á Galdrasýningu á Ströndum. Samkvæmt samningnum sem rennur út í árslok 2011 beitti ráðuneytið sér fyrir 6 m.kr. framlagi á ári árin 2007–2011 eða samtals 30 m.kr. með fyrirvara um samþykki Alþingis. Vegna hagræðingarkröfu þurfti að lækka framlagið sem í heild nam 27,7 m.kr. og loks falla niður 9,1 m.kr. til Byggðasafnsins í Görðum vegna samnings við Akraneskaupstað um varðveislu Kúttur Sigurfara. Samkvæmt samningnum sem rennur út í árslok 2011 beitti ráðuneytið sér fyrir 12 m.kr. framlagi á ári árin 2007–2011 eða samtals 60 m.kr. með fyrirvara um samþykki Alþingis. Vegna aðhalds í ríkisútgjöldum þurfti að lækka framlagið þannig að það nam alls 55,3 m.kr. Þar sem verkið hefur ekki hafist hafa fjárveitingar ekki verið greiddar út og um síðustu áramót var uppsafnað framlag fellt niður þar sem fyrirséð er að ekkert verði að verkefninu. Í fjórða og síðasta lagi er tillaga um niðurfellingu á 15 m.kr.

tímabundnu framlagi á 6.45 *Vikinganaust í Reykjanesbæ* vegna uppbyggingar á Vikinganausti og söguslóðakynningu. Samkvæmt samningnum sem rennur út í árslok 2011 beitti ráðuneytið sér fyrir 20 m.kr. framlagi á ári árin 2006–2011 eða samtals 120 m.kr. með fyrirvara um samþykki Alþingis. Vegna aðhalds í ríkisútgjöldum þurfti að lækka framlagið þannig að það nam í heildina 91 m.kr.

Aðrar stofnanir, stofnkostnaður, sjóðir og ýmsir styrkir

Um er að ræða viðhalds- og stofnkostnað menningarstofnana, aðrar stofnanir og ýmsa styrki á fjárlagaliðnum 961–982 en það eru Fjölmiðlanefnd; Harpa, tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík; Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður; Ríkisútvarpið, Íslenski dansflokkurinn, Þjóðleikhúsið, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Höfundaréttargjöld, Launasjóðir listamanna, Húsafríðunarnefnd, Listskreytingasjóður, Kvikmyndamiðstöð Íslands og Listir, framlög.

961 Fjölmiðlanefnd. Gert er ráð fyrir að framlag hækki um 1,5 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Í lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 eru sett markmið um aukið faglegt eftirlit með fjölmiðlum og stofnuð sjálfstæð stjórnarsýslunefnd, fjölmiðlanefnd, sem heyrir undir mennta- og menningarmálaráðherra. Nefndin leysir útvarpsréttarnefnd af hólmi, en hún hefur haft eftirlit með starfsemi hljóð- og myndmiðla. Að auki skal fjölmiðlanefnd hafa eftirlit með starfi annarra fjölmiðla og annast daglega stjórnarsýslu á því sviði sem lögin ná til. Breytingar á framlagi skýrast af fernu. Í fyrsta lagi er tillaga um 5,8 m.kr. hækkun til að mæta kostnaði við rekstur nefndarinnar allt árið. Í öðru lagi er tillaga um 0,5 m.kr. samdrátt í útgjöldum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Í þriðja lagi er lagt til að 2 m.kr. tímabundið stofnkostnaðarframlag falli niður. Í fjórða og síðasta lagi er lagt til að millifærðar verði á aðalskrifstofu ráðuneytisins 1,8 m.kr. vegna verkefna sem tengjast framkvæmd laganna og er miðað við að verði hjá henni. Samtals er því gert ráð fyrir 29,1 m.kr. útgjöldum á liðnum.

965 Harpa, tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík. Gert er ráð fyrir að framlag á 1.01 *Harpa, tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík* verði 507,4 m.kr. auk 27 m.kr. launa- og verðlagshækkunar eða samtals 534,4 m.kr. á ársgrundvelli miðað við áætlað verðlag 2012. Framlag ríkissjóðs er í samræmi við fyrirliggjandi samning. Á nýju viðfangi 1.11 *Umsýsla og frágangur vegna byggingar Hörpu* og er áætlað fyrir 19,2 m.kr. framlagi, því eftir er að ganga frá ýmsu s.s. lóðamálum og eftirliti með samningi. Miðað er við að endurskoða þörf fyrir framlag þetta við næstu fjárlagagerð.

- 969 Endurbætur menningarstofnana.** Gert er ráð fyrir að framlag lækki um 50,4 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Skýrist það af tvennu. Í fyrsta lagi fellur niður 44,2 m.kr. tímabundið framlag til reksturs Austurhafnar-TR ehf. og eftirlits með byggingu tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpunnar þar sem framkvæmdum lauk á yfirstandandi ári. Eftir stendur nokkur rekstrarkostnaður Austurhafnar vegna frágangs ýmissa mála sem er áætlað fyrir á 02–965 1.11 Umsýsla og frágangur vegna byggingar Hörpunnar. Í öðru lagi er tillaga um 6,2 m.kr. samdrátt í útgjöldum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum sem skiptist þannig: 6.21 Endurbætur menningarstofnana 1,6 m.kr., 6.82 Geymsluhúsnæði 3,2 m.kr. og 6.96 Byggðasöfn 1,4 m.kr.
- 971 Ríkisútvarpið.** Gert er ráð fyrir að útgjöld lækki um 61 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum launa- og verðlagshækkunum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum.
- 972 Íslenski dansflokkurinn.** Gert er ráð fyrir að útgjöld lækki um 2,2 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum launa- og verðlagshækkunum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum.
- 973 Þjóðleikhúsið.** Gert er ráð fyrir að framlag lækki um 12,9 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum launa- og verðlagshækkunum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum.
- 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands.** Gert er ráð fyrir að framlag hækki um 19,6 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Skýrist það af tvennu. Annars vegar er farið fram á 26 m.kr. hækkun á framlagi til húsaleigu, þar sem í fjárlögum yfirstandandi árs er tekið tillit til þess að hljómsveitin flutti í Hörpu um miðjan mars sl. en er þar ekki allt árið eins og á árinu 2012. Áætlað er að hljómsveitin greiði 144,7 m.kr. í leigu á ári á áætluðu verðlagi 2011 og þar af leggi ríkissjóður til 82% en Reykjavíkurborg 18% að teknu tilliti til þess sem hljómsveitinni er ætlað að standa undir með sértekjum. Á móti kemur 11,7 m.kr. lækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum.
- 978 Launasjóður listamanna.** Áætlað er að útgjöld hækki um 43,8 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum launa- og verðlagshækkunum svo lög nr. 57/2009 um listamannalaun komist að fullu í framkvæmd. Samkvæmt lögnum skal fjölga listamannalaunum úr 1.325 mánaðarlaunum árið 2010 í 1.465 árið 2011 og í 1.600 mánaðarlaun árið 2012.

- 979 Húsafríðunarnefnd.** Miðað er við að framlag lækki um 27,9 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Skýrist það af tvennu. Í fyrsta lagi er lögð til 0,6 m.kr. lækkun til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum sem skiptist þannig: *1.01 Húsafríðunarnefnd* 0,5 m.kr. og *6.10 Húsafríðunarsjóður* 0,1 m.kr. Í öðru lagi er lagt til að niður falli tímabundnar fjárveitingar að fjárhæð 26,8 m.kr. sem veittar voru í 2. umræðu fjárlaga 2011 til ýmissa verkefna.
- 981 Kvikmyndamiðstöð Íslands.** Gert er ráð fyrir að framlög lækki um 13 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Í fyrsta lagi skýrist það af samdrætti til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum sem skiptist þannig: *1.01 Kvikmyndamiðstöð Íslands* 1,4 m.kr. og *1.10 Kvikmyndasjóður* 11,3 m.kr. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 0,3 m.kr. lækkun fjárheimildar þar sem sjóðurinn fær meiri virðisaukaskatt endurgreiddan af aðkeyptri tölvuþjónustu en á undanförunum árum.
- 982 Listir, framlög.** Lagt er til að útgjöld lækki um 74,2 m.kr. á næsta ári að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Skýrist það af þrennu. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 16 m.kr. framlag á *02–982 1.45 Samningar við sveitarfélög um menningarmál* til að styrkja menningarmiðstöðvar á landsbyggðinni. Í öðru lagi lækki framlag um 15,2 m.kr. vegna aðhaldsaðgerða til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum sem skiptist þannig: *1.14 Bókasafnssjóður höfunda* 0,6 m.kr., *1.17 Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar* 0,3 m.kr., *1.18 Bókmenntasjóður* 1,0 m.kr., *1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga* 0,3 m.kr., *1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga* 0,1 m.kr., *1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa* 1,2 m.kr., *1.25 Tónlistarsjóður* 1,1 m.kr., *1.27 Tónlist fyrir alla* 0,1 m.kr., *1.28 Barnamenningarsjóður* 0,1 m.kr., *1.29 Íslenska tónverkamiðstöðin* 0,2 m.kr., *1.30 Íslenska Óperan* 2,7 m.kr., *1.40 Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi* 2,4 m.kr., *1.45 Samningar við sveitarfélög um menningarmál* 2,8 m.kr., *1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis* 0,7 m.kr., *1.80 Listahátíð í Reykjavík* 0,6 m.kr., *1.90 Listir* 0,8 m.kr. og *1.91 Menningarstofnanir, óskipt* 0,2 m.kr. Í þriðja og síðasta lagi er lagt til að í fjárlagafrumvarpinu standi eftir 25 m.kr. fjárheimild af 300 m.kr. tímabundinni fjárheimild sem veitt var til að Ísland gæti verið heiðursgestur á bókamessunni í Frankfurt árið 2011. Framlagið er til að mæta 45 m.kr. uppgjöri á ýmsum gjöldum og eftirfylgni með kynningarstarfi í tengslum við það. Gert er ráð fyrir að 20 m.kr. af því falli á yfirstandandi ári og verði mætt með fjárheimild í fjárukalögum ársins 2011, en 25 m.kr. verði varið til þessa á árinu 2012.

Annað.

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til málefnaflokkans: 430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra; 983 Ýmis fræðistörf; 984 Norræn samvinna; 988 Æskulýðsmál; 989 Ýmis íþróttamál og 999 Ýmislegt.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarsk.	64,9	61,5	74,8	21,6	15,3
Ýmis fræðistörf	111,1	107,8	92,3	-14,4	-16,9
Norræn samvinna	44,4	13,9	14,9	7,2	-66,4
Æskulýðsmál	196,5	194,0	188,5	-2,8	-4,1
Ýmis íþróttamál	363,5	343,1	328,9	-4,1	-9,5
Ýmislegt	277,4	304,1	346,7	14,0	25,0
Samtals	1.057,8	1.024,4	1.046,1	2,1	-1,1

Heildarfjárveiting til málefnaflokkans lækkar um 2,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar en þær nema alls 24 m.kr. og að þeim meðtöldum hækka útgjöldin um 21,7 m.kr. milli ára. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir að framlag til málefnaflokkans hækki um 93,5 m.kr. Hækkunin skýrist í fyrsta lagi af 63 m.kr. framlagi til kynningar á menningu. Í öðru lagi af 10 m.kr. til aukinnar þjónustu við heyrnarlausra og heyrnarskerta. Í þriðja lagi af 6 m.kr. tímabundnu framlagi til úttektar á lagaumhverfi vegna verndunar tjáningar- og upplýsingafrelsis. Í fjórða lagi eru 14,5 m.kr. fluttar frá forsætisráðuneyti vegna reksturs fræðslu- og menningarsetursins á Hrafnseyri og málefnum tengdum Jóni Sigurðssyni. Á móti kemur að lagt er til að dregið verði úr útgjöldum málefnaflokkans um 20,2 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Þá eru 13,1 m.kr. millifærðar yfir á aðra málefnaflokk og 0,5 m.kr. lækkun fjárheimildar tengist endurgreiðslu á virðisaukaskatti af útgjöldum vegna tölvuvinnslu. Til lækkunar kemur að 62 m.kr. framlög vegna tíma-bundinna verkefna falla niður.

430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Gert er ráð fyrir að framlög hækki um 8,3 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum launa- og verðlags-hækkunum. Lagt er til að veitt verði 10 m.kr. framlag vegna áforma um að bæta þjónustu við heyrnarlausra og heyrnarskerta, einkum með aukinni táknmálstúlkun. Þá er lagt til að útgjöld lækki um 1,2 m.kr. til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkis-fjármálum. Loks er 0,5 m.kr. lækkun sem tengist því að stofnunin fær nú meiri virðis-aukaskatt endurgreiddan af aðkeyptri tölvuþjónustu en á undanförunum árum.

983 Ýmis fræðistörf. Gert er ráð fyrir að framlag lækki um 18,7 m.kr. frá fjárlögum yfir-standandi árs að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Skýrist það af þrennu. Í

fyrsta lagi 1,7 m.kr. lækkun til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum sem skiptist þannig: *1.10 Fræðistörf* 0,1 m.kr., *1.10 Styrkir til útgáfumála* 0,1 m.kr., *1.23 Hið íslenska bókmenntafélag* 0,2 m.kr., *1.52 Skriðuklaustur* 0,3 m.kr., *1.53 Snorrastofa* 0,4 m.kr., *1.54 Fornleifasjóður* 0,4 m.kr., og *1.55 Þórbergssetur* 0,2 m.kr. Í öðru lagi fellur niður tímabundin 4,5 m.kr. fjárveiting sem veitt var við 2. umræðu fjárlaga 2011 til *1.23 Hið íslenska bókmenntafélags* annars vegnar vegna Sögu Íslands og hins til rekstrar. Í þriðja lagi fellur niður tímabundin 12,5 m.kr. fjárveiting sem veitt var í 3. umræðu fjárlaga 2011 til *1.52 Skriðuklaustur* vegna áframhaldandi fornleifarannsóknna á klaustri sem starfrækt var á Skriðu í Fljótsdal 1493–1554.

984 *Norræn samvinna.* Miðað er við að framlag lækki um 0,2 m.kr. á næsta ári til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum sem skiptist þannig: *1.90 Norræn samvinna* 0,1 m.kr. og *1.98 Ýmis verkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis á sviði norrænnar samvinnu* 0,1 m.kr.

988 *Æskulýðsmál.* Lagt er til að fjárveiting lækki um 6 m.kr. á næsta ári að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Skýrist þetta af tvennu. Annars vegar 4 m.kr. samdrætti í útgjöldum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og skiptist það þannig á viðfangsefni: *1.10 Æskulýðsráð ríkisins* 0,1 m.kr., *1.12 Ungmennafélag Íslands* 2,0 m.kr., *1.13 Bandalag íslenskra skáta* 0,6 m.kr., *1.14 Útilífsmiðstöð skáta Úlfjótuvatni* 0,1 m.kr., *1.15 Æskulýðsmiðstöð KFUM í Vatnaskógi* 0,1 m.kr., *1.17 Landsamband KFUM og KFUK* 0,6 m.kr. *1.18 Æskulýðsrannsóknir* 0,1 m.kr., *1.19 Æskulýðssjóður* 0,2 m.kr. og *1.90 Æskulýðsmál* 0,2 m.kr. Hins vegar fellur niður tímabundin 2 m.kr. fjárveiting sem veitt var í 3. umræðu í fjárlögum 2011 til *1.17 Landsamband KFUM og KFUK* til byggingar svefnskála við Hólavatn. Af 99,6 m.kr. framlagi til Ungmennafélags Íslands í frumvarpinu er gert ráð fyrir að 17,8 m.kr. renni til reksturs ungmenna- og tómstundabúða að Laugum í Sælingsdal, sem er samstarfsverkefni UMFÍ og sveitarfélagsins Dalabyggðar og að 8,9 m.kr. verði varið til unglíngalandsmóts UMFÍ sem haldið er árlega.

989 *Ýmis íþróttamál.* Gert er ráð fyrir að útgjöld lækki um 16,3 m.kr. á næsta ári að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Skýrist það af tvennu. Í fyrsta lagi er tillaga um 6,3 m.kr. samdrátt í útgjöldum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum sem skiptist þannig: *1.10 Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands* 3,0 m.kr., *1.11 Ferðasjóður Íþróttasambands Íslands* 1,4 m.kr., *1.14 Íþróttasamband fatlaðra* 0,4 m.kr., *1.16 Íþróttasjóður* 0,4 m.kr., *1.17 Vetrariþróttamiðstöð Íslands á Akureyri* 0,1 m.kr. *1.20 Glímusamband Íslands* 0,1 m.kr. *1.21 Skáksamband Íslands* 0,3 m.kr. *1.25 Skáksskóli Íslands* 0,2 m.kr., *1.30 Bridgesamband Íslands* 0,2 m.kr. og *1.31 Lyfjæftirlit* 0,2 m.kr. Í öðru lagi er tillaga um niðurfellingu á 10 m.kr. tímabundinni fjárveitingu

sem veitt var við 3. umræðu fjárlaga 2011 á 1.10 Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands til ólympískra verkefna og til rekstrar. Í þriðja lagi eru millifærðar 8 m.kr. af 999–1.90 *Ýmislegt*, *Ýmis framlög* yfir á 1.10 Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands vegna Ólympíuleika og smáþjóðaleika. Af 146,1 m.kr. framlagi til Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands í frumvarpinu er gert ráð fyrir 60,5 m.kr. vegna samnings um fjármögnun sérsambanda Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands og 7,8 m.kr. til Ólympíuleika og smáþjóðaleika.

999 *Ýmislegt*. Gert er ráð fyrir að framlag lækki um 30,6 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Skýrist það af fernu. Í fyrsta lagi er tillaga um 83,5 m.kr. hækkun sem skiptist þannig; 63 m.kr. til kynningar á menningu. Gert er ráð fyrir að framlaginu verði skipt á milli kynningarmiðstöðva listgreina sem annast kynningu á tilteknum sviðum s.s. á tónlist, myndlist, hönnun og leiklist. Mennta- og menningarmálaráðuneytið mun annast samninga við kynningarmiðstöðvarnar og verða væntanlega lagðar fram tillögur um skiptingu fyrir 2. umræða fjárlaga. Auk þess verður hluta þess varið í stuðning við kvikmyndagerð í tengslum við samkomulag við kvikmyndagerðarmenn sem er í undirbúningi; 6 m.kr. eru ætlaðar sem tímabundið framlag í tilefni af þingsályktun um vernd tjáningar- og upplýsingafrelsis. Á ríkisstjórnarfundum 14. janúar 2011 var samþykkt að óska eftir framlagi í fjárlögum 2012 svo fela megi Lagastofnun Háskóla Íslands að vinna úttekt á íslensku lagaumhverfi og eftir atvikum löggjöf annarrar ríkja á þessu sviði. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir að 2 m.kr. verði varið til verkefnisins á árinu 2011 af viðfangsefnalið 02–999 1.10 *Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar*; 14,5 m.kr. eru fluttar frá forsætisráðuneyti vegna reksturs fræðslu- og menningarseturs á Hrafnseyri og til minningar um Jón Sigurðsson. Gert er ráð fyrir að þeir fjármunir sem runnið hafa til Hrafnseyrarnefndar og gjafar Jóns Sigurðssonar renni til setursins sem miðað er við að hefji rekstur um næstu áramót. Í öðru lagi er tillaga um 6,8 m.kr. samdrátt í útgjöldum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum sem skiptist þannig: 1.90 *Ýmis framlög* 1,3 m.kr., 1.98 *Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis* 3,1 m.kr. og 6.90 *Ýmis stofnkostnaðarframlög* 2,4 m.kr. Í þriðja lagi falla niður 33 m.kr. tímabundnar fjárveitingar sem skiptast þannig: 1.98 *Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis* 30 m.kr. sem veitt var við 3. umræðu fjárlaga 2011 til verkefna RES–orkuskóla og 3 m.kr. sem veitt var í fjárlögum 2011 til verkefnis Íslenska upplýsingasamfélagsins: Árveknipjónusta á bókasöfnum. Í fjórða lagi eru tvær millifærslur. Annars vegar eru 8,1 m.kr. færðar af 1.98 *Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis* yfir á 02–299 1.33 *Fræða- og þekkingarsetur* vegna verkefnis til styrktar atvinnulífi á Norðurlandi vestra, Þekkingarsetur á Skagaströnd. Hins vegar eru millifærðar 5 m.kr. af 1.98 *Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis* yfir á 02–101 1.10 *Mennta- og menningarmálaráðuneyti, aðal-*

skrifstofa vegna upplýsingatækniverkefna sem hún hefur haft með höndum en hafa verið greidd af þessum safnið og er með þessu brugðist við athugasemdum Ríkisendurskoðunar. Vegna endurskoðunar á fyrirkomulagi fjárveitinga til styrkja mun vera gert ráð fyrir tillögu um framlag til Feneýjatvíværingsins fyrir 2. umræða fjárlaga.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af yfir á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins eða af fjárlagaliðum stofnana yfir á viðkomandi óskiptan lið í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safniði fjárheimilda er að finna í kafla 3.10 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
02-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
02-234-1.11	Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora	Launagreiðslur til prófessora hjá ríkisreknum háskólastofnunum.
02-299-1.91	Háskólar, óskipt	Ófyrirséð útgjöld háskóla og uppgjör fjárheimilda á grundvelli ársnemendafjölda.
02-319-1.12	Orlof kennara	Námsorlof kennara í framhaldsskólum.
02-319-1.90	Framhaldsskólar, óskipt	Ófyrirséð útgjöld framhaldsskóla og uppgjör fjárheimilda á grundvelli ársnemendafjölda.
02-982-1.91	Menningarstofnanir, óskipt	Ófyrirséð útgjöld menningarstofnana.

03 Utanríkisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun utanríkisráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	6.429,9	5.066,6	5.390,1	6	-16
Neyslu- og rekstrartilfærslur	5.245,1	4.826,1	4.281,2	-11	-18
Stofnkostnaður og viðhald	925,0	76,0	74,0	-3	-92
Samtals	12.600,0	9.968,7	9.745,3	-2	-23
Greitt úr ríkissjóði	-	9.582,9	9.306,3	-3	-
Innheimt af ríkistekjum	-	385,8	439,0	14	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	9.968,7	9.745,3	-2	-

Heildargjöld utanríkisráðuneytis árið 2012 eru áætluð um 9.919 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 73 m.kr. en þær nema um 0,7% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 9.745 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 9.306 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 439 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Vakin er athygli á að í inngangi þessa kafla um gjöld A–hluta, kafla 3.5, er umfjöllun um fyrirhugaðan samdrátt í ríkisútgjöldum á næsta ári þar sem farið er heildstætt yfir þau áform fyrir öll ráðuneytin og málaflokka þeirra. Einnig er vakin athygli á breytingum sem gerðar voru við þinglega meðferð á fjárlagafrumvarpi 2011 og fólust í því að fjárheimildir Varnarmálastofnunar voru millifærðar á aðra fjárlagaliði utanríkisráðuneytisins, til Alþingis og til innanríkisráðuneytis, en Varnarmálastofnun var lögð niður samkvæmt lögum frá og með 1. janúar 2011. Innan utanríkisráðuneytisins voru 30 m.kr. millifærðar á lið *03–101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa* og 35,2 m.kr. á lið *03–300 Sendiráð Íslands*. Til Alþingis voru millifærðar 20 m.kr. og um 797 m.kr. á nokkra fjárlagaliði innanríkisráðuneytisins. Við samanburð á fjárhæðum úr ríkisreikningi 2010, fjárlögum 2011 og fjárlagafrumvarpi 2012 í yfirlitstöflu ráðuneytis hér að fram sem og í töflum málaflokkanna *Ráðuneyti* og *Sendiráð og fastanefndir*, hafa fjárhæðir ríkisreiknings ekki verið færðar til samræmis við framsetningu þeirra í fjárlögum 2011 og fjárlagafrumvarpi 2012.

Í frumvarpinu dragast útgjöld utanríkisráðuneytisins saman um 794,4 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2011 en þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum verðlags- og gengisbreytingum nemur lækkan útgjalda 223,4 m.kr. milli ára eða sem svarar til 2,2%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi verða gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 236,5 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin

hefur sett í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum. Í öðru lagi er um að ræða ýmsar breytingar á útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2012 en þær nema 313,2 m.kr. Þar af eru 53,2 m.kr. vegna breytinga á fjárheimildum verkefna sem fjármögnuð eru að fullu með ríkis-tekjum og hafa þar með ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Á móti því vega, í þriðja lagi, tímabundin framlög til ýmissa verkefna sem falla niður og nema 191,4 m.kr. Nettólækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 794,4 m.kr. Loks bætast við verðlags-hækkanir ársins 2012, sem eru áætlaðar 517,8 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 9.745,3 m.kr. Þar vega þyngst hækkanir á launum samkvæmt kjarasamningum við stéttarfélag ríkis-starfsmanna. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að í fjárheimildum vegna annarra rekstrar-gjalda en launa verði vegið upp vanmat á verðlagshækkunum í forsendum fjárlaga 2011 til viðbótar við spá um verðbreytingar ársins 2012, auk þess sem tekið er tillit til áhrifa af lækkun á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt.

Fjárveitingar til verkefna utanríkisráðuneytisins markast nokkuð af því að gert er ráð fyrir áframhaldandi aðhaldsráðstöfunum í frumvarpinu í samræmi við áætlun ríkis-stjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum þótt þær verði ekki jafn umfangsmiklar og í fjár-lögum undanfarinna þriggja ára. Hagræðingarkrafa ríkisstjórnarinnar til velferðarmála-flokka, skóla og löggæslu er fjórða árið í röð nálægt helmingi lægri en í annarri starfsemi. Engu að síður kalla sparnaðaráformin á árinu 2012 á margvíslegar hagræðingaradgerðir og forgangsröðun verkefna. Áætlað er að aðhaldsaðgerðir ráðuneytisins á næsta ári lækki út-gjöld sem nemur 2,4% af veltu fjárlaga 2011. Aðhaldsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar hyggst ráðuneytið helst ná fram með rekstrarhagræðingu á aðalskrifstofu ráðuneytisins, í rekstri sendiráða og umdæmiskrifstofa Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Líkt og í aðhalds-aðgerðum undanfarinna ára verður áfram lögð áhersla á lækkun starfsmanna- og ferðakostnaðar.


Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 5.390 m.kr. og hækka um 323,5 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Rekstrarfjárveitingar flestra stofnana og verkefna sem heyra undir ráðuneytið eru lækkaðar alls um 197,5 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstri. Aðhaldsmarkið ráðuneyta voru sett miðað við að lækka útgjöld sem nemur 3% af veltu stjórnarsýslu og almennrar þjónustu en 1,5% af veltu velferðarmálaflokka, skóla og löggæslu. Lækkunin hjá utanríkisráðuneytinu nemur 3,9% af rekstrarveltu að raun-gildi. Þótt markmiðin hafi verið sett miðað við veltu eru þau útfærð eftir forgangsröð og áherslum ráðuneytisins sem getur falið í sér mismikla skerðingu á fjárveitingum eins og fram kemur í umfjöllun um einstakar stofnanir og verkefni. Aðhald í rekstri umfram 3% skýrist af því að áformað er að draga nokkru meira úr rekstrarkostnaði til að vega að hluta til á móti auknum framlögum til þróunaraðstoðar í frumvarpinu. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir auknum eða nýjum útgjaldaskuldbindingum í rekstri sem nema 297,5 m.kr. Þar munar mest um tímabundna fjárheimild vegna ráðstöfun styrkja Evrópusambandsins til Þýðinga-miðstöðvar utanríkisráðuneytisins og aukinna framlaga til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu. Á

móti falla niður nokkur framlög sem veitt voru til tímabundina verkefna að fjárhæð 150 m.kr. Loks nemur verðlagshækkun fjárveitinga til rekstrar um 373,5 m.kr.

Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 544,9 m.kr. og verða um 4.281 m.kr. en eru um 4.826 m.kr. í fjárlögum ársins 2011. Sett var markmið um 3% lækkun almennra tilfærslustyrkja og úthlutunarliða við undirbúning frumvarpsins en 1,5% í bótakerfum og er gert ráð fyrir að þau útgjöld ráðuneytisins lækki um 37 m.kr. sem alfarið skýrist af lækkun á framlagi til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Þá er gert ráð fyrir 610,8 m.kr. nettólækkun í útgjaldaskuldbindingum tilfærslukerfa sem skýrist helst af lægri greiðslum til Þróunarsjóðs EFTA. Einnig lækka útgjöld um 41,4 m.kr. vegna tímabundinna framlaga sem falla niður. Gengisbætur, launa- og verðlagshækkun fjárveitinga sem teljast til tilfærslna nema samtals 144,3 m.kr.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 74 m.kr. og er það 2 m.kr. lækkun milli ára sem skýrist alfarið af áformum um samdrátt í ríkisútgjöldum en sett var markmið um 3% lækkun. Vikið er nánar að áformum um sparnað og forgangsröð útgjalda og helstu útgjalda-breytingar í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2012 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Skuldbindandi samningar

Utanríkisráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga um langtímaverkefni á sviði þróunarsamvinnu sem áætlað er að nemi samtals um 645 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2011, eru á áætluðu verðlagi ársins 2012. Samtals nema þessir samningar 6,7% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2012 og miðast við hámarks skuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Að

undanskildum samningum við Landsnefnd UNIFEM á Íslandi, Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og Rauða kross Íslands eru samningar gerðir af Þróunarsamvinnustofnun Íslands og eru skuldbindingar þeirra gerðar í Bandaríkjadöllum en hafa, að undanskildu árinu 2011, hér verið umreiknaðar á fjárlagagengi fjárlagafrumvarps 2012.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2011	2012	2013	2014	2015
Landsnefnd UNIFEM á Íslandi	C	5,0	5,5	0,0	0,0	0,0
Félag S.þ. á Íslandi, samstarfssamn.	C	3,6	3,6	0,0	0,0	0,0
Rauði Kross Íslands, samstarfssamn.	C	5,0	5,0	0,0	0,0	0,0
ÞSSÍ: Fullorðinsfræðsla í Mósambík	C	54,0	45,7	0,0	0,0	0,0
Aðstoð við fiskimálaráðuneytið í Mósambík	C	135,1	137,0	127,9	0,0	0,0
ÞSSÍ: Heilsugæsla Monkey Bay, Malaví	C	84,4	0,0	0,0	0,0	0,0
ÞSSÍ: Fiskgæðaverkefni, Úganda	C	112,6	114,2	97,1	59,9	0,0
KDDP - Kalangala byggðaðróun, Úganda	C	154,2	125,6	77,6	34,3	28,1
ÞSSÍ: Jarðhitaverkefni, Níkaragva	C	72,7	62,2	0,0	0,0	0,0
ÞSSÍ: Benguela Current Commission	C	12,7	0,0	0,0	0,0	0,0
ÞSSÍ: NAI, árlegt stofnframlag	C	3,7	3,8	3,8	3,8	3,8
Genabanki SADC, stofnfrumrannsóknir	C	1,5	0,0	0,0	0,0	0,0
Samtals		644,7	502,6	306,4	98,0	31,9

Skuldbindandi samningum ráðuneyta er skipað í þrjá flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar sem fagráðuneyti stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í samningstöflum ráðuneyta. Aðrir samningar sem bæði ráðuneytin standa að eru merktir með bókstafnum B. Í töflunni hér á undan eru eingöngu samningar, samtals að fjárhæð 503 m.kr., sem utanríkisráðuneytið stendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði endurnýjaðir þegar að því kemur eða nýir samningar gerðir um samskonar viðfangsefni.

Tilraunaverkefni í kynjaðri fjárlagagerð

Tilraunaverkefni utanríkisráðuneytisins í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð snýr að greiningu á framlögum ráðuneytisins til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu. Jafnrétti kynjanna og valdefling kvenna eru talin órjúfanlegur hluti af árangursríkri þróunarsamvinnu, en jafnréttismál eru bæði þverlægt og sértækt markmið í stefnu Íslands í málaflokknum. Greining á framlögum Íslands til þróunarsamvinnu með aðferðafræði kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar er því bæði leið til að meta og efla afrakstur þróunarsamvinnu Íslands.

Verkefnið fólst í greiningu á þeim hluta málaflokksins sem utanríkisráðuneytið sjálf fer með, eða um 60% af heildarframlögum, en Þróunarsamvinnustofnun Íslands fer með tvíhliða þróunarsamvinnu, eða um 40% framlaga. Utanríkisráðuneytið fer með fjölbjóðlega þróunarsamvinnu, sem byggist á samvinnu við alþjóðasamtök og stofnanir, verkefnum á sviði friðaruppbyggingar og friðargæslu, og framlögum til neyðar- og mannúðaraðstoðar.

Þar sem framlög til alþjóðastofnana geta verið mjög ólík innbyrðis, og ekki hægt að rekja öll framlög, var ákveðið að notast við þrjár ólíkar aðferðir við greininguna. Í fyrsta lagi voru eyrnamerkt framlög skoðuð með tilliti til þess hvort og hversu mikil áhrif verkefni hafa á jafnrétti kynjanna. Í öðru lagi voru almenn framlög til alþjóðastofnana skoðuð með það í huga hvort viðkomandi stofnun byggði starfsemi sína á samþættingu kynjasjónarmiða og hvort hún hefði sett sér jafnréttisstefnu og í þriðja lagi voru skólar Sameinuðu þjóðanna á Íslandi skoðaðir sérstaklega.

Greiningin leiddi í ljós að stærstur hluti íslenskra eyrnamerktra framlaga fer til verkefna sem stuðla að jafnrétti kynjanna og/eða valdeflingu kvenna, eða 73,9%. Þar af eru 19,9% sem hafa jafnrétti kynjanna að meginmarkmiði og 54% sem stuðla á markvissari hátt að jafnrétti. Greiningin leiddi þó á sama tíma í ljós að 26,1% framlaga rennur til verkefna sem ekki tengjast markmiðum um kynjajafnrétti og gefur það tilefni til nánari skoðunar, því ef ekki liggja þar málefnalegar ástæður að baki, þarf að endurskoða framlög til slíkra verkefna í framtíðinni.

Greining á þeim alþjóðastofnunum sem Ísland veitir almenn framlög sýndi að af þeim 17 stofnunum sem hlutu stuðning höfðu 16 þeirra bæði sett sér jafnréttisstefnu og –áætlun og notast við samþættingu kynjasjónarmiða í starfsemi sinni. Skólar háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi voru skoðaðir sérstaklega, en í ljós kom að allir skólarnir reyna eftir fremsta megni að hafa kynjaskiptingu nemenda sem jafnasta. Enginn skólanna þriggja hefur þó sett sér formlega stefnu í jafnréttismálum, þó Landgræðsluskólinn hafi markvisst fléttað jafnréttismál inn í námsefni skólans. Mikilvægt er að skólarnir ráðist í gerð stefnu og áætlunar um jafnréttismál og samþættingu sjónarmiða í starfsemi sinni, þar með talið hvernig flétta skuli kynjasjónarmið inn í námsefni skólanna.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflókka og stofnana sem heyra undir utanríkisráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflökks: 101 Utanríkisráðuneytið, aðalskrifstofa; 111 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	1.039,5	1.010,3	1.073,0	6,2	3,2
Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis	283,6	301,1	508,7	68,9	79,4
Ýmis verkefni	280,7	182,3	44,4	-75,6	-84,2
Ráðstöfunarfé	0,0	3,5	3,5	0,0	
Samtals	1.603,8	1.497,2	1.629,6	8,8	1,6

Heildarfjárveiting til málefnaflokkans hækkar um 30,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar en þær nema alls 101,9 m.kr. og að þeim meðtöldum hækka útgjöldin um 132,4 m.kr. milli ára. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 16 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga. Þá koma fram nokkur ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 196,5 m.kr. Á hinn bóginn falla niður samtals 150 m.kr. af framlögum sem veitt voru til tíma- bundinna verkefna.

101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld dragist saman um 7,5 m.kr. að raungildi á næsta ári. Skýrist það af tveimur tilefnum. Annarsvegar er lagt til að 1,5 m.kr. fjárheimild verði millifærð á fjárlagalið 09–980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól vegna rekstur ráðherrabifreiða en ákveðið hefur verið að fela rekstrarfélaginu umsýslu bifreiðamála í Stjórnarráðinu og hinsvegar er lögð til 6 m.kr. lækkun fjárveitingar til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um lækkun útgjalda ríkissjóðs.

111 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 508,7 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 177 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Í fyrsta lagi er lögð til 9 m.kr. lækkun fjárveitingar í samræmi við aðhalds- markmið ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Í öðru lagi er lögð til 186 m.kr. tíma- bundið framlag til að ráðstafa styrk frá Evrópusambandinu vegna þýðingaverkefna. Á móti fjárheimild samkvæmt þessari tillögu er gert ráð fyrir að komi óafturkræfur styrkur til íslenska ríkisins frá Evrópusambandinu sem færist á tekjuhlið og hefur verkefnið að því leyti til ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Fyrirhugað er að nota styrkinn til þýðinga á Evrópugerðum og þjálfun túlka og er áætlað að heildarstuðningur Evrópusambandsins við verkefnið verði um 233 m.kr. á næstu tveimur árum. Áætlað er að útborgun styrksins verði með þeim hætti að 186 m.kr. komi til greiðslu á árinu 2012 og 47 m.kr. árið 2013. Til viðbótar við bein fjárframlög er gert ráð fyrir að Þýðingamiðstöðin njóti einnig annars konar stuðnings frá framkvæmdastjórn Evrópu- sambandsins í formi þjálfunar þýðenda, tækniaðstoðar og búnaðar. Í fjárlögum 2010 veitti Alþingi tímabundið 180 m.kr. framlag til þriggja ára eða samtals 540 m.kr. Gert er ráð fyrir að sú fjárveiting verði að hluta til mótframlag Íslands á móti stuðningi Evrópusambandsins. Aðrar breytingar eru gengis-, launa- og verðbætur, samtals 30,6 m.kr.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir að fjárveiting á þennan lið nemi 44,4 m.kr. sem jafngildir 139 m.kr. raunlækkun fjárheimildar frá gildandi fjárlögum. Í fyrsta lagi er lagt til að fjárveiting til nefndar um landsgrunnmörk Íslands verði lækkuð um 1 m.kr. til að mæta markmiði ríkisstjórnarinnar um aðhald í ríkisfjármálum. Í öðru lagi er gert

ráð fyrir að 150 m.kr. tímabundið framlag vegna aðildarumsóknar Íslands að Evrópusambandinu falli niður en það var fyrst veitt í fjárlögum 2010 og var þá 250 m.kr. en svo lækkað um 100 m.kr. í fjárlögum 2011. Í þriðja lagið er gerð tillaga um 12 m.kr. fjárveitingu á nýtt viðfangsefni til að standa straum af kostnaði utanríkisráðuneytisins við kynningar á menningu, listum og skapandi greinum á erlendri grund. Aðrar breytingar eru vegna gengis-, launa- og verðlagsbóta og nema þær 1,1 m.kr.

199 Ráðstöfunarfé. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins verði 3,5 m.kr. sem er óbreytt fjárhæð frá gildandi fjárlögum.

Sendiráð og fastanefndir

Eftirfarandi fjárlagaliður telst til þessa málefnaflokks: 300 Sendiráð Íslands.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sendiráð Íslands	3.635,7	2.682,8	2.800,0	4,4	-23,0
Samtals	3.635,7	2.682,8	2.800,0	4,4	-23,0

Heildarframlög til málaflokksins eru áætluð 2.800 m.kr. á næsta ári og samsvarar það um 118,6 m.kr. raunlækkun frá fjárlögum yfirstandi árs. Breytingin á milli ára skýrist í fyrsta lagi af markmiði ríkisstjórnarinnar um aðhald í ríkisfjármálum en lagt er til að fjárheimildir vegna rekstrar verði lækkaðar um 145 m.kr. Þá er fjárheimild vegna stofn- og viðhalds lækkuð um 2 m.kr. Í öðru lagi er lögð til um 28 m.kr. hækkun vegna fjölgunar á útsendum fulltrúum við sendiráðið í Brussel. Fulltrúum annarra ráðuneyta við sendiráðið hefur verið fækkað um alls fimm frá árinu 2008. Sú ráðstöfun hefur orðið til þess að álag hefur aukist verulega á útsenda starfsmenn utanríkisráðuneytisins í Brussel en þeir þurfa nú að sinna stórauðunni fundasókn fyrir hin ráðuneytin, auk fjölmargra viðbótarverkefna sem snúa að rekstri EES-samningsins sem ekki er hægt að sinna sem skyldi við núverandi aðstæður. Fjárheimildin miðast við að ráðinn verði einn starfsmaður í bytjun næsta árs og annar frá miðju ári. Aðrar breytingar á fjárheimild málaflokksins skýrast af launa-, verðlags- og gengisbreytingum og nema þær 235,8 m.kr. til hækkunar. Hér á eftir gefur að líta töflu yfir áætlaðan kostnað einstakra sendiskrifstofa. Vakin er athygli á því að undir liðnum *Annað* er færður sameiginlegur kostnaður þeirra, sem í rauntölum kemur fram að stórum hluta undir hverri sendiskrifstofu fyrir sig. Því þarf gera ráð fyrir að rauntölur hvorrar skrifstofu verði nokkuð hærri en þessi áætlun þótt heildarveltan verði sú sama.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Áætlun 2011 m.kr.	Áætlun 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sendiráð Íslands Berlín	125,5	114,9	118,9	3,5	-5,3
Sendiráð Íslands Kaupmannahöfn	148,6	109,0	112,7	3,4	-24,2
Sendiráð Íslands London	180,3	146,7	151,7	3,4	-15,9
Sendiráð Íslands Moskva	119,4	114,7	118,6	3,4	-0,7
Sendiráð Íslands Osló	89,0	78,6	81,3	3,4	-8,7
Sendiráð Íslands París	163,2	156,7	162,1	3,4	-0,7
Sendiráð Íslands Stokkhólmi	73,3	64,7	66,9	3,4	-8,7
Sendiráð Íslands Washington	142,7	125,1	129,4	3,4	-9,3
Fastanefnd Íslands New York	167,0	156,7	162,1	3,4	-2,9
Sendiráð Íslands Brussel	260,7	240,6	248,9	3,4	-4,5
Fastanefnd Íslands hjá NATO	169,2	165,7	171,4	3,4	1,3
Fastanefnd Íslands Genf	145,8	144,7	149,7	3,5	2,7
Sendiráð Íslands Vín	100,4	98,4	101,8	3,5	1,4
Sendiráð Íslands Peking	134,8	106,2	109,9	3,5	-18,5
Sendiráð Íslands Ottawa	66,0	71,6	74,1	3,5	12,3
Sendiráð Íslands Tókýó	77,1	59,2	61,2	3,4	-20,6
Sendiráð Íslands Helsinki	81,3	68,7	71,0	3,3	-12,7
Aðalræðisskrifstofa New York	47,1	41,1	42,5	3,4	-9,8
Aðalræðisskrifstofa Winnipeg	44,9	43,5	45,0	3,4	0,2
Sendiráð Íslands Nýja Dehli	88,7	73,0	75,5	3,4	-14,9
Aðalræðisskrifstofa Þórshöfn	44,3	41,7	43,1	3,4	-2,7
Annað	241,4	413,9	428,2	3,5	77,4
Samtals	2.710,7	2.635,4	2.726,0	3,4	0,6

Þróunarmál og alþjóðastofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málaefnaflokks; 390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands; 391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfssemi og 401 Alþjóðastofnanir.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Þróunarsamvinnustofnun Íslands	1.370,0	1.166,3	1.227,0	5,2	-10,4
Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfssemi	1.776,8	1.277,3	1.556,2	21,8	-12,4
Alþjóðastofnanir	2.919,6	2.959,3	2.093,5	-29,3	-28,3
Samtals	6.066,4	5.402,9	4.876,7	-9,7	-19,6

Gert er ráð fyrir að heildarfjárveiting til málaflokksins verði 4.876,7 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 706 m.kr. raunlækkun frá gildandi fjárlögum. Þá nema almennar launa-, verðlags- og gengisbreytingar alls 180,1 m.kr. og að þeim meðtöldum lækka útgjöldin um 526,2 m.kr. milli ára. Aðhaldsaðgerðir í málaflokki nema 73,5 m.kr. Þá koma til breytingar til lækkunar á útgjaldaskuldbindingum, samtals 591,4 m.kr. Breytingarnar skýrast einna helst af 314 m.kr. hækkun útgjalda til þróunarmála í samræmi

við tillögu til þingsályktunar um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2011–2014 sem lögð var fram í febrúar síðastliðnum. Samkvæmt henni er gert ráð fyrir að fylgt verði tímasettri áætlun um hækkun framlaga á tímabilinu úr 0,19% í 0,23% af vergum þjóðartekjum. Þá segir í þingsályktunartillögunni að hraðað verði hækkun framlaga við endurskoðun áætlunarinnar árið 2013 og verði hagvöxtur meiri en nú er spáð komi framlögum til endurskoðunar. Árið 2021 skulu framlög Íslands til þróunarmála nema 0,7% af vergum þjóðartekjum. Yfirlitstafla um raunbreytingar vegna þingsályktunartillögunar má sjá hér að aftan við lið 390 *Þróunarsamvinnustofnun Íslands*. Hinsvegar lækka útgjalda-skuldbindingar um 920 m.kr. vegna breytinga á framlögum til Þróunarsjóðs EFTA. Þá eru felldar niður 41,4 m.kr. tímabundnar fjárheimildir. Aðrar breytingar eru vegna gengis-, launa- og verðlagsbreytinga, samtals 180,1 m.kr.

390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Gert er ráð fyrir að fjárheimild stofnunarinnar verði um 1.227 m.kr. á næsta ári og hækki um 17,2 m.kr. að raungildi frá gildandi fjárlögum. Breytingarnar skýrast í fyrsta lagi af 41,5 m.kr. lækkun fjárheimilda til að ná markmiðum um lækkun útgjalda. Annarsvegar 4 m.kr. á viðfang *1.01 Almennur rekstur* og hinsvegar 37,5 m.kr. á viðfang *1.11 Þróunaraðstoð*. Í öðru lagi er lögð til 58,7 m.kr. hækkun fjárheimildar samkvæmt áætlun um framlög til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu á árunum 2011–2014. Aðrar breytingar eru vegna gengis-, launa- og verðlagsbreytinga og nema þær samtals 43,5 m.kr.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Raunbreyting
390-1.01 Almennur rekstur	-0,4
390-1.11 Þróunaraðstoð	59,1
391-1.10 Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna	9,3
391-1.12 Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP	1,2
391-1.13 Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF	8,6
391-1.15 Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna	9,7
391-1.16 Landgræðsluskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna	67,0
391-1.21 Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna, UN Women	16,0
391-1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð	-41,4
391-1.31 Alþjóðabankinn	135,0
391-1.32 Umhverfis- og loftslagsmál	60,0
391-1.33 Samstarf við frjáls félagsamtök	175,0
391-1.41 Íslensk friðargæsla	29,2
391-1.90 Þróunarmál og hjálparstarfsemi, óskipt	-193,8
401-1.91 Átak í lækkun skulda þróunarríkja	-20,0
Samtals	314,5

391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfssemi. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins verði 1.556,2 m.kr. á næsta ári sem jafngildir 243,8 m.kr. raunhækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Í fyrsta lagi er lögð til 32 m.kr. lækkun til að mæta aðhalds-

markmiðum ríkisstjórnarinnar og er sparnaður lagður til á eftirtalin viðfangsefni: Á 1.10 Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna 4 m.kr. Á 1.13 Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF 2,3 m.kr. Á 1.15 Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna 3 m.kr. Á 1.21 Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna, UN Women 2 m.kr. Á 1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð 5 m.kr. og á viðfang 1.90 Þróunarmál og hjálparstarfsemi, óskipt nemur hagræðingin 15,7 m.kr. Í öðru lagi er lögð til 275,8 m.kr. hækkun fjárveitingar samkvæmt áætlun um framlög til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu á árunum 2011–2014. Í töflu hér fyrir framan gefur að líta raunbreytingar einstakra viðfangsefna vegna þingsályktunartillögunar. Aðrar breytingar eru vegna verðlags-, launa og gengisbóta, samtals 35,1 m.kr.

401 Alþjóðastofnanir. Fjárheimild liðarins er áætluð 2.093,5 m.kr. á næsta ári og lækkar um 966,8 m.kr. að raungildi frá fjárlögum 2011. Í fyrsta lagi er lögð til 26,1 m.kr. lækkun vegna breytinga á aðildarframlögum til ýmsa alþjóðastofnana. Framlöggin reiknast sem hlutfall af vergum þjóðartekjum allra aðildarríkjana yfir ákveðið viðmiðunartímabil og ráðast breytingar framlaga af viðmiðunartímabilinu sem notað er við útreikning á framlagi til hvernar stofnunar. Almennt má gera ráð fyrir að kostnaðarhlutdeild Íslands í rekstri alþjóðastofnana lækki á næstu árum vegna efnahagshrunsins og falls krónunnar haustið 2008. Nánari sundurliðun raunbreytinga aðildarframlaga fylgir í töflu hér á eftir. Í öðru lagi er sótt um 21,5 m.kr. tímabundið framlag á viðfangið 1.10 Sameinuðu þjóðirnar, UN annarsvegar 13 m.kr. vegna hlutdeildar Íslands í húsbyggingarsjóði Alþjóðlega sakamáladómstólsins (ICC) í Haag og hinsvegar 8,5 m.kr. vegna hlutdeildar Íslands í endurbótum á höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna. Í þriðja lagi er farið fram á 20 m.kr. fjárveitingu á viðfangsefnið 1.36 Verkefna á sviði norðurslóðasamstarfs, í því skyni að styrkja ráðstefnur, málþing og verkefni sem efla þátttöku Íslands í alþjóðlegu norðurslóðasamstarfi á grundvelli þingsályktunar um stefnu Íslands í málefnum norðurslóða. Í fjórða lagi fellur niður 25 m.kr. tímabundið framlag á viðfangsefni 1.41 Atlantshafsbandalagið, NATO, sem veitt var í fjárlögum 2011 vegna rekstrarhalla. Í fimmta lagi er tímabundið framlag vegna hlutdeildar Íslands í byggingu höfuðstöðva NATO lækkað um 16,4 m.kr. vegna hagstæðari verksamninga bandalagsins en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir. Í þeim felst að heildarkostnaður Íslands vegna framkvæmdanna verður rúmar 3 m. evra fram til ársins 2016 í stað 3,5 m. evra eins og áður hafði verið áætlað. Þessi lækkun kemur þegar til á árinu 2011 sem nemur 38,9 m.kr. og mun tillag þess efnis verða gerð í fjárukalögum 2011. Samkvæmt endurskoðaðri greiðsluáætlun verða greiðslur til verkefnisins á árunum 2012–2016 á gengi yfirstandi fjárlaga með eftirfarandi hætti; 55,8 m.kr. árið 2012, 75,9 m.kr. árið 2013, 126,3 m.kr. árið 2014, 113,6 m.kr. árið 2015 og að lokum 1,3 m.kr. árið 2016. Í sjötta lagi er lagt til að framlag Íslands til Þróunarsjóðs EFTA á árinu 2012 lækki um 920,8 m.kr. frá fyrra ári. Sjóðurinn er nú að greiða út styrki vegna

tveggja framkvæmdatímabila, annarsvegar vegna tímabilsins 2004–2009 og hinsvegar vegna tímabilsins 2012–2014 en lækkunin skýrist af því að greiðslum vegna fyrri tímabilsins er að ljúka en greiðslur vegna seinna tímabilsins koma ekki til framkvæmda að neinu ráði fyrr en eftir árið 2012. Greiðslur í sjóðinn á árinu 2012 eru samkvæmt áætlun alls 3,25 m.evra eða 498,3 m.kr. á gengi fjárlaga 2011. Í sjöunda lagi er lögð til 20 m.kr. lækkun til viðfangsefnisins *1.91, Átak í lækkun skulda þróunarríkja*, í samræmi við áætlun um framlög til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu á árunum 2011–2014. Aðrar breytingar eru gengis-, launa- og verðlagsbætur og nema samtals 101 m.kr.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Raubreyting
1.10 Sameinuðu þjóðirnar, UN	20,0
1.11 Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar	-61,7
1.40 Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD	9,5
1.41 Atlantshafsbandalagið, NATO	8,7
1.70 Friverslunarsamtök Evrópu, EFTA	-12,7
1.85 Alþjóðleg friðargæsla	10,1
Samtals	-26,1

Íslandsstofa

Eftirfarandi fjárlagaliður telst til þessa málefnafloks: 611 Íslandsstofa.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Íslandsstofa	357,8	385,8	439,0	13,8	22,7
Samtals	357,8	385,8	439,0	13,8	22,7

Framlag til málaflokksins er áætlað 439 m.kr. á næsta ári og jafngildir þeim tekjum sem markaðsgjald skilar en það er 0,05% af tryggingagjaldstofni. Gert er ráð fyrir að tekjur hækki um 53,2 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.10 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
03-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	3.486,1	3.886,0	4.144,0	7	19
Neyslu- og rekstrartilfærslur	15.767,1	14.601,7	15.093,5	3	-4
Stofnkostnaður og viðhald	186,7	144,4	140,5	-3	-25
Samtals	19.439,9	18.632,1	19.378,0	4	0
Greitt úr ríkissjóði	-	15.940,2	16.639,6	4	-
Innheimt af ríkistekjum	-	2.691,9	2.738,4	2	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	18.632,1	19.378,0	4	-

Heildargjöld sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis árið 2012 eru áætluð um 21.133 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 1.755 m.kr. en þær nema 8,3 % af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 19.378 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 16.640 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 2.738 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Vakin er athygli á að í inngangi þessa kafla um gjöld A-hluta, kafla 3.5, er umfjöllun um fyrirhugaðan samdrátt í ríkisútgjöldum á næsta ári þar sem farið er heildstætt yfir þau áform fyrir öll ráðuneytin og málaflokka þeirra.

Í frumvarpinu dragast útgjöld sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins saman um 123,7 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2011 en þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum verðlags- og gengisbreytingum hækka útgjöldin um 745,9 m.kr. milli ára eða sem svarar til 4%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi verða gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 165,6 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum. Í öðru lagi er um að ræða ýmsar breytingar á útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2012 en þær nema 88,4 m.kr. til hækunar. Þar af eru 51 m.kr. vegna breytinga á fjárheimildum verkefna sem fjármögnuð eru að fullu með ríkistekjum og hafa þar með ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Á móti því vega, í þriðja lagi, tímabundin framlög til ýmissa verkefna sem falla niður og nema 46,5 m.kr. Nettólækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 123,7 m.kr. Loks bætast við verðlagshækkanir ársins 2012, sem eru áætlaðar 869,6 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 19.378 m.kr. Þar vega þyngst hækkanir á launum samkvæmt kjara-

samningum við stéttarfélag ríkisstarfsmanna. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að í fjárheimildum vegna annarra rekstrargjalda en launa verði vegið upp vanmat á verðlagshækkunum í forsendum fjárlaga 2011 til viðbótar við spá um verðbreytingar ársins 2012, auk þess sem tekið er tilliti til áhrifa af lækkun á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt.

Fjárveitingar til verkefna sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins markast nokkuð af því að gert er ráð fyrir áframhaldandi aðhaldsráðstöfunum í frumvarpinu í samræmi við áætlun ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum þótt þær verði ekki jafn umfangsmiklar og í fjárlögum undanfarinna þriggja ára. Hagræðingarkrafa til velferðarmálaflokka, skóla og löggæslu er fjórða árið í röð nálægt helmingi lægri en í annarri starfsemi. Engu að síður kalla sparnaðaráformin á árinu 2012 á margvíslegar hagræðingaradgerðir og forgangsroðun verkefna. Áætlað er að aðhaldsaðgerðir ráðuneytisins á næsta ári lækki útgjöld sem nemur 0,9% af veltu fjárlaga 2011. Til að ná aðhaldsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar mun ráðuneytið og undirstofnanir þess leggja áherslu á almenna rekstrarhagræðingu með auknu aðhaldi í aðfangakaupum og kostnaði tengdum starfsmannahaldi.


Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 4.144 m.kr. og hækka um 258 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Rekstrarfjárveitingar flestra stofnana og verkefna sem heyra undir ráðuneytið eru lækkaðar alls um 124,7 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Aðhaldsmarkið ráðuneyta voru sett miðað við að lækka útgjöld sem nemur 3% af veltu stjórnarsýslu og almennrar þjónustu en 1,5% af veltu velferðarmálaflokka, skóla og löggæslu. Vissir liðir sem eru ekki eiginlegur rekstur eru þó undanskildir s.s. ýmsar alþjóðastofnanir og –nefndir sem starfa að rannsóknnum og nýtingu sjávarauðlinda. Lækkunin hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu nemur 3,2% af rekstrarveltu fjárlaga 2011. Þótt markmiðin hafi verið sett miðað við veltu eru þau útfærð eftir forgangsroð og áherslum ráðuneytisins sem getur falið í sér mismikla skerðingu á fjárveitingum eins og fram kemur í umfjöllun um einstakar stofnanir og verkefni. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir breyttum útgjaldaskuldbindingum í rekstri sem nema 88,8 m.kr. Þar vegur þyngst fjölgun starfsmanna á aðalskrifstofu ráðuneytisins sem að hluta er tímabundin. Á móti falla niður nokkur framlög sem veitt voru til tímabundina verkefna að fjárhæð 6,5 m.kr. Loks nemur verðlagshækkun fjárveitinga til rekstrar 300,4 m.kr.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 491,8 m.kr. og verða 15.094 m.kr. en eru 14.602 m.kr. í fjárlögum ársins 2011. Sett var markmið um 3% lækkun almennra tilfærslustyrkja og úthlutunarliða við undirbúning frumvarpsins en 1,5% í bótakerfum og er gert ráð fyrir að þau útgjöld ráðuneytisins lækki um 37 m.kr. Einnig lækka útgjöld um 40 m.kr. vegna tímabundinna framlaga sem falla niður. Verðlagshækkun fjárveitinga sem teljast til tilfærslna nemur 568,8 m.kr.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 140,5 m.kr. og er það 3,9 m.kr. lækkun milli ára sem alfarið kemur til vegna aðhaldsaðgerða í ríkisútgjöldum en sett var markmið um 3% lækkun.

Vikið er nánar að áformum um sparnað og forgangsröð útgjalda og helstu útgjalda-breytingar í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2012 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Skuldbindandi samningar

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 11.547 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2011, eru á áætluðu verðlagi ársins 2012 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir tæplega 60% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2012.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2011	2012	2013	2014	2015
Samningur um mjólkurframleiðslu	B	5.811,0	6.102,0	6.019,0	5.958,9	
Samningur um sauðfjárframleiðslu	B	4.307,0	4.522,0	4.462,3	4.417,7	4.373,5
Samningur við Samband garðyrkjubænda	B	483,0	507,0	507,0		
Samningur við Bændasamtök Íslands	A	394,0	415,8			
Samtals		10.995,0	11.546,8	10.988,3	10.376,6	4.373,5

Skuldbindandi samningum ráðuneyta er skipað í þrjá flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið stendur að ásamt fjármála-ráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í töflunni og er kostnaður vegna þeirra áætlaður um 416 m.kr. á yfirstandandi ári. Aðrir samningar sem

bæði ráðuneytin standa að eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar 11.131 m.kr. Samninga sem ráðuneytin standa ein að eru auðkenndir með bókstafnum C en sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur um þessar mundir enga slíka samninga. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur.

Tilraunaverkefni í kynjaðri fjárlagagerð

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur gert úttekt á úthlutunum úr AVS rannsóknasjóði í sjávarútvegi. Markmið verkefnisins var að fá kyngreinda yfirsýn yfir úthlutanir úr sjóðnum. Gerð var úttekt á kynjahlutfalli meðal umsækjenda, verkefnastjóra og meðumsækjenda í AVS rannsóknasjóðinn fyrir árið 2010.

AVS rannsóknasjóður hefur aðsetur á Sauðárkróki og er skipað í 7 manna stjórn sem hefur sér til aðstoðar 3 faghópa með 7–10 sérfræðinga á hverju sviði fyrir sig, fiskeldishóp, líftæknihóp og faghóp um veiðar og vinnslu. Auk þess er verkefnisstjóri markaðsverkefna sem vinnur að mati nýrra markaða og afurða.

Í framgreindri könnun voru karlar í meirihluta, hvort heldur er í faghópum AVS, umsóknum eða úthlutuðum verkefnum. Af 171 umsókn voru 143 karlar eða 84% en 28 konur eða 16%. Tilviljun getur hins vegar ráðið hverjir eru skráðir sem verkefnastjórar, en meðalumsækjendur voru 88% karlar og 12% konur. Alls hlutu 74 verkefni styrk frá AVS rannsóknarsjóði. Þar af voru 59 karlar verkefnastjórar, eða 80%, en aðeins 15 konur, eða 20%. Verkefni þar sem konur voru skráðar verkefnisstjórnar áttu nokkuð góða möguleika á að fá styrk þar sem 54% þeirra kvenna sem sóttu um styrk fengu en 41% karla. Heildarfjárhæð til ráðstöfunar var 303.100.000 kr. og fengu karlar úthlutað 76% fjármagnsins, eða 231.750.000 kr. og konur 24%, eða 71.350.000 kr. Meðalfjárhæð styrkja hjá körlum voru lægri en hjá konum, eða 3.927.966 kr. á móti 4.756.667 kr.

Hér er einungis um frumgreiningu að ræða á AVS rannsóknasjóði í sjávarútvegi og hefur ekki verið tekin ákvörðun um framhaldsgreiningu hans. Í næstu skrefum væri hægt að skoða úthlutunarreglur hjá sjóðnum með það í huga að skilgreina og víkka markhópin á þann hátt að hann taki til allra þeirra aðila sem geta sótt um styrki í sjóðinn, auk þeirra skilyrða sem sett eru til styrkþega. Kanna þarf frekar hvað torveldar konum til umsókna og hvort eitthvað sé í kerfinu almennt sem getur tafið fyrir jöfnuði til aðgengis að opinberu fjármagni til framþróunar í greininni.

Úthlutunarliðir

Vakin er athygli á því að áformað er að gera breytingar á fyrirkomulagi sem verið hefur á úthlutunum á styrkjum af tilteknum óskiptum fjárheimildaliðum og sambærilegum sérgreindum viðfangsefnum fjárlaga til margvíslegra samtaka, safna, lista- og menningarverkefna, íþróttaviðburða, atvinnuþróunar. Breytt fyrirkomulag þessara mála er liður í umbótum sem fjárlaganefnd hefur beitt sér fyrir á umgjörð styrkveitinga á vegum bæði

þingsins og ráðuneyta. Þar sem vinnu ráðuneyta að útfærslu breyttrar framsetningar þessara fjárheimilda var ekki að fullu lokið við lokun talnabálks fjárlagafrumvarpsins er framsetning þeirra óbreytt í frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að fluttar verði breytingartillögur um framsetningu fjárheimildanna í samræmi við nýtt fyrirkomulag við 2. umræðu frumvarpsins. Nánari umfjöllun um þessi áform kemur fram í kafla 3.9 í greinargerð frumvarpsins.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifst.	471,5	424,8	471,4	11,0	0,0
Ýmis verkefni	371,7	363,4	365,1	0,5	-1,8
Ráðstöfunarfé	0,0	3,0	2,9	-3,3	
Samtals	843,2	791,2	839,4	6,1	-0,5

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 3,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar en þær nema alls 45 m.kr. og að þeim meðtöldum hækka útgjöldin um 48,2 m.kr. milli ára. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 24,8 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga í samræmi við aðhaldsmarkmið ríkisstjórnarinnar. Þá koma fram ýmis ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 33 m.kr. Á hinn bóginn falla niður samtals 5 m.kr. af framlögum sem veitt voru til tímabundinna verkefna

101 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld aukist um 15 m.kr. á næsta ári að frátöldum verðlagshækkunum sem nema 31,6 m.kr. því til viðbótar. Skýrist það af fjórum tilefnum. Í fyrsta lagi er lögð til 13 m.kr. lækkun fjárveitinga til að mæta markmiðum í ríkisfjármálum. Í öðru lagi er lagt til að 2 m.kr. fjárheimild verði millifærð til Rekstrarfélags Stjórnarráðsbygginga í tengslum við rekstur ráðherrabifreiða en félaginu hefur verið falin umsýsla ráðherrabifreiða. Í þriðja lagi fellur niður 5 m.kr. tímabundið framlag vegna sérfræðings á sviði garðyrkju og í fjórða lagi er óskað eftir 35 m.kr. fjárveitingu, þar af 15 m.kr. tímabundið til eins árs, til að greiða kostnað þriggja verkefna. Fyrst ber að nefna verkefni vegna þátttöku ráðuneytisins í aðildarviðræðum Íslands við Evrópusambandið

en talið er að samningar um sjávarútvegsmál og landbúnaðarmál verði meðal þeirra kafla sem erfiðast verði að ná samningum um og að verkefnaálag aukist tímabundið vegna þess. Einnig er fjárheimildinni ætlað að mæta útgjöldum vegna verkefnis í tengslum við innleiðingar á nýjum matvælalögum og eftirfylgni með þeim sem felur í sér innleiðingu á hundruðum ESB gerða, þar með talið skrif reglugerða og yfirstjórn á heilnæmismálum vegna matvælaframléiðslu. Þá er um að ræða verkefni vegna innleiðingar á nýrri fiskveiðistjórnunarlöggjöf og aukinnar stefnumörkunar og eftirfylgni á því sviði.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins verði 365,1 m.kr. sem jafngildir 11,7 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandi árs. Skýrist lækkunin alfarið af aðhaldi í ríkisútgjöldum og skiptist með eftirfarandi hætti á viðfangsefni fjárlagaliðarins; Á 1.21 *Lífræn ræktun* er heimildin lækkuð um 0,8 m.kr., Á 1.32 *Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir* er gert ráð fyrir 2 m.kr. hagræðingu. Á 1.34 *Eldi sjávardýra* er gert ráð fyrir 0,5 m.kr. lækkun. Á 1.35 *Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla* er gert ráð fyrir 0,2 m.kr. hagræðingu. Á 1.36 *Matvælasetur* er gert ráð fyrir 0,2 m.kr. sparnaði. Á 1.49 *Úrskurðarnefndir* er gert ráð fyrir 0,1 m.kr. sparnaði. Á 1.62 *Framlag til hafna vegna strandveiða* er gert ráð fyrir 0,9 m.kr. aðhaldi. Á 1.90 *Ýmis verkefni* er gert ráð fyrir 3 m.kr. aðhaldi. Á 1.98 *Ýmis framlög* er gert ráð fyrir 4 m.kr. hagræðingu. Aðrar breytingar á fjárheimild liðarins eru vegna launa- og verðlagsbóta sem samtals nema 13,4 m.kr.

199 Ráðstöfunarfé. Fjárheimild liðarins er áætluð 2,9 m.kr. á komandi ári og lækkar um 0,1 m.kr. frá fjárlögum 2011 vegna aðhaldsáforma.

Eftirlitsstofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflökks: 215 Fiskistofa; 217 Verðlagsstofa skiptaverðs og 234 Matvælastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur	Fjárlög	Frumvarp	Breyting	Breyting
	2010 m.kr.	2011 m.kr.	2012 m.kr.	frá fjárl. %	frá reikn. %
Fiskistofa	761,8	718,0	746,4	4,0	-2,0
Verðlagsstofa skiptaverðs	17,4	12,9	13,4	3,9	-23,0
Matvælastofnun	973,4	944,3	1.054,0	11,6	8,3
Samtals	1.752,6	1.675,2	1.813,8	8,3	3,5

Heildarfjárveiting til málefnaflökksins hækkar um 18,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar en þær nema alls 119,7 m.kr. og að þeim meðtöldum hækka útgjöldin um 138,6 m.kr. milli ára. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að

draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 50,1 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga. Þá koma fram ýmis ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 70,5 m.kr. Á hinn bóginn falla niður samtals 1,5 m.kr. af framlögum sem veitt voru til tíma- bundinna verkefna.

215 Fiskistofa. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins verði 679,1 m.kr. og lækki um 21,5 m.kr. að raungildi vegna áforma um aðhald með útgjöldum. Aðrar breytingar á fjár- veitingu til stofnunarinnar skýrast af launa- og verðlagsuppfærslu frumvarpsins.

217 Verðlagsstofa skiptaverðs. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld dragist saman um 0,4 m.kr. að raungildi vegna aðhaldsáforma. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsuppfærslu frumvarpsins.

234 Matvælastofnun. Heildarfjárveiting liðarins eru áætluð 1.054 m.kr. sem jafngildir 40,8 m.kr. hækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum. Breyting fjárheimildar skýrast af eftirtöldu: Í fyrsta lagi er lagt til að hagrætt verði í starfsemi um 28,2 m.kr. til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í útgjöldum. Í öðru lagi er lagt til að niður falli 1,5 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var vegna reglugerðar um merkingar og rekjanleiki erfðabreyttra matvæla. Í þriðja lagi er óskað eftir 2,5 m.kr. tímabundnu framlagi til tveggja ára vegna framangreindar reglugerðar. Gert er ráð fyrir að matvæla- og fódurfyrirtækjum beri að sýna fram á að tiltekin matvara eða fóður innihaldi ekki erfðabreyttar lífverur nema varan sé merkt sem slík. Í flestum tilvikum væri um að ræða matvöru og fóður framleitt í löndum utan Evrópusambandsins. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að Matvælastofnun greiði hluta kostnaðar við rannsóknir og greiningu sýna. Áætlaður kostnaður stofnunarinnar er 1,5 m.kr. á árinu 2011, 2,5 m.kr. á árinu 2012 og 2,5 m.kr. á árinu 2013. Í fjórða lagi er lögð til 51 m.kr. hækkun fjárveitingar vegna breytinga á verkefnum sem fjármögnuð eru með lögboðinni gjald- töku og því hefur samþykkt tillögunnar ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Meðal slíkra verkefna er eftirlit með framleiðslu matvæla en nýlegar lagabreytingar hafa það í för með sér að Matvælastofnun tekur yfir eftirlit með framleiðslu sjávarafurða, sem áður var framkvæmt af einkareknum skoðunarstofnun, og eftirlit með annarri matvæla- framleiðslu s.s. kjötvinnslum og mjólkurbúum sem heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hafði sinnt og er áætlaður kostnaður vegna þessa verkefnis um 64 m.kr. á ári. Þá aukast útgjöld stofnunarinnar um 6 m.kr. ári vegna salmonellurannsókna í svinum. Á móti kemur 19 m.kr. lækkun vegna minni kostnaðar við rannsóknir tengdum eftirliti með fóðri. Í fimmta lagi er sótt um 17 m.kr. fjárveitingu í því skyni að tryggja velferð dýra og veita dreifðum byggðum landsins reglubundna dýralæknahjónustu og bráða- hjónustu. Setja þarf reglugerð um hvernig tryggja skuli starfsaðstöðu og greiðslu staðaruppbótar og/eða ferðakostnaðar dýralæknis sem tekur að sér að veita slíka

þjónustu og er undirbúningur að setningu reglugerðarinnar hafinn. Áætlanir gera ráð fyrir að kostnaður vegna þessarar þjónustu verði 57 m.kr. á ári en Matvælastofnun hefur nú þegar 40 m.kr. fjárheimild til ráðstöfunar í þessi verkefni. Aðrar breytingar á fjárheimild liðarins má rekja til launa- og verlagsbóta sem nema samtals 68,9 m.kr.

Skógrækt og landgræðsla

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 331 Héraðs- og Austurlandskógar; 332 Suðurlandskógar; 334 Vesturlandskógar; 335 Skjólaskógar á Vestfjörðum og 336 Norðurlandskógar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Héraðs- og Austurlandskógar	129,5	117,4	117,5	0,1	-9,3
Suðurlandskógar	97,3	93,1	92,6	-0,5	-4,8
Vesturlandskógar	65,8	50,5	50,4	-0,2	-23,4
Skjólaskógar á Vestfjörðum	47,3	39,8	40,0	0,5	-15,4
Norðurlandskógar	93,4	86,4	86,9	0,6	-7,0
Samtals	433,3	387,2	387,4	0,1	-10,6

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 12,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar en þær nema alls 12,3 m.kr. og að þeim meðtöldum hækka útgjöldin um 0,2 m.kr. milli ára. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur um 11,7 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga og aðrar breytingar á útgjaldaskuldbindingum leiða til 0,4 m.kr. lækkunar. Aðrar breytingar á fjárheimild málaflokksins skýrast af launa- og verðlagsbreytingum og nema samtals 12,3 m.kr.

331 Héraðs- og Austurlandskógar. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins lækki um 3,6 m.kr. að raungildi vegna aðhaldsaðgerða í ríkisfjármálum. Launa og verðlagsbætur nema 3,7 m.kr.

332 Suðurlandskógar. Áætlað er að fjárheimild liðarins lækki um 3,2 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingin skýrist annarsvegar af 2,8 m.kr. hagræðingu og hinsvegar er lögð til 0,4 m.kr. lækkun fjárheimildar vegna aukinnar endurgreiðslu ríkissjóðs af virðisaukaskatti af aðkeyptri tölvuþjónustu frá einkaaðilum. Aðrar breytingar eru vegna almennra launa- og verðlagshækkana, samtals 2,7 m.kr.

334 Vesturlandskógar. Gert er ráð fyrir að framlög á þennan fjárlagalið lækki um 1,9 m.kr. að raungildi frá fjárlögum yfirstandi árs. Skýrist breytingin alfarið af hagræðingarráðstöfun. Almennar launa- og verðlagshækkningar nema samtals 1,4 m.kr.

335 Skjólsskógar á Vestfjörðum. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins lækki um 1,2 m.kr. Þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagshækkningar, samtals 1,4 m.kr. Skýrist raunbreytingin alfarið af aðhaldsaðgerðum í ríkisfjármálum.

336 Norðurlandsskógar. Gert er ráð fyrir að framlög á þennan fjárlagalið lækki um 2,6 m.kr. að raungildi frá fjárlögum yfirstandi árs. Skýrist breytingin alfarið af hagræðingarráðstöfun. Almennar launa- og verðlagshækkningar nema samtals 3,1 m.kr.

Rannsóknir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks; 401 Hafrannsóknastofnunin; 405 Veiðimálastofnun; 411 Matvælarannsóknir; 413 Verkefnasjóður sjávarútvegsins; 415 Sjóður til síldarrannsókna; 417 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs; 421 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins; 423 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna; 481 Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar; 483 Landgræðsla og skógrækt í þágu landbúnaðar; 487 Hagþjónusta landbúnaðarins og 488 Hagskýrslur og hagrannsóknir um landbúnað.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Hafrannsóknastofnunin	1.338,3	1.279,9	1.332,0	4,1	-0,5
Veiðimálastofnun	106,8	99,4	103,6	4,2	-3,0
Matvælarannsóknir	490,3	419,3	406,2	-3,1	-17,2
Verkefnasjóður sjávarútvegsins	-20,8	35,0	35,0	0,0	-268,3
Sjávarspendýrasjóður	-0,2				
Sjóður til síldarrannsókna	-17,1	0,0	0,0		-100,0
Veiðarfærarannsóknir	-0,5				
Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs ...	212,2	265,8	221,8	-16,6	4,5
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	-53,2	9,4	9,1	-3,2	-117,1
Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	58,0	53,2	55,7	4,7	-4,0
Húsbyggingarsjóður	-13,9				-100,0
Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar	145,5	150,4	156,1	3,8	7,3
Landgræðsla og skógrækt í þágu landbúnaðar	63,7	22,0	23,0	4,5	-63,9
Hagþjónusta landbúnaðarins	24,8	24,8		-100,0	-100,0
Hagskýrslur og hagrannsóknir um landbúnað			22,4		
Samtals	2.333,9	2.359,2	2.364,9	0,2	1,3

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 128,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar en þær nema alls 134,6 m.kr. en að þeim meðtöldum hækka útgjöldin um 5,7 m.kr. milli ára. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 63,6 m.kr. vegna aðhaldsaðgerða. Þá koma fram breytingar á útgjaldaskuldbindingum sem samtals lækka útgjöldin um 25,3 m.kr. Að lokum falla niður 40 m.kr. af framlögum sem veitt voru til tímabundinna verkefna.

- 401 Hafrannsóknarstofnunin.** Gert er ráð fyrir að fjárheimild stofnunarinnar verði 1.332 m.kr. á næsta ári og að rekstrargjöld dragist saman um 38,7 m.kr. að raungildi frá yfirstandi fjárlögum. Lækkunin á milli ára skýrist alfarið af sparnaðaraðgerðum til að ná markmiðum um lækkun ríkisútgjalda. Almennar launa- og verðlagshækkunar nema samtals 90,8 m.kr.
- 405 Veidimálastofnun.** Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins nemi 103,6 m.kr. og að rekstrargjöld dragist saman um 3 m.kr. að raungildi vegna aðhaldsaðgerða. Launa- og verðlagsbætur nema 7,2 m.kr.
- 411 Matvælarannsóknir.** Gert er ráð fyrir að fjárheimild þessa fjárlagaliðar nemi 406,2 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 33,6 m.kr. raunlækkun frá gildandi fjárlögum. Í fyrsta lagi er lögð til 8,6 m.kr. lækkun í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar um aðhald í útgjöldum. Í öðru lagi er lagt til að tímabundin fjárheimild liðarins verði lækkuð um 25 m.kr. en við stofnun Mátis ohf. var gert ráð fyrir að ríkið myndi tímabundið auka kaup á rannsóknaverkefnum fyrir alls 650 m.kr. þannig að 130 m.kr. yrði varið til þeirra árið 2007, 120 m.kr. árið 2008, 100 m.kr. árin 2009 og 2010, 90 m.kr. árið 2011, 65 m.kr. árið 2012 og 45 m.kr. árið 2013 sem verður síðasta ár verkefnisins. Aðrar breytingar á fjárheimild liðarins stafa af launa- og verðlagshækkunum, samtals 20,5 m.kr.
- 417 Rannsóknarsjóður til að auka verðmæti sjávarfangs.** Gert er ráð fyrir að heildarfjárveiting á þennan lið verði 221,8 m.kr. og lækki um 44 m.kr. Skýrist breytingin af tveimur tilefnum. Annarsvegar er lögð til 4 m.kr. lækkun fjárheimildar vegna aðhaldsaðgerðar og hinsvegar fellur niður 40 m.kr. tímabundið framlag vegna tekna af leigu fyrir aflaheimildir í skötusel og frístundaveiðum.
- 421 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins.** Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins verði 9,1 m.kr. og lækki um 0,3 m.kr. að raungildi frá fjárlögum 2011 sem skýrist alfarið af aðhaldi í ríkisfjármálum.
- 423 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna.** Fjárveiting á þennan lið er áætluð 55,7 m.kr. á næsta ári sem jafngildir 1,6 m.kr. raunlækkun frá yfirstandi fjárlögum og skýrist af aðhaldsaðgerðum í ríkisfjármálum. Almennar launa- og verðlagshækkunar nema samtals 4,1 m.kr.
- 481 Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar.** Gert er ráð fyrir að framlag á þennan lið nemi 156,1 m.kr. og jafngildir það 4,5 m.kr. raunlækkun frá þessu ári og skýrist alfarið af aðhaldi í ríkisfjármálum. Launa- og verðlagsbreytingar nema samtals 10,2 m.kr.

483 Landgræðsla og rannsóknir í skógrækt í þágu landbúnaðar. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins nemi 23 m.kr. og lækki um 0,7 m.kr. að raungildi vegna aðhalds- aðgerða. Launa og verðlagshækkanir eru 1,7 m.kr.

487 Hagþjónusta landbúnaðarins. Hagþjónusta landbúnaðarins verður lögð niður um næstu áramót í samræmi við lög sem samþykkt voru á Alþingi í vor. Vegna þessa er lagt til að 24,8 m.kr. fjárheimild þessa liðar verði millifærð á nýjan fjárlagalið 04–488 *Hagskýrslur og hagrannsóknir um landbúnað*. Gert er ráð fyrir að framvegis verði gerðir sjálfstæðir þjónustusamningar um framkvæmd þeirra verkefna sem Hagþjónustan hefur sinnt til þessa. Gert er ráð fyrir því að Landbúnaðarháskóli Íslands taki við verkefnum stofnunarinnar að miklu leyti en í gildi er samningur milli ráðuneytisins og skólans um þjónustu á sviði rannsókna, þróunarvinnu og sérhæfðrar ráðgjafar. Ráðgert er að endurskoða þann samning en með því væri hægt að styrkja skólann á sviði landbúnaðarhagfræði og hlúa að kennslu á því sviði. Einnig kemur til álita að gera þjónustusamning við Hagstofu Íslands og Háskóla Íslands.

488 Hagskýrslur og hagrannsóknir um landbúnað. Um er að ræða nýjan fjárlagalið en óskað er eftir að millifærð verði á hann öll 24,8 m.kr. fjárheimild af fjárlagaliðnum 487 *Hagþjónusta landbúnaðarins*, samanber umfjöllun um þann lið hér að framan. Á móti kemur að lögð er til 2,5 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna áforma um útgjaldaaðhald. Launa- og verðlagsbreytingar liðarins nema 0,1 m.kr.

Greiðslur vegna búvöruframleiðslu

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokkis: 801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu; 805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu og 807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu	5.649,0	5.811,0	6.102,0	5,0	8,0
Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu	4.165,0	4.307,0	4.522,0	5,0	8,6
Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu	457,2	483,0	507,0	5,0	10,9
Samtals	10.271,2	10.601,0	11.131,0	5,0	8,4

Heildarfjárveiting til málefnaflokkisins nemur 11.131 m.kr. á komandi ári og er óbreytt frá gildandi fjárlögum að raunvirði. Almennar verðlagsbreytingar nema alls 530 m.kr. Greiðslur vegna búvörusamninga taka breytingum samkvæmt samkomulagi sem gert var á milli ríkisins og bændasamtakanna í apríl 2009. Samkvæmt því verða framlög óbreytt frá fyrra ári en verðlagsbætur ársins verða hins vegar 5%.

Framlög í sjóði í þágu landbúnaðarins

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 811 Bændasamtök Íslands; 818 Búnaðarsjóður; 821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins; 824 Verðmiðlun landbúnaðarvara; 827 Fóðursjóður; 831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins; 843 Fiskræktarsjóður; 851 Greiðslur vegna riðuveiki og 853 Bjargráðasjóður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Bændasamtök Íslands	538,6	398,7	415,8	4,3	-22,8
Búnaðarsjóður	426,8	400,0	400,0	0,0	-6,3
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	142,0	15,3	25,0	63,4	-82,4
Verðmiðlun landbúnaðarvara	383,8	405,0	405,0	0,0	5,5
Fóðursjóður	1.549,5	1.400,0	1.400,0	0,0	-9,6
Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	106,5	131,0	127,4	-2,7	19,6
Stuðningur við fiskeldi	31,5				
Fiskræktarsjóður	5,8	11,0	11,0	0,0	89,7
Greiðslur vegna riðuveiki	49,1	47,3	47,3	0,0	-3,7
Bjargráðasjóður	200,0	10,0	10,0	0,0	-95,0
Sérstakar greiðslur í landbúnaði	372,1				
Samtals	3.805,7	2.818,3	2.841,5	0,8	-25,3

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 4,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar en þær nema alls 27,6 m.kr. og að þeim meðtöldum hækka útgjöldin um 23,2 m.kr. milli ára. Fjárveiting málefnaflokksins nemur því 2.841,5 m.kr. þar af eru 2.343,4 fjármagnaðar með mörkuðum tekjum ríkissjóðs. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 15,4 m.kr. í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Þá koma fram ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 11 m.kr.

811 Bændasamtök Íslands. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld dragist saman um 10,5 m.kr. á næsta ári að raungildi. Skýrist það af tveimur tilefnum. Annarsvegar er lögð til 11,8 m.kr. lækkun framlags vegna aðhaldskröfu. Hinsvegar er lögð til 1,3 m.kr. hækkun framlags í samræmi við samning ríkisins og Bændasamtaka Íslands frá 2010 og er um að ræða leiðréttingu þar sem fjárveiting í gildandi fjárlögum er of lág miðað við samning. Aðrar breytingar á fjárheimild liðarins skýrast af launa- og verðlagsreikningi fjárlagafrumvarpsins.

821 Framleiðslusjóður landbúnaðarins. Gert er ráð fyrir 9,7 m.kr. hækkun framlags á þennan lið í samræmi við samning ríkissjóðs og Bændasamtaka Íslands frá 2010.

831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins. Gert er ráð fyrir að útgjöld til liðarins lækki um 3,6 m.kr. að raunvirði á næsta ári í samræmi við áform um lækkingu ríkisútgjalda.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.10 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
04-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

06 Innanríkisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun innanríkisráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	27.501,1	28.000,2	29.981,8	7	9
Neyslu- og rekstrartilfærslur	21.636,0	19.169,7	19.571,1	2	-10
Stofnkostnaður og viðhald	20.828,7	12.735,6	11.687,2	-8	-44
Samtals	69.965,8	59.905,5	61.240,1	2	-12
Greitt úr ríkissjóði	-	42.102,7	44.086,5	5	-
Innheimt af ríkistekjum	-	17.727,8	17.078,6	-4	-
Viðskiptahreyfingar	-	75,0	75,0	-	-
Samtals	-	59.905,5	61.240,1	2	-

Heildargjöld innanríkisráðuneytis árið 2012 eru áætluð um 70.075 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 8.835 m.kr. en þær nema 12,6% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 61.240 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 44.087 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 17.079 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 75 m.kr., færast til hækunar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.

Vakin er athygli á að í inngangi þessa kafla um gjöld A–hluta, kafla 3.5, er umfjöllun um fyrirhugaðan samdrátt í ríkisútgjöldum á næsta ári þar sem farið er heildstætt yfir þau áform fyrir öll ráðuneytin og málaflokka þeirra.

Í ársbyrjun 2011 voru samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti og dómsmála- og mannréttindaráðuneyti sameinuð í innanríkisráðuneyti. Framsetning á útgjöldum ráðu-

neytisins í frumvarpinu hefur verið aðlöguð vegna flutnings á verkefnum á milli eldri ráðuneytanna sem gerð var í gildandi fjárlögum fyrir yfirstandandi ár í tengslum við breytta verkaskiptingu Stjórnarráðsins. Þannig hafa útgjaldatölur úr ríkisreikningi liðins ár verið sameinaðar sem nemur veltu verkefna beggja eldri ráðuneytanna. Er þetta gert til að gefa betri mynd af þróun útgjalda milli ára.

Í frumvarpinu dragast útgjöld innanríkisráðuneytisins saman um 931 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2011 en þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum verðlags- og gengisbreytingum hækka útgjöldin um 1.335 m.kr. milli ára eða sem svarar til 2,2%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í fimm þætti. Í fyrsta lagi verða gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 1.213 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum. Í öðru lagi er um að ræða ýmsar útgjalda-hækkanir sem falla til á árinu 2012, sem einkum eru lög- eða samningsbundnar og nema þær samtals 1.788 m.kr. Þar vega langþingst 1.242 m.kr. vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Á móti því vega, í þriðja lagi, niðurfelling á tímabundnum framlögum til ýmissa verkefna sem nema samtals 908 m.kr. Í fjórða lagi er 599 m.kr. lækkun ríkisframlags vegna breyttrar fjármögnunar flugvalla. Nettólækkun útgjalda að raungildi nemur 931 m.kr. Endurmat vegna launa- og verðlagsmála nemur hins vegar 2.266 m.kr., þannig að heildargjöldin hækka um 1.335 m.kr. eins og áður sagði. Þar vega þingst hækkanir á launum samkvæmt kjarasamningum við stéttarfélög ríkisstarfsmanna. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að í fjárheimildum vegna annarra rekstrargjalda en launa verði vegið upp vanmat á verðlagshækkunum í forsendum fjárlaga 2011 til viðbótar við spá um verðbreytingar ársins 2012, auk þess sem tekið er tilliti til áhrifa af lækkun á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt.

Fjárveitingar til verkefna innanríkisráðuneytisins markast nokkuð af því að gert er ráð fyrir áframhaldandi aðhaldsráðstöfunum í frumvarpinu í samræmi við áætlun ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum þótt þær verði ekki jafn umfangsmiklar og í fjárlögum undanfarinna þriggja ára. Hagræðingarkrafa til velferðarmálaflokka, skóla og löggæslu er nálægt helmingi lægri en í annari starfsemi. Engu að síður kalla sparnaðaráformin á árinu 2012 á margvíslegar hagræðingaradgerðir og forgangsröðun verkefna. Áætlað er að aðhaldsaðgerðir ráðuneytisins á næsta ári lækki útgjöld sem nemur 2% af veltu fjárlaga 2011.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 29.982 m.kr. og hækka um 1.982 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Rekstrarfjárveitingar flestra stofnana og verkefna sem heyra undir ráðuneytið eru lækkaðar alls um 732 m.kr. vegna áforma um lækkun rekstrarkostnaðar ríkissjóðs. Aðhaldsmarkið ráðuneyta voru sett miðað við að lækka útgjöld sem nemur 3% af veltu stjórnarsýslu og almennrar þjónustu en 1,5% af veltu velferðarmálaflokka, skóla og löggæslu. Hjá innanríkisráðuneytinu nemur lækkunin 2,6% af rekstrarveltu að meðaltali. Þótt markmiðin hafi verið sett miðað við veltu eru þau útfærð eftir forgangsröð og áherslum ráðuneytisins sem getur falið í sér mismikla skerðingu á fjár-


veitingum eins og fram kemur í umfjöllun um einstaka málaflokka. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir auknum eða nýjum útgjaldaskuldbindingum í rekstri sem nema 2.876 m.kr. Þar vega launa- og verðlagsmál langþyngst, eða 1.788 m.kr. Þá skýrast 811 m.kr. með breytingum á fjármögnun og framsetningu gjalda vegna flugvalla en á móti lækka framlög til viðhalds- og stofnkostnaðarliða vegna niðurfellinga á lögum um fjáröflun til flugmála. Önnur tilefni vegna minna, mest 225 m.kr. framlag til kosninga þar eð gert er ráð fyrir að komið geti til forsetakosninga á næsta ári. Á móti falla niður nokkur framlög sem veitt voru til tímabundina verkefna samtals að fjárhæð 162,4 m.kr. og munar þar mest um 113 m.kr. hjá Landsdómi.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 401 m.kr. og verða 19.571 m.kr. en eru 19.170 m.kr. í fjárlögum ársins 2011. Sett var markmið um 3% lækkun almennra tilfærslu-styrkja og úthlutunarliða við undirbúning frumvarpsins en 1,5% í bótakerfum. Aðhalds-ráðstafanir af þessu tagi lækka útgjöldin um 463,9 m.kr. hjá innanríkisráðuneytinu. Þar af skýrast 350 m.kr. með lækkun á sérstöku aukaframlagi til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna sveitarfélaga sem voru fjárhagslega verst sett. Þá lækka sóknargjöld um 55,8 m.kr. Á móti hækka útgjöld um 458 m.kr. vegna verðlagshækkana sem koma nær alfarið fram hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og um 200 m.kr. hjá Vegagerðinni vegna átaks í styrkingu almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 11.687 m.kr. og er það 1.048 m.kr. lækkun milli ára. Framlög lækka aðeins um 20 m.kr. til að mæta áformum um samdrátt í ríkis-útgjöldum. Sett var markmið um 3% lækkun en það markmið var ekki látið ná til samgönguframkvæmda sem eru uppistaðan í viðhalds- og stofnkostnaðarframkvæmdum ráðuneytisins. Langmestu munar um niðurfelld framlög að fjárhæð 733 m.kr. sem veitt voru til tímabundinna stofnkostnaðarverkefna og eru helstu breytingarnar þær að 510 m.kr. framlag vegna kaupa á nýju varðskipi fellur niður auk þess fellur niður 120 m.kr. framlag til sjóvarna við Vík í Mýrdal og að lokum lækkar framlag til Landeyjarhafnar um 103 m.kr.

Vikið er nánar að áformum um sparnað og forgangsröð útgjalda og helstu útgjalda-breytingar í greinargerð um einstaka málaflokka og fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2012 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Skuldbindandi samningar

Innanríkisráðuneytið hefur yfirtekið samninga eldri ráðuneyta við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 6.142 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér á eftir. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2011, eru á áætluðu verðlagi ársins 2012 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 10,2% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2012.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2011	2012	2013	2014	2015
Rekstrarkostnaður Þjóðkirkju Íslands	B	1.242,0	1.298,0	1.298,0	1.298,0	1.298,0
Neyðarlínan hf.	C	282,5	284,3	284,3	284,3	284,3
Þjóðskrá, afnot af Þjóðskrá	C	6,8	6,8	6,8	6,8	6,8
Slysavarnarfélagið Landsbjörg	C	106,8	123,2	123,2	123,2	123,2
Slysatryggingar lögreglumanna	C	30,4	36,7	36,7	36,7	36,7
Samningar um áætlunarflug innanlands	B	210,0	240,0	240,0	240,0	240,0
Slysavarnaskóli sjómanna	B	57,1	57,1	57,1	57,1	57,1
Flugvellir- og flugleiðsöguþjónusta	A	2.626,1	2.626,1	2.626,1	2.626,1	2.626,1
Samningar við sérleyfishafa	C	315,0	315,0	315,0	315,0	315,0
Rekstur Hríseyjarferjunnar Sævars	C	66,0	66,0	66,0	66,0	66,0
Rekstur Grimseyjarferjunnar Sæfara	C	106,0	106,0	106,0	106,0	106,0
Rekstur Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss	C	680,0	680,0	680,0	680,0	680,0
Rekstur Breiðafjarðarferjunnar Baldurs	C	110,0	110,0	110,0	110,0	110,0
Samningur um Mjóafjarðarferjuna Skróði	C	10,0	10,0	10,0	10,0	10,0
Flutningar til og frá Vigur í Ísafjarðardjúpi	C	2,0				
Samningur um Vaktstöð siglinga	C	291,0	291,0	291,0	291,0	291,0
Samtals		6.141,7	6.250,2	6.250,2	6.250,2	6.250,2

Skuldbindandi samningum ráðuneyta er skipað í þrjá flokka í frumvarpinu: A, B og C. Innanríkisráðuneytið stendur að einum samningi ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga og er hann merktur með bókstafnum A í töflunni. Kostnaður vegna hans er áætlaður 2.626 m.kr. á yfirstandandi ári. Aðrir samningar sem bæði ráðuneytin standa að eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar 1.595 m.kr. Að lokum eru 2.029 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem innanríkisráðuneytið stendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur, þannig að til jafnaðar verði nálægt 6.250 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Unnið er að endurnýjun samninga við Neyðarlínuna, auk útboðs á slysatryggingum lögreglumanna.

Tilraunaverkefni í kynjaðri fjárlagagerð

Markmið þessa verkefnis er að meta áhrif af opinberri fjárhagslegri ákvörðun um að ráðast í gerð Héðinsfjarðarganga á líf karla og kvenna í hinu sameinaða sveitarfélagi Fjallabyggð út frá sjónarhorni kynjaðrar fjárlagagerðar og kynjasambættingar. Hið sameinaða sveitarfélag verður bæði stærra og öflugra en sveitarfélögin Ólafsfjörður og Siglufjörður voru hvort í sínu lagi. Það ætti því að hafa alla burði til þess að efla atvinnulíf og þjónustu en göngin bjóða jafnframt upp á aukna hagræðingu í rekstri sveitafélagsins og stjórnýslu þess. Slíkar breytingar geta haft margvísleg ófyrirséð áhrif á lífskjör kvenna og karla í hinu sameinaða sveitarfélagi og má þar sérstaklega nefna atvinnutækifæri, verslun og þjónustu, félagslíf, tækifæri til að njóta afþreyingar og menningar og verkaskiptingu kynjanna. Í þessu langtímaverkefni verður staða Fjallabyggðar kortlögð og leitast við að greina áhrif Héðinsfjarðarganganna á stöðu kynjanna í þessu tiltekna samfélagi.

Sú kortlagning á stöðu karla og kvenna í Fjallabyggð sem þegar hefur farið fram byggir á niðurstöðum könnunarinnar Samgöngubætur og byggðaþróun 2009 sem lögð var fyrir íbúa á Siglufirði og í Ólafsfirði í nóvember og desember 2009. Könnunin er hluti af fjölþættri rannsóknarvinnu sérfræðingateymis við Háskólann á Akureyri og er unnin með styrk úr Rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar.

Hlutfallslega fáar konur á barneignaaldri eru búsettar í Fjallabyggð en niðurstöður könnunarinnar benda til þess að þrátt fyrir að konum fækki meira í byggðarlaginu þá séu þær almennt ánægðari með flesta þætti vinnumarkaðarins en karlar. Í því sambandi er þó rétt að gæta þess að konur eru líklegri en karlar til að flytja búferlum og þær konur sem óánægðastar eru með möguleika sína eru líklegastar til að hafa flust á brott. Hvað samgöngur varðar verja konur og karlar í Fjallabyggð svipuðum tíma í ferðir utan byggðalagsins. Karlar eru hins vegar líklegri til að verja meiri tíma í ferðir vegna vinnu sinnar en konurnar verja ferðatíma sínum fremur til þess að sækja ýmsa þjónustu. Auðveldari samgöngur kunna að breyta þessum hlutföllum og auka atvinnusókn kvenna út fyrir byggðarlagið. Aukin atvinnusókn karla til annarra svæða kann þó að vega þar á móti og

auka ábyrgð kvenna á velferð fjölskyldunnar.

Ekki er að fullu komið í ljós hvaða áhrif Héðinsfjarðargöng munu hafa á opinbera þjónustu í sveitafélaginu og störf henni tengdri. Með göngunum styrkist þjónustusvæði Mið–Norðurlands og aðgangur Siglfirðinga að þjónustu og þjónustustörfum á Eyjafjarðarsvæðinu batnar til muna. Hins vegar gæti hagræðing og niðurskurður í opinberri þjónustu einnig þýtt meiri ólaunaða vinnu af hálfu kvenna í sveitarfélaginu og því er mikilvægt að fylgjast með þróuninni á þeim vettvangi. Allt bendir til þess að Fjallabyggð sé rík af félagslegum auði og þátttaka karla og kvenna í félagsstarfi er mikil. Hún er þó nokkuð kynbundinn þar sem konur eru líklegri til að taka þátt í góðgerðarstarfi en karlarnir eru virkari í stjórn mála– og íþróttastarfi. Rannsóknir hafa sýnt að verkaskipting kvenna og karla er almennt hefðbundnari en í dreifðari byggðum. Niðurstöður könnunarinnar Samgöngubætur og byggðaþróun 2009 virðast því benda til þess að sú sé einnig raunin í Fjallabyggð. Stærri og öflugra almannarými á norðanverðum Tröllaskaga gæti haft margvísleg áhrif á slík kynbundin mynstur.

Héðinsfjarðargöngin opnuðu haustið 2010 og jákvæð og neikvæð áhrif þeirra á stöðu kynjanna í Fjallabyggð munu koma í ljós á næstu árum og áratugum. Skammtímaáhrif ganganna verða metin á árinu 2012 og niðurstöður þeirrar kortlagningar munu birtast í ársbyrjun 2013. Meðal þeirra þátta sem verða metnir má nefna breytingar á atvinnu– og þjónustusókn karla og kvenna, ánægju þeirra með líf skjör sín og fyrirætlanir þeirra um að flytja búferlum.

Fjölgun kvenna innan lögreglunnar og áhrif Lögregluskólans í því samhengi.

Í lögreglulögunum frá 1996 er mælt fyrir um starfsemi Lögregluskóla ríkisins. Með þessari nýju löggjöf var það m.a. vilji löggjafans að fjölga konum innan lögreglunnar. Í því sambandi var horft til þess að í nágrannalöndum okkar var hlutfall kvenna á bilinu 15 – 20%. Reynslan af slíku kynjahlutfalli erlendis þykir góð. Starf lögreglu er fjölbreytt og að mestu leyti snýst það um samskipti við fólk og þá getur skipt máli að hafa sérfaðinga af báðum kynjum til að geta tekist á við verkefni. Það er verðugt markmið að stefna að því að konur verði a.m.k. 15% af heildarfjölda lögreglumanna hér á landi eftir 5–7 ár. Þegar skólinn tók til starfa í núverandi mynd, voru 25 konur í lögreglunni, sem var um 4% af heildarfjöldanum á þeim tíma. Nú eru konur 76 talsins, eða 11% af lögregluþjónum. Frá árinu 2000 hafa konur að meðaltali verið 21% af útskriftarárgöngum skólans.

Frá bankahruninu í október 2008 hefur hins vegar verið um afturför að ræða í þessum efnum. Ársverkum lögregluþjóna hefur fækkað um 41 talsins eða 6% á sl. tveimur árum. Þar af fækkar konum um 6 eða 8% á meðan að körlum fækkar um 35 eða rúm 5%.

Ef fjölda lögreglumanna er skipt eftir starfsstigum og kyni, þá kemur í ljós að í ædstu stöðum eru aðeins tvær konur á móti 80 körlum, eða 2,4%. Af 23 yfirlögregluþjónum er engin kona.

Samsetning starfsmannafjölda stofnana ráðuneytisins

Markmið verkefnis um starfsmannasamsetningu er að fylgjast reglulega með kynja-hlutfalli starfsfólks stofnana ráðuneytisins og eftir atvikum að gera tillögur um breytingar á starfsmannastefnu í ljósi tölfræðinnar. Ársverk voru samtals 2.322 talsins hjá stofnunum ráðuneytisins í fyrra. Mun fleiri karlar en konur starfa hjá stofnunum og hefur hlutfallið verið svipað á síðustu þremur árum, eða um 66% karlar og 34% konur. Ársverkin árið 2008 voru samtals 2.613 talsins og hefur því í heild fækkað um 290 eða 11% á tveimur árum. Körlum fækkar hlutfallslega eilítið meira en konum, þeir voru 68% af heildarstarfsmannafjölda fyrir tveimur árum. Kynjaskipting er mjög misjöfn eftir málaflokkum. Þannig eru 76% starfsfólks löggæslustofnana karlar, en hjá dómstólum eru konur 65% starfsfólksins.

Úthlutunarliðir

Vakin er athygli á því að áformað er að gera breytingar á fyrirkomulagi sem verið hefur á úthlutunum á styrkjum af tilteknum óskiptum fjárheimildaliðum og sambærilegum sérgreindum viðfangsefnum fjárlaga til margvíslegra samtaka, safna, lista- og menningarverkefna, íþróttaviðburða, atvinnuþróunar. Breytt fyrirkomulag þessara mála er liður í umbótum sem fjárlaganefnd hefur beitt sér fyrir á umgjörð styrkveitinga á vegum bæði þingsins og ráðuneyta. Þar sem vinnu ráðuneyta að útfærslu breyttrar framsetningar þessara fjárheimilda var ekki að fullu lokið við lokun talnabálks fjárlagafrumvarpsins er framsetning þeirra óbreytt í frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að fluttar verði breytingartillögur um framsetningu fjárheimildanna í samræmi við nýtt fyrirkomulag við 2. umræðu frumvarpsins. Nánari umfjöllun um þessi áform kemur fram í kafla 3.9 í greinargerð frumvarpsins.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir innanríkisráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Aðalskrifstofa; 102 Stjórnartíðindi; 103 Lagasafn, 111 Kosningar; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargrunnur					
Innanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	664,0	689,8	692,0	0,3	4,2
Stjórnartíðindi	22,3	25,7	25,9	0,8	16,1
Lagasafn	-1,3	0,0	0,0	-	-100,0
Kosningar	547,6	7,1	241,5	3.301,4	-55,9
Ýmis verkefni	204,9	172,2	132,8	-22,9	-35,2
Ráðstöfunarfé	0,0	8,7	8,4	-3,4	-
Samtals	1.437,5	903,5	1.100,6	21,8	-23,4

Heildarfjárveiting til málefnaflokkans hækkar um 129 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar en þær nema alls 68 m.kr. og að þeim meðtöldum hækka útgjöldin um 197 m.kr. milli ára. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 36 m.kr., eða 4% á verðlagi gildandi fjárlaga. Af nýjum útgjaldatalefum þá munar langmest um áætlun um forsetakosningar, eða 225 m.kr. Á hinn bóginn falla niður samtals 33,5 m.kr. af framlögum sem veitt voru til tímabundinna verkefna.

101 Innanríkisráðuneytið, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld aðalskrifstofu lækki um 24 m.kr. til viðbótar við aðhaldsaðgerðir. Húsaleiga sameinaðs ráðuneytis lækkar um 22 m.kr. miðað við samanlagða húsaleigu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og dómsmála- og mannréttindaráðuneytis. Þá eru 2 m.kr. millifærðar til rekstrarfélags Stjórnarráðsins sem hefur nú tekið við rekstri ráðherrabifreiða. Aðrar breytingar á fjárheimildum skýrast af launa- og verðlagsreikningi frumvarpsins.

111 Kosningar. Ef kemur til forsetakosninga á næsta ári, þá er áætlaður útgjaldaauki ríkissjóðs um 225 m.kr. Þar af veða greiðslur til sveitarfélaga vegna útgjalda þeirra á kjördag, um 170 m.kr. Önnur útgjöld felast m.a. í greiðslum til kjörstjórna og til starfsfólks sýslumannsembætta vegna utankjörfundar atkvæða.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir að tímabundin verkefni, samtals að fjárhæð 33,5 m.kr. falli niður. Um er að ræða þrjú verkefni. Í fyrsta lagi er tillaga um að tímabundið 5 m.kr. framlag í eitt ár vegna aukinna verkefna við eftirlit með fjármálum sveitarfélaga falli niður. Í öðru lagi er lagt til að 25 m.kr. framlag til löggæslu- og mannréttindamála sem veitt var með fjárlögum 2011 falli niður. Ráðuneytið áformar engu að síður að auka vægi mannréttindamála í starfsemi ráðuneytisins. Loks er tillaga um 3,5 m.kr. tímabundið framlag til varðveislu varðskipsins Óðins falli niður.

Dómsmál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Hæstiréttur; 210 Héraðsdómstólar; 231 Málskostnaður í opinberum málum; 232 Opinber réttaraðstoð; 236 Sanngirnissætur vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn; 251 Persónuvernd og 295 Landsdómur.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Hæstiréttur	108,5	133,9	138,0	3,1	27,2
Héraðsdómstólar	1.009,2	1.012,1	1.176,0	16,2	16,5
Málskostnaður í opinberum málum	392,2	389,3	410,1	5,3	4,6
Opinber réttaraðstoð	302,1	144,6	151,8	5,0	-49,8
Bætur brotaþola	103,5	20,0	20,0	0,0	-80,7
Sanngirnibætur vegna misgj. á visth. fyrir börn	5,0	251,0	385,7	53,7	7.614,0
Persónuvernd	61,5	56,0	58,1	3,8	-5,5
Landsdómur	0,0	113,4	0,0	-100,0	-
Samtals	1.982,0	2.120,3	2.339,7	10,3	18,0

Heildarfjárveiting til málefnaflokkans hækkar um 23 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar en þær nema alls 196 m.kr. og að þeim meðtöldum hækka útgjöldin um 219 m.kr. milli ára. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 17 m.kr. eða aðeins 0,8% á verðlagi gildandi fjárlaga.

210 Héraðsdómsstólar. Lagt er til að ríkisframlag hækki tímabundið um 21 m.kr. í kjölfar lagasetningar þar sem veitt er tímabundin heimild til að fjölga héraðsdómurum um fimm talsins. Um er að ræða breytingu á lögum nr. 15/1998 um dómsstóla sem tók gildi í þann 1. mars sl. og í fjárlögum ársins í ár voru veittar 64 m.kr. vegna fjölgunarinnar. Nú er sótt um viðbót sem miðast við kostnaðarmat á ársgrundvelli. Gert er ráð fyrir því að frá og með árinu 2013 dragi aftur úr fjölda dómara. Jafnframt er veitt heimild til að ráða tvo aðstoðarmenn dómara og tvo dómritara.

236 Sanngirnibætur vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn. Á þessu ári var í fyrsta sinn veitt tímabundin fjárveiting til þess að greiða bætur til einstaklinga sem voru vistaðir á tilteknum heimilum. Sú fjárhæð fellur niður, en þess í stað er nú sótt um 385 m.kr. heimild og þar með er áætlað að greiðslum af þessu tagi sé lokið. Enn eru ógreiddar bætur vegna Unglingaheimilis ríkisins, Silungapolls auk þess sem ógreiddar eru seinni hluti greiðslna til fyrrum vistmanna á Breiðuvík. Rekstrarkostnaður vegna talsmanns vistmanna og úrskurðarnefndar er áætlaður 16 m.kr.

213 Landsdómur. Lagt er til að felld verði niður tímabundið 113 m.kr. framlag vegna ályktunar Alþingis um að kalla saman landsdóm. Í áætlunum var miðað við starfsemi í sex mánuði, þar af fjóra mánuði í sjálfa málsmeðferðina á árinu 2011 og var þá gert ráð fyrir að málarekstri yrði lokið á árinu 2011. Haldi málareksturinn hins vegar áfram mun verða leitað heimildar Alþingis í lokafjárlögum ársins 2011 til að eftirstöðvar fjárheimildarinnar í árslok megi færa til næsta árs enda mun heildarkostnaðurinn við málið

ekki verða ljós fyrr en við endanlegar lyktir þess þar eð málskostnaðurinn verður ákveðinn af Landsdómi sjálfum.

Löggæslustofnanir og öryggismál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301 Ríkissaksóknari; 303 Ríkislögreglustjóri; 305 Lögregluskóli ríkisins; 309 Sérstakur saksóknari samkvæmt lögum nr. 135/2008; 310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu; 312 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum; 325 Samræmd neyðarsímsvörun; 390 Ýmis löggæslu- og öryggismál; 395 Landhelgisgæsla Íslands; 396 Landhelgissjóður Íslands; 397 Shengen-samstarf og 398 Útlendingastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkissaksóknari	131,2	127,0	139,7	10,0	6,5
Ríkislögreglustjóri	1.299,8	1.229,7	1.219,6	-0,8	-6,2
Lögregluskóli ríkisins	209,8	199,6	193,2	-3,2	-7,9
Sérstakur saksóknari skv. lögum nr. 135/2008	650,8	1.172,2	1.323,0	12,9	103,3
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	3.202,3	3.113,4	3.329,0	6,9	4,0
Lögreglustjórinn á Suðurnesjum	921,6	896,2	956,0	6,7	3,7
Samræmd neyðarsvörun	287,5	279,2	284,3	1,8	-1,1
Ýmis löggæslu- og öryggismál	307,3	894,4	829,2	-7,3	169,8
Landhelgisgæsla Íslands	2.586,5	2.766,0	2.845,4	2,9	10,0
Landhelgissjóður Íslands	1.110,7	510,1	0,0	-100,0	-100,0
Schengen-samstarf	146,0	108,9	112,1	2,9	-23,2
Útlendingastofnun	219,5	208,8	222,8	6,7	1,5
Samtals	11.073,0	11.505,5	11.454,3	-0,4	3,4

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 837 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar en þær nema alls 786 m.kr. og að þeim meðtöldum lækka útgjöldin um 51 m.kr. milli ára. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 292 m.kr. eða 2,2% á verðlagi gildandi fjárlaga. Til viðbótar falla niður framlög að fjárhæð 513 m.kr., nær alfarið hjá Landhelgissjóði Íslands.

303 Ríkislögreglustjóri. Tilfærslur verkefna af tvennum toga leiða til þess að gerð er tillaga um 58 m.kr. lækkun fjárheimilda embættisins að raungildi. Þar vegur þýngst sameining efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra við embættis sérstaks saksóknara sem leiðir til 124 m.kr. millifærslu til sameinaðs embættis og miðast fjárhæðin við tilflutning fjórtán starfsmanna ásamt áætlun um starfstengdan kostnað. Á móti vegur 45 m.kr. hækkunar-tilefni þar sem verkefni tengd öryggisvottunum o.fl. sem áður voru hjá Varnarmála-stofnun hafa nú verið varanlega flutt til embættis ríkislögreglustjóra. Aðrar breytingar vegna minna.

309 Sérstakur saksóknari samkvæmt lögum nr. 135/2008. Gerð er tillaga um 124 m.kr. hækkun vegna áðurnefndrar sameiningar embættisins við efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra. Lög þess efnis voru samþykkt á Alþingi í júnímánuði og tóku gildi þann 1. september sl.

390 Ýmis löggæslu- og öryggismál. Gerð er tillaga um 45 m.kr. lækkun fjárheimildar með millifærslu yfir til embættis ríkislögreglustjóra. Í fjárlögum liðandi árs var samþykkt að færa fjárveitingar vegna varnarmála frá utanríkisráðuneytinu og til innanríkisráðuneytis þar sem Landhelgisgæslan og ríkislögreglustjóri hafa tekið við flestum verkefnum fyrrum Varnarmálastofnunar. Þar sem ekki er að fullu lokið frágangi þeirra verkefna þ.m.t. millifærslur fjárheimilda af safnliðnum og utanríkisráðuneytinu til Landhelgisgæslunnar og hugsanlega ÍSAVÍA, þá er nú aðeins gerð tillaga um áðurnefndan verkefnaflutning til ríkislögreglustjóra. Í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar þá er samdráttur í ríkisútgjöldum hlutfallslega mestur á þessum lið, 68 m.kr. eða 8%.

396 Landhelgisjóður Íslands. Lagt er til að 510 m.kr. ríkisframlag til sjóðsins falli alveg niður. Á undanförmum árum hefur sjóðurinn fjármagnað kaup á flugvél og varðskipi fyrir Landhelgisgæslu Íslands. Nýtt varðskip, Þór hefur nú verið afhent Landhelgisgæslunni og lokauppgjöri er nú lokið. Smíðin hófst árið 2007 og heildarkostnaður nam 4,4 milljörðum kr. Að frátöldu gengistapi þar sem útgjöldin eru í evrum, þá er smíðakostnaðurinn um 150 m.kr. innan upphaflegrar áætlunar. Til athugunar er að fest verði kaup á nýrri björgunarþyrilu í samræmi við samning við Norðmenn um sameiginleg kaup með útboði en afhending gæti þó ekki orðið fyrir en eftir 4 til 6 ár.

Sýslumenn

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokk: 411–437 sýslumannsembætti, 490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta.

Heildarfjárveiting til málefnaflokkans lækkar um 89 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar verðlagsbreytingar en þær nema alls 309 m.kr. Að þeim meðtöldum hækka útgjöldin um 221 m.kr. milli ára. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokkans sem nemur 78 m.kr. eða 2% að meðaltali á verðlagi gildandi fjárla

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sýslumaðurinn í Reykjavík	316,1	283,8	303,5	6,9	-4,0
Sýslumaðurinn á Akranesi	181,2	168,6	179,3	6,3	-1,0
Sýslumaðurinn í Borgarnesi	179,0	154,7	165,7	7,1	-7,4
Sýslumaður Snæfellinga	166,7	163,4	162,6	-0,5	-2,5
Sýslumaðurinn í Búðardal	29,0	23,1	24,2	4,8	-16,6
Sýslumaðurinn á Patreksfirði	33,4	31,8	33,1	4,1	-0,9
Sýslumaðurinn í Bolungarvík	29,4	28,5	29,9	4,9	1,7
Sýslumaðurinn á Ísafirði	313,0	298,5	316,9	6,2	1,2
Sýslumaðurinn á Hólmavík	27,7	25,6	26,8	4,7	-3,2
Sýslumaðurinn á Blönduósi	193,4	182,6	190,1	4,1	-1,7
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	151,1	139,7	149,1	6,7	-1,3
Sýslumaðurinn á Siglufirði	49,3	47,8	49,6	3,8	0,6
Sýslumaðurinn á Akureyri	483,9	461,7	481,5	4,3	-0,5
Sýslumaðurinn á Húsavík	171,0	167,5	176,7	5,5	3,3
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	175,8	161,1	170,7	6,0	-2,9
Sýslumaðurinn á Eskifirði	238,4	230,4	244,2	6,0	2,4
Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	35,3	32,5	34,0	4,6	-3,7
Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal	45,9	42,7	42,0	-1,6	-8,5
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	187,6	165,4	174,9	5,7	-6,8
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	166,4	152,0	164,9	8,5	-0,9
Sýslumaðurinn á Selfossi	389,4	338,3	362,9	7,3	-6,8
Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ	144,9	137,9	146,2	6,0	0,9
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	184,4	171,2	182,5	6,6	-1,0
Sýslumaðurinn í Kópavogi	195,4	180,0	192,4	6,9	-1,5
Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembættisins	151,7	103,0	108,6	5,4	-28,4
Samtals	4.239,4	3.891,8	4.112,3	5,7	-3,0

414 Sýslumaður Snæfellinga. Gert er ráð fyrir að framlag til embættisins lækki um 10 m.kr. Forsætisráðuneytið fer með umsýslunni þjóðlendna skv. lögum nr. 58/1998, um þjóðlendur. Ráðuneytið gerði þjónustusamning við embætti sýslumanns Snæfellinga um að annast skráningu þjóðlendna og daglega umsýslu með þeim, s.s. umsýslu í tengslum við leyfisveitingar og fékk embættið nýtt 10 m.kr. framlag í fjárlögum 2009 til að standa undir þeim útgjöldum. Nú hefur verið ákveðið að umsýsla með þjóðlendum færist frá sýslumanni Snæfellinga til forsætisráðuneytisins. Er gert ráð fyrir að fjárveiting til sýslumannsembættisins lækki þá aftur um sömu fjárhæð. Forsætisráðuneytið mun í framhaldinu kanna nánar með hvaða hætti umsýslunni með þjóðlendum verður best komið fyrir.

Fangelsismál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 501 Fangelsismálastofnun ríkisins, 591 Fangelsisbyggingar

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fangelsismálastofnun ríkisins	1.229,1	1.197,1	1.270,0	6,1	3,3
Fangelsisbyggingar	6,8	13,6	13,2	-2,9	94,1
Samtals	1.235,9	1.210,7	1.283,2	6,0	3,8

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 37 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar en þær nema alls 109 m.kr. og að þeim meðtöldum hækka útgjöldin um 73 m.kr. milli ára. Lækkunin skýrist annars vegar af niðurfellingu á 15 m.kr. tímabundnu framlagi og hins vegar af 22 m.kr. samdrætti í ríkisútgjöldum, sem er 1,8% lækkun frá gildandi fjárlögum.

501 Fangelsismálastofnun. Gerð er tillaga um að 15 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var með fjárlögum 2011 til að styrkja meðferðarúrræði á Litla–Hrauni falli niður.

Vega- og umferðarmál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 651 Vegagerðin; 657 Umferðarstofa og 658 Rannsóknarnefnd umferðarslysa.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Vegagerðin	22.116,5	15.713,9	15.754,0	0,3	-28,8
Umferðarstofa	290,9	200,8	243,3	21,2	-16,4
Rannsóknarnefnd umferðarslysa	33,5	26,8	28,0	4,5	-16,4
Samtals	22.440,9	15.941,5	16.025,3	0,5	-28,6

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 61 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar en þær nema alls 23 m.kr. og að þeim meðtöldum hækka útgjöldin um 84 m.kr. milli ára. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 161 m.kr. eða 1% á verðlagi gildandi fjárlaga. Á móti vega nokkur ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 245 m.kr.

651 Vegagerðin. Lagt er til að veitt verði 200 m.kr. framlag til reksturs almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Gert er ráð fyrir að framlagið verði notað til að auka tíðni ferða almenningssvagna og bæta þjónustu, sérstaklega á meginleiðum milli sveitarfélaga og stærri hverfa. Með þessu tilraunaverkefni verður leitast við að draga úr samfélagslegum kostnaði, þ.e. kostnaði hins opinbera og kostnaði heimilanna við daglegar samgöngur samhliða því að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og auka hreyfanleika fólks. Gert er ráð fyrir að framlag ríkisins verði hrein viðbót við framlag sveitarfélaganna á svæðinu í reksturinn. Grunnnet almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu og áhrifasvæði þess hefur verið skilgreint og hvaða þjónusta sveitarfélögin veita. Framlagi ríkisins er ætlað að styrkja það frá því sem verið hefur og er því ekki gert ráð fyrir því að framlög sveitarfélaganna skerðist á móti. Vegna erfðrar stöðu í ríkisfjármálum hefur á umliðnum misserum reynst erfitt að koma af stað tilraunaverkefnum eins og hér um ræðir og er því gert ráð fyrir að samkomulag verði við viðkomandi sveitarfélög um að framkvæmdum í vegagerð á svæðinu verði frestað á móti á meðan reynsla fæst af því hvort tilætluðum árangri verður náð. Verði niðurstaðan jákvæð mun verða hugað að því hvort unnt verði að auka við framlagið á grundvelli aukinnar tekjuöflunar.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2011	Frumvarp 2012
Heildarfjárveiting til Vegagerðarinnar	15.713,9	15.754,0
Beinar greiðslur úr ríkissjóði		
Styrkur til almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu		200,0
Styrkir til innanlandsflugs	189,5	184,0
Samtals	189,5	384,0
Skil á mörkuðum tekjustofnum	15.449,0	15.295,0
Viðskiptahreyfing á gjaldahlið A-hluta	75,0	75,0
Ráðstöfun markaðra tekna		
Innheimtar tekjur	15.210,0	15.350,0
Afborganir af ferjulánum, vegna skuldar frá 1999	0,0	0,0
Viðskiptahreyfing (inneign, skuld)	239,0	-55,0
Greitt úr ríkissjóði	15.449,0	15.295,0

Gert er ráð fyrir að heildarfjárveiting til Vegagerðarinnar verði 15.754 m.kr. á árinu 2012. Hún er fjármögnuð í fyrsta lagi með 384 m.kr. greiðslu úr ríkissjóði vegna styrkja til almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu og til innanlandsflugs. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að fjárveiting Vegagerðarinnar verði fjármögnuð með mörkuðum tekjustofnum að fjárhæð 15.295 m.kr. Reiknað er með að innheimtar markaðar tekur verði 15.350 m.kr. og að viðskiptahreyfing að fjárhæð 55 m.kr. færirst á tekjuhlið ríkissjóðs. Í þriðja lagi er gert

ráð fyrir 75 m.kr. í afskriftir markaðra tekna. Í töflunni hér á undan má sjá hvernig heildarfjárveiting til Vegagerðarinnar er fjármögnuð en einnig er hægt að sjá yfirlit um markaðar tekjur í séryfirliti 3 í frumvarpinu.

657 Umferðarstofa. Lögð er til 22 m.kr. hækkun fjárheimildar sem svarar til hækkunar tekna í endurskoðaðri áætlun um ríkistekjur stofnunarinnar, en stofnunin er alfarið fjármögnuð með mörkuðum tekjum.

Siglingamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 661 Siglingastofnun Íslands; 662 Hafnarframkvæmdir og 668 Rannsóknarnefnd sjóslysa.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Siglingastofnun Íslands	843,2	943,1	823,4	-12,7	-2,3
Hafnarframkvæmdir	1.618,7	577,2	474,4	-17,8	-70,7
Rannsóknarnefnd sjóslysa	31,7	36,1	37,4	3,6	18,0
Samtals	2.493,6	1.556,4	1.335,2	-14,2	-46,5

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 275 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar en þær nema alls 54 m.kr. og að þeim meðtöldum lækka útgjöldin um 221 m.kr. milli ára. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 51 m.kr. eða 3,3% á verðlagi gildandi fjárlaga. Þá koma fram nokkur ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 53 m.kr. Á hinn bóginn falla niður samtals 223 m.kr. af framlögum sem veitt voru til tíma-bundinna verkefna.

661 Siglingastofnun Íslands. Gert er ráð fyrir 120 m.kr. lækkun fjárheimildar stofnunarinnar, þar sem framlag til sjóvarna lækkar með því að framkvæmdum við sjóvarnir í Vík í Mýrdal er lokið. Aðrar breytingar á fjárheimildum skýrast af hagræðingarráðstöfunum í ríkisútgjöldum og af verðlagsreikningi frumvarpsins.

662 Hafnarframkvæmdir. Gert er ráð fyrir að framlög til liðarins lækki um 103 m.kr. frá gildandi fjárlögum þar sem framkvæmdir við Landeyjahöfn dragast saman og verða 100 m.kr. sem verði varið til landgræðslu á Landeyjasandi, lóðafrágangs, dýpkunar á sandrifi og breytinga á ferjuaðstöðu í Vestmannaeyjum. Aðrar breytingar á fjárheimildum skýrast af sparnaðarráðstöfunum í ríkisútgjöldum og af verðlagsreikningi frumvarpsins.

Flugmál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 671 Flugmálastjórn Íslands; 672 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta og 678 Rannsóknarnefnd flugslysa.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Flugmálastjórn Íslands	463,6	444,5	453,2	2,0	-2,2
Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta	2.721,3	2.437,6	1.808,0	-25,8	-33,6
Rannsóknarnefnd flugslysa	47,0	38,9	40,3	3,6	-14,3
Samtals	3.231,9	2.921,0	2.301,5	-21,2	-28,8

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 650 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar en þær nema alls 31 m.kr. og að þeim meðtöldum lækka útgjöldin um 620 m.kr. milli ára. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 36 m.kr. eða 1,2% á verðlagi gildandi fjárlaga. Þá koma fram ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 15 m.kr. en vegna breyttra forsendna með lækkun útgjalda ríkissjóðs á móti niðurfellingu ríkistekna lækka þær aftur um 599 m.kr. Niðurstaðan verður því lækkun um 583 m.kr.

671 Flugmálastjórn Íslands. Gert er ráð fyrir að fjárheimildir stofnunarinnar hækki um 21 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Framlag ríkissjóðs lækkar um 3,6 m.kr. vegna aukinna endurgreiðslna til stofnunarinnar á virðisaukaskatti af aðkeyptri tölvuvinnslu frá einkafyrirtækjum miðað við undanfarin tvö ár. Aðrar breytingar á fjárheimildum skýrast af sparnaðarráðstöfunum í ríkisútgjöldum og af verðlagsreikningi frumvarpsins.

672 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta. Gert er ráð fyrir að framlög til liðarins lækki um 629,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Með því að Alþingi felldi úr gildi lög um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála falla niður tekjur ríkissjóðs af flugvallaskatti og varaflugvallagjaldi frá þeim tíma. Framlag til félagsins ISAVIA á útgjaldahlið lækkar í sama mæli þar sem félagið innheimtir í staðinn notendagjöld af flugrekstraraðilum samkvæmt gjaldskrá. Um er að ræða formbreytingu á fyrirkomulagi tekjuöflunarinnar sem hefur engin teljandi áhrif á afkomu ríkissjóðs né félagsins.

Póst- og fjarskiptamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 681 Póst- og fjarskipta- stofnunin; 682 Jöfnunarsjóður alþjónustu og 689 Fjarskiptasjóður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Póst- og fjarskiptastofnunin	315,0	272,8	283,8	4,0	-9,9
Jöfnunarsjóður alþjónustu	38,2	37,5	42,4	13,1	11,0
Fjarskiptasjóður	284,5	40,0	10,0	-75,0	-96,5
Samtals	637,7	350,3	336,2	-4,0	-47,3

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 34 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar en þær nema alls 20 m.kr. og að þeim meðtöldum lækka útgjöldin um 14 m.kr. milli ára. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 9 m.kr. eða 2,7% á verðlagi gildandi fjárlaga. Þá koma fram ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 22 m.kr. en lækka þau síðan aftur vegna breyttra forsendna um 27 m.kr. og er niðurstaðan því sú að lækkun verður um 5 m.kr.

681 Póst- og fjarskiptastofnunin. Gert er ráð fyrir að framlög til stofnunarinnar hækki um 12 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Fjárheimildir lækka um 2 m.kr. vegna aukinna endurgreiðslna til stofnunarinnar á virðisaukaskatti af aðkeyptri tölvuvinnslu frá einka-fyrirtækjum miðað við undanfarin tvö ár. Stofnunin fær nú 5 m.kr. framlag úr ríkis-sjóði vegna eftirlitsverkefna skv. fjölmiðalögum. Framlagið hækkar um helming og verður á ársgrundvelli í stað hálfis árs. Að öðru leyti er stofnunin fjármögnuð alfarið með mörkuðum tekjum og öðrum rekstrartekjum. Aðrar breytingar á fjárheimildum skýrast af sparnaðarráðstöfunum í ríkisútgjöldum og af verðlagsreikningi frumvarpsins.

689 Fjarskiptasjóður. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins lækki um 29 m.kr. Fjarskipta-sjóði var komið á fót tímabundið í kjölfar sölunnar á Landsímanum árið 2005 en með lögum var ákveðið að verja tilteknum fjármunum til uppbyggingar í fjarskiptamálum. Samningar sem gerðir voru um uppbyggingu GSM sambanda og háhraðanets fela í sér að útgjöldin hafa dregist mjög saman frá fyrri árum. Að óbreyttum lögum fellur ríkis-framlag til sjóðsins endanlega niður árið 2014.

Kirkjumál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 701 Þjóðkirkjan; 705 Kirkjumálasjóður; 707 Kristnissjóður; 733 Kirkjugarðar; 735 Sóknargjöld og 736 Jöfnunarsjóður sókna.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Þjóðkirkjan	1.376,6	1.276,3	1.333,0	4,4	-3,2
Kirkjumálasjóður	256,5	233,3	222,5	-4,6	-13,3
Kristnisjóður	82,2	76,3	74,0	-3,0	-10,0
Kirkjugarðar	901,2	844,7	888,0	5,1	-1,5
Sóknargjöld	2.042,6	1.859,0	1.790,0	-3,7	-12,4
Jöfnunarsjóður sókna	331,9	302,0	288,0	-4,6	-13,2
Samtals	4.991,0	4.591,6	4.595,5	0,1	-7,9

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 153 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar en þær nema alls 157 m.kr. og að þeim meðtöldum hækka útgjöldin um 4 m.kr. milli ára. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 138 m.kr. eða 3% á verðlagi gildandi fjárlaga. Þá koma fram nokkur ný samnings- og lögbundin tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 142 m.kr.

701 Þjóðkirkjan. Gerð er tillaga um 38,9 m.kr. lækkun fjárheimilda. Á móti veða 95,6 m.kr. vegna verðlagsreiknings frumvarpsins og verður því um 56,7 m.kr. hækkan á framlaginu. Til þess að breytingar á fjárveitingum til þjóðkirkjunnar gangi eftir er nauðsynlegt að gera breytingu á lögum nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti kirkjunnar, þar sem kveðið er á um forsendur fyrir greiðslum ríkisins til kirkjunnar. Jafnframt þarf að gera samsvarandi breytingu á samkomulagi ríkis og kirkju frá árinu 1997.

707 Kristnisjóður. Framlag til sjóðsins verður 74 m.kr. á næsta ári og lækkar um 2,3 m.kr. Árlegt framlag í fjárlögum til kristnisjóðs skal svara til 15 fastra árslauna presta í fámennustu prestaköllum. Eins og varðandi fjárveitingu til þjóðkirkjunnar er nauðsynlegt að gera breytingu á lögum nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti kirkjunnar, þar sem kveðið er á um forsendur fyrir greiðslum ríkisins til sjóðsins.

733 Kirkjugarðar. Lagt er til að framlög til kirkjugarða lækki um 18,3 m.kr frá gildandi fjárlögum að raungildi. Framlagið er lækkað um 25,3 m.kr. vegna samdráttar í ríkisútgjöldum en á móti kemur 7 m.kr. vegna endurskoðunar á reiknilíkani. Samkomulag um framlag ríkisins til kirkjugarða byggir á reiknilíkani þar sem um 20% af framlaginu tekur mið af fjölda jarðsetninga og líkbrennslum en um 80% framlagsins miðast við stærð svæða í umhirðu hjá gördunum í lok ársins 2008. Aðrar breytingar á fjárheimildum skýrast af launa- og verðlagsreikningi frumvarpsins.

735 Sóknargjöld. Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar lækka um 27 m.kr. vegna endurmats á fjölda einstaklinga í skráð trúfélög, sóknargjöld til annarra trúfélaga hækka um 14 m.kr. af sömu ástæðu. Lögboðið framlag til sókna þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga breytist að öllu jöfnu í samræmi við áætlaða breytingu á meðaltekjuskattstofni einstaklinga 16 ára og eldri, sem og fjölgun einstaklinganna. Nú er hins vegar, eins og í ár, með breytingu á lögum nr. 91/1987 gert ráð fyrir að festa fjárhæðina við 677 kr. á einstakling á mánuði sem er liður í útfærslu ráðuneytisins á aðhaldsmarkmiðum í samræmi við áætlun stjórnvalda um jöfnuð í ríkisfjármálum. Í heild lækka sóknargjöld um 68 m.kr. þar af um 55,8 m.kr. vegna hagræðingarráðstafana í ríkisútgjöldum. Með sama hætti er gert ráð fyrir lækkun á liðunum *06–705 Kirkjumálasjóður* og *06–736 Jöfnunarsjóður sókna* en framlög til þeirra eru tiltekin hlutföll af framlagi vegna sóknargjalda.

Neytendamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 801 Neytendastofa og 805 Talsmaður neytenda.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Neytendastofa	177,5	131,8	173,1	31,3	-2,5
Talsmaður neytenda	13,1	14,2	14,5	2,1	10,7
Samtals	190,6	146,0	187,6	28,5	-1,6

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 29 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar en þær nema alls 12 m.kr. og að þeim meðtöldum hækka útgjöldin um 42 m.kr. milli ára. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að því aðhaldsmarkmið um lækkun ríkisútgjalda taki því sem næst ekkert til þessa málaflokks, eða aðeins 0,8 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga. Þá koma fram nokkur ný tilefni fyrir útgjalda-skuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 42 m.kr.

801 Neytendastofa. Gert er ráð fyrir að fjárheimildir stofnunarinnar hækki um 42 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Ráðuneytið hefur endurmetið rekstrarumfang stofnunarinnar í ljósi breytinga sem orðið hafa á rekstri hennar og er niðurstaða þess mats sú að hækka þurfi fjárheimildir stofnunarinnar um 30 m.kr. að raungildi til að reksturinn rúmist innan heimilda fjárlaga. Aðrar breytingar á fjárheimildum skýrast af verðlagsreikningi frumvarpsins.

Landsskrár

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokkis: 821 Þjóðskrá Íslands.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Þjóðskrá Íslands	1.043,8	755,5	822,0	8,8	-21,2
Samtals	1.043,8	755,5	822,0	8,8	-21,2

Heildarfjárveiting til málefnaflokkisins hækkar um 9 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar en þær nema alls 57 m.kr. og að þeim meðtöldum hækka útgjöldin um 66 m.kr. milli ára. Hækkunartilefni vega samtals 44 m.kr. en á móti kemur 35 m.kr. lækkun vegna aðhaldsmarkmiða og niðurfellingar á tómbundnu framlagi.

821 Þjóðskrá Íslands. Gerð er tillaga um 44 m.kr. hækkun af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi 30 m.kr. þar sem nú þarf að kaupa a.m.k. 10 þúsund fleiri vegabréfabækur heldur en verið hefur undanfarin ár, en vegabréf eru nú almennt gefin út til 5 ára í stað 10 ára eins og áður var. Í öðru lagi er 10 m.kr. tímabundið framlag til þess að efla rafræna stjórnsýslu, en stofnunin hefur nú tekið við verkefninu: Mínar síður á Ísland.is. Í þriðja lagi er 4 m.kr. tímabundið framlag sem er hluti af stefnumörkun um upplýsinga-samfélagið. Markmið verkefnisins er að endurskoða grunngerð þjóðskrár og aðlaga að breyttum tíma. Á móti þessum hækkunartilefnum vegur 25 m.kr. lækkun vegna aðhaldsmarkmiða í ríkisrekstri, auk 10 m.kr. niðurfellingar á framlagi til uppsetningar á vef vegna þjónustutillskipunar Evrópusambandsins, Point of Single Contact. Aðrar breytingar skýrast að launa- og verðlagsbreytingum.

Sveitarstjórnarmál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokkis: 841 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og 848 Meðlög samkvæmt lögum nr. 76/2003.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	14.700,2	13.804,3	15.132,4	9,6	2,9
Meðlög samkvæmt lögum nr. 76/2003	179,9	207,1	214,3	3,5	19,1
Samtals	14.880,1	14.011,4	15.346,7	9,5	3,1

Heildarfjárveiting til málefnaflokkans hækkar um 892 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar en þær nema alls 444 m.kr. og að þeim meðtöldum hækka útgjöldin um 1.335 m.kr. milli ára. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 350 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga. Þá koma fram nokkur ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 1.685 m.kr.

841 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Í heild er lagt til að heimildir til liðarins hækki um 1.328 m.kr. Þar af eru 436 m.kr. vegna verðlagshækkunar frá gildandi fjárlögum. Endurskoðuð áætlun um hækkun lögbundinna framlaga sem reiknast af skatttekjum og útsvarstekjum gerir ráð fyrir að framlagið hækki um 558 m.kr. Spáin miðast við að skatttekjur verði 447.750 m.kr. á verðlagi næsta árs miðað við núverandi framsetningu greiðslugrunns í fjárlögum og að álagningarstofn útsvars verði 925.842 m.kr. Lögbundin framlög ríkisins til Jöfnunarsjóðs eru ákvörðuð með tvennum hætti samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Í fyrsta lagi er 9.492 m.kr. framlag úr ríkissjóði sem er 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs. Í öðru lagi er 2.448 m.kr. framlag sem er 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs. Lögbundin framlög eru því 11.937 m.kr. á áætluðu verðlagi ársins 2012 en 11.511 m.kr. á verðlagi ársins 2011 miðað við að verðlagshækkun ríkistekna verði 3,7% milli ára. Þá er gert ráð fyrir að sérstakt aukaframlag vegna sveitarfélaga sem verst eru sett fjárhagslega sökum áhrifa bankahrunsins á skuldastöðu þeirra falli niður í tveimur áföngum árin 2012 og 2013 og lækki því um helming frá gildandi fjárlögum, eða um 350 m.kr. Framlög til liðarins vegna málefna fatlaðra hækka um 694 m.kr. frá gildandi fjárlögum vegna samkomulags ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlaða frá 23. nóvember 2010 sbr. fyrra samkomulag um sama efni frá 6. júlí 2010 en þar var gert ráð fyrir þessum framlagi. Framlög hækka um 194 m.kr. vegna aðlögunar og útfærslu þjónustunnar. Samkvæmt samkomulagi um yfirfærsluna er gert ráð fyrir að árið 2012 verði framlagið hækkað í 395 m.kr. Framlagið árið 2011 varð 201 m.kr. Þegar tekið hafði verið tillit til verðlagsbreytinga. Framlög til liðarins vegna notenda-stýrðrar persónulegrar aðstoðar við fatlaða á vegum sveitarfélaga sem fyrirhugað er að hefja á næsta ári hækka um 49 m.kr. Samkvæmt samkomulaginu er gert ráð fyrir að árið 2012 verði framlagið hækkað í 100 m.kr. Fjárhæðin er skv. gildandi fjárlögum 51 m.kr. með verðlagsbreytingum. Þá hækkar framlag vegna biðlista eftir þjónustu um 200 m.kr. samkvæmt samkomulaginu og að lokum er gerð tillaga um að veitt verði 241 m.kr. til viðfangsefnisins vegna veikrar stöðu útsvarstofnsins. Samkomulag ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlaða gerir ráð fyrir þessu framlagi sem var 371 m.kr. á gildandi fjárlögum. Aðrar breytingar á fjárheimildum skýrast af verðlags-reikningi frumvarpsins.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.10 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
06-190-1.90	Ýmiss verkefni	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld.
06-190-1.93	Dómsmál, ýmis kostnaður	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld dómsstóla.
06-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
06-390-1.10	Ýmis löggæslukostnaður	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld löggæslustofnana.
06-490-1.10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld sýslumanna.

08 Velferðarráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun velferðarráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	95.670,4	90.949,1	95.944,9	5	0
Neyslu- og rekstrartilfærslur	116.313,9	116.105,2	127.388,0	10	10
Stofnkostnaður og viðhald	36.326,3	2.335,6	2.012,6	-14	-94
Samtals	248.310,6	209.389,9	225.345,5	8	-9
Greitt úr ríkissjóði	-	148.893,9	163.371,8	10	-
Innheimt af ríkistekjum	-	60.825,0	62.302,7	2	-
Viðskiptahreyfingar	-	-329,0	-329,0	0	-
Samtals	-	209.389,9	225.345,5	8	-

Heildargjöld velferðarráðuneytis árið 2012 eru áætluð um 233.993 m.kr. á rekstrar- grunnunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 8.647 m.kr. en þær nema 3,7% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 225.346 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 163.372 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 62.303 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 329 m.kr., færist til lækkunar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.

Vakin er athygli á að í inngangi þessa kafla um gjöld A–hluta, kafla 3.5, er umfjöllun um fyrirhugaðan samdrátt í ríkisútgjöldum á næsta ári þar sem farið er heildstætt yfir þau áform fyrir öll ráðuneytin og málaflökka þeirra.

Einnig er vakin athygli á því að framsetning á útgjöldum ráðuneytisins í frumvarpinu hefur verið aðlöguð breyttri verkaskiptingu Stjórnarráðsins. Velferðarráðuneytið varð til í ársbyrjun 2011 er félags- og tryggingamálaráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið voru sameinuð í eitt ráðuneyti. Samhliða því átti sér stað tilfærsla á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Þannig hafa útgjaldatölur úr ríkisreikningi liðins árs verið lækkaðar sem nemur veltu verkefna sem fluttust frá ráðuneytinu í ár en hækkaðar á sama hátt hjá ráðuneyti sem tók við verkefnum. Í töflum í þessum kafla lækka útgjöld velferðarráðuneytis þess vegna um 10.765 m.kr. á árinu 2010 frá því sem fram kemur í ríkisreikningi 2010 vegna tilfærslu málaflökks fatlaðra til sveitarfélaga. Er þetta gert til að gefa betri mynd af þróun útgjalda milli ára í viðkomandi ráðuneytum. Heildarfjárveiting til málefnaflökksins lækkar um 148 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Enn fremur er vakin athygli á því að í reikningstöllum ársins 2010 eru færð 33.000 m.kr. einskiptis útgjöld vegna framlags til Íbúðalánasjóðs til styrkingar fjárhagsstöðu hans og skýrir það mikla hlutfallslega lækkun útgjalda milli árana 2010 og 2012 í töflunni hér fyrir ofan.

Í frumvarpinu dragast útgjöld velferðarráðuneytisins saman um 2.326 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2011 en þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum verðlags- og gengisbreytingum hækka útgjöldin um 15.956 m.kr. milli ára eða sem svarar til 7,6%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi verða gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 3.861 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum. Í öðru lagi hækka útgjöld ráðuneytisins vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2012 en þær nema samtals 3.134 m.kr. Vegur þar þungt að útgjöld vegna almannatrygginga hafa farið fram úr áætlunum en einnig er gert ráð fyrir 2.696 m.kr. hækkun til sjúkratrygginga þar sem aðhaldsmarkmið í yfirstandandi fjárlögum hafa ekki gengið eftir um lækkun útgjalda nokkurra bótaflokka, s.s. kostnaðar vegna lyfja og lækniskostnaðar. Einnig má nefna 387 m.kr. áætlaðan kostnað vegna samkomulags um víxlverkun bóta almannatrygginga og lífeyrisgreiðslna úr lífeyrissjóðum. Á móti því vega, í þriðja lagi, tímabundin framlög til ýmissa verkefna sem falla niður og nema 1.598 m.kr. Nettólækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 2.326 m.kr. Loks bætast við verðlagshækkunar ársins 2012, sem eru áætlaðar 18.281 m.kr., þannig að heildargjöldin hækka sem fyrr segir um 15.956 m.kr. milli ára. Þar vega þyngst hækkunar á launum samkvæmt kjarasamningum við stéttarfélag ríkisstarfsmanna og verulegar hækkunar á bótum almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga með hliðsjón af kjarasamningum á almennum vinnumarkaði. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að í fjárheimildum vegna annarra rekstrargjalda en launa verði vegið upp vanmat á verðlagshækkunum í forsendum fjárlaga 2011 til viðbótar við spá um verðbreytingar ársins 2012, auk þess sem tekið er tillit til áhrifa af lækkun á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt.

Fjárveitingar til verkefna velferðarráðuneytisins markast nokkuð af því að gert er ráð fyrir áframhaldandi aðhaldsráðstöfunum í frumvarpinu í samræmi við áætlun ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum þótt þær verði ekki jafn umfangsmiklar og í fjárlögum undanfarinna þriggja ára. Hagræðingarkrafa til stofnana sem annast heilbrigðisþjónustu, þjónustu við börn og ungmenni, fatlaða og aldraða er fjórða árið í röð nálægt helmingi lægri en í annarri starfsemi. Samdráttur í rekstrarveltu þessara stofnana er áætlaður 1,5%–2,0% en hjá aðalskrifstofu ráðuneytisins og stjórnarsýslu- og eftirlitsstofnunum er gerð krafa um 3% samdrátt í útgjöldum. Sparnaðaráformin á árinu 2012 munu kalla á umtalsverðar aðhaldsaðgerðir og forgangsröðun verkefna hjá stofnunum. Í samstarfi við stofnanir og starfsmenn þeirra mun ráðuneytið kappkosta að grunnþjónustu innan heilbrigðiskerfisins og öðrum brýnum velferðarverkefnum verði hlíft eins og kostur er. Þá er gert ráð fyrir að með sértækum aðgerðum verði dregið úr útgjöldum almannatrygginga, sjúkratrygginga, atvinnuleysisbóta og fleiri tilfærsluáðum sem svarar til 1,5% af veltu þeirra í fjárlögum 2011. Víkið er að þeim áformum í umfjöllun um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir. Alls er í frumvarpinu reiknað með að aðhaldsaðgerðir ráðuneytisins á næsta ári lækki útgjöld sem nemur 1,84% af veltu ráðuneytisins í fjárlögum 2011.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 95.945 m.kr. og hækka um 4.996 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Rekstrarfjárveitingar flestra stofnana og verkefna sem heyra undir ráðuneytið eru lækkaðar alls um 2.078 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Aðhaldsmarkmið ráðuneyta voru miðuð við að lækka útgjöld sem nemur 3% af veltu stjórnsýslu og almennrar þjónustu en 1,5% af veltu velferðarmálaflokka, skóla og löggæslu. Lækkunin hjá velferðarráðuneytinu nemur 2,3% af rekstrarveltu að raungildi. Lækkun umfram 1,5% skýrist að hluta af því að á vegum ráðuneytisins starfa stjórnsýslu- og eftirlitsstofnanir þar sem gerð er meiri hagræðingarkrafa en auk þess lækka útgjöldin um 600 m.kr. vegna frestunar um eitt ár á hluta aðhaldsaðgerða hjá heilbrigðisstofnunum sem útfærðar voru í fjárlagafrumvarpi 2011. Þótt markmiðin hafi verið sett miðað við veltu eru þau útfærð eftir forgangsröð og áherslum ráðuneytisins sem getur falið í sér mismikla skerðingu á fjárveitingum eins og fram kemur í umfjöllun um einstakar stofnanir og verkefni. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir auknum eða nýjum útgjaldaskuldbindingum í rekstri sem nema 54 m.kr. Þar munar mest um 32 m.kr. framlag til Sjúkratrygginga Íslands vegna útgáfu lyfjaskírteina í nýju greiðsluþáttökukerfi í kostnaði vegna lyfja. Í öðru lagi má nefna 15 m.kr. framlag sem ætlað er að tryggja óbreyttan fjölda hjúkrunarrýma á Reykhólum og tengist átaki ríkisstjórnarinnar til að verja störf og byggð á Vestfjörðum. Á móti falla niður nokkur framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna að fjárhæð 297 m.kr. Stærsta einstaka tilefnið er að felld er niður 255 m.kr. fjárheimild sem nýtt hefur verið til að mæta kostnaði við niðurlagningu og lokun svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á yfirstandandi ári. Loks nemur verðlagshækkun fjárveitinga til rekstrar 7.316 m.kr. einkum vegna launahækkana.


Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 11.283 m.kr. og verða 127.388 m.kr. en eru 116.105 m.kr. í fjárlögum ársins 2011. Sett var markmið um 3% lækkun almennra tilfærslustyrkja og úthlutunarliða við undirbúning frumvarpsins en 1,5% í bótakerfum og er gert ráð fyrir að þau útgjöld ráðuneytisins lækki um 1.739 m.kr. Af þessum aðhaldsráðstöfunum vegur þyngst 800 m.kr. lækkun sem lögð er til á útgjöldum Atvinnuleysistryggingasjóðs, 420 m.kr. lækkun á útgjöldum almannatrygginga og 320 m.kr. lækkun á útgjöldum sjúkratrygginga. Um aðgerðir til að ná fram lækkun á útgjöldum þessara sjóða og bótaflokka vísast til umfjöllunar um þá hér síðar. Aðrar breytingar skýra um 200 m.kr. lækkun tilfærsluútgjalda. Þar er annars vegar um að ræða tilfærsluframlög til félagasamtaka og hins vegar áætlaða lækkun á útgjöldum Fæðingarorlofssjóðs sem leiðir af aðgerðum sem þegar hefur verið gripið til í starfsemi sjóðsins. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að endurmat á áætluðum útgjaldaskuldbindingum almannatrygginga og sjúkratrygginga hækki tilfærsluútgjöld um 4.476 m.kr. Sú hækkun tekur mið af þróun útgjalda á árinu 2011, en hana má einkum rekja til þess að mun fleiri ellilífeyrisþegar og örorkulífeyrisþegar hafa fengið greiddar bætur en reiknað var með og fjármagnstekjur lífeyrisþega reyndust vera umtalsvert lægri en áætlað var. Á hinn bóginn lækka tilfærsluútgjöldin um 4.178 m.kr. af hagrænum ástæðum. Þar vegur þyngst að gert er ráð fyrir að útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs

lækki um 3.100 m.kr. í samræmi við spá Hagstofu Íslands um minnkandi atvinnuleysi á árinu 2012. Í frumvarpinu er reiknað með að atvinnuleysi á árinu 2012 verði að jafnaði 6% en í forsendum fjárlaga 2011 var miðað við 7,3% atvinnuleysi. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að útgjöld Fæðingarorlofssjóðs lækki um 1.078 m.kr. Fæðingum hefur fækkað og nokkuð hefur dregið úr töku fæðingarorlofs hjá foreldrum á síðastliðnum tveimur árum. Hagrænar ástæður skýra þannig að talsverðu leyti þá 298 m.kr. hækkun sem er á tilfærsluútgjöldum frá fjárlögum 2011. Þá lækka tilfærsluútgjöld um 1.056 m.kr. vegna tímabundinna framlaga sem falla niður. Þar af lækka útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs um 750 m.kr. vegna þeirra sem fengið hafa bætur í full fjögur ár um næstu áramót. Verðlagshækkun fjárveitinga sem teljast til tilfærslna nemur um 10.886 m.kr. Þessi mikla hækkun stafar af því að ákveðið var að hækka bætur almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga mjög verulega á þessu ári, eða um 8,1%, með hliðsjón af krónutöluhækkun lægstu launa í kjarasamningum. Í frumvarpinu er síðan gert ráð fyrir að hækkun bóta á næsta ári verði 3,5% í samræmi við almenna prósentuhækkun í kjarasamningum á vinnumarkaði. Uppsöfnuð hækkun bóta verður þar með orðin nálægt 12% á hálfis árs tímabili. Vikið er nánar að áformum um sparnað og helstu útgjaldabreytingar í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 2.013 m.kr. og er það 323 m.kr. lækkun milli ára. Framlög lækka um 44 m.kr. til að mæta áformum um samdrátt í ríkisútgjöldum en sett var markmið um 3% lækkun. Þar vegur þyngst lækkun framlaga til viðhalds, fasteigna og tækjakaupa á sjúkrahúsum. Alls er gert ráð fyrir 20 m.kr. lækkun á útgjaldaheimildum til þessara verkefna. Þá er framlag til byggingar á hjúkrunarheimilum lækkað um 16,5 m.kr. Því til viðbótar falla niður framlög að fjárhæð 245 m.kr. sem veitt voru til tímabundinna stofnkostnaðarverkefna. Um er að ræða þrjú megintilefni. Í fyrsta lagi fellur niður 50 m.kr. framlag til Jaðars hjúkrunarheimilis í Ólafsvík, en framkvæmdum við það er lokið. Framlag til byggingar Hulduhlíðar, hjúkrunarheimilis á Eskifirði lækkar úr 160 m.kr. í 83 m.kr. Framkvæmdir við það heimili eru hafnar og áætlað að þeim ljúki á næsta ári. Í þriðja lagi lækkar framlag vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum um 118 m.kr. Breytingin skýrist af minni fjárþörf til niðurgreiðslu vaxta af lánum til félagslegra leiguíbúða þar sem eftirspurn eftir slíkum lánveitingum er lítil um þessar mundir. Þá skal athygli vakin á að framlag að fjárhæð 30 m.kr. í fjárlögum 2011 til Varasjóðs húsnæðismála fellur alfarið niður. Það er gert í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélag um aðkomu ríkisins að tónlistarkennslu en í því samkomulagi er kveðið á um að sveitarfélögin greiði framlag ríkissjóðs í varasjóðinn.

Vikið er nánar að áformum um sparnað og forgangsröð útgjalda og helstu útgjalda-breytingar í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2012 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Skuldbindandi samningar

Velferðarráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 10.600 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2011, eru á áætluðu verðlagi ársins 2012 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 4,8% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2012.

Skuldbindandi samningum ráðuneyta er skipað í þrjá flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar sem velferðarráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í töflunni og er kostnaður vegna þeirra áætlaður 10.513 m.kr. á yfirstandandi ári. Engir samningar falla undir B flokk en það eru samningar sem bæði ráðuneytin standa að. Að lokum eru 88,6 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem velferðarráðuneytið sendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur, þannig að til jafnaðar verði nálægt 11.200 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Unnið er að endurnýjun nokkurra eldri samninga. Þar skal fyrst nefna samning við Akureyrarkaupstað um heilsugæslu, við Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands, við Samtök áhugafólks um áfengisvandamálið og um sjúkraflug svo nokkrir stórir samningar séu nefndir.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2011	2012	2013	2014	2015
Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	A	175,0	183,7	183,7	183,7	183,7
Samningur um sjúkrahjálfun fyrir fatlaða	A	56,5	59,3	59,3	59,3	59,3
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	A	614,4	647,6	647,6	647,6	647,6
Leitarstöð Krabbameinsfélags Ísl., forvarnir	A	305,5	316,6	316,6	316,6	316,6
Hjartavernd, hóprannsóknir	A	61,4	63,9	63,9	63,9	63,9
Sjúkrahótel	A	90,7	91,5	91,5	91,5	91,5
Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjón	A	1.253,2	1.374,0	1.374,0	1.374,0	1.374,0
Samningur við Hornafjörð um öldrunarþjón	A	223,4	191,0	191,0	191,0	191,0
Hrafnista, Reykjavík endurhæfingarrými	A	286,5	305,4	305,4	305,4	305,4
Hrafnista við Boðaðing í Kópavogi	A	327,1	351,9	351,9	351,9	351,9
Hjúkrunarheimilið Eir, endurhæfingarrými	A	117,5	125,3	125,3	125,3	125,3
Mörkin, Reykjavík	A	795,2	872,1	872,1	872,1	872,1
Sóltún, Reykjavík	A	994,6	1.071,0	1.071,0	1.071,0	1.071,0
Reykjalundur	A	1.280,5	1.354,0	1.354,0	1.354,0	1.354,0
Hlein	A	111,8	119,5	119,5	119,5	119,5
Heilsustofnun NLFÍ Hveragerði, endurhæfing	A	497,8	527,7	527,7	527,7	527,7
Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæði	A	1.003,7	1.065,0	1.065,0	1.065,0	1.065,0
Læknavaktin ehf., vaktþjónusta	A	239,7	292,8	292,8	292,8	292,8
Sjúkraflutningar á Akureyri	A	66,7	64,9	64,9	64,9	64,9
Sjúkraflutningar á Suðurnesjum	A	66,7	64,9	64,9	64,9	64,9
Sjúkraflutningar á höfuðborgarsvæðinu	A	476,1	464,2	464,2	464,2	464,2
RKÍ, öflun bifreiða/búnaðar til sjúkraflutn.	A	137,2	140,2	140,2	140,2	140,2
Mýflug - sjúkraflug á Norðursvæði	A	120,8	123,4	123,4	123,4	123,4
Akureyrarbær, rekstur heilsugæslu	A	488,0	515,6	515,6	515,6	515,6
Heilsugæslustöðin í Salahverfi Kópavogi	A	278,5	295,7	295,7	295,7	295,7
Heilbrigðisst. Suð-Austurl., rekstur heilbrj.	A	189,9	202,5	202,5	202,5	202,5
Háholt, meðferð barna og ungmenna	A	98,0	103,0	103,0	103,0	103,0
Laugaland, meðferð barna og ungmenna	A	92,0	97,0	97,0	97,0	97,0
Landspítali, málefni barna og ungmenna	C	35,0	35,0	35,0	35,0	35,0
ÖBÍ, verndaður vinnustaður	A	19,4	20,2	20,2	20,2	20,2
Múlalundur, verndaður vinnustaður	A	23,7	24,7	24,7	24,7	24,7
Blindrafélagið, verndaður vinnustaður	A	21,4	22,3	22,3	22,3	22,3
Vímulaus æska, - rekstur Foreldrahúss	C	10,0	9,7	9,7	9,7	9,7
Reykjavíkurborg, -heimili fyrir heimilislausa	C	26,7	27,9	27,9	27,9	27,9
Sjónarhóll	C	16,9	16,4	16,4	16,4	16,4
Samtals		10.601,5	11.239,9	11.239,9	11.239,9	11.239,9

Tilraunaverkefni í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð

Greiðslur atvinnuleysisbóta og útgjöld vegna úrræða atvinnuleitenda

Vinnumálastofnun setti í gang tvö verkefni í kynjaðri fjárlagagerð sumarið 2010. Annars vegar greiningu á útgjöldum til atvinnuleysistrygginga og hins vegar greiningu á þátttöku kynja í úrræðum og hvernig útgjöld til málaflokksins skiptust eftir kyni.

Um 58% þeirra sem fengu greiddar atvinnuleysistryggingar á árinu 2010 eru karlar en konur eru um 42%. Skipting atvinnuleysistrygginga er hins vegar nokkuð frábrugðin.

Þannig fara um 60% grunnbóta til karla, en 40% til kvenna. Ástæðuna má einkum rekja til þess karlar eru að jafnaði með hærri bótarétt vegna meiri þátttöku á vinnumarkaði. Í því samhengi má velta fyrir sér hvort lög um minnkað starfshlutfall skipti máli í því samhengi, en konur fóru í mun meira mæli í minnkað starfshlutfall en karlar.

Karlar fá tæp 70% tekjutengdra bóta en konur rúm 30%. Þarna eru mikil frávik sem ekki er hægt að skýra með öðru en því að laun karla eru að jafnaði hærri en laun kvenna og tekjutenging í atvinnuleysistryggingakerfinu þar með. Þriðji þáttur atvinnuleysistrygginga er barnadagpeningar og eru konur að fá um 56% þeirra en karlar um 44%. Þarna er um mikið frávik að ræða sem ekki er ljóst hvernig ber að skýra, en ljóst er af þessum tölum að meira er um að konur sem hafa börn á framfæri séu atvinnulausar en karlar með börn á framfæri.

Vinnumálastofnun skal gefa atvinnuleitendum kost á þátttöku í virkniúrræðum eða menntunarúrræðum til að styrkja stöðu þeirra á vinnumarkaði. Á árinu 2010 tóku alls hátt í 10.000 atvinnuleitendur þátt í úrræðum hjá Vinnumálastofnun, en margir fóru í fleiri en eitt úrræði og voru skráningar í úrræði yfir 13.000 á árinu. Alls var veitt yfir 900 milljónum til virkniúrræða á árinu 2010. Meðalkostnaður á einstakling sem tók þátt í úrræði hefur því verið um 70.000 kr.

Greining á þátttöku í úrræðum sýnir að þátttaka kynja er í samræmi við fjölda þeirra á atvinnuleysisrá. Talsverður munur er hins vegar á í hvers konar úrræði fólk sækir eftir kyni. Karlar fara meira í starfstengd úrræði og styttri námskeið s.s. meirapróf og tölvunámskeið. Konur fara á hinn bóginn meira í lengra nám og endurmenntun. Þá kemur fram kynbundinn munur á hvers konar starfstengd úrræði eða námsúrræði fólk sækir. Ákveðin vísbending fæst um árangur úrræða með því að skoða hvort þátttakendur eru á atvinnuleysisrá þremur mánuðum eftir að úrræði lauk. Talsverður munur er á þessu eftir tegund úrræða en ekki kemur fram afgerandi munur á þessu eftir kyni, þ.e. karlar og konur taka að jafnaði þátt í jafn árangursríkum úrræðum út frá þessum mælikvarða.

Eftir stendur á hinn bóginn sú spurning ósvöruð sem lagt var upp með hvort munur sé á kostnaði við úrræði karla og kvenna að jafnaði. Áhersla verður lögð á að gera kostnaðarupplýsingar greinanlegar eftir kyni og tegund úrræða verði verkefninu fram haldið. Einnig er ljóst að kafa þyrfti dýpra í ýmsa þætti til að fá betri mynd af samspili aðstæðna kynja á vinnumarkaði og greiðslu atvinnuleysistrygginga. Ekki hefur verið tekið ákvörðun um framhald verkefnanna hjá Vinnumálastofnun.

Meðferðarúrræði Barnaverndarstofu

Markmið tilraunaverkefnis Barnaverndarstofu er að skoða hvort hagsmunum og þörfum beggja kynja sé mætt á jafnréttisgrundvelli þegar kynjaskipting í meðferðarúrræðum Barnaverndarstofu eru skoðuð. Úrræðin eru meðferðarheimili Barnaverndarstofu, meðferðardeild Stuðla og Fjölkjerfameðferðin MST.

Þær upplýsingar fyrir árið 2010 sem hafa verið skoðaðar geta gefið tilefni til þess að ætla að drengir séu í meiri þörf en stúlkur fyrir meðferð í þeim úrræðum sem hér er fjallað um. Fram kemur að drengir eru hlutfallslega fleiri en stúlkur hvað varðar barnaverndarmál og fleiri umsóknir um meðferðarúrræði berist fyrir drengi en stúlkur. Á árinu 2010 voru drengir í meirihluta barna sem nýttu ofangreind úrræði Barnaverndarstofu og er það í samræmi við kynjaskiptingu umsókna um úrræðin. Meðalmeðferðartími þeirra barna sem útskrifuðust úr meðferð á árinu 2010 hjá hvoru kyni fyrir sig er nokkuð sambærilegur þegar meðferðardeild Stuðla er skoðuð og MST en hins vegar þegar meðferðarheimilin eru skoðuð þá kemur í ljós að stúlkur voru að meðaltali lengur í meðferð en drengir.

Hvað varðar jafnréttissjónarmið þessa verkefnis má segja að það geti verið eðlilegar og réttlátar ástæður fyrir mismun á kynjunum. Mismunurinn gæti skýrst af meiri þörf drengja fyrir meðferð. Áhættuhegðun og birtingarmynd vanda kynjanna geta hins vegar verið mismunandi. Til þess að geta lagt frekara mat á jafnréttismarkmið þessa verkefnis væri rétt að leita skýringa, t.d. hvort þjóðfélagsaðstæður eða birtingarmynd vanda kynjanna geti skýrt þann mun frekar. Einnig að skoða kynjahlutföll í öðrum og vægari úrræðum, þar sem hér er einungis verið að skoða ýtrustu úrræðin. Þetta væri hægt að gera með því í fyrsta lagi að fylgja eftir þeim tölulegum upplýsingum sem hér hefur verið fjallað um yfir lengra tímabil. Í öðru lagi mætti skoða árangur meðferðar fyrir hvort kyn fyrir sig og í þriðja lagi að halda áfram að þróa mælikvarða sem enn frekar gætu gefið upplýsingar um hvort hagsmunum og þörfum kynjanna sé mætt á jafnréttisgrundvelli.

Biðlistar í hjartaþræðingar og liðskiptaaðgerðir á mjöðm og hné

Markmið tilraunaverkefnis í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð sem unnið var á Landspítala var að skoða hvort að þeir fjármunir sem veitt er til kransæðaþræðinga annarsvegar og liðskiptaaðgerða á mjöðm og hné hinsvegar komi báðum kynjum jafnt til góða, að teknu tilliti til algengi og alvarleika sjúkdómsins hjá hvoru kyninu fyrir sig. Markhópur greiningarinnar voru þeir einstaklingar sem gengust undir áður nefndar meðferðir sem valaðgerð á Landspítala á árunum 2009 og 2010. Meðalbiðtími var skoðaður í hverjum bráðleikaflokki og reiknað hversu lengri biðtíminn var hlutfallslega hjá öðru hvoru kyninu.

Á tímabilinu 2009 til 2010 voru valaðgerðir 1.328, þar af voru 66% karlmenn og konur 34%. Niðurstöður leiða í ljós að meðalbiðtími kvenna á árunum 2009 og 2010 var lengri en meðalbiðtími karla í öllum forgangsflokkum en mestur munur var þar sem bráðleiki aðgerðar er innan mánaðar en þar var biðtími kvenna hlutfallslega 24% lengri en biðtími karla.

Niðurstöður liðskiptaaðgerða á mjöðm sýna að fyrir þrjá fjölmennustu bráðleikaflokkana biðu karlar hlutfallslega lengur en konur og var meðalbiðtími þeirra á bilinu 21% til 34% lengri en meðalbiðtími kvenna í sömu flokkum.

Niðurstöður liðskiptaaðgerða á hné sýna að í tveimur af þremur fjölmennustu bráðleikaflokkunum biðu konur hlutfallslega lengur en karlar. Það voru bráðleikaflokkarnir þar sem þörf er á aðgerð innan 3 og 6 mánaða og mest munaði 12% á biðtíma. Karlar biðu hlutfallslega lengur í einum af þremur fjölmennustu bráðleikaflokkunum, þar sem þörf er á aðgerð innan 4 vikna, en þar var munurinn í biðtíma þó einungis 1%.

Helstu niðurstöður kynjagreiningarinnar eru að greinanlegur munur er á biðtíma karla og kvenna innan bráðleikaflokka. Munurinn virðist vera stöðugri hvað varðar biðtíma eftir kransæðaþræðingu, en ekki er hægt að sjá eins skýrt mynstur í biðtíma eftir liðskiptaaðgerð á mjöðm og hné. Skýringar á mismunandi biðtíma eru ekki ljósar og því er ástæða til ítarlegri rannsóknar og greiningar á orsökum áður en hægt er að draga frekari ályktanir og meta hvort eðlilega ástæður eru fyrir kynjamun eða hvort um raunverulega kynjaskekkju er að ræða.

Styrkir úr Forvarnasjóði

Embætti landlæknis (áður Lýðheilsustöð) greindi styrkúthlutanir í Forvarnasjóð. Kynjaskipting þeirra sem sáu um úthlutun er nokkuð jöfn. Verkefnið leiðir í ljós að ekki hefur verið tekið nægilegt tillit til kynjaáhrifa við úthlutun þótt tekið hafi verið tillit til þeirra í einstökum verkefnum í áranna rás. Hærra hlutfall umsókna frá körlum var samþykkt en frá konum og karlar fengu að meðaltali einnig hærri styrk en konur. Þar sem ekki var óskað sérstaklega eftir upplýsingum um kyn þeirra sem njóta þjónustunnar á eyðublöðum vantar þær upplýsingar og því erfitt að greina kynjaáhrif verkefna sem sótt var um styrki til sem skyldi. Því var unnið í því að endurbæta öll eyðublöð sem tilheyra sjóðnum, bæði umsóknareyðublöð fyrir verkefni og rannsóknir ásamt framvindu- og lokaskýrslum. Þeirri vinnu var lokið áður en opnað var fyrir umsóknir fyrir árið 2011. Hér hefur því strax verið gripið til aðgerða til að bæta skráningu og upplýsingaöflun til að geta brugðist við ef þurfa þykir. Við vinnslu verkefnisins var settur saman gagnagrunnur og matsferli sem hægt verður að nota við framtíðarúrvinnslu og greiningar á umsóknum.

Gæðastyrkir

Heilbrigðisráðuneytið, nú velferðarráðuneytið, hefur veitt gæðastyrki í heilbrigðisþjónustunni árlega frá árinu 2001. Konur voru í meirihluta umsækjenda, eða 61%. Konur voru í meirihluta þeirra sem fengu úthlutuðum styrk, 62,5% á móti 37,5% körlum. Niðurstöður þessar eru þó ekki alveg í samræmi við þann fjölda kvenna sem starfar við heilbrigðis- og félagsþjónustu sem er 72% samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Hlutfall kynjanna í úthlutuðum fjárhæðum og fjárhæðum sem sótt var um styrk fyrir er nokkuð jafnt. Konur fengu þó að meðaltali hærri styrki en karlar.

Lagt er til að í kjölfar verkefnisins verði jafnréttismarkmið gæðastyrkja skilgreind, jafnt kynjahlutfall í úthlutunarnefnd verði tryggt, haldið verði áfram að fylgjast með kynjahlutfalli og að eyðublöðum verði breytt til að hægt sé að leggja mat á kynjaáhrif verkefna.

Úthlutunarliðir

Vakin er athygli á því að áformað er að gera breytingar á fyrirkomulagi sem verði hefur á úthlutunum á styrkjum af tilteknum óskiptum fjárheimildaliðum og sambærilegum sérgreindum viðfangsefnum fjárlaga til margvíslegra samtaka, safna, lista- og menningarverkefna, íþróttaviðburða og atvinnuþróunar. Breytt fyrirkomulag þessara mála er liður í umbótum sem fjárlaganefnd hefur beitt sér fyrir á umgjörð styrkveitinga á vegum bæði Alþingis og ráðuneyta. Þar sem vinnu ráðuneyta að útfærslu breyttrar framsetningar þessara fjárheimilda var ekki að fullu lokið við lokun talnabálks fjárlagafrumvarpsins er framsetning þeirra óbreytt í frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að fluttar verði breytingartillögur um framsetningu fjárheimildanna í samræmi við nýtt fyrirkomulag við 2. umræðu frumvarpsins. Nánari umfjöllun um þessi áform kemur fram í kafla 3.9 í greinargerð frumvarpsins.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir velferðarráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflökks: 101 Velferðarráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Velferðarráðuneyti, aðalskrifstofa	888,4	851,1	863,6	1,5	-2,8
Ýmis verkefni	192,7	176,6	182,6	3,4	-5,2
Ráðstöfunarfé	0,0	7,1	6,9	-2,8	-
Samtals	1.081,1	1.034,8	1.053,1	1,8	-2,6

Heildarfjárveiting til málefnaflökksins lækkar um 50,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar en þær nema alls 68,8 m.kr. Að þeim meðtöldum hækka útgjöldin um 18,3 m.kr. milli ára. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 31,8 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga.

101 Velferðarráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld aðalskrifstofu velferðarráðuneytis verði 863,6 m.kr. og dragist saman um 49,7 m.kr. á næsta ári að frátöldum launa- verðlagshækkunum sem eru 62,2 m.kr. Skýrist það af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi lækka fjárheimildir aðalskrifstofunnar um 22 m.kr. vegna aðhaldsaðgerða til að mæta markmiðum um samdrátt í ríkisútgjöldum. Í öðru lagi lækka fjárheimildir hennar um 26,2 m.kr. vegna lægri tilkostnaðar við húsnæði og mótuneytisaðstöðu fyrir starfsmenn ráðuneytisins. Fjárhæðin er millifærð til Fjárýslu ríkisins sem yfirtók leigusamning húsnæðisins að Vegmúla 3, þar sem heilbrigðis-

ráðuneytið var áður til húsa. Í þriðja lagi er 1,5 m.kr. millifærð til Rekstrarfélags Stjórnarráðsbygginga vegna breytinga á fyrirkomulagi á rekstri ráðherrabífreidda.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 183 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 0,6 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Í fyrsta lagi er gerð 9,6 m.kr. hagræðingarkrafa á nokkrum viðfangsefnum í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda. Í öðru lagi er í samræmi við þingsályktun um áætlun í jafnréttismálum farið fram á 10 m.kr. fjárheimild til þriggja ára, 2012–2014, og er hún sótt til Framkvæmdasjóðs jafnréttismála. Ráðherranefnd um jafnréttismál mun úthluta úr sjóðnum til jafnréttisverkefna á vegum ráðuneyta. Í þriðja lagi er millifærð 1 m.kr. af viðfangsefninu 190–1.10 *Fastanefndir* til Fjársýslu ríkisins vegna breytinga á húsnæðiskostnaði í kjölfar sameiningar ráðuneyta. Launa- og verðlagsbætur þessa liðar nema 6,6 m.kr. og að þeim meðtöldum hækka útgjöld hans um 6 m.kr. milli ára.

Tryggingamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Tryggingastofnun ríkisins; 202 Sjúkratryggingar Íslands; 203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð; 204 Lífeyristryggingar; 206 Sjúkratryggingar; 208 Slysatryggingar, 209 Sjúklingatrygging og 214 Eftirlaunasjóður aldraðra.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Tryggingastofnun ríkisins	928,6	878,8	914,0	4,0	-1,6
Sjúkratryggingar Íslands	484,5	415,9	487,5	17,2	0,6
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	8.947,2	9.426,6	11.195,0	18,8	25,1
Lífeyristryggingar	46.599,4	47.608,0	57.206,0	20,2	22,8
Sjúkratryggingar Íslands	29.169,9	26.254,0	29.838,0	13,7	2,3
Slysatryggingar	595,6	709,0	806,0	13,7	35,3
Sjúklingatrygging	124,9	120,1	120,1	0,0	-3,8
Eftirlaunasjóður aldraðra	62,9	59,3	59,3	0,0	-5,7
Samtals	86.913,0	85.471,7	100.625,9	17,7	15,8

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 6.613,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar en þær nema alls 8.540,5 m.kr. og að þeim meðtöldum hækka útgjöldin um 15.154,2 m.kr. milli ára. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málefnaflokksins sem nemur 845,7 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga. Helstu ráðstafanir til lækkunar á útgjöldum eru þær að rekstrarheimildir stofnana eru samtals lækkaðar um 3% eða 38,8 m.kr. og fjárhæðir bótaflokka, almannatrygginga og sjúkratrygginga, samtals um 806,9 m.kr. Útgjaldabreytingar eru að öðru leyti af þrennum

toga. Í fyrsta lagi falla til útgjöld sem rætur eiga í hagrænum breytingum svo sem breytingum á fjölda bótaþega, breytingum á tekjum þeirra og magnaukningu einstakra þátta milli ára og skýra þær hækkun að fjárhæð 4.476 m.kr. Í öðru lagi koma fram nokkur ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 534,7 m.kr. Í þriðja lagi hækka útgjöld sjúkratrygginga um 2.694,4 m.kr. þar sem áform um lækkun útgjalda vegna læknis- og lyfjakostnaðar hafa ekki gengið eftir og meiri magnaukningu en ráð var fyrir gert í forsendum fjárlaga 2011. Nánari skýringar á einstökum breytingum á fjárveitingum til undirflokka tryggingarmála má sjá hér á eftir.

201 Tryggingastofnun ríkisins. Gert er ráð fyrir að fjárheimild stofnunarinnar nemi um 914 m.kr. og að útgjöld dragist saman um 26,5 m.kr. á næsta ári að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Í fyrsta lagi er stofnuninni ætlað að lækka útgjöld um 26,3 m.kr. með hagræðingaraðgerðum í samræmi við markmið um samdrátt í ríkisútgjöldum. Í öðru lagi hækkar tímabundið framlag til verkefna íslenska upplýsingasamfélagsins um 0,7 m.kr. á næsta ári og í þriðja lagi lækkar fjárheimildin um 0,8 m.kr. í tengslum við endurgreiðslur á virðisaukaskatti af tölvuvinnslu. Launa- og verðlagsbætur nema 61,7 m.kr.

202 Sjúkratryggingar Íslands. Gert er ráð fyrir að fjárheimild stofnunarinnar nemi um 487,5 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 8,2% hækkun að raungildi frá fjárlögum 2011. Breytingin skýrist annars vegar af 32 m.kr. framlagi til að mæta aukinni vinnu og útgjöldum við útgáfu lyfjaskírteina, þar af er 15 m.kr. tímabundið framlag til að mæta hugbúnaðarkostnaði fyrir nýtt greiðsluferfi. Í öðru lagi eru 15 m.kr. millifærðar til stofnunarinnar til að mæta kostnaði við umsýslu samninga um S-lyf við Landspítala og Sjúkrahúsið á Akureyri. Jafnframt er fjárveitingunni ætlað að styðja við aðgerðir stofnunarinnar til að ná niður kostnaði í almennum lyfjum með því að fylgjast með og gera athugasemdir við fjöllyfjanotkun og ávísanavenjur sem ætla má að feli í sér óhagkvæma notkun lyfja. Stofnuninni er ætlað að lækka rekstrarútgjöld um 12,5 m.kr. með hagræðingaraðgerðum í samræmi við markmið um samdrátt í ríkisútgjöldum. Þá lækkar fjárheimild hennar einnig um 0,3 m.kr. í tengslum við endurgreiðslur á virðisaukaskatti af tölvuvinnslu. Launa- og verðlagsbætur stofnunarinnar nema 37,4 m.kr.

203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Útgjöld til bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð eru áætluð 11.195 m.kr. og hækka um 585 m.kr. að frátöldum verðlagshækkunum. Áætlað er að útgjöldin hækki um 705 m.kr. samkvæmt endurmati á áætlun um fjárþörf sem reynist vera hærri sem því nemur en áætlað var í fjárlögum 2011. Er þá m.a. litið til þróunar þessara útgjalda á yfirstandandi ári. Þetta endurmat er nokkuð mismunandi eftir bótaflokkum eins og sjá má af meðfylgjandi töflu. Áformað

er að draga úr útgjöldum þessa fjárlagaliðar um 120 m.kr. sem ella hefði orðið með því að verðlagshækka ekki fjárhæðir nokkurra bótaflokka miðað við fjárhæð þeirra eftir 1. júní sl. Um er að ræða bótaflokkan mæðra- og feðralaun, umönnunargreiðslur, barnalífeyrir vegna menntunar og bifreiðakostnaður og eru þetta flokkar sem ekki eru taldir hafa sömu þýðingu fyrir grunnframfærslu eins og almennar bætur. Er þetta liður í aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að ná jöfnuði í ríkisfjármálum. Hækkun annarra bótaflokka er áætluð 3,5% og er kostnaður við þá hækkun alls 1.184 m.kr.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Mæðra- og feðralaun	319,5	321,0	330,0	2,8	3,3
Umönnunargreiðslur	1.465,6	1.315,0	1.535,0	16,7	4,7
Makabætur og umönnunarbætur	139,0	160,0	114,0	-28,8	-18,0
Dánarbætur	62,7	70,0	66,0	-5,7	5,3
Endurhæfingarlífeyrir	1.713,3	1.934,0	2.012,0	4,0	17,4
Barnalífeyrir vegna menntunar	160,7	160,0	156,0	-2,5	-2,9
Heimilisuppbót	2.820,0	2.863,0	3.419,0	19,4	21,2
Frekari uppbætur	316,1	340,0	295,0	-13,2	-6,7
Sérstök uppbót lífeyrisþega	894,5	1.082,0	2.093,0	93,4	134,0
Bifreiðakostnaður	0,0	1.132,0	1.124,0	-0,7	-
Uppbætur vegna bifreiðakaupa	1.039,8	0,0	0,0	-	-100,0
Annað	16,0	49,6	51,0	2,8	218,8
Samtals	8.947,2	9.426,6	11.195,0	18,8	25,1

204 Lífeyristryggingar. Bætur lífeyristrygginga eru áætlaðar 57.206 m.kr. á næsta ári og hækka um 3.637 m.kr. frá fjárlögum 2011. Breytingar á útgjöldum liðarins skýrast af nokkrum tilefnum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að lækka útgjöld um 300 m.kr. til að mæta aðhaldskröfu í útgjaldaramma ráðuneytisins. Þannig er áætlað að ná 200 m.kr. lækkun með því að breyta forsendum fyrir útreikningi á aldurstengdri örorkuuppbót. Einnig er áætlað draga úr útgjöldum sem nema 100 m.kr. sem ella hefðu orðið með því að verðlagshækka ekki barnalífeyri miðað við fjárhæð eftir 1. júní sl. Eru þetta bótaflokkar sem ætla má að hafi ekki sömu þýðingu fyrir grunnframfærslu eins og almennur lífeyrir. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að útgjöldin hækki um 3.550 m.kr. á grundvelli endurmats á fjárförf tryggingakerfisins þar sem m.a. er tekið mið af þróun útgjalda bótaflokkan á árinu 2011. Mest áhrif hefur þar fjölgun þeirra bótaþega sem rétt eiga á tekjutryggingu vegna lækkunar annarra tekna þeirra, þ.e. tekna úr eigin lífeyrissjóðum og vaxtatekjum. Í þriðja lagi hækkar fjárheimild viðfangsins, tekjutrygging örorkulífeyrisþega, um 387 m.kr. vegna breytingar á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð í kjölfar samkomulags ríkisstjórnarinnar og lífeyrissjóða um að koma í veg fyrir víxlverkun milli bóta almannatrygginga og lífeyrisgreiðslna úr lífeyrissjóðum. Verðlagshækkun útgjalda lífeyriskerfisins nemur

alls 5.962 m.kr. í frumvarpinu og er þá miðað við að fjárhæð flestra bótaflokka hækki um 3,5% á næsta ári til viðbótar við 8,1% hækkun sem ákveðin var frá 1. júní sl.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ellilífeyrir	8.874,0	8.410,0	9.869,0	17,3	11,2
Örorkulífeyrir	4.910,5	5.150,0	5.711,0	10,9	16,3
Aldurstengd örorkuuppbót	2.178,1	2.171,0	2.350,0	8,2	7,9
Tekjutrygging ellilífeyrisþega	13.634,1	14.515,0	18.750,0	29,2	37,5
Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	13.353,2	13.661,0	16.561,0	21,2	24,0
Vasapeningar ellilífeyrisþega	224,2	270,0	349,0	29,3	55,7
Vasapeningar örorkulífeyrisþega	64,6	70,0	68,0	-2,9	5,3
Örorkustyrkur	178,4	180,0	201,0	11,7	12,7
Barnalífeyrir	2.734,1	2.725,0	2.840,0	4,2	3,9
Annað	448,2	456,0	507,0	11,2	13,1
Samtals	46.599,4	47.608,0	57.206,0	20,2	22,8

206 Sjúkratryggingar. Gert er ráð fyrir 29.838 m.kr. fjárveitingu til sjúkratrygginga á næsta ári og jafngildir það 2.310 m.kr. hækkun framlags frá fjárlögum 2011 að frá-töldum launa- og verðlagsbreytingum. Áformað er í samræmi við áætlun ríkis-stjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum að ná fram 387 m.kr. lækkun útgjalda og er henni skipt niður á nokkur viðfangsefni. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að lækka lækni-skostnað með því að þrengja skilyrði fyrir þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tæknifrjóvgun. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að lækka kostnað vegna lyfja með frekari hagræðingaraðgerðum eða með breyttri gjaldskrá ef þörf krefur. Í þriðja lagi er áætlað að ná fram hagræðingu með endurskoðun greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í sjúkra-þjálfun. Nýjar útgjaldaskuldbindingar nema alls 2.696,4 m.kr. Helstu breytingar eru 1.159 m.kr. vegna læknskostnaðar, 479 m.kr. vegna lyfja, 639 m.kr. vegna S-lyfja og loks 664 m.kr. vegna brýnnar meðferðar erlendis. Skýrist viðbótarfjárþörfin að miklu leyti vegna þess að ráðuneytið hefur ekki náð þeim aðhaldsmarkmiðum í útgjöldum sem samþykkt voru í fyrri og gildandi fjárlögum og hins vegar hefur magnaukning og breytingar á gengi verið meiri eða með öðrum hætti en áætlað var í fjárlögum ársins. Til lækkunar útgjalda kemur 261 m.kr. lækkun á fjárveitingu til liðarins tannlækningar sem ekki hefur verið að fullu nýtt á liðnum árum. Aðrar breytingar á málaflokknum skýrast af gengis- og verðlagsbreytingum, en alls er gert ráð fyrir að útgjöld hækki um 1.292 m.kr. af þeim sökum.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Lækniskostnaður	5.901,9	4.907,0	6.016,0	22,6	1,9
Lyf	9.593,8	8.453,8	9.360,0	10,7	-2,4
Lyf með S-merkingu	4.858,8	4.462,3	5.314,0	19,1	9,4
Hjálpartæki	2.960,3	2.841,0	3.004,0	5,7	1,5
Hjúkrun í heimahúsum	185,4	136,5	147,0	7,7	-20,7
Þjálfun	1.610,9	1.602,3	1.564,0	-2,4	-2,9
Tannlækningar	1.297,7	1.672,0	1.411,0	-15,6	8,7
Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	373,0	395,4	416,0	5,2	11,5
Brýn meðferð erlendis	1.685,8	1.194,8	1.974,0	65,2	17,1
Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	274,8	214,9	229,0	6,6	-16,7
Sjúkradagpeningar	190,0	208,0	233,0	12,0	22,6
Annað	237,5	166,0	170,0	2,4	-28,4
Samtals	29.169,9	26.254,0	29.838,0	13,7	2,3

208 Slysátryggingar. Gert er ráð fyrir að fjárheimild til slysátrygginga verði 806 m.kr. árið 2012 sem er hækkun um 75,2 m.kr. að frádregnum launa- og verðlagsbreytingum sem nema 21,8 m.kr. Lagt er til að fjárheimild liðarins kaup og aflahlutur sjómanna verði hækkuð um 75,2 m.kr. í takt við endurskoðaða áætlun um iðgjaldtekjur.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar	151,4	197,0	204,0	3,6	34,7
Bætur til framfærslu	297,5	386,0	401,0	3,9	34,8
Kaup og aflahlutur sjómanna	61,2	60,0	135,0	125,0	120,6
Stjórnunarkostnaður	85,5	66,0	66,0	0,0	-22,8
Samtals	595,6	709,0	806,0	13,7	35,3

209 Sjúklingatrygging. Útgjöld sjúklingatryggingar eru áætluð 120,1 m.kr. á næsta ári, sem er óbreytt fjárhæð frá árinu 2011.

214 Eftirlaunasjóður aldraðra. Áætlað er að hlutur rikissjóðs í þessum eftirlaunum til aldraðra verði 59,3 m.kr. sem er óbreytt fjárhæð frá fjárlögum 2011. Sjóðurinn greiðir lífeyri til þeirra sem fæddir eru árið 1915 eða fyrr og maka þeirra sem njóta lítilla eða engra réttinda úr lífeyrissjóði.

Sjúkrahús og sérstæð sjúkrahúspjónusta

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflökks: 358 Sjúkrahúsið á Akureyri; 373 Landspítali; 379 Sjúkrahús, óskipt; 383 Sjúkrahótel og 388 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sjúkrahúsið á Akureyri	4.208,5	4.112,3	4.357,0	6,0	3,5
Landspítali	33.216,4	32.917,4	35.630,0	8,2	7,3
Bygging hátækni sjúkrahúss á lóð Landspítalans	174,8	0,0	0,0	-	-100,0
Sjúkrahús, óskipt	8,2	88,3	61,2	-30,7	646,3
Sjúkrahótel	93,6	90,7	91,5	0,9	-2,2
Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn	126,0	131,2	0,0	-100,0	-100,0
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	654,8	614,4	647,6	5,4	-1,1
Samtals	38.482,3	37.954,3	40.787,3	7,5	6,0

Fjárheimildir þessa málefnaflokkans eru í frumvarpinu áætlaðar 40.787 m.kr. og lækka um 215 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga. Launa- og verðlagsbreytingar nema alls 3.048 m.kr. og að þeim meðtöldum hækka útgjöld málefnaflokkans um 2.833 m.kr. milli ára. Í samræmi við aðgerðir til að draga úr ríkisútgjöldum er í frumvarpinu gert ráð fyrir að útgjöld málefnaflokkans lækki um 726 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga. Lækkunin svarar til 1,9% af veltu hans í fjárlögum 2011. Af þeirri fjárhæð er ráðgert að rekstrarútgjöld Landspítalans lækki um 630 m.kr. Nýjar útgjaldaskuldbindingar hækka útgjöld málefnaflokkans um 520 m.kr. og munar þar mest um sameiningu sjúkrasviða Landspítala og St. Jósefsspítala. Framlag að fjárhæð 9,8 m.kr. fellur niður en það var veitt til tímabundinnar aðgerðaráætlunar.

358 Sjúkrahúsið á Akureyri. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárheimild sjúkrahússins verði 4.357 m.kr. og dragist saman um 69 m.kr. á næsta ári að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Lækkun fjárheimildarinnar er í samræmi við áætlanir um jöfnuð í ríkisfjármálum og svarar til 1,7% lækkunar rekstrarútgjalda í fjárlögum 2011. Launa- og verðlagsbreytingar nema 313 m.kr. Fjárheimildir frá fjárlögum 2011 hækka því um 245 m.kr.

373 Landspítali. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárheimildir spítalans verði 35.630 m.kr. á næsta ári og er það hækkun um 33 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum sem nema 2.680 m.kr. Breytingar á fjárheimild spítalans skýrast af eftirfarandi fjórum tilefnum: Í fyrsta lagi er lagt til að millifærðar verði 547,4 m.kr. í kjölfar ákvörðunar um að sameina sjúkrasvið St. Jósefsspítala og Landspítala en sameiningin átti sér stað 1. febrúar 2011. Í öðru lagi eru millifærðar á lið spítalans 127,3 m.kr. vegna Rjóðurs, hvíldarheimilis fyrir börn, í samræmi við samkomulag Velferðarsjóðs barna og Landspítalans um þá starfsemi. Það samkomulag gerir ráð fyrir að spítalinn annist rekstur heimilisins frá og með janúar 2012. Í þriðja lagi lækkar fjárheimildin um 12,8 m.kr. vegna aukinnar endurgreiðslu ríkissjóðs á virðisaukaskatti af aðkeyptri tölvuþjónustu. Í fjórða lagi er spítalanum

ætlað að lækka útgjöld um 630 m.kr. til að mæta aðhaldsmarkmiðum í ríkisfjármálum. Það svarar til 1,9% lækkunar á fjárheimild frá fjárlögum 2011. Af fjárhæðinni eru 86 m.kr. sem heyra til aðhaldsaðgerða sem frestað var til ársins 2012 við samþykkt fjárlaga 2011 og tilheyrðu St. Jósefsspítala.

379 Sjúkrahús, óskipt. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins verði 61,2 m.kr. á næsta ári og lækki um 27,1 m.kr. frá fjárlögum 2011. Lækkunin skýrist af eftirfarandi tilefnum: Í fyrsta lagi eru millifærðar 15 m.kr. á 202 *Sjúkratryggingar Íslands* meðal annars vegna umsýslu stofnunarinnar með samningum um S-lyf. Í öðru lagi fellur niður tímabundin fjárheimild að fjárhæð 9,8 m.kr. til aðgerðaráætlunar vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis. Í þriðja lagi lækkar fjárheimildin um 2,3 m.kr. vegna aðhalds í ríkisfjármálum.

383 Sjúkrahótel. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöldin verði 91,5 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 2,9 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lækkunin skýrist af kröfu um aðhald í ríkisútgjöldum og nemur 3,2% frá fjárlögum yfirstandandi árs. Launa- og verðlagsbætur liðarins eru 3,7 m.kr.

388 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að útgjöld liðarins verði 647,6 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 18,4 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lækkunin skýrist af áformum um samdrátt í ríkisútgjöldum á árinu 2012. Launa- og verðlagshækkun nemur 51,6 m.kr.

Öldrunarstofnanir, endurhæfing o.fl.

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 401 Öldrunarstofnanir, almennt; 402 Framkvæmdasjóður aldraðra; 460 Dvalarrými aldraðra, önnur; 477 Dagvistun aldraðra, aðrar og fjárlagaliðir einstakra dagvistar-, dvalar- og hjúkrunarheimila og endurhæfingarstofnana.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Framkvæmdasjóður aldraðra	720,3	1.487,0	1.618,0	3,5	113,7
Öldrunarstofnanir	17.489,5	17.995,5	19.630,4	9,1	12,2
Endurhæfingarstofnanir	2.587,2	2.431,6	2.575,0	5,9	-0,5
Samtals	20.797,0	21.914,1	23.823,4	8,7	14,6

Heildarfjárveiting til málefnaflokkans nemur 23.823,4 m.kr. og lækkar að raungildi um 62,0 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Launa- og verðlagshækkunar nema 1.971,3 m.kr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lækka útgjöld málaflökkans um 2% sem jafngildir 434,9 m.kr. til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum.

401 Öldrunarstofnanir, almenn. Útgjöld liðarins, sem er safnliður, nema 426 m.kr. og hækka um 169,3 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum sem nema 87 m.kr. Í fyrsta lagi er gerð 32,2 m.kr. hagræðingarkrafa til að lækka útgjöld ríkissjóðs. Í öðru lagi hækka fjárheimildir um 82,3 m.kr. við að dvalarrýmum er breytt í 12 hjúkrunar- rými á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Hvammi í Norðurþingi, í fjögur hjúkrunarrými á Öldrunarheimili Akureyrar og eitt hjúkrunarrými á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Blesastaðir á Skeiðum. Í þriðja lagi hækka fjárheimildir um 130 m.kr. vegna 30 nýrra hjúkrunarrýma sem gert er ráð fyrir að verði tekin í notkun samkvæmt leiguleið í Mosfellsbæ um mitt árið 2012. Reksturinn er fjármagnaður með framlagi úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Í fjórða lagi er fellt niður 77 m.kr. tímabundið stofnkostnaðarframlag til byggingar hjúkrunarheimilisins Hulduhlíðar í Fjarðabyggð og 50 m.kr. tímabundið stofnkostnaðarframlag til byggingar hjúkrunarheimilisins Jaðar í Snæfellsbæ, þar sem framkvæmdum við þessi heimili er lokið. Að lokum hækkar fjárlagaliðurinn um 265 m.kr. vegna breytingar á RAI mati og tekjur aukast um 18,3 m.kr. þar sem fleiri vistmenn greiða daggjald.

402 Framkvæmdasjóður aldraðra. Gjöld sjóðsins eru áætluð 1.618 m.kr. í frumvarpinu og hækka um 52,3 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum sem nema 78,7 m.kr. Sjóðurinn fær tekjur af sérstöku gjaldi, sem skattstjórar leggja á þá sem skattskyldir eru og kemur það til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga hvert ár. Frumvarpið gerir ráð fyrir að gjaldendur verði 181.621 á álagningarárinu 2012 og fjölgi um 2,7% frá árinu á undan og hækki fjárveitingu sjóðsins um 52,3 m.kr. Engin hækkun var á gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra frá árinu 2010 til ársins 2011 eins og gert hafði verið ráð fyrir þar sem gildistökuákvæði í lagasetningu reyndist ekki vera rétt. Þess í stað er gjaldið hækkað fyrir árið 2012 úr 8.400 kr. í 9.180 kr. eða um 9,3%. Þar af eru 4% vegna verðlagshækkunar milli 2010 og 2011 og 5,1% vegna hækkunar milli 2011 og 2012. Haustið 2009 samþykkti ríkisstjórnin að leita eftir samstarfi við níu sveitarfélög um byggingu hjúkrunarheimila samkvæmt svokallaðri leiguleið. Í samþykkt ríkisstjórnarinnar fólst að Framkvæmdasjóður aldraðra greiddi leigu hjúkrunarheimilanna, sbr. heimild sjóðsins til þess í lögum um málefni aldraðra og kostaði rekstur á allt að 60 nýjum hjúkrunarrýmum fram til ársins 2014. Í samræmi við þetta er í fjárlaga- frumvarpinu gert ráð fyrir að sjóðurinn fjármagni rekstur 30 nýrra hjúkrunarrýma sem fyrirhugað er að verði tekin í notkun í nýju hjúkrunarheimili í Mosfellsbæ um mitt árið 2012 og greiði leigu fyrir húsnæði þess heimilis og þriggja annarra hjúkrunarheimila, á

Akureyri, í Borgarbyggð og í Garðabæ, sem eru í byggingu og verða tekin í notkun seinni hluta ársins 2012. Vegna þess eru 226 m.kr. millifærðar af stofnkostnaðarviðfangsefni 402–621 *Framkvæmdasjóður aldraðra* yfir á 402–110 *Framkvæmdasjóður aldraðra*, sem er rekstrarviðfangsefni.

401,405–477 Öldrunarheimili. Gert er ráð fyrir að framlög ríkissjóðs til reksturs öldrunarheimila á fjárlagaliðum 401 og 405–477 nemi 19.630 m.kr. og lækki frá fjárlögum fyrra árs um 65,1 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagshækkunum sem nema 1.700 m.kr. Í frumvarpinu er lagt til að lækka útgjöld um 386,2 m.kr. til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Þá var rekstur hjúkrunarheimilisins Sólvangs í Hafnarfirði aðskilinn frá rekstri St. Jósefsspítala og 451,4 m.kr. færðar af 795 St. Jósefsspítala, *Sólvangur* á fjárlagaliðinn 419–101 *Sólvangur, Hafnarfirði*. Fjárveiting fjárlagaliðarins 429–101 *Barmahlíð, Reykhólum* hækkar um 15 m.kr. vegna áframhaldandi reksturs tveggja hjúkrunarrýma sem voru heimiluð í áætlun ríkisstjórnarinnar um eflingu byggðar og atvinnu á Vestfjörðum frá apríl 2011. Vegna breytinga á dvalarrýmum í hjúkrunarrými, eru millifærðar samtals 82,3 m.kr. af tveimur viðfangsefnum fjárlagaliðarins 434–111 *Samningur við Akureyrarbæ* um öldrunarþjónustu og 460–111 *Dvalarrými aldraðra*, önnur til að fjölga um fjögur hjúkrunarrými á Öldrunarheimilum Akureyrar, 12 hjúkrunarrými á Hvammi í Norðurþingi og um eitt hjúkrunarrými á Blesastöðum á Skeiðum. Auk þess hækkar fjárheimildir á 401–113 *Öldrunarheimili*, almennt um 130 m.kr. vegna 30 nýrra hjúkrunarrýma sem gert er ráð fyrir að verði tekin í notkun í Mosfellsbæ um mitt árið 2012. Reksturinn er fjármagnaður af Framkvæmdasjóði aldraðra.

460 Dvalarrými aldraðra, önnur. Gert er ráð fyrir að framlög ríkissjóðs til reksturs þessara dvalarrýma nemi 384,4 m.kr. og lækkar um 60,6 m.kr. frá fjárlögum 2011 að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Í frumvarpinu er lagt til að lækka útgjöld um 8,3 m.kr. til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Þá voru millifærðar 52,3 m.kr. af þessum lið til að fjármagna fjölgun hjúkrunarrýma á Hvammi og á Blesastöðum.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Öldrunarstofnanir, almennt	480,5	169,7	426,0	151,0	-11,3
Framkvæmdasjóður aldraðra	720,3	1.487,0	1.618,0	8,8	124,6
Hrafnista, Reykjavík	1.606,0	1.692,7	1.738,0	2,7	8,2
Hrafnista, Hafnarfirði	1.472,6	1.433,1	1.505,0	5,0	2,2
Grund, Reykjavík	1.495,1	1.437,9	1.489,0	3,6	-0,4
Sunnuhlið, Kópavogi	559,1	565,4	598,6	5,9	7,1
Hjúkrunarheimilið Skjól	739,2	809,3	829,7	2,5	12,2
Hjúkrunarheimilið Eir	1.406,3	1.362,5	1.426,0	4,7	1,4
Garðvangur, Garði	292,8	297,5	308,5	3,7	5,4
Hjúkrunarheimilið Skógarbær	664,8	624,4	642,4	2,9	-3,4
Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	557,8	622,0	643,5	3,5	15,4
Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	232,0	215,7	234,3	8,6	1,0
Hjúkrunarheimilið Hulduhlið, Eskifirði	147,4	160,9	172,6	7,3	17,1
Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	174,6	172,6	186,4	8,0	6,8
Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	87,9	90,1	96,5	7,1	9,8
Seljahlið, Reykjavík	164,9	158,4	168,6	6,4	2,2
Sólvangur, Hafnarfirði	0,0	0,0	443,1	-	-
Viðines	196,5	0,0	0,0	-	-100,0
Höfði, Akranesi	490,1	456,1	467,0	2,4	-4,7
Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	273,4	272,1	309,3	13,7	13,1
Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	102,5	106,1	109,8	3,5	7,1
Fellaskjól, Grundarfirði	65,9	70,9	78,2	10,3	18,7
Jaðar, Ólafsvík	68,4	92,7	92,8	0,1	35,7
Fellsendi, Búðardal	180,3	190,4	199,8	4,9	10,8
Barmahlíð, Reykhólum	109,3	89,8	113,1	25,9	3,5
Dalbær, Dalvík	255,1	243,4	265,4	9,0	4,0
Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu	1.342,9	1.253,2	1.374,0	9,6	2,3
Uppsalar, Fáskrúðsfirði	138,5	137,9	144,7	4,9	4,5
Samn. við Sveitarfél. Hornafjörð um öldrunarþj.	234,4	223,4	191,0	-14,5	-18,5
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	116,4	120,8	129,4	7,1	11,2
Hjallatún, Vík	109,0	104,4	109,5	4,9	0,5
Kumbaravogur, Stokkseyri	254,4	245,6	268,5	9,3	5,5
Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	645,4	651,5	699,5	7,4	8,4
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	258,1	236,6	250,8	6,0	-2,8
Holtsbúð, Garðabæ	317,6	298,4	327,2	9,7	3,0
Vífilsstaðir, Garðabæ	303,6	0,0	0,0	-	-100,0
Mörk, Reykjavík	349,6	795,2	872,1	9,7	149,5
Hrafnista, Kópavogi	229,5	327,1	351,9	7,6	53,3
Sóltún, Reykjavík	1.023,3	994,6	1.071,0	7,7	4,7
Dvalarrými aldraðra, önnur	422,7	413,4	384,4	-7,0	-9,1
Vesturhlíð, Reykjavík	6,8	12,7	13,5	6,3	98,5
Hlíðabær, Reykjavík	54,2	51,4	54,5	6,0	0,6
Lindargata, Reykjavík	46,6	46,4	49,3	6,3	5,8
Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga	96,4	93,3	99,0	6,1	2,7
Múlábær, Reykjavík	85,4	76,9	81,6	6,1	-4,4
Friðuhús, Reykjavík	40,3	38,4	40,7	6,0	1,0
Dagvistun aldraðra, aðrar	574,0	540,6	574,2	6,2	0,0
Samtals	19.191,9	19.482,5	21.248,4	9,1	10,7

470–477 Dagvistun aldraðra, aðrar. Gert er ráð fyrir að framlag til þeirra heimila sem undir fjárlagaliðina falla nemi 912,8 m.kr. og lækki um 17,4 m.kr. að raungildi frá fjárlögum 2011 og er lækkunin til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Þá hækka fjárveitingar um 70,5 m.kr. vegna launa- og verðlagsbóta.

Á eftirfarandi yfirliti er sýnd sundurliðun fjárveitinga til endurhæfingarstofnana sem falla undir fjárlagaliði 478–494.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Hlaðgerðarkot	89,7	84,8	89,4	5,4	-0,3
Reykjalundur, Mosfellsbæ	1.346,9	1.280,5	1.354,0	5,7	0,5
Heilsustofnun Náttúrlækningafélags Íslands	554,1	497,8	527,7	6,0	-4,8
Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	487,1	456,7	484,4	6,1	-0,6
Hlein	109,4	111,8	119,5	6,9	9,2
Samtals	2.587,2	2.431,6	2.575,0	5,9	-0,5

Heildarfjárveiting til málaflokksins nemur 2.575 m.kr. og lækkar að raungildi um 49,2 m.kr. til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Launa- og verðlagsbreytingar nema 192,6 m.kr.

Frá árinu 2003 hefur verið stuðst við reiknilíkan til skiptingar heildarfjárhæðar á hjúkrunar-rými. Daggjöld vegna hjúkrunarrýma eru reiknuð út í samræmi við breytingu á umönnunarþyngd. Líkanið skiptir heildarfjárhæð á milli hjúkrunarheimila að teknu tilliti til fjölda hjúkrunarrýma og stærðarhagkvæmni. Hjúkrunarheimilið Sóltún, Reykjavík fær einnig greidd daggjöld í samræmi við umönnunarþyngd, en er á hinn bóginn ekki hluti af reiknilíkani sem skiptir heildarfjárhæð milli öldrunarheimila. Grunnjald miðað við þyngdarstuðulinn 1,00 er samkvæmt frumvarpinu 21.018 kr. og er þá miðað við 99% nýtingu án húsnæðisgjalds. Gjaldið miðast við að tiltekin lágmarkspjónusta sé veitt í faglegru umönnun, aðbúnaði og annarri þjónustu. Framlag til hvers heimilis tekur jafnframt mið af daglegri nýtingu rýma og getur því verið annað en frumvarpið sýnir. Í meðfylgjandi töflu er yfirlit sem sýnir skiptingu reiknilíkansins á heildarútgjöldum til reksturs hjúkrunarrýma.

Hjúkrunarrými, reiknilikan	Greiðslu- stuðull um- önnunar	Áformuð nýting rýma	Umönnun kostnaður m.kr.	Almennur rekstrar- kostnaður m.kr.	Heildar- kostnaður m.kr.	Þar af verðlags- breyting m.kr.
Ný hjúkrunarrými	1,06	17	89,1	53,7	142,8	10,6
Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana	1,00	123	618,5	394,8	1.013,3	76,4
Hrafnista, Reykjavík	1,06	193	989,1	596,1	1.585,2	133,5
Hrafnista, Hafnarfirði	1,12	158	833,1	474,1	1.307,2	108,6
Grund, Reykjavík	1,08	181	918,7	543,1	1.461,8	121,4
Sunnuhlíð, Kópavogi	1,12	73	384,7	218,9	603,6	49,8
Hjúkrunarheimilið Skjól	1,08	107	543,7	321,4	865,1	72,7
Hjúkrunarheimilið Eir	1,06	173	880,1	530,4	1.410,5	117,4
Garðvangur, Garði	1,06	39	201,9	121,7	323,6	26,8
Hjúkrunarheimilið Skógarbær	1,04	70	342,1	210,2	552,3	46,3
Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	1,10	82	424,4	246,2	670,6	56,0
Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	1,12	27	147,8	84,2	232,0	18,9
Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	1,04	18	91,2	56,1	147,3	12,0
Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	1,04	18	91,2	56,1	147,3	12,0
Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	0,94	11	51,4	34,9	86,3	7,0
Seljahlíð, Reykjavík	1,12	20	111,7	63,5	175,2	14,4
Sólvangur, Hafnarfirði	1,12	55	294,0	167,3	461,3	35,8
Höfði, Akranesi	1,04	46	224,9	138,3	363,2	30,7
Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	1,04	32	158,6	97,5	256,1	20,2
Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	1,08	9	48,5	28,6	77,1	6,5
Fellaskjól, Grundarfirði	0,94	9	42,0	28,5	70,5	5,7
Jaðar, Ólafsvík	0,90	10	45,0	31,9	76,9	6,5
Fellsendi, Búðardal	1,00	26	127,0	81,1	208,1	17,3
Barmahlíð, Reykhólum	0,96	14	66,3	44,2	110,5	8,4
Dalbær, Dalvík	1,02	24	117,0	73,3	190,3	15,5
Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþj.	1,02	168	801,8	502,5	1.304,3	104,6
Uppsalar, Fáskrúðsfirði	0,92	14	62,9	43,7	106,6	8,8
Samn. við Sveitarf. Hornafjörð, öldrunarþj.	0,94	22	102,2	69,4	171,6	16,1
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	0,96	15	71,6	47,7	119,3	9,9
Hjallatún, Vík	0,92	12	54,9	38,2	93,1	7,7
Kumbaravogur, Stokkseyri	0,85	38	153,6	115,9	269,5	21,7
Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	1,12	31	163,1	92,8	255,9	20,7
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	0,92	29	130,4	90,5	220,9	18,3
Holtsbúð, Garðabæ	1,10	39	209,3	121,4	330,7	26,7
Mörk, Reykjavík	1,12	110	579,0	329,4	908,4	74,0
Hrafnista, Kópavogi	1,10	44	231,9	134,6	366,5	30,1
Samtals	1,06	2.057	10.402,7	6.282,2	16.684,9	1.369,0

Heilsugæsla

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflökks: 500 Heilsugæslustöðvar almennt; 501 Sjúkraflutningar. Fjárlagaliðirnir 506–588 eru liðir einstakra heilsugæslustöðva án starfstengsla við sjúkrahús.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Heilsugæslustöðvar, almennt	145,6	183,0	146,4	-20,0	0,5
Sjúkraflutningar	869,2	867,2	857,6	-1,1	-1,3
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	4.023,0	4.124,9	4.393,0	6,5	9,2
Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu	935,9	1.003,7	1.065,0	6,1	13,8
Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík	165,5	166,4	176,1	5,8	6,4
Læknavaktin	320,1	239,7	292,8	22,2	-8,5
Heilsugæslustöðin Dalvík	105,1	102,2	108,8	6,5	3,5
Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu	477,1	488,0	515,6	5,7	8,1
Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi	295,5	278,5	295,7	6,2	0,1
Samtals	7.337,0	7.453,6	7.851,0	5,3	7,0

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins nemur 7.851 m.kr og lækkar um 139,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar en þær nema alls 536,5 m.kr. og að þeim meðtöldum hækka útgjöldin um 397,4 m.kr. milli ára. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 132,5 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta aðhaldsmarkmiðum í útgjaldaramma ráðuneytisins. Þá fellur niður 3 m.kr. tímabundið framlag til íslenska upplýsingasamfélagsins.

500 Heilsugæslustöðvar, almennt. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins verði 146,4 m.kr. og lækki um 40,6 m.kr. að frátöldum og verðlagshækkunum sem nema 4,0 m.kr. Af liðnum eru færðar samtals 36,8 m.kr. til annarra fjárlagaliða innan þessa málaflokks, til heilsugæslusviða heilbrigðisstofnana og til Landlæknisembættisins, m.a. til samnings við Læknavaktina. Nánari grein er gerð fyrir þeim tillögum undir viðkomandi liðum. Liðurinn lækkar samtals um 3,4 m.kr. í samræmi við áform um samdrátt í útgjöldum. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagshækkanir skýrast af lækkun vegna aukinnar endurgreiðslu á virðisaukaskatti af aðkeyptri tölvuvinnslu og milli-færslu fjárveitingar af lið 515 *Heilsugæslustöðin Lágmúla* vegna rannsóknakostnaðar í fangelsum.

501 Sjúkraflutningar. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 857,6 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 26 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs sem skýrist af lækkun fjárlaga vegna þjónustusamninga um sjúkraflutninga til að mæta aðhaldsmarkmiðum í ríkisfjármálum. Launa- og verðlagshækkanir nema 16,4 m.kr.

506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 4.393 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 69,7 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Liðurinn lækkar annars vegar um 66,4 m.kr. til að mæta aðhaldsmarkmiðum í ríkisfjármálum og hins vegar fellur niður 3 m.kr. tímabundið framlag til verkefna

íslenska upplýsingasamfélagsins. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsbreytingar, sem nema um 338 m.kr., skýrast af lækkun vegna aukinnar endurgreiðslu á virðisaukaskatti af aðkeyptri tölvuþjónustu.

508 Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að útgjöld liðarins verði 1.065 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 16,2 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs sem skýrist af lækkun fjárframlaga vegna þjónustusamnings um heimahjúkrun í samræmi við áform um samdrátt í útgjöldum. Launa- og verðlagsbreytingar liðarins nema 77,5 m.kr.

515 Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 176,1 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 3 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Liðurinn lækkar annars vegar um 2,7 m.kr. í samræmi við áform um samdrátt í útgjöldum. Hins vegar eru 0,3 m.kr. færðar af liðnum á fjárlagalið 500 *Heilsugæslustöðvar, almennt*; vegna rannsóknakostnaðar sem fellur undir samning um heilbrigðisþjónustu í fangelsum. Launa- og verðlagsbreytingar nema 12,7 m.kr.

517 Læknavaktin. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að útgjöld liðarins verði 292,8 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 30,6 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Samtals eru færðar 34,5 m.kr. á liðinn, annars vegar 30 m.kr. af 500 *Heilsugæslustöðvar, almennt* og hins vegar 4,5 m.k. af 700 *Heilbrigðisstofnanir* til að mæta kostnaði við nýjan samning um vaktþjónustu lækna á höfuðborgarsvæðinu. Til að mæta aðhaldsmarkmiðum í ríkisfjármálum lækkar liðurinn um 3,9 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Launa- og verðlagshækkun framlagsins er 22,5 m.kr.

552 Heilsugæslustöðin Dalvík. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 108,8 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 1,9 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Liðurinn lækkar um 1,6 m.kr. í samræmi við áform um aðhald í ríkisfjármálum. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsliði skýrast af lækkun vegna aukinnar endurgreiðslu á virðisaukaskatti af aðkeyptri tölvuþjónustu. Launa- og verðlagsbreytingar nema 8,5 m.kr.

553 Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 515,6 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 7,8 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs sem skýrist af áformum um samdrátt í ríkisútgjöldum. Launa- og verðlagsbætur liðarins nema 35,4 m.kr.

588 Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að rekstrar-gjöld verði 295,7 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 4,5 m.kr. lækkun að raungildi

frá fjárlögum þessa árs til að mæta aðhaldsmarkmiðum í ríkisfjármálum. Launa- og verðlagsbreytingar nema 21,7 m.kr.

Heilbrigðisstofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokkis: 700 Heilbrigðisstofnanir og liðirnir 716–795 sem eru fjárlagaliðir einstakra heilbrigðisstofnana.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Heilbrigðisstofnanir	135,2	223,9	154,9	-30,8	14,6
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	2.806,7	2.656,5	2.777,0	4,5	-1,1
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	268,4	255,9	270,7	5,8	0,9
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	1.036,5	992,5	1.044,9	5,3	0,8
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	404,7	385,9	404,4	4,8	-0,1
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	813,2	747,9	741,3	-0,9	-8,8
Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð	467,2	414,4	427,2	3,1	-8,6
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	923,0	844,5	839,8	-0,6	-9,0
Heilbrigðisstofnun Austurlands	2.050,2	1.931,1	2.025,2	4,9	-1,2
Heilbrigðisstofnun Suð-Austurlands	186,5	189,9	202,5	6,6	8,6
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	670,8	634,4	663,6	4,6	-1,1
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	2.058,0	1.927,4	2.035,0	5,6	-1,1
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	1.660,9	1.581,9	1.640,8	3,7	-1,2
St. Jósefsspítali, Sólvangur	1.273,0	980,5	0,0	-100,0	-100,0
Samtals	14.754,3	13.766,7	13.227,3	-3,9	-10,3

Heildarfjárveiting til málefnaflokkisins nemur 13.227,3 m.kr. og lækkar um 1.588,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- verðlagsbreytingar en þær nema alls 1.049,1 m.kr. og að þeim meðtöldum lækka útgjöldin um 539,4 m.kr. milli ára. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 541,6 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga. Þar af lækka framlög til málefnaflokkisins um 348,9 m.kr. vegna frestunar á hagræðingarkröfu sem útfærð var í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár og 3,9 m.kr. í stofnkostnaði. Á árinu 2010 fór fram mat á kostnaði við rekstur sjúkrarýma á heilbrigðisstofnunum með hliðsjón af þjónustunni sem þar er veitt. Eftir að frumvarp til fjárlaga 2011 var lagt fram var ákveðið að endurskoða forsendurnar á bak við lækkunina. Ljóst var að vegna endurskoðunarinnar var ekki mögulegt að ná fram áhrifum aðgerðanna fyrr en liðið var á árið 2011. Af þeim sökum var ákveðið að fresta lækkun á 3/12 hluta hagræðingarkröfu hjá heilbrigðisstofnunum fram á næsta ár og nemur sú lækkun á framlögum 348,9 m.kr. Þá fellur tímabundið 60 m.kr. óskipt framlag til heilbrigðisstofnana niður.

700 Heilbrigðisstofnanir. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins verði 154,9 m.kr á næsta ári og dragist saman um 69 m.kr. Skýrist það af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi fellur

tímabundið 60 m.kr. framlag vegna heilbrigðisstofnana niður. Í öðru lagi eru 4,5 m.kr. færðar af liðnum á lið 517 *Læknavaktin*. Í þriðja lagi lækkar liðurinn um samtals 4,5 m.kr., þar af 3,9 m.kr. í stofnkostnaði, í samræmi við áform um samdrátt í útgjöldum.

716 Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárheimildir stofnunarinnar verði 2.777 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 96,5 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingar á fjárheimild stofnunarinnar skýrast af 95,1 m.kr. lækkun vegna aðhalds í ríkisfjármálum, þar af er 55,3 m.kr. frestun á hagræðingu í fjárlögum 2011. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsliði skýrast af lækkun vegna aukinnar endurgreiðslu á virðisaukaskatti af aðkeyptri tölvuþjónustu. Launa- og verðlagsbætur liðarins nema 217 m.kr.

721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirói. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 270,7 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 6,8 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs, til að mæta aðhaldsmarkmiðum í ríkisfjármálum. Þar af er 3 m.kr. frestun á hagræðingu í fjárlögum 2011. Launa- og verðlagsbreytingar liðarins nema 21,6 m.kr.

726 Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 1.044,9 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 31,7 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Liðurinn lækkar um 30,3 m.kr. í samræmi við áform um lækkun í ríkisútgjöldum, þar af er 15,4 m.kr. frestun á hagræðingu í fjárlögum 2011. Þá lækkar liðurinn um 1,4 m.kr. vegna aukinnar endurgreiðslu á virðisaukaskatti af aðkeyptri tölvuþjónustu. Launa- og verðlagshækkun liðarins nemur 84,1 m.kr.

745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að rekstrargjöld stofnunarinnar verði 404,4 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 13,4 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Í fyrsta lagi er 5,8 m.kr. lækkun í samræmi við áform um jöfnuð í ríkisútgjöldum og í öðru lagi lækkar liðurinn um 6,6 m.kr. vegna frestunar á hagræðingu í fjárlögum 2011. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsliði skýrast af lækkun vegna aukinnar endurgreiðslu á virðisaukaskatti af aðkeyptri tölvuþjónustu. Launa- og verðlagsbætur liðarins nema 31,9 m.kr.

751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 741,3 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 64,2 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Í samræmi við áform um lækkun í ríkisútgjöldum lækkar liðurinn um 62,8 m.kr., sem svarar til 8,4% lækkunar á fjárheimild í fjárlögum 2011, þar af er 51,6 m.kr. frestun á hagræðingu í fjárlögum 2011. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsliði skýrast af lækkun vegna aukinnar endurgreiðslu á virðisaukaskatti af aðkeyptri tölvuþjónustu. Launa- og verðlagsbætur liðarins nema 57,6 m.kr.

- 756 Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð.** Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárheimildir stofnunarinnar verði 427,2 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 21,3 m.kr. lækkun að raungildi sem svarar til 5% lækkunar frá fjárlögum þessa árs. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir 6,2 m.kr. lækkun til að mæta aðhaldsmarkmiðum í ríkisfjármálum. Í öðru lagi lækkar liðurinn um 14,6 m.kr. vegna frestunar á hagræðingarmarkmiðum í fjárlögum 2011. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsliði skýrast af lækkun vegna aukinnar endurgreiðslu á virðisaukaskatti af aðkeyptri tölvuþjónustu. Launa- og verðlagsbætur liðarins nema 34,1 m.kr.
- 761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga.** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 839,8 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 71,6 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs eða um 8,5%, sem skýrist annars vegar af 12,7 m.kr. lækkun í samræmi við áform um aðhald í ríkisútgjöldum og hins vegar af 58,9 m.kr. lækkun vegna frestunar á hagræðingu í fjárlögum 2011. Launa- og verðlagsbætur liðarins nema 66,9 m.kr.
- 777 Heilbrigðisstofnun Austurlands.** Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárheimildir stofnunarinnar verði 2.025,2 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 71,2 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs eða um 3,7%. Skýrist það annars vegar af 29,1 m.kr. lækkun í samræmi við áform um aðhald í ríkisútgjöldum og hins vegar af 42,1 m.kr. lækkun vegna frestunar á hagræðingu í fjárlögum 2011. Launa- og verðlagsbætur liðarins nema 165,3 m.kr.
- 779 Heilbrigðisstofnun Suð-Austurlands.** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 202,5 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 1,4 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs í samræmi við áform um lækkun í ríkisútgjöldum. Launa- og verðlagsbætur liðarins nema 14 m.kr.
- 781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum.** Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárheimildir stofnunarinnar verði 663,6 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 24,6 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist það annars vegar af 9,4 m.kr. lækkun til að mæta aðhaldsmarkmiðum í ríkisfjármálum og hins vegar af 15,2 m.kr. lækkun framlags vegna frestunar á hagræðingu í fjárlögum 2011. Launa- og verðlagsbætur liðarins nema 53,8 m.kr.
- 787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands.** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 2.035 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 60,9 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Liðurinn lækkar um 67,2 m.kr., annars vegar um 28,8 í samræmi við áform um lækkun í ríkisútgjöldum og hins vegar um 38,4 m.kr. vegna frestunar á hagræðingu í fjárlögum 2011. Þá eru 6,3 m.kr. færðar á liðinn af *500 Heilsugæslustöðvar, almennt*

til að standa straum af kostnaði við heilbrigðisþjónustu í fangelsinu að Bitru. Launa- og verðlagsbætur liðarins nema 168,5 m.kr.

791 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 1.640,8 m.kr. á næsta ári. Fjárheimild stofnunarinnar lækkar um 75,4 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs, sem skýrist annars vegar af 23,7 m.kr. lækkun í samræmi við áform um lækkun í ríkisútgjöldum og hins vegar af 49,2 m.kr. lækkun vegna frestunar á hagræðingu í fjárlögum 2011. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsliði skýrast af 2,5 m.kr. lækkun fjárheimildar vegna aukinnar endurgreiðslu á virðisauka-skatti af aðkeyptri tölvuþjónustu. Launa- og verðlagsbætur liðarins nema 134,3 m.kr.

795 St. Jósefsspítali, Sólvangur. Sjúkrasvið St. Jósefsspítala, Sólvangs var sameinað Landspítala fyrr á þessu ári og 547 m.kr. færðar af fjárlagaliðnum á lið 373 Landspítali. Þá er fjárlagaviðfang hjúkrunardeildar lagt niður og 423,5 m.kr. færðar á nýtt fjárlaganúmer; 419, Sólvangur, Hafnarfirði.

Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnafloks: 301 Embætti landlæknis, 303 Lýðheilsusjóður, 317 Lyfjastofnun, 327 Geislavarnir ríkisins, 331 Vinnueftirlit ríkisins, 332 Ríkissáttasemjari, 333 Jafnréttisstofa, 334 Umboðsmaður skuldara.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Landlæknir	349,0	322,5	543,9	68,7	55,8
Lýðheilsusjóður	0,0	0,0	135,7	-	-
Lýðheilsustöð	326,9	337,8	0,0	-100,0	-100,0
Lyfjastofnun	317,7	327,5	346,7	5,9	9,1
Geislavarnir ríkisins	75,7	73,1	76,1	4,1	0,5
Vinnueftirlit ríkisins	471,1	429,9	448,5	4,3	-4,8
Ríkissáttasemjari	55,6	55,1	58,4	6,0	5,0
Jafnréttisstofa	77,0	85,5	63,5	-25,7	-17,5
Umboðsmaður skuldara	292,2	600,0	595,0	-0,8	103,6
Samtals	1.965,2	2.231,4	2.267,8	1,6	15,4

Heildarfjárveiting til málefnafloksins lækkar um 104,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar en þær nema alls 141,0 m.kr. og að þeim meðtöldum hækka útgjöldin um 36,4 m.kr. milli ára. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málafloksins sem nemur 62,8 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til þess að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Þá koma fram í frumvarpinu nokkrar millifærslur sem samtals lækka útgjöldin um 28,8 m.kr. Munar þar mest

um millifærslur vegna ákvörðunar Alþingis um að sameina Lýðheilsustöð Embætti landlæknis, sem nánar verður gerð grein fyrir undir viðkomandi fjárlagalið. Á hinn bóginn falla niður samtals 20,0 m.kr. af framlögum sem veitt voru til tímabundinna verkefna.

301 Landlæknir. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins nemi um 543,9 m.kr. og hækki um 185,6 m.kr. á næsta ári að frátöldum launa- og verðlagshækkunum sem nema 35,8 m.kr. Skýrist hækkunin af tveimur megin tilefnum. Í fyrsta lagi er um að ræða millifærslur vegna sameiningar Lýðheilsustöðvar við Embætti landlæknis sem tók gildi samkvæmt lögum 1. maí 2011. Millifærslur til hækkunar á fjárheimild eru 202,1 m.kr. vegna sameiningar á rekstrarveltu stofnananna og 3,0 m.kr. vegna þess að umsjón með dánarmeinaskrá færir frá Hagstofu til Landlæknis. Millifærsla til lækkunar nemur 3,6 m.kr. tilefnið er að umsjón og eftirlit með lækningatækjum flyst frá Embætti landlæknis til Lyfjastofnunar. Í öðru lagi er um að ræða 15,7 m.kr. lækkun rekstrarkostnaðar í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum.

303 Lýðheilsusjóður. Um er að ræða nýjan fjárlagalið sem stofnaður var til þess að taka við rekstrarveltu Forvarnasjóðs, sem var lagður niður þegar Lýðheilsustöð var sameinuð Embætti landlæknis. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins verði 135,7 m.kr. á næsta ári og að rekstrargjöld lækki um 2,0 m.kr. í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum.

317 Lyfjastofnun. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins verði 346,7 m.kr. á næsta ári og að rekstrargjöld dragist saman um 6,5 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagshækkunum sem nema 25,7 m.kr. Skýrist það af tveimur tilefnum. Í fyrsta lagi er um að ræða lækkun rekstrarútgjalda um 9,8 m.kr. í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum og í öðru lagi er um að ræða hækkun fjárheimildar um 3,6 m.kr. vegna þess að umsjón og eftirlit með lækningatækjum flyst frá Embætti landlæknis til Lyfjastofnunar.

327 Geislavarnir ríkisins. Gert er ráð fyrir að rekstrarframlag nemi um 76,1 m.kr. á næsta ári og lækki um 2,2 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagshækkunum sem nema 5,2 m.kr. Lækkun rekstrarútgjaldanna er í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum.

331 Vinnueftirlit ríkisins. Gert er ráð fyrir að rekstrarframlag nemi um 448,5 m.kr. á næsta ári og lækki frá fjárlögum fyrra árs um 12,9 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagshækkunum sem nema 31,5 m.kr. Lækkun rekstrarútgjalda er í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum.

- 332 Ríkissáttasemjari.** Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins verði 58,4 m.kr. á næsta ári dragist saman um 0,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum verðlagshækkunum sem nema 3,8 m.kr.
- 333 Jafnréttisstofa.** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 63,5 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 28,0 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs en launa- og verðlagshækkunir nema um 6,0 m.kr. Skýrist það af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi 29,5 m.kr. lækkun rekstrarútgjalda vegna millifærslu á fjárheimild Fjölmeningarseturs á Ísafirði, á fjárlagalið 398 *Félagsmál, ýmis starfsemi*. Í frumvarpi til fjárlaga 2011 var gert ráð fyrir að sameina starfsemi Fjölmeningarseturs á Ísafirði og Jafnréttisstofu og sameina fjárheimildir undir Jafnréttisstofu. Horfið var frá þessum fyrirætlunum við vinnslu frumvarpsins án þess að fjárheimild Fjölmeningarseturs væri færð til fyrra horfs. Í öðru lagi 3,2 m.kr. tímabundin hækkun, næstu þrjú árin, til verkefnisins Karlar til ábyrgðar sem er í umsjá Jafnréttisstofu. Í þingsályktun um áætlun í jafnréttismálum 2011–2014 er lagt til að þetta meðferðarræði verði eflt og boðið upp á þjónustu víðar um land. Í þriðja lagi 1,7 m.kr. lækkun í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum.
- 334 Umboðsmaður skuldara.** Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins verði 595,0 m.kr. á næsta ári og lækki um 38,0 m.kr. á næsta ári að frátöldum launa- og verðlagshækkunum sem nema 33,0 m.kr. en að þeim meðtöldum lækka útgjöldin um 5,0 m.kr. Skýrist það af tveimur tilefnum. Í fyrsta lagi er um að ræða 18,0 m.kr. lækkun rekstrarútgjalda í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Í öðru lagi 20,0 m.kr. niðurfellingu á tímabundinni fjárheimild til kaupa á tækjum og búnaði. Kostnaður af starfsemi umboðsmanns skuldara er greiddur af lánastofnunum með sérstöku gjaldi. Við gerð fjárlaga 2011 var talsverð óvissa um kostnað embættisins þar sem umfang starfseminnar var óljóst á þeim tíma. Við endurskoðun á rekstraráætlun embættisins fyrir árið 2011 er ljóst að kostnaður vegna embættisins verður talsvert hærri en gert er ráð fyrir í gildandi fjárlögum og verður lögð fram tillaga í frumvarpi til fjárlagalaga ársins 2011 þar að lútandi. Enn fremur er til endurskoðunar rekstraráætlun embættisins fyrir árið 2012 og þykir líklegt að útgjöldin muni verða umtalsvert hærri en gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Á grundvelli endurskoðunar rekstraráætlunarinnar verður lögð fram tillaga við aðra umræðu um frumvarpið um fjárheimildir og fjármögnun þeirra með gjaldtöku á fjármálastofnanir. Áfram er stefnt að því að ljúka málum á vegum embættisins eins hratt og kostur er, þannig að draga megi úr starfsemi hennar.

Málefni fatlaðra

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 801 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, 805 Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta, 807 Heyrnar- og talmeinstöð Íslands og 809 Málefni fatlaðra.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Greiningar og ráðgjafarstöð ríkisins	359,0	350,9	367,7	4,8	2,4
Þjón og þekkingarmiðst blindra og sjónskertra	288,5	271,7	279,1	2,7	-3,3
Heyrnar og talmeinstöð Íslands	183,5	127,3	132,5	4,1	-27,8
Málefni fatlaðra	414,2	708,6	347,5	-51,0	-16,1
Samtals	1.245,2	1.458,5	1.126,8	-22,7	-9,5

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 417,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar en þær nema alls 85,9 m.kr. og að þeim meðtöldum lækka útgjöldin um 331,7 m.kr. milli ára. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 42,9 m.kr. í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Þá er lögð til 30,5 m.kr. viðbótarfjárveiting vegna réttindagæslu fyrir fatlað fólk sbr. lög nr. 88/2011. Á hinn bóginn falla niður eða færast frá málefnaflokknum samtals 404,9 m.kr. Nánar er gerð grein fyrir breytingunum undir viðkomandi fjárlagaliðum.

801 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins nemi 367,7 m.kr. og að rekstrargjöld dragist saman um 10,5 m.kr. á næsta ári að raungildi sem skýrist af ákvörðun ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Launa- og verðlagshækkningar eru áætlaðar 27,3 m.kr. og að þeim meðtöldum hækkar fjárheimildin um 16,8 m.kr.

805 Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins verði 279,1 m.kr. og að rekstrargjöld dragist saman á næsta ári um 8,2 m.kr. sem skýrist af ákvörðun ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Launa- og verðlagshækkningar eru áætlaðar 9,0 m.kr. á næsta ári og að þeim meðtöldum hækkar fjárheimild liðarins um 7,4 m.kr.

807 Heyrnar- og talmeinstöð Íslands. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins verði 132,5 m.kr. og að rekstrargjöld dragist saman á næsta ári um 3,8 m.kr. sem skýrist af ákvörðun ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Launa- og verðlagshækkningar eru áætlaðar 9,0 m.kr. að þeim meðtöldum hækkar fjárheimild liðarins um 5,2 m.kr.

809 Málefni fatlaðra. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins verði 347,5 m.kr. og að rekstrargjöld dragist saman um 394,8 m.kr. á næsta ári að frátöldum launa- og verðlagshækkunum sem nema 33,7 m.kr. en þeim meðtöldum lækkar fjárheimild liðarins um 361,1 m.kr. Skýrist það af fimm tilefnum. Í fyrsta lagi lækka rekstrargjöld um 20,4 m.kr. vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Í öðru lagi er um að ræða niðurfellingu á 255,4 m.kr. af tímabundnu framlagi til að standa straum af kostnaði við lokun svæðisskrifstofa málefna fatlaðra vegna yfirfærslu málaflokksins til sveitarfélaga. Í þriðja lagi er um að ræða 61,9 m.kr. millifærslu á framlagi til þess að standa straum af samningum um verndaða vinnustaði. Með lögum nr. 152/2010 var þessi þjónusta flutt til Vinnumálastofnunar. Í fjórða lagi eru um að ræða samtals 87,6 m.kr. lækkun fjárheimilda í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga um aðkomu ríkisins að tónlistarkennslu á mið- og framhaldsstigi sem undirritað var 13. maí 2011. Fjárhæðin skiptist þannig: 7,7 m.kr. framlag til Tölvumiðstöðvar fatlaðra, 25,2 m.kr. til Sumardvalarheimilis í Reykjadal og 54,7 m.kr. framlag til Vistheimilisins Bjargs. Í fimmta lagi er um að ræða 30,5 m.kr. viðbótarfjárveitingu vegna réttindagæslu fyrir fatlað fólk sbr. lög nr. 88/2011.

Málefni barna

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflökks: 821 Barnaverndarstofa

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Barnaverndarstofa	1.010,6	926,2	973,8	5,1	-3,6
Samtals	1.010,6	926,2	973,8	5,1	-3,6

Heildarfjárveiting til málefnaflökksins lækkar um 19,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagshækkunir en þær nema alls um 67,1 m.kr. og að þeim meðtöldum hækka útgjöldin um 47,6 m.kr. milli ára. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 19,5 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga.

821 Barnaverndarstofa. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld dragist saman um 19,5 m.kr. á næsta ári að frátöldum launa- og verðlagshækkunum sem nema um 67,1 m.kr. Samdráttur í útgjöldum skýrist af 19,5 m.kr. lækkun rekstrarútgjalda í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda.

Vinumál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 841 Vinnumálastofnun; 842 Vinnumál; 851 Atvinnuleysistryggingasjóður; 852 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga; 853 Ábyrgðasjóður launa; 854 Fæðingarorlofssjóður; 855 Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna og 856 Starfsendurhæfing.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Vinnumálastofnun	219,8	196,5	204,0	3,8	-7,2
Vinnumál	104,8	93,3	168,1	80,2	60,4
Atvinnuleysistryggingasjóður	25.781,8	22.812,8	20.297,0	-11,0	-21,3
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	-2,5	0,0	0,0	-	-100,0
Ábyrgðasjóður launa	2.058,1	1.809,0	1.774,0	-1,9	-13,8
Fæðingarorlof	9.560,1	9.687,7	8.535,0	-11,9	-10,7
Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna	97,0	105,8	121,4	14,7	25,2
Starfsendurhæfing	375,2	318,9	486,8	52,6	29,7
Samtals	38.194,3	35.024,0	31.586,3	-9,8	-17,3

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 6.124 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar en þær nema alls 2.686 m.kr. og að þeim meðtöldum lækka útgjöldin um 3.438 m.kr. milli ára. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 965 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að ná markmiðum um lækkun ríkisútgjalda. Þar ber hæst um 800 m.kr. lækkun útgjalda vegna atvinnuleysis í tengslum við tímabundna niðurfellingu á heimild til greiðslu atvinnuleysisbóta í 4 ár, en einnig kemur til 146,5 m.kr. lækkun kostnaðar vegna fæðingarorlofs. Útgjöld málaflokksins lækka um 4.236,2 m.kr. vegna endurmats á áætluðum útgjaldaskuldbindingum en þar vega þyngst áhrif minnkandi atvinnuleysis sem lækka útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs um 3.100 m.kr. og endurmat á fjárþörf fæðingarorlofssjóðs sem lækkuð er um 1.085 m.kr. í ljósi þeirrar reynslu sem komin er í kjölfar breytinga sem gerðar voru á hámarksgreiðslum úr sjóðunum árin 2009 og 2010. Ennfremur er búist við því að unnt verði að lækka útgjöld Avinnuleysistryggingasjóðs um 450 m.kr. í tengslum við átak á sviði vinnumarkaðsagerða og eflingu menntunar atvinnuleitenda.

841 Vinnumálastofnun. Gert er ráð fyrir að fjárveiting liðarins nemi 204 m.kr. og rekstrargjöld dragist saman um 5,9 m.kr. á næsta ári að frátöldum verðlagshækkunum. Launa- og verðlagshækkunir nema samtals 13,4 m.kr.

842 Vinnumál. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins nemi um 168,1 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 59,6 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Samdráttur í útgjöldum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar nemur 2,3 m.kr. en til hækkunar

kemur tillaga um 61,9 m.kr. millifærslu á nýtt viðfangsefni. Um er að ræða framlag til samninga við verndaða vinnustaði. Með lögum um málefni fatlaðra, nr. 152/2010 sbr, gr. 25–28 greiðist kostnaður við verndaða vinnu úr ríkissjóði og mun Vinnu-málastofnun annast samningagerð við vinnustaðina og eftirlit með þjónustu þeirra. Launa- og verðlagsbreytingar nema samtals 15,2 m.kr.

851 Atvinnuleysistryggingasjóður. Gert er ráð fyrir að útgjöld sjóðsins á næsta ári verði 20.297 m.kr. sem er raunlækkun um 5.058 m.kr. frá fjárlögum ársins 2011. Breytingar á útgjöldum sjóðsins skýrast ef eftirfarandi tilefnum. Í fyrsta lagi lækka útgjöld sjóðsins um 3.100 m.kr. vegna minna atvinnuleysis. Spár gera ráð fyrir að atvinnuleysi á árinu 2012 verði að jafnaði 6,0% en í forsendum fjárlaga 2011 var hins vegar reiknað með 7,3% atvinnuleysi. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að lækka útgjöld sjóðsins um tæplega 800 m.kr. Fyrirhugað er að framlengja tímabundna heimild til atvinnuleysisbóta á fjögur á þann hátt að eftir að þriggja ára samfelldu bótatímabili lýkur falli bætur niður í þrjá mánuði. Miðað við að þetta komi til framkvæmda á vormánuðum 2012. Haft verður samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um útfærslu þessara breytinga. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir lækkun útgjalda um 425 m.kr. í tengslum við átak á sviði vinnumarkaðsaðgerða og eflingu menntunar atvinnuleitenda. Unnið er að því að skapa námstækifæri fyrir allt að 1.000 atvinnuleitendur haustið 2011 og næstu tvö skólaár á eftir. Í fjórða lagi hækka tímabundin framlög sem veitt voru í fjárlögum 2011 vegna eftirlits, atvinnuleysis ungs fólks og ÞOR um 40 m.kr., þannig að á árinu 2012 verði varið 75 m.kr. til að fylgja eftir eftirliti með greiðslu atvinnuleysisbóta, 130 m.kr. til að koma í framkvæmd aðgerðum vegna atvinnuleysis ungs fólks og 40 m.kr. til verkefnisins ÞOR, þekking og reynsla, átak gegn langtímaatvinnuleysi. Í fimmta lagi er gert ráð fyrir að hreinar vaxtatekjur sjóðsins af inneign hans hjá ríkissjóði lækki um 23,2 m.kr. Loks lækka útgjöld sjóðsins um 750 m.kr. vegna þeirra sem fengið hafa bætur í full fjögur ár um næstu áramót. Verðlagshækkun útgjalda sjóðsins nemur alls 2.542 m.kr. í frumvarpinu og er þá miðað við að fjárhæð flestra bótaflokka hækki um 3,5% á næsta ári til viðbótar við 8,1% hækkun sem ákveðin var frá 1. júní sl

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Atvinnuleysisbætur	23.759,7	21.350,0	18.810,0	-11,9	-20,8
Umsýslukostnaður Vinnu-málastofnunar	600,1	578,6	620,0	7,2	3,3
Styrkir til fiskvinnslustöðva	291,4	184,0	190,0	3,3	-34,8
Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	901,6	857,0	857,0	0,0	-4,9
Framlög og styrkir	51,1	40,0	40,0	0,0	-21,7
Vaxtatekjur	121,3	-196,8	-220,0	11,8	-281,4
Samtals	25.725,2	22.812,8	20.297,0	-11,0	-21,1

852 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga. Áfram er gert ráð fyrir að útgjöld sjóðsins verði alfarið fjármögnuð af sértekjum.

853 Ábyrgðasjóður launa. Áætlað er að útgjöld sjóðsins á næsta ári verði 1.774 m.kr. sem er lækkun um 35 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Áætlað er að vaxtagjöld sjóðsins af skuld við ríkissjóð vegna fyrirfram greiddra markaðra tekna lækki um þá fjárhæð.

854 Fæðingarorlof. Gert er ráð fyrir að gjöld sjóðsins á næsta ári verði 8.535 m.kr. og lækki frá gildandi fjárlögum um 1.224 m.kr. á föstu verðlagi. Breytingin milli ára skýrist af eftirfarandi tilefnum. Áætlað er að útgjöld sjóðsins lækki um 146,5 m.kr. vegna aðhaldsaðgerða sem gripið var til árin 2009 og 2010. Útgjöld sjóðsins hafa lækkað umtalsvert í kjölfar breytinga sem gerðar voru á hámarksgreiðslum úr sjóðnum á þessum árum. Auk þess lækkar fjárheimild sjóðsins um 1.078 m.kr. þar sem fæðingum hefur fækkað og dregið hefur úr þátttöku foreldra í fæðingarorlofi sl. tvö ár. Aðrar breytingar eru launa- og verðlagsbreytingar að fjárhæð samtals 71,5 m.kr.

855 Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins nemi 121,4 m.kr. sem er lækkun um 1,6 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbótum sem nema 17,2 m.kr.

856 Starfsendurhæfing. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins verði 486,8 m.kr. á næsta ári sem er hækkun um 141,4 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbótum sem nema 26,5 m.kr. Breytingin skýrist af 150 m.kr. hækkun fjárheimildar til að mæta fjárvöntun vegna gildandi samninga um starfsendurhæfingarúrræði. Samningarnir byggja á tillögum örorkumatsnefndar um aukna endurhæfingu og nýtt matskerfi örorku og starfsgetu. Til lækkunar koma 8,6 m.kr. í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að draga úr útgjöldum.

Húsnæðismál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 861 Leiguíbúðir og 862 Varasjóður húsnæðismála.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Íbúðalánasjóður	33.000,0	0,0	0,0	-	-100,0
Leiguíbúðir	436,0	236,0	118,0	-50,0	-72,9
Varasjóður húsnæðismála	30,0	30,0	0,0	-100,0	-100,0
Samtals	33.466,0	266,0	118,0	-55,6	-99,6

Heildarfjárveiting til málefnaflokkans lækkar um 148 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Vakin er athygli á því að í reikningstölum ársins 2010 eru færð 33.000 m.kr. einskiptis útgjöld vegna framlags til Íbúðalánasjóðs til styrkingar eiginfjárstöðu hans og til að mæta niðurfærslu lána. Ársreikningur sjóðsins í árslok 2010 sýndi að eiginfjárstaða hans rúmaði ekki eignfærslu framlagsins og var það því gjaldfært hjá ríkissjóði.

861 Leiguíbúðir. Frumvarpið gerir ráð fyrir að framlag til þessa liðar nemi 118 m.kr. og lækki um helming frá fyrra ári. Í forsendum frumvarpsins er gert ráð fyrir að heimild verði veitt fyrir 75 leiguíbúðum á árinu 2012 og er miðað við óbreyttar forsendur um vexti frá síðasta fjárlagafrumvarpi. Lánin eru veitt þeim aðilum sem leigja íbúðir til einstaklinga er uppfylla skilyrði um tekju og eignamörk samkvæmt VIII. kafla húsnæðisлага og er framlaginu ætlað að standa straum af kostnaði Íbúðalánasjóðs vegna munar milli útlánsvaxta sjóðsins að frádregnu afskriftar- og uppgreiðsluálagi og þeim 3,5% vöxtum sem lánin bera. Ríkisstjórnin samþykkti í júní 2011 tillögu velferðarráðherra um áætlun til þriggja ára um lánveitingar til félagslegra leiguíbúða. Sú áætlun gerir ráð fyrir að fjárheimildir verði með eftirfarandi hætti næstu þrjú árin. Árið 2011 verði lánsheimildin 1 mia.kr. eða 50 íbúðir, árið 2012 verði hún 1,5 mia.kr. eða 75 íbúðir. Árin 2013–14 verði heimildirnar 3 mia.kr. hvort ár, en hækkunin þá kemur til vegna byggingar námsmannaíbúða í Vatnsmýrinni á vegum Félagsstofnunar stúdenta. Um er að ræða byggingu 280 smærri íbúðaryma eða 140 hvort ár, en samhliða því yrði þá svigrúm til byggingar um 60 annarra leiguíbúða hvort árið fyrir sig.

862 Varasjóður húsnæðismála. Áætlað er að fella fjárheimild liðarins niður í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga um aðkomu ríkisins að tónlistarkennslu á mið- og framhaldsstigi sem undirritað var 13. maí 2011. Munu sveitarfélögin taka að sér greiðslu framlagsins í samræmi við samkomulagið.

Önnur mál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokk: 398 Félagsmál, ýmis starfsemi og 399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Félagsmál, ýmis starfsemi	653,2	543,3	545,1	0,3	-16,5
Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	1.429,3	1.345,3	1.359,7	1,1	-4,9
Samtals	2.082,5	1.888,6	1.904,8	0,9	-8,5

Heildarfjárveiting til málefnaflokkssins lækkar um 70 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar en þær nema alls 86 m.kr. Að þeim meðtöldum hækka útgjöldin um 16 m.kr. milli ára. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflökksins sem nemur 58 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Þar af eru fjárheimildir vegna styrkja og samninga til félagasamtaka sem undir fjárlagaliðinn falla lækkaðar um 34 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Aðhaldskrafa á aðra tilfærslu liði og verkefni nemur 24 m.kr. Um aðrar breytingar sem leiða til 12 m.kr. nettólækkunar liðarins er fjallað hér á eftir í umfjöllun um fjárlagaliðinn *Félagsmál ýmis starfsemi*.

398 Félagsmál, ýmis starfsemi. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld dragist saman um 28,3 m.kr. á næsta ári að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Skýrist það af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi fellur niður tímabundið framlag að fjárhæð 40 m.kr. sem veitt var til aðgerðaráætlunar í þágu barna og ungmenna. Í öðru lagi eru millifærðar 29,5 m.kr. af 333 *Jafnréttisstofa* vegna starfsemi Fjölmenningsseturs á Ísafirði. Í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar um eflingu atvinnu og byggðar á Vestfjörðum er nú unnið að því að tryggja starfsemi Fjölmenningssetursins með lögum. Í þriðja lagi er lögð til 17,8 m.kr. lækkun fjárheimilda til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Launa- og verðlagsbætur liðarins nema 30,1 m.kr.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 1.360 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 41,6 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Í samræmi við áform um samdrátt í ríkisútgjöldum er í fyrsta lagi lögð til 40,1 m.kr. lækkun fjárheimilda. Af fjárhæðinni eru 19,6 m.kr. færðar til lækkunar á fjárheimildum vegna styrkja og samninga við félagasamtök. Fjárhæðin svarar til 3% lækkunar á fjárheimild þeirra frá fjárlögum yfirstandandi árs. Í öðru lagi eru vegna lækkunar á húsnæðiskostnaði *Lyfjagreiðslunefndar* og *Vísindasiðanefndar* millifærðar samtals 1,5 m.kr. til Fjársýslu ríkisins vegna yfirtöku þeirrar stofnunar á leiguhúsnæði nefndanna að Vegmúla 3. Launa- og verðlagsbætur liðarins eru 56 m.kr.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.10 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
08-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
08-379-1.01	Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld sjúkrahúsa.
08-379-6.50	Sjúkrahús, óskipt. Stofnkostnaður	Stofnkostnaður sjúkrahúsa.
08-401-1.01	Hjúkrunarheimili, almennt	Ófyrirséð útgjöld hjúkrunarheimila og uppgjör fjárheimilda skv. forsendum samninga eða reiknilíkans.
08-500-1.10	Heilsugæslustöðvar, almennt	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld heilsugæslustöðva.
08-500-6.01	Heilsugæslustöðvar. Tæki og búnaður.	Tækjakaup fyrir heilsugæslustöðvar.
08-700-1.01	Heilbrigðisstofnanir. Almennur rekstur.	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld heilbrigðisstofnana.
08-700-6.01	Heilbrigðisstofnanir. Tæki og búnaður.	Tækjakaup fyrir heilbrigðisstofnanir.

09 Fjármálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun fjármálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	20.576,5	17.116,3	18.076,7	6	-12
Neyslu- og rekstrartilfærslur	40.227,3	41.734,4	40.339,7	-3	0
Stofnkostnaður og viðhald	30.310,3	2.755,4	2.839,3	3	-91
Samtals	91.114,1	61.606,1	61.255,7	-1	-33
Greitt úr ríkissjóði	-	50.982,8	50.801,7	0	-
Innheimt af ríkistekjum	-	2.693,3	2.904,0	8	-
Viðskiptahreyfingar	-	7.930,0	7.550,0	-5	-
Samtals	-	61.606,1	61.255,7	-1	-

Heildargjöld fjármálaráðuneytis árið 2012 eru áætluð um 67.723 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 6.467 m.kr. en þær nema 9,5% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 61.256 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 50.802 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 2.904 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 7.550 m.kr., færast sem viðskiptahreyfingar ríkissjóðs.

Vakin er athygli á að í inngangi þessa kafla um gjöld A–hluta, kafla 3.5, er umfjöllun um fyrirhugaðan samdrátt í ríkisútgjöldum á næsta ári þar sem farið er heildstætt yfir þau áform fyrir öll ráðuneytin og málaflokka þeirra.

Í frumvarpinu dragast útgjöld fjármálaráðuneytisins saman um 952 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2011 en þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum verðlags- og gengis-

breytingum lækka útgjöldin um 350 m.kr. milli ára eða sem svarar til 0,5% af veltu. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi verða gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 566 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum. Í öðru lagi er um að ræða ýmsar breytingar á útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2012 en þær nema um 54 m.kr. til lækunar, en 946 m.kr. til hækkunar ef frá eru taldar endurskoðaðar áætlanir um barnabætur og vaxtabætur sem lækka um samtals 1.000 m.kr. á milli ára. Í þriðja lagi falla niður tímabundin framlög til ýmissa verkefna að fjárhæð 332 m.kr. Loks bætast við launa- og verðlags-hækkunar ársins 2012, sem eru áætlaðar 601 m.kr. Þar vega þyngst hækkunar á launum samkvæmt kjarasamningum við stéttarfélag ríkisstarfsmanna. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að í fjárheimildum vegna annarra rekstrargjalda en launa verði vegið upp vanmat á verðlagshækkunum í forsendum fjárlaga 2011 til viðbótar við spá um verðbreytingar ársins 2012, auk þess sem tekið er tilliti til áhrifa af lækun á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt.

Fjárveitingar til verkefna fjármálaráðuneytisins markast nokkuð af því að gert er ráð fyrir áframhaldandi aðhaldsráðstöfunum í frumvarpinu í samræmi við áætlun ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum þótt þær verði ekki jafn umfangsmiklar og í fjárlögum undanfarinna þriggja ára. Hagræðingarkrafa til velferðarmálaflokka, skóla og löggæslu er fjórða árið í röð nálægt helmingi lægri en í annarri starfsemi. Engu að síður kalla sparnaðar-áformin á árinu 2012 á margvíslegar hagræðingaraðgerðir og forgangsröðun verkefna. Áætlað er að aðhaldsaðgerðir ráðuneytisins á næsta ári lækki útgjöld sem nemur um 1% af veltu fjárlaga 2011 og er þá ekki leiðrétt fyrir ýmsum óreglulegum liðum sem ekki er hægt að taka tillit til í hagræðingaráformum ríkisstjórnarinnar.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 18.077 m.kr. og hækka um rúmar 960 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Rekstrarfjárveitingar flestra stofnana og verkefna sem heyra undir ráðuneytið eru lækkaðar alls um 226 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Aðhaldsmarkið ráðuneyta voru sett miðað við að lækka útgjöld sem nemur 3% af veltu stjórnarsýslu og almennrar þjónustu en 1,5% af veltu velferðarmálaflokka, skóla og löggæslu. Lækkunin hjá fjármálaráðuneytinu nemur 3% af rekstrarveltu þegar frá eru taldir óreglulegir liðir sem ekki teljast til eiginlegs rekstrar eins og fjármagnstekjuskattur eða lífeyrisskuldbindingar. Þótt markmiðin hafi verið sett miðað við veltu eru þau útfærð eftir forgangsröð og áherslum ráðuneytisins sem getur falið í sér mismikla skerðingu á fjárveitingum eins og fram kemur í umfjöllun um einstakar stofnanir og verkefni. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir auknum eða nýjum útgjaldaskuldbindingum í rekstri sem nema 747 m.kr. Þar munar mest um 410 m.kr. hækkun á fjármagnstekjuskatti sem ríkið greiðir af vaxtatekjum, arðgreiðslum og söluhagnaði eigna. Hækkunin færir jafnframt á tekjuhlíð fjárlaga og hefur því ekki nettóáhrif á greiðslur úr ríkissjóði. Veitt er 150 m.kr. tímabundið framlag til embættis tollstjóra til að hefja þarfagreiningu og undirbúning að nýjum tollakerfum. Fjárheimildir á sérstökum lið sem ætlaður er til að bóka


virðisaukaskatt af kaupum á tiltekinni tölvuþjónustu eykst um rúmar 73 m.kr. Stærstu stofnanir slíkrar þjónustu eru skertar um sömu fjárhæð í hlutfalli við kaup þeirra. Nokkrar millifærslur frá öðrum ríkisstofnunum og safnfjárlagaliðum skýra tæpar 54 m.kr. auknar útgjaldaskuldbindingar. Aukin flugumferð um Keflavíkurflugvöll skýrir 30 m.kr. aukna útgjaldaheimild embættis tollstjórans. Útgjöldin eru fjármögnuð með innheimtum ríkis- tekjum svo þau hafa ekki áhrif á greiðslustöðu ríkissjóðs. Kostnaðarauki vegna flutnings Fjársýslu ríkisins í Vegmúla 3 nemur rúmri 21 m.kr. Aðrar útgjaldaskuldbindingar að fjárhæð 9 m.kr. eru vegna ýmissa smærri verkefna. Á móti falla niður nokkur framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna að fjárhæð tæpar 47 m.kr. Loks nemur verðlagshækkun fjárveitinga til rekstrar um 486 m.kr.

Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 1.395 m.kr. og verða 40.340 m.kr. en eru 41.735 m.kr. í fjárlögum ársins 2011. Þyngst vega breytingar á barnabótum og vaxtabótum um samtals 1.313 m.kr. Í fjárlögum 2011 var gert ráð fyrir að úthlutun barnabóta yrði 1 mia.kr. hærrí en raun verður á. Reglum um tekjutengingu bótanna var breytt frá fyrra ári og við áætlun þeirra var tekjutengingin vanmetin. Að teknu tilliti til endurskoðaðrar áætlunar um útreikning umræddra bóta er gert ráð fyrir að barnabætur verði 8.262 m.kr. á næsta ári. Fyrirhugað er að breyta reglum um úthlutun barnabóta þannig að lágmark verði sett á útgreiðslu barnabóta með sambærilegum hætti og gildir um vaxtabætur. Lagt verður fram frumvarp til laga á haustþingi þar sem nánar er kveðið á um útfærsluna. Vaxtabætur eru hins vegar áætlaðar 17.325 m.kr. Nú verður bótum í fyrsta skipti einungis úthlutað á grundvelli greiddra vaxta og það skilyrði sett að úthlutun vaxtabóta byggist á því að framtal hafi borist en nú er bótunum úthlutað þótt svo hafi ekki verið gert. Báðar umræddar breytingar munu leiða til þess að upphæð úthlutaðra bóta mun lækka og er áætlað að lækkun bóta vegna þessa verði rúmar 300 m.kr. Í öðru lagi er gert ráð fyrir hækkun á fjárheimild til jöfnunar á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða um 181 m.kr. vegna endurskoðaðrar áætlunar á tryggingagjaldi sem miðað er við í útreikningum. Í þriðja lagi falla niður 250 m.kr. sem veittar voru til Starfsendurhæfingarsjóðs. Annar samdráttur á neyslu- og rekstrartilfærslum til að mæta aðhaldsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar nemur 12 m.kr.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 2.839 m.kr. og er það 84 m.kr. hækkun milli ára. Þyngst vegur 115 m.kr. fjárheimild til Fasteigna ríkissjóðs vegna áætlana um verðlagsþróun á næsta ári. Í öðru lagi eru veittar 18 m.kr. til breytinga á skattvinnslukerfum hjá embætti ríkisskattstjóra vegna ýmissa skattabreytinga sem koma til framkvæmda á næsta ári. Hins vegar fellur niður 35 m.kr. tímabundin fjárveiting sem veitt var til skattvinnslukerfanna á þessu ári. Í þriðja lagi lækka framlög um 14 m.kr. til að mæta áformum um samdrátt í ríkisútgjöldum en sett var markmið um 3% lækkun.

Vikið er nánar að áformum um sparnað og forgangsröð útgjalda og helstu útgjalda- breytingar í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2012 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Skuldbindandi samningar

Fjármálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 1.218,4 m.kr. á þessu ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2011, eru á áætluðu verðlagi ársins 2012 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 2,0% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2012.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2011	2012	2013	2014	2015
Fjárhags- og starfsmannakerfi	A	480,5	491,0	491,0	491,0	491,0
Tekjubókhaldskerfi	A	367,9	375,9	375,9	375,9	375,9
Skattvinnslukerfi	A	370,0	378,0	378,0	378,0	378,0
Samtals		1.218,4	1.244,9	1.244,9	1.244,9	1.244,9

Allir framangreindir þjónustusamningar á vegum fjármálaráðuneytisins eru gerðir samkvæmt heimild í 30. gr. fjárreiðulaga. Á árinu 2002 var gerður samningur um rekstur og viðhald á nýju fjárhags- og mannaðskerfi ríkisins að undangengnu útboði og er reiknað með að árlegur kostnaður við hann verði um 491 m.kr. Útgjöld vegna þjónustusamninga um rekstur eldra launagreiðslukerfis og bókhalds- og áætlanakerfis ríkisins féllu niður frá og með árinu 2006. Þó er nauðsynlegt að reka gagnagrunn eldri kerfanna áfram um sinn vegna launa- og bókhaldsgagna fyrri ára sem þar er að finna. Undir liðnum skattvinnslukerfi eru samningar um rekstur nokkurra kerfa sem samanlagt nema 378 m.kr. á ári. Um er að ræða rekstrar- og viðhaldssamninga við Skýrr, samninga um vefframtal, notendaleyfi, gagnaflytninga og rekstur staðarnets fyrir skattkerfið í heild. Gerður var samningur við

Seðlabanka Íslands árið 2007, um að bankinn tæki að sér helstu verkefni sem Lánasýsla ríkisins hafði áður með höndum. Vegna aukins umfangs í umsýslu lána- og skuldamála var ákveðið að endurnýja samninginn við Seðlabankann á yfirstandandi ári og fela honum viðbótarverkefni. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur þannig að jafnaði verði nálægt 1.245 m.kr. bundinn árlega vegna framangreindra verkefna.

Tilraunaverkefni í kynjaðri fjárlagagerð

Markmið tilraunaverkefnis fjármálaráðuneytis var að kanna áhrif millifæranleika persónuafsláttar milli sambýlisfólks út frá kynjasjónarmiðum. Verkefnið byggir á könnun á því hvernig framteljendur hafa notfært sér millifæranleika persónuafsláttar frá tekjuskatti, en millifæranleikinn gerir það að verkum að tekjur eru skattlagðar eins og um tvo aðila sé að ræða jafnvel þótt aðeins annar aðilinn afli teknanna.

Millifæranleiki persónuafsláttar er umdeildur út frá jafnréttissjónarmiðum. Röksemda-færsla með millifæranleikanum er að með því móti hefur sambýlisfölk meira val í því hvernig tekjuöflun er háttáð og hann getur aukið tekjur heimila þar sem annar aðili er undir skattleysismörkum en hinn yfir þeim. Aftur á móti getur millifæranleikinn ýtt undir hefðbundna verkaskiptingu kynjanna með því að hækka þröskuld þess sem ekki hefur aflað tekna utan heimilis og þar með haft neikvæð áhrif á fjárhagslegt sjálfstæði kvenna. Ástæður fyrir því að karl og kona millifæra persónuafslátt sín á milli geta verið af margvíslegum toga sem sumar tengjast hefðbundnum kynhlutverkum en aðrar ekki, svo sem nám eða veikindi annars aðilans.

Ráðuneytið gerði könnun á fjölda þeirra para sem voru í þeirri stöðu að eftir álagningu greiddi annað þeirra tekjuskatt en ekki hitt. Þetta eru því gögn um stöðu mála eftir að álagning hefur farið fram og næsta víst að í einhverjum tilvikum hefur millifærsla persónuafsláttarins orðið til þess að hvorugt hefur þurft að greiða tekjuskatt. Miðað við ofangreinda afmörkun voru 2.057 karlar og 470 konur í sambúð árið 2009 þar sem annað greiddi tekjuskatt en ekki hitt. Þessi hópur er rúmlega 4% af öllum hjónum og sambýlisfólki. Það ber að hafa í huga að tekjumyndun og öflun einstaklinga árið 2009 var að sumu leyti frábrugðin því sem eðlilegt má telja.

Ekki var kannað hvort millifærsla persónuafsláttar sé varanleg á milli para eða hvort algengara sé að millifærslan sé tímabundin. Þá þyrfti einnig að gera ítarlegri rannsókn þar sem skoðað er hvort um sömu einstaklinga eða pör sé að ræða ár eftir ár í hópi sem er afmarkaður með sama hætti og hér var gert.

Niðurstaða könnunarinnar sýnir að millifærður persónuafsláttur er tíðari hjá körlum í lægstu tekjuhópunum (undir 1,5 milljón á ári) og einnig hjá körlum með mjög háar tekjur. Hjá konum er ekki sama tilhneiging. Hjá þeim dreifist millifæranleikinn nokkuð jafnt eftir tekjubílum en er þó tíðastur hjá þeim tekjuhæstu. Millifærslurnar eru algengastar hjá fólki á aldrinum 40–70 ára en fátíðari meðal yngri og eldri hópa. Að öðru leyti er niðurstaðan sú

að hjá stærstum hluta þess hóps sem var skoðaður, var tekjumunur einstaklinga tiltölulega lítill. Frekari greininga er þörf svo hægt sé að kveða á um með óyggjandi hætti hvort núverandi fyrirkomulag millifæranleika stuðli að minni atvinnuþátttöku kvenna.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Fjármálaráðuneytið, aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	623,5	582,7	647,7	11,2	3,9
Ráðstöfunarfé	0,0	3,1	2,9	-6,5	-
Samtals	623,5	585,8	650,6	11,1	4,3

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 12,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar sem nema 52,6 m.kr. Lækkun fjárheimildar á aðalskrifstofu ráðuneytisins að upphæð um 17,5 m.kr. er til að mæta aðhaldsmarkmiðum í samræmi við áætlun ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum. Jafnframt eru millifærðar fjárheimildir að upphæð 31 m.kr. af safnlið ráðuneytisins á aðalskrifstofu þar sem umsjón þeirra er nú í höndum starfsfólks ráðuneytisins og rétt þykir að færa fjárheimildirnar þar sem kostnaðurinn fellur til. Að auki er millifærð fjárheimild af aðalskrifstofu ráðuneytisins á Rekstrarfélag Stjórnarráðsins vegna umsýslu ráðherra-bifreiða. Ráðstöfunarfé ráðherra lækkar um 0,2 m.kr. á milli ára.

Skatta- og tollamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 210 Ríkisskattstjóri; 212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld; 214 Yfirs kattanevnd; 215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins; 250 Innheimtukostnaður og 262 Tollstjórinn.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkisskattstjóri	2.424,0	2.414,3	2.484,7	2,9	2,5
Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld	9,2	38,6	10,7	-72,3	16,3
Yfirs kattanevnd	113,8	111,1	116,2	4,6	2,1
Skattrannsóknarstjóri ríkisins	213,6	272,6	285,7	4,8	33,8
Innheimtukostnaður	494,5	473,7	499,0	5,3	0,9
Tollstjórinn	1.955,7	1.944,4	2.241,2	15,3	14,6
Samtals	5.210,8	5.254,7	5.637,5	7,3	8,2

Útgjöld stofnana og verkefna á sviði skatta- og tollamála lækka um 4,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Alls koma rúmar 120 m.kr. til lækkunar útgjalda til þess að mæta markmiðum um samdrátt ríkisútgjalda. Tímabundnar fjárveitingar að upphæð samtals 82,5 m.kr. falla niður á næsta ári. Veitt er 150 m.kr. fjárveiting til embættis tollstjóra til að undirbúa og hefja endurnýjun á tollakerfinu. Aukin flugumferð skýrir 30 m.kr. aukna fjárheimild á útgjaldahlið embættis tollstjóra sem er mætt með jafnhárrí tekjuheimild. Loks er veitt 18 m.kr. fjárheimild til embættis ríkisskattstjóra vegna breytinga á tölvukerfum í tengslum við skattabreytingar. Launa- og verðlagsbreytingar á sviði skatta- og tollamála nema 387,3 m.kr.

210 Ríkisskattstjóri. Gert er ráð fyrir að fjárheimildir embættisins lækki um 101,9 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs og nemi alls 2.484,7 m.kr. Launa- og verðlagslækkunar nema 172,3 m.kr. Raunlækkunin stafar af samdrætti í útgjöldum að upphæð 71 m.kr. til þess að mæta aðhaldsmarkmiðum ráðuneytisins og brottfalli þriggja tímabundinna fjárveitinga að upphæð 48,9 m.kr. Hækkun á fjárheimildum að upphæð 18 m.kr. kemur til af breytingum á tölvukerfum vegna ýmissa skattabreytinga sem áætlað er að komi til framkvæmda á næsta ári með tilheyrandi kostnaðarauka hjá embættinu.

212 Skatta- og tollamál. Gert er ráð fyrir að fjárheimildir til sérstakra skatta- og tollaverkefna lækki um 1,9 m.kr. í samræmi við áform um lækkun ríkisútgjalda. Aðrar lækkunar eru af tvennum toga. Annars vegar fellur niður tímabundin fjárveiting að upphæð 20 m.kr. sem veitt var til átaks í skattrannsóknnum og hins vegar eru milli-færðar 7 m.kr. vegna breyttra áherslna í greiningarvinnu í skattkerfinu, skattheimtu og bótakerfum. Launa- og verðlagsbreytingar nema 1 m.kr. á næsta ári.

214 Yfirs kattanevnd. Gert er ráð fyrir að fjárheimildir til nefndarinnar skerðist um 3,3 m.kr. að frátöldum verðlagsbótum. Lækkun fjárheimilda er í samræmi við áætlanir ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum. Verðlagsbreytingar nema 8,4 m.kr.

215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins. Gert er ráð fyrir að fjárheimildir til embættisins lækki um 8,2 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbótum sem nema 21,3 m.kr. Lækkunin kemur til vegna aðhaldsmarkmiða ríkisstjórnarinnar.

250 Innheimtumál. Miðað er við sama umfang við umsýslu innheimtumála og gert var í fjárlögum 2011. Erfitt er að áætla fyrir um þennan lið, en þegar hefur verið ráðist í átak við að hagræða í umsýslu innheimtumála.

262 Tollstjórnin. Fjárheimild stofnunarinnar nemur alls 2.241,2 m.kr. Samkvæmt frumvarpinu eykst fjárheimildin um 137,8 m.kr. frá yfirstandandi fjárlögum að frátöldum

launa- og verðlagsbreytingum. Stafar hækkunin fyrst og fremst af 150 m.kr. tíma- bundinni fjárveitingu til þess að hefja undirbúning að gerð nýrra tollakerfa, en óum- flýjanlegt er að hefjast handa við umfangsmiklar úrbætur á búnaðinum þegar á næsta ári. Ráðist verður í þarfagreiningu og hönnun nýs kerfis árið 2012. Aðrar hækkanir stafa af aukinni flugumferð um Keflavíkurlugvöll með tilheyrandi auknum tekjum af tollafgreiðslugjaldi og auknum kostnaði vegna fjölgunar starfsfólks og þ.m. breytingar á tekju- og útgjaldahlíð stofnunarinnar. Lækkun fjárheimilda af upphæð 35,7 m.kr. er í samræmi við áætlun ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum. Felldar eru niður tvær tímabundnar fjárheimildar að upphæð samtals 6,5 m.kr. Launa- og verðlags- breytingar nema 159 m.kr.

Lífeyrir og eftirlaun

Til þessa málaflokks teljast þrjú fjárlagaliðir: 381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun; 391 Jöfnun á örorkubyrdi almennra lífeyrissjóða og 393 Starfsendurhæfingarsjóður. Áætlað er að útgjöld málaflokksins nemi 8.054 m.kr. árið 2012 og lækki um 69,2 m.kr. frá fjárlögum þessa árs.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun	8.177,8	5.433,9	5.434,0	0,0	-33,6
Jöfnun á örorkubyrdi almennra lífeyrissjóða	2.545,7	2.439,3	2.620,0	7,4	2,9
Starfsendurhæfingarsjóður	0,0	250,0	0,0	-100,0	-
Samtals	10.723,5	8.123,2	8.054,0	-0,9	-24,9

381 Lífeyrisskuldbindingar. Á þennan lið er áætlað bæði fyrir greiddum verðlagsuppbótum á lífeyri og reiknuðum breytingum vegna skuldbindinga ríkissjóðs gagnvart lífeyris- sjóðum við ávinnslu ríkisstarfsmanna á lífeyrisréttindum á árinu umfram eignir sjóðanna. Hér er einkum um að ræða skuldbindingar vegna B-deilda Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga. Í árslok 2010 námu heildar- lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs 491,6 mia.kr., en á mót námu fyrirframgreiðslur ríkis- sjóðs til sjóðanna 146,5 mia.kr. Hreinar lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs námu því 345,1 mia.kr. í árslok 2010 samkvæmt ríkisreikningi. Hækkun hreinna lífeyris- skuldbindinga ríkissjóðs nam 5,2 mia.kr. á árinu 2010. Breytingin skiptist þannig að gjaldfærðar skuldbindingar námu 9,0 mia.kr., almennar verðbreytingar 5,8 mia.kr. en á móti greiddi ríkissjóður 9,5 mia.kr. fyrirfram og vegna lífeyrishækkana. Af gjald- færðum lífeyrisskuldbindingum færðust 8,2 mia.kr. hjá fjármálaráðuneytinu og 0,8 mia.kr. hjá ríkisstofnunum vegna viðbótariðgjalda. Raunávöxtun opinberu lífeyris- sjóðanna var jákvæð um 1,9% hjá B-deild LSR og 1,84% hjá LH á árinu 2010. Þrátt fyrir það rýrnuðu eignir beggja sjóðanna upp í óuppgerðar skuldbindingar á árinu. Í

árslok 2010 var eignastaða B–deildar LSR neikvæð um 5,7% en hún var neikvæð um 4,1% í ársbyrjun. Eignastaða LH lækkaði úr 13,9% í ársbyrjun í 13,1% í árslok 2010. Í kjölfar rýrnandi eignastöðu sjóðanna hækkaði skuldbinding ríkissjóðs gagnvart þeim um 6,5 mia.kr. á árinu 2010. Önnur áhrif á lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs á árinu 2010 voru ýmist til hækkunar eða lækkunar. Má þar nefna hækkun um 14,6 mia.kr. vegna áhrifa launabreytinga og réttindaávinnslu á árinu hjá sjóðunum. Á móti fól jávæð raunávöxtun opinberu lífeyrissjóðanna í sér að innstæða ríkissjóðs hjá þeim vegna fyrirframgreiðslna hækkaði um 6,3 mia.kr. vegna vaxta og verðbóta. Gert er ráð fyrir að árin 2011 og 2012 breytist skuldbindingin í samræmi við launaþróun og áunnin réttindi. Ekki verði um að ræða teljandi breytingar vegna launahækkana eða breyttra reikniforsendna svo sem á lífslíkum lífeyrisþega. Alls er áætlað að gjaldfærð hækkun lífeyrisskuldbindinga verði rúmir 5,4 mia.kr. á næsta ári sem er svipað því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum 2011. Hins vegar er gert ráð fyrir að greiðslur úr ríkissjóði vegna uppbóta á lífeyri fyrrum starfsmanna verði nokkru hærri en gjaldfærslan eða um 8,1 mia.kr. Eins og á fyrri árum er miðað við að ekki verði nýtt heimild í lögum til að draga viðbótariðgjöld stofnana frá verðlagsuppbótunum og styrkir það stöðu áður nefndra lífeyrissjóða.

Vegna erfiðrar stöðu ríkissjóðs er ekki gert ráð fyrir sérstakri fyrirframgreiðslu vegna skuldbindinga sjóðsins eins og gert var um tíma fyrir nokkrum árum. Uppsafnaðar flýtigreiðslur ríkissjóðs nema nú 146,5 mia.kr. með áunninni ávöxtun. Að óbreyttu stefnir B–deild LSR í þrot á árinu 2025 og LH á árinu 2027. Í forsendum er almennt miðað við 3,5% raunávöxtun eigna frá árslokum 2010. Við það að sjóðirnir tæmast myndi ríkissjóður sem bakábyrgðaraðili í kjölfarið á því að þurfa að greiða árlega nálægt 20 mia.kr. næstu 10 árin frá og með 2025 en eftir það færu greiðslurnar lækkandi. Greiðsla ríkissjóðs vegna bakábyrgðar kemur til viðbótar greiðslu lífeyris-hækkana sem árlega munu nema u.þ.b. 10 mia.kr. á þessu tímabili. Loks skal þess getið að lífeyrisskuldbindingar ríkisfyrirtækja og stofnana í B– og C–hluta fjárlaga eru færðar til gjalda í reikningum þeirra.

391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða. Gert er ráð fyrir 180,7 m.kr. hækkun á fjárheimild þessa fjárlagaliðar. Um er að ræða markaðar tekjur sem nema 0,325% af stofni tryggingagjalds. Miðað við nýjustu spár um þróun stofnsins er reiknað með því að framlagið verði 2.620 m.kr. árið 2012.

393 Starfsendurhæfingarsjóður. Lagt er til að 250 m.kr. framlag til sjóðsins verði felld niður. Framlag til sjóðsins í fjárlögum tók mið af áformum í stöðugleikasáttmála ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins í tengslum við gerð kjarasamninga árið 2009. Í sáttmálanum var gert ráð fyrir að sjóðurinn fengi 150 m.kr. framlag á árinu 2010, 250

m.kr. árið 2011 og 350 m.kr. árið 2012. Aðilar vinnumarkaðarins sögðu sig frá þessum stöðugleikasáttmála á síðasta ári og óskuðu eftir því með bréfi að framlag til sjóðsins yrði fellt niður á árinu 2010. Í yfirlýsingu ríkisstjórnar í tengslum við nýgerða kjarasamninga er gert ráð fyrir að skipulag starfsendurhæfingarmála verði tekið til sérstakrar skoðunar í nefnd á haustmánuðum 2011 og mun þá skýrast í hvaða farveg þessum málum verður komið.

Barnabætur og vaxtabætur

Til þessa málaflokks fjárlagaliðirnir: 811 Barnabætur og 821 Vaxtabætur.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Barnabætur	10.341,5	9.200,0	8.262,0	-10,2	-20,1
Vaxtabætur	11.720,9	17.700,0	17.325,0	-2,1	47,8
Uppbætur á eftirlaun lífeyrisþega	0,2	0,0	0,0	-	-100,0
Samtals	22.062,6	26.900,0	25.587,0	-4,9	16,0

811 Barnabætur. Gert er ráð fyrir að barnabætur nemi 8,3 mia.kr. á næsta ári. Til samanburðar mun úthlutun bótanna nema 8,2 mia. kr. á yfirstandandi ári. Fyrirhugað er að breyta reglum um úthlutun bótanna þannig að lágmark verði sett á útgreiðslu barnabóta með sambærilegum hætti og gildir um vaxtabætur. Lagt verður fram frumvarp til laga á haustþingi þar sem nánar er kveðið á um útfærsluna.

821 Vaxtabætur. Gerð er tillaga um 17.325 m.kr. fjárheimild til greiðslu almennra vaxtabóta og sérstakrar vaxtaniðurgreiðslu á næsta ári. Þá mun bótum í fyrsta skipti einungis verða úthlutað á grundvelli greiddra vaxta. Jafnframt verður flutt frumvarp til laga um að úthlutun vaxtabóta byggist á því að framtal hafi borist en nú er bótunum úthlutað þótt svo hafi ekki verið gert. Báðar umræddar breytingar munu leiða til þess að upphæð úthlutaðra bóta mun lækka en erfitt er að segja til um hversu miklu munar. Á árinu 2012 verður úthlutað í seinna sinn sérstakri vaxtaniðurgreiðslu að fjárhæð nálægt 6 mia.kr.

Afskrifaðar kröfur, fjármagnstekjuskattur og ríkisábyrgðir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflökks: 711 Afskriftir skattkrafna; 721 Fjármagnstekjuskattur, 971 Ríkisábyrgðir og 973 Tapaðar kröfur og tjónabætur.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Afskriftir skattkrafna	15.075,4	10.000,0	10.000,0	0,0	-33,7
Fjármagnstekjuskattur	4.805,0	2.200,0	2.610,0	18,6	-45,7
Ríkisábyrgðir	27.539,0	0,0	0,0	-	-100,0
Tapaðar kröfur og tjónabætur	12,8	110,0	110,0	0,0	759,4
Samtals	47.432,2	12.310,0	12.720,0	3,3	-73,2

Fjárheimildir þessa málefnaflokks nema 12.720 m.kr. og hækka um 410 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Áætlun um afskrifaðar skattkröfur er óbreytt milli ára. Um er að ræða fjárheimild á móti gjaldfærslu á bæði beinum afskriftum á kröfum sem taldar eru vera sannanlega tapaðar, t.d. vegna gjaldþrota, og óbeinum afskriftum þar sem kröfur eru færðar niður um tiltekinn hluta sem reynslan hefur leitt í ljós að muni að líkindum ekki innheimtast. Erfitt er að áætla fyrir þessum gjaldfærslum fyrir fram í fjárlögum. Vakin er athygli á því að þótt afskrifaðar kröfur séu færðar til gjalda á þennan lið í uppgjöri á rekstrargrunni þá hefur það ekki í för með sér neinar greiðslur úr ríkissjóði. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóður greiðir af vaxtatekjum, arðgreiðslum og söluhagnaði eigna hækki um 410 m.kr. og verði 2.610 m.kr. Fjármagnstekjuskatturinn færist einnig á tekjuhlíð ríkissjóðs og hefur þessi breyting því ekki áhrif á afkomu ársins. Í þriðja lagi er ekki gert ráð fyrir gjaldfærslu ríkisábyrgða á næsta ári. Gerðar voru lagalegar ráðstafanir í fjárukalögum 2010 til þess að gjaldfæra á því ári uppreiknaðan höfuðstól skulda með ríkisábyrgð sem fallið gátu á ríkissjóð vegna innleystra ábyrgða föllnu bankanna þriggja frá og með 31. desember 2010. Loks er í fjórða lagi gert ráð fyrir óbreyttri fjárheimild vegna tapaðra krafna og tjónabóta í frumvarpinu eða 110 m.kr. Ómögulegt er að áætla fyrirfram fyrir um útgjöld til þessara mála.

Óviss útgjöld

Til þessa málaflokks telst einn fjárlagaliður: 989 Óviss útgjöld.

989 Óviss útgjöld. Á þessum lið er að finna 4,8 mia.kr. fjárheimild til þess að bregðast við óvæntum og ófyrirséðum útgjöldum, eins og t.d. í gengismálum, verðlagsmálum, vegna kjarasamninga o.s.frv.

Þjónusta við ríkisaðila

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 103 Fjársýsla ríkisins; 901 Framkvæmdasýsla ríkisins; 905 Ríkiskaup; 976 Lánaumsýsla ríkissjóðs; 977 Bankasýsla ríkisins; 980 Rekstrarfélag Stjórnarráðsins; 981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs; 984 Fasteignir ríkissjóðs og 985 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjársýsla ríkisins	1.335,9	1.364,8	1.467,7	7,5	9,9
Framkvæmdasýsla ríkisins	-22,8	0,0	0,0	-	-100,0
Ríkiskaup	-5,6	0,0	0,0	-	-100,0
Lánaumsýsla ríkissjóðs	97,0	109,6	106,0	-3,3	9,3
Bankasýsla ríkisins	64,9	71,9	76,0	5,7	17,1
Rekstrarfélag Stjórnarráðsins	39,2	30,1	56,4	87,4	43,9
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	89,9	4,5	4,0	-11,1	-95,6
Fasteignir ríkissjóðs	394,1	-0,1	0,0	-100,0	-100,0
Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll	1.161,1	538,0	523,9	-2,6	-54,9
Samtals	3.153,7	2.118,8	2.234,0	5,4	-29,2

Þessi málefnaflokkur tekur til stofnana og verkefna sem snúa að þjónustu við aðra ríkisaðila, s.s. bókhalds- og innkaupaþjónustu. Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 8.172 m.kr., en gert er ráð fyrir að innheimtar verði 5.938 m.kr. sértekjur fyrir veitta þjónustu. Engar meiriháttar breytingar eru á umræddum stofnunum og verkefnum milli ára. Árið 2009 var komið á fót sérstakri Bankasýslu ríkisins sem fer með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum meðan á uppbyggingu og endurreisn fjármálakerfisins stendur. Árið 2011 kom út skýrsla starfshóps sem falið var að kanna kosti þess að sameina stofnanir Ríkiskaupa, Framkvæmdasýslu ríkisins og Fasteigna ríkissjóðs í eina eða tvær stofnanir. Ákvörðunar um sameiningar umræddra stofnana er að vænta á haustmánuðum 2011.

103 Fjársýsla ríkisins. Gert er ráð fyrir að fjárheimild stofnunarinnar nemi 1.467,7 m.kr. í frumvarpinu og hækki um 20 m.kr. milli ára að undanskildum launa- og verðlagsbreytingum. Þrjár breytingar eru gerðar á fjárheimildum stofnunarinnar í frumvarpinu. Í fyrsta lagi eru fjárheimildir auknar um 60,9 m.kr. í tengslum við flutning embættisins frá Sölvhólgötu 7 í Vegmúla 3 í tengslum við breytingar á Stjórnarráðinu. Í öðru lagi eru fjárheimildir embættisins skertar um 40,9 m.kr. til þess að mæta markmiðum um aðhaldsráðstafanir í útgjaldaramma ráðuneytisins og í þriðja lagi aukast fjárheimildir um 82,9 m.kr. vegna áætlaðra launa- og verðlagsbreytinga á næsta ári.

901 Framkvæmdasýsla ríkisins. Gert er ráð fyrir að útgjaldaheimild og sértekjur stofnunarinnar hækki um 11,4 m.kr. milli ára og rekstrarvelta verði um 160,5 m.kr. Hækkunin stafar af launa- og verðlagsáætlun fyrir næsta ár. Samkvæmt lögum um skipan opinberra framkvæmda selur stofnunin ráðuneytum og ríkisstofnunum þjónustu sína samkvæmt gjaldskrá sem miðast við að tekjurnar standi undir rekstri hennar.

- 905 Ríkiskaup.** Gert er ráð fyrir að útgjaldaheimild og sértekjur stofnunarinnar hækki um rúmar 81,9 m.kr. frá fjárlögum þessa árs og að veltan nemi 1.551,3 m.kr. á næsta ári. Fyrst og fremst er um að ræða útgjaldaaukningu vegna launahækkana í tengslum við kjarasamninga ríkisstarfsmanna á árinu 2011. Samkvæmt lögum um opinber innkaup skal þóknun, sem stofnunin innheimtir af viðskiptavinum sínum, standa undir rekstrinum og er því ekkert framlag til hennar úr ríkissjóði.
- 976 Lánaumsýsla ríkissjóðs.** Gert er ráð fyrir fjárheimild að upphæð 106 m.kr. á þessum lið í frumvarpinu. Fjármálaráðuneytið hefur samið við Seðlabanka Íslands um að bankinn taki að sér ákveðin verkefni á sviði lánaumsýslu samkvæmt samningi við ráðuneytið. Tvær breytingar eru gerðar á fjárheimildinni í frumvarpinu. Annars vegar eru millifærðar 9 m.kr. af liðnum þar sem í upphaflegum drögum að endurgerðum samningi við bankanna var gert ráð fyrir að bankinn sinnti ákveðinni þjónustu en ákveðið að aðalskrifstofan tæki sjálf að sér. Hins vegar er gert ráð fyrir 5,4 m.kr. hækkun vegna launa-, gengis- og verðlagsbreytinga á næsta ári.
- 977 Bankasýsla ríkisins.** Fjárheimildir stofnunarinnar nema 76 m.kr. á næsta ári og lækki um 2,2 m.kr. frá yfirstandandi fjárlögum að undanskildum launa- og verðlagsbreytingum sem nema 6,9 m.kr. Um er að ræða lækkun á fjárheimild til að mæta aðgerðum ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum. Lög um Bankasýslu ríkisins kveða á um að stofnunin starfi tímabundið og ekki lengur en í fimm ár.
- 980 Rekstrarfélag Stjórnarráðsins.** Starfsemi rekstrarfélagsins er að stærstum hluta fjármögnuð með þjónustugjöldum sem innheimt eru hjá ráðuneytum við Arnarhól fyrir leigu og rekstur húsnæðis, tölvuþjónustu og öryggisgæslu. Að auki ákvað ríkisstjórnin haustið 2010 að rekstrarfélagið tæki að sér umsýslu ráðherrabifreiða. Í frumvarpinu er að finna millifærslur frá hverju ráðuneyti til rekstrarfélagsins, samanlagt 23,9 m.kr., vegna kostnaðar við umsýslu bifreiðanna. Jafnframt eru sameinuð nokkur fjárlagaviðföng til þess að einfalda bókhald félagsins. Gert er ráð fyrir 1,2 m.kr. lækkun fjárheimilda vegna hagræðingaraðgerða í tengslum við jöfnuð í ríkisfjármálum en óbreyttum fjárheimildum að öðru leyti ef frá eru taldar launa- og verðlagshækkanir að fjárhæð 18,6 m.kr.
- 981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs.** Fjárheimildir á þessum lið lækka um 0,5 m.kr. á næsta ári til þess að mæta markmiðum um samdrátt í ríkisútgjöldum. Fjárveitingin hefur lækkað töluvert undanfarin ár. Alls var 14,5 m.kr. fjárheimild á þessum lið á árinu 2010, en heimildin lækkaði um samtals 10 m.kr. á fjárlögum yfirstandandi árs og verður því 4 m.kr. á næsta ári.

984 Fasteignir ríkissjóðs. Útgjöld þessa fjárlagaliðar eru fjármöggnuð að fullu með sértekjum af húsaleigu frá ríkisstofnunum sem hafa aðsetur í húsnæði í umsjón Fasteigna ríkissjóðs. Engar breytingar eru gerðar á fjárheimildum stofnunarinnar í frumvarpinu að undanskildum launa- og verðlagsbreytingum sem nema samtals 115 m.kr.

985 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll. Gert er ráð fyrir að dregið verði úr framlagi til fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll um 40,6 m.kr. að undanskildum launa- og verðlagsbreytingum að fjárhæð 26,5 m.kr. Nemur fjárheimild til reksturs svæðanna alls 523,9 m.kr. á næsta ári. Rekstur eignanna og önnur umsýsla er í höndum þróunarfélags sem stofnað var sérstaklega um eignir ríkisins á fyrrum varnarsvæðum við Keflavíkurflugvöll. Fjárveitingunni er ætlað að standa straum af kostnaði við að koma eignum á svæðinu í söluhæft ástand og að annast rekstur, viðhald og framkvæmdir á fasteignum á næsta ári.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum; 990 Ríkisstjórnarákvarðanir; 994 Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu og 999 Ýmislegt

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	0,0	330,0	320,0	-3,0	-
Ríkisstjórnarákvarðanir	0,0	160,0	160,0	0,0	-
Aðflutningsgjöld af útflutningi notaðra ökutækja	5,0	0,0	0,0	-	-100,0
Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu	177,5	93,9	176,0	87,4	-0,8
Ýmislegt	1.725,3	907,6	894,6	-1,4	-48,1
Samtals	1.907,8	1.491,5	1.550,6	4,0	-18,7

481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum. Á þessum fjárlagalið er áætlað fyrir útgjöldum sem leiða af heimildarákvæðum skv. 6. gr. frumvarpsins, svo og fyrir útgjöldum sem ríkissjóði kann að verða gert að inna af hendi samkvæmt sérlögum en ekki er hægt að sjá fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Áætlun um ráðstöfun á fjárveitingu liðarins er jafnan háð nokkurri óvissu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 10 m.kr. lækkun á fjárheimildinni. Byggir sú tillaga á spám um samdrátt í fasteignasölu en auk þess er lagt til að dregið verði úr því að ráðstafa söluandvirði eigna til viðhalds eða breytinga á annarri eign. Sérstök umfjöllun er um 6. gr. frumvarpsins í kafla 7 og vísast til hennar um skýringar að öðru leyti.

990 Ríkisstjórnarákvarðanir. Af þessum lið er greiddur kostnaður vegna ýmissa mála á vegum ráðuneyta sem eðlilegt þykir að ríkisstjórnin taki sameiginlega ákvörðun um og ýmis tilfallandi útgjöld sem ekki hefur verið séð fyrir á öðrum fjárlagaliðum. Gert er ráð fyrir að fjárheimildin haldist óbreytt milli ára og nemi 160 m.kr. á næsta ári.

994 Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu. Í fjárlögum ársins 2008 var ákveðið að endurgreiða ríkisstofnunum virðisaukaskatt af vinnslu, skráningu og daglegum rekstri tölvukerfa til viðbótar við almenna endurgreiðslu vegna hugbúnaðargerðar og tölvuþjónustu. Tilgangurinn með þessu er að láta virðisaukaskattsreglur ekki hafa áhrif á ákvarðanir sem teknar eru í ríkisstofnunum um hvort tölvuvinnsla fer fram á þeirra eigin vegum eða er keypt að. Framkvæmdin er þannig að virðisaukaskattur af þjónustunni er gjaldfærður á þennan sameiginlega lið en ekki á fjárlagaliði einstakra stofnana. Komið hefur í ljós að kaup á umræddri þjónustu eru orðin nánast tvöfalt hærri en í upphafi og hafa fjárheimildir verið vanáætlaðar í nokkur ár. Sem dæmi voru bókfærð gjöld á árinu 2010 tæpar 170 m.kr. en fjárheimild aðeins tæpar 92 m.kr. Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir aukningu um 73,6 m.kr. til þess að aðlaga fjárheimild þessa liðar að raunverulegri veltu. Á móti lækka fjárheimildir stofnana sem kaupa að tölvuvinnslu í sama mæli.

999 Ýmislegt. Á þennan lið eru færðar fjárveitingar til ýmissa verkefna sem ekki verða heimfærðar á aðra liði ráðuneytisins. Fjárveitingar til þeirra nema alls um 894,6 m.kr. og lækka um tæpar 41 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum verðlags-hækkunum sem nema 28 m.kr. Í fyrsta lagi er gert er ráð fyrir niðurskurði á fjárveitingum um rúmar 19 m.kr., til þess að mæta áformum um lækkun ríkisútgjalda. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að millifærðar verði 31 m.kr. vegna sameiningar og flutnings ýmissa smærri verkefna til aðalskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Millifærslan samanstendur af 9 m.kr. fjárheimild sem millifærð var af liðunum 09–976 *Lánaumsýsla ríkisins*, 7 m.kr. fjárheimild af liðnum 09–212 *Skatta- og tollamál* og nýrri fjárveitingu að fjárhæð 15 m.kr. vegna sérfræðiþjónustu við ráðgjafar- og greiningarvinnu sem nauðsynleg er talin vegna verkefna á sviði efnahags- og ríkisfjármála og til að halda umgjörð opinberra fjármála traustri. Þar sem aðalskrifstofa ráðuneytisins annast umsýslu umræddra verkefna í meira mæli nú en áður er millifærslan gerð til að endurspegla kostnaðinn sem til fellur þar sem útgjöldin verða til. Í þriðja lagi er fellt niður tímabundið framlag til verkefna á vegum íslenska upplýsingasamfélagsins. Samstarfssamningur um kjararannsóknir sem er í gildi milli Hagstofu Íslands og Kjara-rannsóknarnefndar opinberra starfsmanna tekur almennum verðlagsbreytingum sem og ýmis önnur verkefni. Loks er millifærð 9 m.kr. stofnkostnaðarfjárheimild til endurnýjunar á ráðherrabifreiðum til Rekstrarfélags Stjórnarráðsins sem nú annast umsýslu og endurnýjun bifreiðanna vegna kaupa á ráðherrabifreiðum.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.10 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
09-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar ákvarðanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
09-212-1.01	Skatta- og tollamál. Ýmis sameiginleg útgjöld	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld skattstofa og tollstjóra.
09-481-601	Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	Ófyrirséð útgjöld ýmissa ríkisaðila vegna notkunar á heimildagrein fjárlaga.
09-973-6.11	Tapaðar kröfur	Ófyrirséð útgjöld ýmissa ríkisaðila vegna tapaðra krafna.
09-973-6.15	Tjónabætur	Ófyrirséð útgjöld ýmissa ríkisaðila vegna tjónabóta.
09-989-1.90	Ófyrirséð útgjöld	Ófyrirséð og óvænt útgjöld eins og t.d. í gengismálum, verðlagsmálum og vegna kjarasamninga.
09-990-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ríkisstjórnarinnar	Ákvarðanir ríkisstjórnarinnar um sérstök framlög til ýmissa fjárlagaliða eftir afgreiðslu fjárlaga.
09-999-1.90	Ýmis verkefni	Ófyrirséð útgjöld ýmissa stofnana ráðuneytisins.

11 Iðnaðarráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun iðnaðarráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	1.382,6	1.375,5	1.474,4	7	7
Neyslu- og rekstrartilfærslur	4.267,0	3.530,4	3.797,7	8	-11
Stofnkostnaður og viðhald		48,0	48,0	0	
Samtals	5.649,6	4.953,9	5.320,1	7	-6
Greitt úr ríkissjóði	-	4.899,0	5.319,2	9	-
Innheimt af ríkistekjum	-	54,9	0,9	-98	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0		-
Samtals	-	4.953,9	5.320,1	7	-

Heildargjöld iðnaðarráðuneytis árið 2012 eru áætluð um 6.127 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 806 m.kr. en þær nema 13,2% af heildargjöldum ráðu-

neytisins. Gjöld umfram tekjur eru 5.320 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 5.319 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 1 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Vakin er athygli á að í inngangi þessa kafla um gjöld A–hluta, kafla 3.5, er umfjöllun um fyrirhugaðan samdrátt í ríkisútgjöldum á næsta ári þar sem farið er heildstætt yfir þau áform fyrir öll ráðuneytin og málaflokka þeirra.

Í frumvarpinu aukast útgjöld iðnaðarráðuneytisins um 190,3 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2011 en þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum verðlags- og gengisbreytingum hækka útgjöldin um 366,2 m.kr. milli ára eða sem svarar til 7,4%. Útgjalda-breytingum milli ára má skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi verða gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 137 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum. Í öðru lagi er um að ræða ýmsar breytingar á útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2012 en þær nema 397,3 m.kr. til hækkunar. Á móti því vega, í þriðja lagi, tímabundin framlög til ýmissa verkefna sem falla niður og nema 70 m.kr. Nettóhækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 190,3 m.kr. Loks bætast við verðlagshækkanir ársins 2012, sem eru áætlaðar 175,9 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 5.320 m.kr. Þar vega þyngst hækkunir á launum samkvæmt kjarasamningum við stéttarfélög ríkisstarfsmanna. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að í fjárheimildum vegna annarra rekstrargjalda en launa verði vegið upp vanmat á verðlagshækkunum í forsendum fjárlaga 2011 til viðbótar við spá um verðbreytingar ársins 2012, auk þess sem tekið er tilliti til áhrifa af lækkun á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt.

Fjárveitingar til verkefna iðnaðarráðuneytisins markast nokkuð af því að gert er ráð fyrir áframhaldandi aðhaldsráðstöfunum í frumvarpinu í samræmi við áætlun ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum þótt þær verði ekki jafn umfangsmiklar og í fjárlögum undanfarinna þriggja ára. Hagræðingarkrafa til velferðarmálaflokka, skóla og lög-gæslu er fjórða árið í röð nálægt helmingi lægri en í annarri starfsemi. Engu að síður kalla sparnaðaráformin á árinu 2012 á margvíslegar hagræðingaraðgerðir og forgangsröðun verkefna. Áætlað er að aðhaldsaðgerðir ráðuneytisins á næsta ári lækki útgjöld sem nemur um 2,8% af veltu fjárlaga 2011.

Við útfærslu aðhaldsmarkmiða iðnaðarráðuneytis var forsendum um skiptingu aðhaldsmarkmiða milli rekstrargjalda og tilfærslna hnikað aðeins til þess að bregðast við aðstæðum í kostnaðaruppbyggingu iðnaðarráðuneytis og ná fram aðhaldsmarkmiðum með sem minnstri röskun í starfsemi og stjórnvaldsmarkmiðum sem liggja að baki fjárveitingum.

Aðhaldstillögur iðnaðarráðuneytisins voru unnar í samvinnu við undirstofnanir þess og ábyrgðarmenn verkefna en settur var á stofn starfshópur rekstrar- og fjármálastjóra viðkomandi aðila sem falið var að kanna möguleika á lækkun kostnaðar með samrekstri, samstarfi eða samnýtingu upplýsinga milli stofnana. Tillögugerðin markast eðlilega af þeirri staðreynd að þetta er þriðja árið sem beita þarf umtalsverðu kostnaðaraðhaldi og ljóst að

þegar hafa ýmsir möguleikar í því efni verið fullnýttir. Því var það niðurstaðan að dreifa aðhaldskröfunni nokkuð jafnt á fjárlagaliði ráðuneytisins og leggja áherslu á aðgerðir á tilfærsluliðum í stað rekstrarliða þar sem oft eru fjárheimildir skráðar sem tilfærslur þrátt fyrir að um rekstrarliði sé að ræða.


Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 1.474,4 m.kr. og hækka um 98,9 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Rekstrarfjárveitingar flestra stofnana og verkefna sem heyra undir ráðuneytið eru lækkaðar alls um 26 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Aðhaldsmarkið ráðuneyta voru sett miðað við að lækka útgjöld sem nemur 3% af veltu stjórnýslu og almennrar þjónustu en 1,5% af veltu velferðarmálaflokka, skóla og löggæslu. Lækkunin hjá iðnaðarráðuneytinu nemur 1,8% af rekstrarveltu að raungildi. Þótt markmiðin hafi verið sett miðað við veltu eru þau útfærð eftir forgangsröð og áherslum ráðuneytisins sem getur falið í sér mismikla skerðingu á fjárveitingum eins og fram kemur í umfjöllun um einstakar stofnanir og verkefni. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir auknum eða nýjum útgjaldaskuldbindingum í rekstri sem nema 35,8 m.kr. Loks nemur verðlagshækkun fjárveitinga til rekstrar um 89,1 m.kr.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 267,3 m.kr. og verða 3.797,7 m.kr. en eru 3.530,4 m.kr. í fjárlögum ársins 2011. Sett var markmið um 3% lækkun almennra tilfærslustyrkja og úthlutunarliða við undirbúning frumvarpsins en 1,5% í bótakerfum og er gert ráð fyrir að þau útgjöld ráðuneytisins lækki um 111 m.kr. Af þessum aðhaldsráðstöfunum vegur þyngst lækkun framlaga til niðurgreiðslu á hitun íbúðarhúsnæðis. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir 361,5 m.kr. hækkun í útgjaldaskuldbindingum tilfærslukerfa. Á móti lækka útgjöld um 70 m.kr. vegna tímabundinna framlaga sem falla niður. Verðlagshækkun fjárveitinga sem teljast til tilfærslna nemur um 86,8 m.kr.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 48 m.kr. og er það óbreytt fjárhæð frá yfirstandandi ári. Í útfærslutillögum ráðuneytisins var viðhalds- og stofnkostnaðarliðum undanskildir aðhaldsaðgerðum og þeim beint að öðrum hagrænum liðum.

Vikið er nánar að áformum um sparnað og forgangsröð útgjalda og helstu útgjalda-breytingar í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2012 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Skuldbindandi samningar

Iðnaðarráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 410 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér á eftir. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2011, eru á áætluðu verðlagi ársins 2012 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 6,7% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2012.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2011	2012	2013	2014	2015
Markaðssetning Íslands í N-Ameríku	C	83,0	83,0	83,0	0,0	0,0
Samningar við Grænland og Færeyjar	C	14,5	22,0	22,0	22,0	22,0
Menningarsamningar við samtök sveitarfélaga ...	C	42,0	40,0	40,0	0,0	0,0
Samn. um framl. til Hönnunarmiðst. Íslands	C	10,0	10,0	10,0	10,0	10,0
Samningur um heilsutengda ferðaþjónustu	C	3,0	3,0	3,0	0,0	0,0
Vaxtarsamningar	C	215,0	215,0	215,0	0,0	0,0
Samningur um hátækni og sprotavettvang	C	3,5	3,5	3,5	3,5	0,0
Norrænt samstarf - NPP	C	22,0	22,0	22,0	22,0	0,0
Norrænt samstarf - NORA	C	6,0	11,0	11,0	11,0	11,0
Samtals		399,0	409,5	409,5	68,5	43,0

Skuldbindandi samningum ráðuneyta er skipað í þrjá flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar sem ráðuneyti standa að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í töflum yfir samninga. Aðrir samningar sem bæði ráðuneytin standa að eru merktir með bókstafnum B. Að lokum eru samningar sem iðnaðarráðuneytið stendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C og eru allir samningar í töflunni merktir sem slíkir. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu

verði flestir endurnýjaðir í einhverri mynd þegar að því kemur, þannig að til jafnaðar verði nálægt 410 m.kr. bundnar árlega vegna þeirra. Unnið er að endurnýjun nokkurra eldri samninga sem renna út á árinu 2011. Þar er um ræða samninga vegna Hönnunarmiðstöðvar og hátækni og sprotavettvangs. Þar sem ekkert liggur fyrir um væntanlegan gildistíma er óbreytt fjárhæð láatin standa út tímabilið. Tveir nýir samningar eru í töflunni, samningur um heilsutengda ferðaþjónustu og samningur um hátækni og sprotavettvang.

Tilraunaverkefni í kynjaðri fjárlagagerð

Markmið tilraunaverkefnis iðnaðarráðuneytis í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð er að leggja mat á hvort greina megi mun á því hvernig sjóðir á vegum iðnaðarráðuneytis nýtist einstaklingum eftir kyni þeirra. Á grundvelli slíkra niðurstaðna kemur til skoðunar hvort gera þurfi ráðstafanir til þess að mæta slíkum mun.

Við mótun tilraunaverkefnis iðnaðarráðuneytis var lagt upp með að viðfangsefnið sem yrði fyrir valinu gæfi innsýn í stöðkerfi atvinnulífsins og af því mætti draga ályktanir um aðgengi einstaklinga og smárra fyrirtækja að opinberum stuðningi hjá sjóðum ráðuneytisins. Þau verkefni sem urðu fyrir valinu í tilraunaverkefninu voru; Átak til atvinnusköpunar, Orkusjóður og Tækniþróunarsjóður. Sömu aðferð var í raun beitt á þrjú ólík verkefni og hægt er að greina sjálfstæðar niðurstöður fyrir hvert þeirra.

Reynslan af því að taka þessa þrjá sjóði til skoðunar leiddi m.a. í ljós að það þarf að gæta að samræmingu í söfnun og túlkun gagna til þess að fá heildstæða mynd. Í því samhengi má nefna atriði eins og hvernig kyngreina megi upplýsingar um umsækjendur og styrkþega þegar lögaðilar eru skráðir fyrir umsóknum.

Kyngreindar niðurstöður fyrir hvert viðfangsefni voru skoðaðar með hliðsjón af umsóknum og úthlutunum. Í báðum tilvikum var litið til fjölda umsókna og fjárhæða. Helsta niðurstaða tilraunaverkefnisins var sú að umsóknir kvenna voru í öllum tilvikum færri en karla, auk þess sem konur sóttu að jafnaði um lægri fyrirgreiðslu. Niðurstöður leiddu ekki í ljós að mismunun eftir kyni í úthlutun þegar tillit var tekið til fjölda umsókna og þeirrar fjárhæðar sem sótt var um. Niðurstaðan var þó sú að konur voru í öllum tilvikum í minnihluta þeirra sem fengu fyrirgreiðslu og fengu lægri fjárhæðir að meðaltali en karlar. Sá fyrirvari er þó gerður að í flestum tilvikum voru styrkir veittir til félaga og beitt var nálgunaraðferðum til þess að greina um hvort kynið var að ræða. Þar var m.a. litið til eignarhalds félaga og ábyrgðarmanna umsókna.

Á grunni reynslunnar af þessu tilraunaverkefni, sem tók einvörðungu til þriggja verkefna, er ráðgert að beita aðferð kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar á aðra sjóði og verkefni sem úthluta fjármunum til nýsköpunar og atvinnuuppbyggingar á vegum iðnaðarráðuneytis. Þegar viðfangsefnið er skoðað heildstætt, þ.e. ekki einvörðungu fyrir þrjú afmörkuð verkefni, gefst færi á að greina frekar hvaða ráðstafanir gætu verið viðeigandi til þess að kerfið svari betur þörfum kvenna og geti orðið þess valdandi að hlutur þeirra í umsóknum verði ekki kerfisbundið í minnihluta.

Úthlutunarliðir

Vakin er athygli á því að áformað er að gera breytingar á fyrirkomulagi sem verið hefur á úthlutunum á styrkjum af tilteknum óskiptum fjárheimildaliðum og sambærilegum sérgreindum viðfangsefnum fjárlaga til margvíslegra samtaka, safna, lista- og menningarverkefna, íþróttaviðburða, atvinnuþróunar o.fl. Breytt fyrirkomulag þessara mála er liður í umbótum sem fjárlaganefnd hefur beitt sér fyrir á umgjörð styrkveitinga á vegum bæði þingsins og ráðuneyta. Þar sem vinnu ráðuneyta að útfærslu breyttrar framsetningar þessara fjárheimilda var ekki að fullu lokið við lokun talnabálks fjárlagafrumvarpsins er framsetning þeirra óbreytt í frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að fluttar verði breytingartillögur um framsetningu fjárheimildanna í samræmi við nýtt fyrirkomulag við 2. umræðu frumvarpsins. Nánari umfjöllun um þessi áform kemur fram í kafla 3.9 í greinargerð frumvarpsins.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir iðnaðarráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	214,2	201,9	215,8	6,9	0,7
Ráðstöfunarfé	0,0	5,6	5,0	-10,7	
Samtals	214,2	207,5	220,8	6,4	3,1

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 1,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar en þær nema alls 15,1 m.kr. og að þeim meðtöldum hækka útgjöldin um 13,3 m.kr. milli ára. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 0,6 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga. Þá verður breyting á útgjaldaskuldbindingum sem samtals lækka útgjöldin um 1,2 m.kr.

101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld dragist saman um 1,2 m.kr. á næsta ári þar sem gert er ráð fyrir að 1,2 m.kr. fjárheimild flytjist frá skrifstofunni til Rekstrarfélags Stjórnarráðsbygginga í tengslum við breytt fyrirkomulag á umsýslu með rekstri ráðherrabíreiða. Aðrar breytingar á fjárheimildum skýrast af launa- og verðlagsreikningi frumvarpsins.

199 Ráðstöfunarfé. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins lækki um 0,6 m.kr. vegna aðhaldsaðgerða til að mæta markmiði ríkisstjórnarinnar um lækkun útgjalda.

Iðnaðarmál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 205 Nýsköpunarmiðstöð Íslands; 240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja; 242 Tækniþróunarsjóður; 251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi og 299 Iðja og iðnaður, framlög.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	502,4	508,1	521,5	2,6	3,8
Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	4,5	5,1	4,0	-21,6	-11,1
Tækniþróunarsjóður	884,5	720,0	725,0	0,7	-18,0
Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi	196,0	157,0	153,5	-2,2	-21,7
Iðja og iðnaður, framlög	230,8	276,2	206,0	-25,4	-10,7
Samtals	1.818,2	1.666,4	1.610,0	-3,4	-11,5

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 95 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar en þær nema alls 38,6 m.kr. og að þeim meðtöldum lækka útgjöldin um 56,4 m.kr. milli ára. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 40 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga. Þá koma fram ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 15 m.kr. Á hinn bóginn falla niður samtals 70 m.kr. af framlögum sem veitt voru til tímabundinna verkefna.

205 Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins lækki um 22,2 m.kr. að raungildi frá fjárlögum ársins 2011. Breytingin skýrist alfarið af tillögu um sparnað til að mæta markmiði um aðhald í ríkisrekstri. Launa- og verðlagshækkunarir nema samtals 35,6 m.kr.

240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins lækki um 1,1 m.kr. að raungildi frá fjárlögum ársins 2011. Breytingin skýrist af tillögu um aðhald til að mæta markmiði ríkisstjórnarinnar um lækkun útgjalda.

242 Tækniþróunarsjóður. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins hækki um 5 m.kr. frá fjárlögum yfirstandi árs þar sem lagt er til að stuðningur verði aukinn við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins.

251 Endurgreiðsla vegna kvikmyndargerðar á Íslandi. Fjárheimild til liðarins er áætluð 153,5 m.kr. og lækkar um 3,5 m.kr. að raungildi frá gildandi fjárlögum vegna áforma um útgjaldaaðhald.

299 Iðja og iðnaður, framlög. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins nemi 206 m.kr. á næsta ári og lækki um 73,2 m.kr. að raungildi frá fjárlögum yfirstandi árs. Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 0,4 m.kr. aðhald á viðfangsefnið *1.30 Alþjóðlegt samstarf*. Í öðru lagi er lagt til að framlög á viðfangsefnið *1.48 Átak í atvinnusköpunar* verði lækkuð um samtals 70 m.kr., annarsvegar um 10 m.kr. vegna áforma um útgjaldaaðhald og hinsvegar vegna þess að niður fellur 60 m.kr. tímabundið framlag vegna tekna af leigu aflaheimilda í skötusel og til frístundaveiða. Í þriðja lagi er lögð til 2,8 m.kr. lækkun framlags á viðfang *1.98 Nýsköpun og markaðsmál* vegna aðhaldskröfu. Auk þess er lagt til að 10 m.kr. framlag sem veitt var tímabundið í fjárlögum 2009 á grundvelli þjónustusamnings við Hönnunarmiðstöð Íslands falli ekki niður og að samningur við miðstöðina verði framlengdur um þrjú ár. Launa- og verðlaghækkningar liðarins nema samtals 3 m.kr.

Orkumál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301 Orkustofnun; 371 Orkusjóður; 373 Niðurgreiðslur á húshitun; 375 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku og 399 Ýmis orkumál.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Orkustofnun	468,1	295,0	299,3	1,5	-36,1
Orkusjóður	36,9	30,2	31,2	3,3	-15,4
Niðurgreiðslur á húshitun	1.121,5	1.142,7	1.172,0	2,6	4,5
Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku	252,8	245,0	240,0	-2,0	-5,1
Ýmis orkumál	162,4	80,4	118,9	47,9	-26,8
Samtals	2.041,7	1.793,3	1.861,4	3,8	-8,8

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 14 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar en þær nema alls 82,1 m.kr. og að þeim meðtöldum hækka útgjöldin um 68,1 m.kr. milli ára. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málefnaflokksins sem nemur 51,5 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga. Þá koma fram ýmis ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 37,5 m.kr.

- 301 Orkustofnun.** Gert er ráð fyrir 299,3 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar sem samsvavar 14,8 m.kr. lækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum og er gerð tillaga um samsvarandi aðhald hjá stofnuninni til að mæta markmiðum um lækkun ríkisútgjalda. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagshækkunum og nema samtals 19,1 m.kr.
- 371 Orkusjóður.** Fjárveiting á þennan lið er áætluð 31,2 m.kr. og lækkar um 0,6 m.kr. ef frá eru taldar launa- og verðlagshækkanir sem nema samtals 1,6 m.kr. Breytingin skýrist alfarið af aðhaldsaðgerðum í ríkisfjármálum.
- 373 Niðurgreiðslur á húshitun.** Gert er ráð fyrir að fjárveiting á þennan lið nemi 1.172 m.kr. og lækki um 29,4 m.kr. að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Lækkunin skýrist alfarið af sparnaðartillögu til að mæta markmiði um aðhald í ríkisrekstri. Launa- og verðlagshækkanir nema samtals 58,7 m.kr.
- 375 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku.** Gert er ráð fyrir 240 m.kr. fjárveitingu á þennan lið sem jafngildir 5 m.kr. lækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum vegna áforma um lækkun ríkisútgjalda.
- 399 Ýmis orkumál.** Fjárheimild liðarins er áætluð 118,9 m.kr. á næsta ári og hækkar um 36,3 m.kr. að raungildi á milli ára. Breytingin snertir eftirfarandi viðfangsefni; Á 1.22 *Vistvænir orkugjafir* er lögð til 0,4 m.kr. lækkun til að mæta markmiðum um aðhald ríkisrekstri. Á 1.24 *Notendur utan samveitna* eru lagðar til tvær breytingar. Annarsvegar 0,8 m.kr. lækkun vegna útgjaldaaðhalds og hinsvegar er óskað eftir 23 m.kr. framlagi til að mæta auknum kostnaði við raforkuframléiðslu með dísilvélum vegna hækkandi eldsneytisverðs. Raforkunotendur í Grímsey, Flatey og Inndjúpi Vestfjarða reiða sig að mestu á raforkuframléiðslu með dísilvélum. Iðnaðarráðuneytið hefur greitt framleiðendum raforku mismun framleiðslukostnaði og verði til notenda gegn því að framleiðendur ábyrgist að selja raforku til þessara notenda á sama verði og á öðrum svæðum. Samfara hækkun eldsneytisverðs hefur framleiðslukostnaður aukist en fjárheimildir og greiðslur til framleiðenda hafa ekki tekið mið af þeim breytingum. Því er lagt til að fjárheimild liðarins verði aukin til að mæta breyttum kostnaðarforsendum í raforkuframléiðslu með dísilvélum. Á 1.98 *Ýmis verkefni iðnaðarráðuneytis* er annarsvegar lögð til 0,5 m.kr. lækkun framlags vegna aðhaldsaðgerða og hinsvegar er óskað eftir 15 m.kr. hækkun framlags vegna verndar- og nýtingaráætlunar um virkjun fallvatna og háhitasvæða. Í nýsettum lögum um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða er m.a. mælt fyrir um að iðnaðarráðherra skuli eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti leggja fram á Alþingi þingsályktunartillögu til næstu 12 ára um vernd og nýtingu landsvæða vegna virkjunar fallvatna og háhita. Í áætluninni skal mótuð stefna um hvort nýta megi til orkuvinnslu landsvæði þar sem er að finna

skilgreinda virkjunarkosti eða hvort ástæða sé til að friðlýsa þau eða kanna frekar. Verkefnisstjórn skal vera ráðherra til ráðgjafar við undirbúning og gerð tillögunnar og skal hún meta þörf á rannsóknum vegna áætlunarinnar og hafa umsjón með upplýsingaöflun faglegu mati og tillögugerð til ráðherra og vera samráðsvettvangur vegna hennar. Skal verkefnisstjórnin fjalla um skilgreinda virkjunarkosti og þau landsvæði sem þeir hafa áhrif á að hennar mati. Gera má ráð fyrir að kostnaður ríkissjóðs verði einkum vegna vinnu við undirbúning verndar- og nýtingaráætlunarinnar. Frá árinu 1999 var 50 m.kr. árlegt framlag í fjárlögum til virkjanarannsóknna og rammaáætlunar um verndun og nýtingu vatnsafls og jarðvarma en það var fellt niður í fjárlögum 2010. Aðrar breytingar á fjárheimild liðarins má rekja til launa- og verðlagsbreytinga sem samtals nema 2,2 m.kr.

Byggðamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokkis: 401 Byggðaáætlun og 411 Byggðastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Byggðaáætlun	193,4	317,6	305,0	-4,0	57,7
Byggðastofnun	368,0	286,0	309,1	8,1	-16,0
Samtals	561,4	603,6	614,1	1,7	9,4

Heildarfjárveiting til málefnaflokkisins lækkar um 11,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar en þær nema alls 21,7 m.kr. og að þeim meðtöldum hækka útgjöldin um 10,5 m.kr. milli ára. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 21,2 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga. Þá komur fram ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingu sem eykur útgjöldin um 10 m.kr.

401 Byggðaáætlun. Lögð er til 12,9 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna markmiðs um samdrátt ríkisútgjalda.

402 Byggðastofnun. Gert er ráð fyrir að fjárheimild stofnunarinnar hækki um 1,4 m.kr. að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Breytingar eru af tvennum toga. Annars vegar er lögð til 8,6 m.kr. lækkun vegna fyrirætlana ríkisstjórnarinnar um aðhald í útgjöldum. Hins vegar er sótt um 10 m.kr. hækkun framlags í samræmi við samþykkt ríkisstjórnar um að koma á fót atvinnuþróunarfélagi á Suðurnesjum. Aðrar breytingar á fjárheimild liðarins má rekja til launa- og verðlagshækkana og nema þær samtals 21,7 m.kr.

Ferðamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 501 Ferðamálastofa og 599 Ýmis ferðamál

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ferðamálastofa	479,0	430,0	453,9	5,6	-5,2
Framkvæmdasjóður ferðamannastaða		48,0	48,0	0,0	
Ýmis ferðamál	535,1	205,1	511,9	149,6	-4,3
Samtals	1.014,1	683,1	1.013,8	48,4	0,0

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 312,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar en þær nema alls 18,4 m.kr. og að þeim meðtöldum hækka útgjöldin um 330,7 m.kr. milli ára. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málefnaflokksins sem nemur 23,7 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga. Þá koma fram nokkur ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 336 m.kr.

501 Ferðamálastofa. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld stofnunarinnar aukist um 8,3 m.kr. að raungildi á næsta ári og skýrist það af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi er lögð til 8,7 m.kr. lækking fjárheimildar til að mæta aðhaldsmarkmiðum í útgjöldum ríkisins, þar af 6,2 m.kr. á viðfangið *1.01 Ferðamálastofa* og 2,5 m.kr. á viðfangið *1.13 Markaðs- og kynningarstarf erlendis*. Í öðru lagi er lagt til að framlag verði lækkað um 1 m.kr. vegna aukinna endurgreiðslna á virðisaukaskatti af aðkeyptri tölvuvinnslu. Í þriðja lagi er lagt til að 18 m.kr. fjárheimild á fjárlagalið *11-599-190 Ýmis ferðamál* sem ráðstafað hefur verið til stuðnings við markaðsstofur landshluta verði flutt til Ferðamálastofu á nýtt viðfangsefni *1.12 Markaðsstofur innanlands*. Ferðamálastofu hefur verið falið það hlutverk að veita fjármagni til umræddra verkefna og gera verkefnasamninga við markaðsstofur landshluta. Markmiðið með þessari breytingu er að hafa öll sambærileg verkefni undir sama fjárlagalið og bæta þannig yfirsýn yfir ráðstöfun fjármagns. Launa og verðlagshækkanir liðarins nema samtals 15,6 m.kr.

599 Ýmis ferðamál. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins hækki um 304 m.kr. að raungildi frá gildandi fjárlögum. Breytingar eru af fimm tilefnum og snerta eftirtalin viðfangsefni; Í fyrsta lagi er sótt um 296,4 m.kr. hækkun framlags á viðfangsefnið *1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu*. Annarsvegar er um að ræða 3,6 m.kr. lækkingu vegna hagræðingar en hinsvegar er sótt um 300 m.kr. tímabundið framlag í tvö ár sem ætlað er í átak til að jafna árstíðasveiflu í ferðamennsku. Ætlunin er að efla vetrarferðamennsku og skapa þannig ný störf og auka arðsemi í greininni. Gengið er út frá því að

fyrirtæki í ferðaþjónustu, sveitarfélög og hagsmunaaðilar leggi fjármuni til verkefnisins til jafns við framlag ríkisins og að komið verði á fót aðilastjórn þeirra sem skuldbinda sig með mótframlögum. Hlutverk hennar verður að móta meginstefnu og áherslur verkefnisins. Einnig verður sótt um framlag til þessa verkefnis í frumvarpi til fjárukalaga fyrir árið 2011 þannig að samtals verði veitt til þess 900 m.kr. á árunum 2011–2013. Í öðru lagi er lögð til 4,3 m.kr. lækkun framlags vegna aðhalds á viðfang *1.47 Markaðssetning Íslands í Norður–Ameríku*. Í þriðja lagi er sótt um 37 m.kr. tíma-bundið framlag á viðfangið *1.51 Háskólafélag Suðurlands, verkefnið Katla–Jarðvangur* til að ráðstafa styrk frá Evrópusambandinu. Á móti fjárheimildinni er gert ráð fyrir að komi óafturkræfur styrkur vegna verkefnisins frá sambandinu til íslenska ríkisins sem færast á tekjuhlið ríkissjóðs og hefur tillagan að því leyti til ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Í tillögu Íslands að IPA landsáætlun 2011 er lagt til að Háskólafélag Suðurlands fái styrk til að vinna að verkefninu Katla–Jarðvangur. Verkefnið, sem er unnið með Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands, felur m.a. í sér þróunaráætlun fyrir Eyjafjallajökulssvæðið og uppbyggingu á þekkingarsetri um svæðið sem mun nýtast bæði fræðimönnum og ferðaiðnaðinum. Katla–Jarðvangur miðar einnig að því að fjölga ferðamönnum á Suðurlandi og þróa fjölbreyttari og viðameiri möguleika fyrir ferðaþjónustuna en áður hefur verið með sérstakri áherslu á umhverfi og menningu. Verkefnið byggist á samvinnu allra hagsmunaaðila á svæðinu. Verkefnið mun sömuleiðis nýtist sem tilraunverkefni til undirbúnings að þátttöku í Evrópska byggðapróunarsjóðnum –ERDF (European Regional Development Fund). Áætlað er að heildarstuðningur Evrópusambandsins við verkefnið verði 560.000 evrur í beinum fjárfraðlögum eða sem svarar um 91 m.kr. Verkefnin í tillögu Íslands að IPA landsáætlun 2011 voru m.a. valin m.t.t. þess að þau myndu nýtast Íslandi hvort sem aðild verður eða ekki. Í fjórða lagi er lögð til 24,5 m.kr. lækkun framlags á viðfang *1.90 Ýmis ferðamál*, annarsvegar 6,5 m.kr. vegna útgjaldaaðhalds, hinsvegar vegna millifærslu á 18 m.kr. fjárheimild til Ferðamálastofu samanber umfjöllun um þann fjárlagalið hér að framan. Í fimmta lagi er lögð til 0,6 m.kr. lækkun framlags á viðfang *1.98 Ýmis ferðamál iðnaðarráðuneytis* til að mæta markmiði um aðhald í ríkisrekstri. Launa- og verðlagsbreytingar fjárlagaliðarins nema samtals 2,8 m.kr.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur fjárveitinganna. Umfjöllun um safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.10.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
11-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

12 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun efnahags- og viðskiptaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	2.593,7	2.840,6	3.053,0	7	18
Neyslu- og rekstrartilfærslur	361,2	469,2	668,4	42	85
Stofnkostnaður og viðhald	-	-	-	-	-
Samtals	2.954,9	3.309,8	3.721,4	12	26
Greitt úr ríkissjóði	-	1.375,0	1.696,3	23	-
Innheimt af ríkistekjum	-	1.934,8	2.025,1	5	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	3.309,8	3.721,4	12	-

Heildargjöld efnahags- og viðskiptaráðuneytis árið 2012 eru áætluð um 3.833 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 112 m.kr. en þær nema 2,9% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 3.721 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 1.696 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 2.025 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Vakin er athygli á að í inngangi þessa kafla um gjöld A-hluta, kafla 3.5, er umfjöllun um fyrirhugaðan samdrátt í ríkisútgjöldum á næsta ári þar sem farið er heildstætt yfir þau áform fyrir öll ráðuneytin og málaflökka þeirra.

Í frumvarpinu aukast útgjöld efnahags- og viðskiptaráðuneytisins um 194 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2011 en þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum verðlags- og gengisbreytingum hækka útgjöldin um 411,6 m.kr. milli ára eða sem svarar til 12,4%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi verða gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 86,1 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum. Í öðru lagi er um að ræða ýmsar breytingar á útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2012 en þær nema 381,4 m.kr. Á móti því vega, í þriðja lagi, tímabundin framlög til ýmissa verkefna sem falla niður og nema 101,3 m.kr. Nettóhækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 194 m.kr. Loks bætast við verðlagshækkanir ársins 2012, sem eru áætlaðar 217,6 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 3.721,4 m.kr. Þar vega þyngst hækkanir á launum samkvæmt kjarasamningum við stéttarfélög ríkisstarfsmanna. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að í fjárheimildum vegna annarra rekstrargjalda en launa verði vegið upp vanmat á verðlags-

hækkunum í forsendum fjárlaga 2011 til viðbótar við spá um verðbreytingar ársins 2012, auk þess sem tekið er tilliti til áhrifa af lækkun á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt.


Fjárveitingar til verkefna efnahags- og viðskiptaráðuneytisins markast nokkuð af því að gert er ráð fyrir áframhaldandi aðhaldsráðstöfunum í frumvarpinu í samræmi við áætlun ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum þótt þær verði ekki jafn umfangsmiklar og í fjárlögum undanfarinna þriggja ára. Hagræðingarkrafa til velferðarmálaflokka, skóla og löggæslu er fjórða árið í röð nálægt helmingi lægri en í annarri starfsemi. Engu að síður kalla sparnaðaráformin á árinu 2012 á margvíslegar hagræðingaraðgerðir og forgangsröðun verkefna. Áætlað er að aðhaldsaðgerðir ráðuneytisins á næsta ári lækki útgjöld sem nemur 3% af veltu fjárlaga 2011 og eru allar undirstofnanir ásamt aðalskrifstofu látin bera þennan sparnað til að ná fram settu markmiði verður aðalskrifstofan og stofnanir að fækka verkefnum og forgangsráða hinum sem eftir eru að nýju.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 3.053 m.kr. og hækka um 212,4 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Rekstrarfjárveitingar flestra stofnana og verkefna sem heyra undir ráðuneytið eru lækkaðar alls um 84,7 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Aðhaldsmarkið ráðuneyta voru sett miðað við að lækka útgjöld sem nemur 3% af veltu stjórnarsýslu og almennrar þjónustu en 1,5% af veltu velferðarmálaflokka, skóla og löggæslu. Lækkunin hjá efnahags- og viðskiptaráðuneytinu nemur 3% af rekstrarveltu að raungildi. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir auknum eða nýjum útgjaldaskuldbindingum í rekstri sem nema 181,4 m.kr. Þar munar mest um tímabundna fjárheimild Hagstofu Ísland í tengslum við ráðstöfun styrks frá Evrópusambandinu. Á móti falla niður nokkur framlög sem veitt voru til tímabundina verkefna að fjárhæð 101,3 m.kr. Loks nemur launa- og verðlagshækkun fjárveitinga til rekstrar um 217 m.kr.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 199,2 m.kr. og verða 668,4 m.kr. en eru 469,2 m.kr. í fjárlögum ársins 2011. Sett var markmið um 3% lækkun almennra tilfærslu-styrkja og úthlutunarliða við undirbúning frumvarpsins en 1,5% í bótakerfum og er gert ráð fyrir að þau útgjöld ráðuneytisins lækki um 1,4 m.kr. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir 200 m.kr. hækkun í útgjaldaskuldbindingum tilfærslukerfa. Verðlagshækkun fjárveitinga sem teljast til tilfærslna nemur um 0,6 m.kr.

Vikið er nánar að áformum um sparnað og forgangsröð útgjalda og helstu útgjalda-breytingar í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2012 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Tilraunaverkefni í kynjaðri fjárlagagerð

Tilraunaverkefni efnahags- og viðskiptaráðuneytisins í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð fólst í greiningu á styrkúthlutunum af ráðstöfunarfé ráðherra. Ráðuneytið vildi leitast við að jafna aðgang kynjanna að fjármagni til rannsókna og jafna aðgengi þeirra til að koma sínum rannsóknum og hugmyndum á framfæri. Til úthlutunar voru 2,1 m.kr. sem úthluta átti í tveimur áföngum. Styrkúthlutanirnar voru auglýstar á heimasíðu ráðuneytisins og í Fréttablaðinu. Í auglýsingu um fyrri styrkinn komu fram þær kröfur að umsækjendur þyrftu að hafa lokið fyrstu háskólagráðu, að verkefnið væri innan málaflokks ráðuneytisins og að það nýttist ráðuneytinu. Einnig var tekið fram að verkefni tengd efnahagshruninu yrðu í forgangi við úthlutun styrkjanna. Alls sóttu sextán um fyrstu úthlutun, átta konur, sjö karlar og ein stofnun. Vinnuhópur var skipaður til að fara yfir umsóknirnar og gera tillögu til ráðherra um úthlutanir. Alls fengu fimm úthlutað úr sjóðnum, tveir karlar fengu samtals 0,5 m.kr. tvær konur fengu samtals 0,5 m.kr. og ein stofnun fékk 0,2 m.kr. Dreifing fjármuna er jöfn á milli kynjanna, en karl fékk hæsta styrk upp á 0,3 m.kr. Verkefni hans var með skýrum hætti skilgreint innan málaflokks ráðuneytisins og talið geta nýst vel við mat á ákveðnum aðstæðum í efnahagslífinu.

Í seinni auglýsingunni komu fram sömu kröfur og í þeirri fyrri en því til viðbótar var tekið fram að styrkúthlutunin væri hluti af tilraunaverkefni ráðuneytisins í kynjaðri hagstjórn. Aðeins ein umsókn barst frá konu en henni var hafnað þar sem verkefnið var ekki tengt málaflokkum ráðuneytisins. Því átti engin úthlutun sér stað í síðari umferð.

Niðurstöður þeirrar greiningar sem hér fer á eftir er að tilraunaverkefnið hafi verið í samræmi við þau kynjasjónarmið og jafnréttismarkmið sem lagt var upp með í byrjun.

Úthlutunarliðir

Vakin er athygli á því að áformað er að gera breytingar á fyrirkomulagi sem verði hefur á úthlutunum á styrkjum af tilteknum óskiptum fjárheimildaliðum og sambærilegum sérgreindum viðfangsefnum fjárlaga til margvíslegra samtaka, safna, lista- og menningarverkefna, íþróttaviðburða, atvinnuþróunar. Breytt fyrirkomulag þessara mála er liður í umbótum sem fjárlaganefnd hefur beitt sér fyrir á umgjörð styrkveitinga á vegum bæði þingsins og ráðuneyta. Þar sem vinnu ráðuneyta að útfærslu breyttrar framsetningar þessara fjárheimilda var ekki að fullu lokið við lokun talnabálks fjárlagafrumvarpsins er framsetning þeirra óbreytt í frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að fluttar verði breytingartillögur um framsetningu fjárheimildanna í samræmi við nýtt fyrirkomulag við 2. umræðu frumvarpsins. Nánari umfjöllun um þessi áform kemur fram í kafla 3.9 í greinargerð frumvarpsins.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflökka og stofnana sem heyra undir efnahags- og viðskiptaráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflökks: 101 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	258,5	275,3	285,5	3,7	10,4
Ýmis verkefni	85,0	139,8	67,4	-51,8	-20,7
Ráðstöfunarfé		2,1	2,0	-4,8	
Samtals	343,5	417,2	354,9	-14,9	3,3

Heildarfjárveiting til málefnaflökksins lækkar um 86,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar en þær nema alls 24,6 m.kr. og að þeim meðtöldum lækka útgjöldin um 62,3 m.kr. milli ára. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaefnaflökksins sem nemur 12,3 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga. Þá koma fram nokkur ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 26,7 m.kr. Á hinn bóginn falla niður samtals 101,3 m.kr. af framlögum sem veitt voru til tíma-bundinna verkefna.

101 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld dragist saman um 9,5 m.kr. að raungildi á næsta ári. Skýrist það af eftirtöldu; Í fyrsta lagi er lögð til 8,3 m.kr. lækkun fjárheimildar vegna aðhaldsaðgerða í ríkisfjármálum. Í öðru lagi er lagt til að 6 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var í fjárlögum 2011 til

ráðningar starfsmanns fyrir nefnd um fjármálastöðuleika falli ekki niður heldur fram-
lengist um eitt ár, hækki um 4 m.kr. og verði 10 m.kr. Ljóst er að nefndin mun starfa
áfram og þörf á starfsmanni fyrir nefndina verður ekki minni en í ár. Í þriðja lagi er
lagt til að 1,1 m.kr. fjárheimild verði millifærð á fjárlagalið *09–980 Rekstrarfélag
stjórnarráðsbygginga* vegna yfirfærslu á umsýslu ráðherrabifreiða. Í fjórða lagi er
óskað eftir að 10,9 m.kr. fjárheimild verði millifærð á liðinn af aðalskrifstofu
innanríkisráðuneytis vegna aukins húsnæðiskostnaðar í kjölfar flutnings ráðuneytisins
af Sölvhólsgötu í stærra húsnæði við Skuggasund. Í fimmta lagi fellur niður 15 m.kr.
tímabundið framlag til að greiða erlendan sérfræðikostnað vegna Alþjóða-
gjalddeyrissjóðsins. Aðrar breytingar á fjárheimildum skrifstofunnar eru vegna launa-
og verðlagshækkana og nema samtals 19,7 m.kr.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins lækki um 77,3 m.kr. að raun-
gildi á næst ári. Í fyrsta lagi er lögð til lækkun vegna aðhaldsaðgerða og skiptist
tillagan á eftirtalin viðföng: Á *1.15 Fastanefndir* 2,6 m.kr. Á *1.20 Rafræn viðskipti* 0,2
m.kr. Á *1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál* 1,1 m.kr. Í öðru lagi fellur niður 20 m.kr.
framlag til úrskurðarnefndar um skuldaaðlögun og 45 m.kr. framlag til eftirlitsnefndar
um skuldaaðlögun sem veitt voru tímabundið í fjárlögum 2011. Í þriðja lagi er sótt um
0,5 m.kr. hækkun fjárheimildar vegna prófkostnaðar við löggildingu fasteignasala.
Gert er ráð fyrir að gjald sem innheimt er til að mæta kostnaði við prófið hækki um
sömu fjárhæð. Í fjórða lagi er óskað eftir 4,4 m.kr. fjárheimild vegna kostnaðar við
störf endurskoðendaráðs en kostnaður þess er greiddur með eftirlitsgjaldi og er áætlað
tekjur af því munu hækka um sömu fjárhæð. Í fimmta lagi fellur niður 13,3 m.kr. fram-
lag vegna rannsóknar á skuldavanda heimilanna sem veitt var tímabundið í fjárlögum
2011. Í sjötta lagi er óskað eftir að 2 m.kr. framlag sem veitt var tímabundið í fjárlögum
2011 vegna verkefnis á vegum Íslenska upplýsingasamfélagsins um grunngerð
rafrænna viðskipta falli ekki niður heldur framlengist um eitt ár. Aðrar breytingar á
fjárheimild eru launa- og verðlagsbreytingar og nema þær samtals 4,9 m.kr.

199 Ráðstöfunarfé. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins lækki um 0,1 m.kr. vegna
aðhaldskröfu.

Viðskiptamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 402 Fjármálaeftirlitið; 411 Samkeppnisstofnun og 431 Einkaleyfisstofa.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjármálaeftirlitið	1.089,1	1.327,0	1.387,0	4,5	27,4
Samkeppniseftirlitið	294,3	314,3	325,8	3,7	10,7
Einkaleyfastofan	188,7	170,9	191,2	11,9	1,3
Samtals	1.572,1	1.812,2	1.904,0	5,1	21,1

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 45,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar en þær nema alls 136,9 m.kr. og að þeim meðtöldum hækka útgjöldin um 91,8 m.kr. milli ára. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 54,3 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga. Þá koma fram ýmis ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 9,2 m.kr.

402 Fjármálaeftirlitið. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld dragist saman um 40 m.kr. á næsta ári vegna áforma um hagræðingu hjá stofnuninni í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar um lækkun útgjalda. Aðrar breytingar á fjárveitingu til stofnunarinnar skýrast af launa- og verðlagsreikningi frumvarpsins.

411 Samkeppniseftirlitið. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld dragist saman um 12,1 m.kr. að raungildi á næsta ári. Lögð er til 9,4 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna áforma um hagræðingu, auk 2,7 m.kr. lækkunar vegna aukinna endurgreiðslna ríkissjóðs til stofnunarinnar á virðisaukaskatti af aðkeyptri tölvuvinnslu frá einkafyrirtækjum miðað við undanfarin tvö ár.

431 Einkaleyfisstofa. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld dragist saman um 7 m.kr. að raungildi á næsta ári. Í fyrsta lagi er sótt um heimild til að ráðstafa ríkistekjum stofnunarinnar. Endurskoðuð áætlun um ríkistekjur stofnunarinnar gerir ráð fyrir að tekjurnar hækki um 12,5 m.kr. Lögð er til jafn mikil hækkun á fjárheimild stofnunarinnar sem alfarið er fjármögnuð með mörkuðum tekjum af gjöldum fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnunarvernd og faggildingu. Í öðru lagi er lögð til 5,1 m.kr. lækkun fjárveitingar til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um lækkun útgjalda. Í þriðja lagi er lögð til 0,4 m.kr. lækkun vegna aukinna endurgreiðslna ríkissjóðs til stofnunarinnar á virðisaukaskatti af aðkeyptri tölvuvinnslu frá einkafyrirtækjum miðað við undanfarin tvö ár.

Hagáætlanir og hagtölur

Eftirfarandi fjárlagaliður telst til þessa málefnaflokks: 501 Hagstofa Íslands.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Hagstofa Íslands	692,3	650,4	832,5	28,0	20,3
Samtals	692,3	650,4	832,5	28,0	20,3

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 126 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar en þær nema alls 56,1 m.kr. og að þeim meðtöldum hækka útgjöldin um 182,1 m.kr. milli ára. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum Hagstofunnar sem nemur 19,5 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um aðhald í ríkisfjármálum. Þá koma fram nokkur ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 145,5 m.kr. en þau eru eftirfarandi; Í fyrsta lagi er lagt til að 3 m.kr. fjárheimild verði millifærð á fjárlagalið 08–301 *Landlæknir* en með lögum um sameiningu Landlæknis og Lýðheilsustöðvar færðist umsjón með dánarmeinaskrá frá Hagstofunni til Landlæknis. Í öðru lagi er lögð til 1,5 m.kr. lækkun fjárheimildar vegna aukinnar endurgreiðslu virðisaukaskatts af aðkeyptri tölvuvinnslu. Í þriðja lagi er óskað eftir 150 m.kr. tímabundnu framlagi vegna gerðar manntals, eflingu landbúnaðartölfræði og styrkingu þjóðhagsreikninga. Á móti fjárheimild samkvæmt þessari tillögu er gert ráð fyrir að komi 124 m.kr. óafturkræfir styrkir til íslenska ríkisins frá Evrópusambandinu sem færast á tekjuhlíð og hafa þessi verkefni að því leyti til ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Um er að ræða 57 m.kr. styrk til manntalsgerðar, 31 m.kr. vegna landbúnaðartölfræði og 36 m.kr. til að efla gerð þjóðhagsreikninga. Beint framlag úr ríkissjóði er 26 m.kr. Því til viðbótar hefur Hagstofan samið um 13 m.kr. styrk frá Eurostat til fyrsta undirbúnings að kerfi til að halda utan um utanríkisviðskipti Íslands við önnur aðildarríki Evrópusambandsins ef til aðildar að sambandinu kemur. Auk þess er áformað að á næsta ári muni Hagstofan nýta 20 m.kr. af yfirfærðum afgangsheimildum frá fyrri árum til manntalsverkefnisins. Heildarkostnaður við þessi verkefni á árinu 2012 er því áætlaður 183 m.kr. Í tillögu Íslands að IPA landsáætlun 2011 er lagt til að Hagstofan fái styrk til að efla gerð þjóðhagsreikninga á Íslandi. Áætlað er að heildarstuðningur Evrópusambandsins við verkefnið verði 825.000 evrur eða sem svarar 135 m.kr. Áætlað er að útborgun styrksins verði þannig að 36 m.kr. komi til greiðslu á árinu 2012, 43 m.kr. árið 2013, 43 m.kr. árið 2014 og 14 m.kr. árið 2015. Verkefnið í tillögu Íslands að IPA landsáætlun 2011 voru m.a. valin m.t.t. þess að þau myndu nýtast Íslandi hvort sem aðild verður eða ekki. Styrkir til manntals og landbúnaðartölfræði eru af svokölluðum fjölþegaáætlunum Evrópusambandsins og áætlað er að útborgun þeirra nemi 88 m.kr. árið 2012 og 23 m.kr. árið 2013.

Flutningsjöfnuður

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokkis: 811 Flutningssjóður olíuvara og 831 Jöfnun flutningskostnaðar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Flutningssjóður olíuvara	347,0	430,0	430,0	0,0	23,9
Jöfnun flutningskostnaðar	0,0	0,0	200,0		
Samtals	347,0	430,0	630,0	46,5	81,6

Fjárveiting til málefnaflokkisins hækkar um 200 m.kr. frá gildandi fjárlögum sem skýrist alfarið tillögu um 200 m.kr. fjárheimild á nýjum fjárlagalið vegna flutningsjöfnunar í tengslum við iðnaðar- og vöruframleiðslu á landsbyggðinni.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.10 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
12-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutunir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

14 Umhverfisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun umhverfisráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	4.555,1	4.619,2	5.079,4	10	12
Neyslu- og rekstrartilfærslur	2.168,4	1.533,8	2.382,3	55	10
Stofnkostnaður og viðhald	757,2	678,2	1.132,2	67	50
Samtals	7.480,7	6.831,2	8.593,9	26	15
Greitt úr ríkissjóði	-	4.030,8	4.389,8	9	-
Innheimt af ríkistekjum	-	2.800,4	4.204,1	50	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	6.831,2	8.593,9	26	-

Heildargjöld umhverfisráðuneytis árið 2012 eru áætluð um 10.726 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 2.132 m.kr. en þær nema um 20% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 8.594 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 4.390 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 4.204 m.kr. innheimtar af ríkis-tekjum.

Vakin er athygli á að í inngangi þessa kafla um gjöld A–hluta, kafla 3.5, er umfjöllun um fyrirhugaðan samdrátt í ríkisútgjöldum á næsta ári þar sem farið er heildstætt yfir þau áform fyrir öll ráðuneytin og málaflökka þeirra.

Í frumvarpinu aukast útgjöld umhverfisráðuneytisins um 1.456,7 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2011 en þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum verðlags- og gengisbreytingum hækka útgjöldin um 1.762,7 m.kr. milli ára eða sem svarar til um 20%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í þrjú þætti. Í fyrsta lagi verða gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 145 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum. Í öðru lagi er um að ræða ýmsar breytingar á útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2012 en þær nema 1.730,6 m.kr. Þar af eru 1.424,2 m.kr. vegna breytinga á fjárheimildum verkefna sem fjármögnuð eru að fullu með ríkistekjum og hafa þar með ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Á móti því vega, í þriðja lagi, tímabundin framlög til ýmissa verkefna sem falla niður og nema 128,9 m.kr. Nettóhækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 1.456,7 m.kr. Loks bætast við verðlagshækkunar ársins 2012, sem eru áætlaðar 306 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 8.593,9 m.kr. Þar vega þyngst hækkunar á launum samkvæmt kjarasamningum við stéttarfélag ríkisstarfsmanna. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að í fjárheimildum vegna annarra rekstrargjalda en launa verði vegið upp vanmat á verðlagshækkunum í forsendum fjárlaga 2011 til viðbótar við spá um verðbreytingar ársins 2012, auk þess sem tekið er tilliti til áhrifa af lækkun á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt.

Fjárveitingar til verkefna umhverfisráðuneytisins markast nokkuð af því að gert er ráð fyrir áframhaldandi aðhaldsráðstöfunum í frumvarpinu í samræmi við áætlun ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum þótt þær verði ekki jafn umfangsmiklar og í fjárlögum undanfarinna þriggja ára. Hagræðingarkrafa til velferðarmálaflökka, skóla og löggæslu er fjórða árið í röð nálægt helmingi lægri en í annarri starfsemi. Engu að síður kalla sparnaðar-áformin á árinu 2012 á margvíslegar hagræðingaraðgerðir og forgangsröðun verkefna. Áætlað er að aðhaldsaðgerðir ráðuneytisins á næsta ári lækki útgjöld sem nemur 2,1% af veltu fjárlaga 2011.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 5.079,4 m.kr. og hækka um 460,2 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Rekstrarfjárveitingar flestra stofnana og verkefna sem heyra undir ráðuneytið eru lækkaðar alls um 99,1 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Aðhaldsmarkið ráðuneyta voru sett miðað við að lækka útgjöld sem nemur 3% af veltu stjórnarsýslu og almennrar þjónustu en 1,5% af veltu


velferðarmálaflokka, skóla og löggæslu. Vissir liðir sem eru ekki eiginlegur rekstur eru þó undanskildir svo sem Skipulagsmál sveitarfélaga, Úrvinnslusjóður og Endurvinnslan hf. Lækkunin hjá umhverfisráðuneytinu nemur 2,1% af rekstrarveltu að raungildi. Þótt markmiðin hafi verið sett miðað við veltu eru þau útfærð eftir forgangsröð og áherslum ráðuneytisins sem getur falið í sér mismikla skerðingu á fjárveitingum eins og fram kemur í umfjöllun um einstakar stofnanir og verkefni. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir auknum eða nýjum útgjaldaskuldbindingum í rekstri sem nema 346,6 m.kr. Þar veга þýngst 105 m.kr. hjá Náttúrufræðistofnun Íslands vegna verkefnisins Natura 2000, 80 m.kr. hjá Landgræðslu Íslands til áburðarkaupa, 70 m.kr. veltuaukning Úrvinnslusjóðs og 46 m.kr. hjá Umhverfisstofnun til reksturs á skráningarkerfi um losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda. Á móti falla niður nokkur framlög sem veitt voru til tímabundina verkefna að fjárhæð 80,5 m.kr. Loks nemur verðlagshækkun fjárveitinga til rekstrar 293,2 m.kr.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 848,5 m.kr. og verða 2.382,3 m.kr. en eru 1.533,8 m.kr. í fjárlögum ársins 2011. Sett var markmið um 3% lækkun almennra tilfærslustyrkja og úthlutunarliða við undirbúning frumvarpsins en 1,5% í bótakerfum og er gert ráð fyrir að þau útgjöld ráðuneytisins lækki um 7,9 m.kr. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir auknum eða nýjum útgjaldaskuldbindingum sem nema 882 m.kr. Þar vegur þýngst 873 m.kr. hækkun á framlag til Endurvinnslunnar hf. þar sem fallið var frá áformum um upp-töku framleiðendaábyrgðar. Á móti lækka útgjöld um 38,4 m.kr. vegna tímabundinna framlaga sem falla niður. Verðlagshækkun fjárveitinga sem teljast til tilfærslna nemur 12,8 m.kr.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 1.132,2 m.kr. og er það 454 m.kr. hækkun milli ára. Framlög lækka um 38 m.kr. til að mæta áformum um samdrátt í ríkisútgjöldum en sett var markmið um 3% lækkun. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir auknum eða nýjum útgjaldaskuldbindingum sem nema 502 m.kr. og munar mest um aukin framlög til ofanflóðaverkefna. Á móti falla niður 10 m.kr. framlög sem veitt voru til tímabundinna stofnkostnaðarverkefna.

Vikið er nánar að áformum um sparnað og forgangsröð útgjalda og helstu útgjaldabreytingar í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2012 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Skuldbindandi samningar

Umhverfisráðuneytið hefur samningsskyldur við Skógræktarfélag Íslands vegna verkefnis um Landgræðsluskóga og Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins vegna samstarfssamnings um Hekluskóga. Samningurinn um Landgræðsluskóga kveður á um 35 m.kr. árlegt framlag og gildir út árið 2013 en samningurinn um Hekluskóga kveður á um 50 m.kr. árlegt framlag og gildir út árið 2016. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Vegna útgjaldaaðhalds hafa fjárveitingar verið lækkaðar í fjárlögum síðustu ára og í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir 35,2 m.kr. framlagi til Skógræktarfélagsins og 20,2 m.kr. til Hekluskóga og hefur fjárhæðum í töflunni verið breytt til samræmis við það. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2011, eru á áætluðu verðlagi ársins 2012 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 0,5% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2012.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2011	2012	2013	2014	2015
Skógræktarfélag Íslands	A	36,0	35,2	35,0	0,0	0,0
Hekluskógar	B	20,3	20,2	50,0	50,0	50,0
Samtals		56,3	55,4	85,0	50,0	50,0

Skuldbindandi samningum ráðuneyta er skipað í þrjá flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar sem umhverfisráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í töflunni og er kostnaður vegna þeirra áætlaður 35,2 m.kr. á næsta ári. Aðrir samningar sem bæði ráðuneytin standa að eru merktir með bókstafnum B og er kostnaður vegna þeirra áætlaður 20,2 m.kr. á næsta ári. Að lokum

eru samningar sem umhverfisráðuneytið stendur eitt að og eru þeir auðkenndir með bókstafnum C, en ekki er um neina slíka samninga að ræða hjá umhverfisráðuneytinu.

Tilraunaverkefni í kynjaðri fjárlagagerð

Verkefnið er til tveggja ára og er markmið þess að kanna hvort kynning á löggjöf um efni og efnavörur nái jafnt til kvenna og karla. Umhverfisstofnun vill tryggja að fræðsluefni um efni og efnavörur höfði bæði til kvenna og karla en málaflokkurinn er fjölbreyttur og geta ýmsar ástæður legið að baki mismunandi áhuga kynjanna. Í fyrri áfanganum var opnaður fræðsluvefur um efni í neytendavörum á heimasíðu Umhverfisstofnunar og var fræðsluefnið unnið með kynjasjónarmið í huga, svo sem að ýta ekki undir staðalmyndir eða hefðbundin kynhlutverk. Því má segja að verkefnið feli ekki eingöngu í sér eftirá greiningu heldur eru kynjasjónarmið notuð við ákvarðanatöku. Auk þess voru kyngreindar upplýsingar frá Fésbókarsíðu norræna umhverfismerkisins Svansins en þar kemur í ljós að 70% þeirra sem „Líkar“ við Svaninn eru konur og 23% karlar.

Síðari hluti verkefnisins mun fela í sér kyngreiningu á fyrirspurnum um efni og efnavörur á sex mánaða tímabili og eru áætluð verklok í maí 2012.

Úthlutunarliðir

Vakin er athygli á því að áformað er að gera breytingar á fyrirkomulagi sem verið hefur á úthlutunum á styrkjum af tilteknum óskiptum fjárheimildaliðum og sambærilegum sérgreindum viðfangsefnum fjárlaga til margvíslegra samtaka, safna, lista- og menningarverkefna, íþróttaviðburða, atvinnuþróunar o.fl. Breytt fyrirkomulag þessara mála er liður í umbótum sem fjárlaganefnd hefur beitt sér fyrir á umgjörð styrkveitinga á vegum bæði þingsins og ráðuneyta. Þar sem vinnu ráðuneyta að útfærslu breyttrar framsetningar þessara fjárheimilda var ekki að fullu lokið við lokun talnabálks fjárlagafrumvarpsins er framsetning þeirra óbreytt í frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að fluttar verði breytingartillögur um framsetningu fjárheimildanna í samræmi við nýtt fyrirkomulag við 2. umræðu frumvarpsins. Nánari umfjöllun um þessi áform kemur fram í kafla 3.9 í greinargerð frumvarpsins.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir umhverfisráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Umhverfisráðuneyti, aðal-skrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Umhverfissráðuneyti, aðalskrifstofa	317,2	296,0	325,6	10,0	2,6
Ýmis verkefni	291,3	289,2	305,6	5,7	4,9
Ráðstöfunarfé	0,0	2,9	2,9	0,0	-
Samtals	608,5	588,1	634,1	7,8	4,2

Heildarfjárveiting til málefnaflokkans hækkar um 9,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar en þær nema alls 36,3 m.kr. og að þeim meðtöldum hækka útgjöldin um 46 m.kr. milli ára. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 5,3 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga. Þá koma fram nokkur ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 25,5 m.kr. Á hinn bóginn falla niður samtals 10,5 m.kr. af framlögum sem veitt voru til tímabundinna verkefna.

101 Umhverfissráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir 325,6 m.kr. fjárveitingu til skrifstofunnar og jafngildir það 7 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Farið er fram á 9 m.kr. fjárveitingu til styrkja vinnu í ráðuneytinu vegna málefna norðurslóða. Aukin umsvif á norðurslóðum kalla á aukna þátttöku ráðuneytisins í norðurslóðasamstarfi, ekki síst því sem lýtur að vernd hafnsins. Auknar siglingar, m.a. með olíu og hættuleg efni, eru staðreynd og gera má ráð fyrir enn meiri aukningu í þeim ef nýjar siglingaleiðir opnast. Auk siglinga er m.a. verið að skoða og skipuleggja verndarsvæði í hafi og viðbrögð við olíu- og gasborun á norðurslóðum. Tvær skrifstofur Norðurskautsráðsins varðandi vernd lífríkis (CAFF) og varnir gegn mengun hafnsins (PAME) eru staðsettar á Íslandi. Vinna að úttektum og aukinni reglusetningu sem tengist starfsemi á norðurslóðum og umhverfisvernd er margbrotið viðfangsefni og kallar einnig á samhæfingu við önnur ráðuneyti og stofnanir. Lögð er til 0,5 m.kr. lækkun fjárveitingar í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um 3% samdrátt í stjórnáslu og almennri þjónustu. Einnig er gert ráð fyrir að 1,5 m.kr. fjárheimild flytjist frá ráðuneytinu til Rekstrarfélags Stjórnarráðsbygginga í tengslum við breytt fyrirkomulag á umsýslu með rekstri ráðherrabifreiða.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir 305,6 m.kr. framlagi á þennan lið og jafngildir það 2,7 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingar eru af fimm tilefnum. Í fyrsta lagi er farið fram á 13 m.kr. fjárveitingu á nýtt viðfangsefni 14–190–1.62 *Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála* sem taka á til starfa í ársbyrjun 2012 samkvæmt nýsettum lögum þar um í samræmi við ákvæði Árósasamningsins um aðgang almennings að upplýsingum og þátttöku í ákvarðanatöku og réttlátri málsmeðferð í málum sem varða umhverfið. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála

tekur yfir hlutverk úrskurðarnefndar um skipulags- og byggingarmál og úrskurðarnefndar hollustuhátta og mengunarvarna sem jafnframt verða lagðar niður. Nefndinni er ætlað úrskurða í ágreiningsmálum vegna stjórnvaldsákvæðana og annarra úrlausnaraðriða innan stjórnsýslunnar á sviði umhverfis- og auðlindamála. Verksvið hinnar nýju nefndar verður umfangsmeira en verkefni hinna nefndanna því til hennar flyst einnig úrskurðarvald í ýmsum kærumálum á sviði umhverfis- og auðlindamála frá umhverfisráðherra, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og iðnaðarráðherra. Jafnframt er lagt til að 43,6 m.kr. fjárheimild úrskurðarnefndar um skipulags- og byggingarmál og 2 m.kr. af fjárheimildum fastanefnda verði fluttar á fjárlagaviðfang hinnar nýju nefndar. Í öðru lagi er sótt um 3,5 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár á viðfangsefnið *1.98 Ýmis framlög umhverfisráðuneytis* til stuðnings við Melrakkasetur á Vestfjörðum og eflingu ferðaþjónustu á svæðinu. Miðað er við að gerður verði þjónustusamningur milli umhverfisráðuneytis og Melrakkasetur Íslands ehf. sem er fræðasetur helgað melrakkanum þar sem ýmis fræðsla er í boði um líffræði tegundarinnar, stöðu á heimsvísu, rannsóknir, nýtingu og veiðar. Tillagan er hluti af aðgerðum sem ríkisstjórnin samþykkti þann 5. apríl 2011 til að efla atvinnu og byggð á Vestfjörðum. Gert er ráð fyrir að í frumvarpi til fjárukalaga fyrir árið 2011 verði sótt um jafn hátt framlag til setursins. Í þriðja lagi er farið fram á 1,5 m.kr. tímabundið framlag í fjögur ár á sama viðfangsefni til verkefnis um vistvæn innkaup. Skrifað var undir stefnu ríkisstjórnarinnar um innleiðingu vistvænna innkaupa vorið 2009. Í stefnunni er sagt fyrir um hvernig samþætta á umhverfissjónarmið innkaupum hjá ríkinu og skyldi stýrihópur og vinnuhópur vinna samkvæmt aðgerðaáætlun um vistvæn opinber innkaup 2009–2012. Kostnaður við innleiðinguna felst m.a. í vinnu við staðfæringu og gerð vistvænna staðla fyrir alla vörur og vöruflokka. Búið er að gera vistvæna staðla fyrir 11 af 18 vöruflokkum í samræmi við skilgreiningu Ríkiskaupa. Í fjórða lagi fellur niður af sama viðfangi 7,5 m.kr. framlag sem veitt var tímabundið í fjárlögum 2010 vegna formennsku Íslands í vinnuhópi Norðurskautsráðsins um vernd lífríkis á norðlægum slóðum og einnig fellur niður 3 m.kr. framlag sem veitt var tímabundið í fjárlögum 2007 til verkefnis um vistvæn innkaup. Í fimmta lagi er lögð til samtals 4,8 m.kr. lækkun fjárveitinga í samræmi við í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um 3% samdrátt í stjórnsýslu og almennri þjónustu. Lækkunin skiptist þannig milli viðfangsefna: *1.35 Umhverfisvöktun* 0,4 m.kr., *1.44 Skógræktarfélag Íslands* 0,8 m.kr., *1.90 Ýmis verkefni* 2,5 m.kr. og *1.98 Ýmis framlög umhverfisráðuneytis* 1,1 m.kr.

Umhverfisvernd

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn; 211 Umhverfisstofnun; 212 Vatnajökulsþjóðgarður; 231 Landgræðsla ríkisins; 241 Skógrækt ríkisins; 243 Hekluslógar; 287 Úrvinnslusjóður og 289 Endurvinnslan hf.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Náttúruvannsóknastöðin við Mývatn	21,2	20,8	22,2	6,7	4,7
Umhverfisstofnun	788,3	773,2	882,7	14,2	12,0
Vatnajökulsþjóðgarður	600,2	348,0	353,6	1,6	-41,1
Landgræðsla ríkisins	721,9	558,1	580,3	4,0	-19,6
Skógrækt ríkisins	261,8	234,5	239,2	2,0	-8,6
Hekluskógar	21,2	20,3	20,2	-0,5	-4,7
Úrvinnslusjóður	704,3	902,0	972,0	7,8	38,0
Endurvinnslan hf.	1.434,2	840,0	1.713,0	103,9	19,4
Samtals	4.553,1	3.696,9	4.783,2	29,4	5,1

Heildarfjárveiting til málefnaflokkans hækkar um 969,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar en þær nema alls 117 m.kr. og að þeim meðtöldum hækka útgjöldin um 1.086,3 m.kr. milli ára. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 53,6 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga. Þá koma fram nokkur ný og breytt tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 1.102,9 m.kr. Munar þar mest um 873 m.kr. hækkun á framlagi til Endurvinnslunnar hf. þar sem fallið hefur verið frá upptöku framleiðendaábyrgðar á endurvinnslu einnota drykkjarvöruumbúða sem áformað var á miðju þessu ári og framlag í gildandi fjárlögum miðaðist við þau áform. Þar sem framlagið til Endurvinnslunnar hf. er fjármagnað með tekjum af skilagjaldi og umsýsluþóknun hefur hækkun þess ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Á hinn bóginn falla niður samtals 80 m.kr. af framlögum sem veitt voru til tímabundinna verkefna.

202 Náttúruvannsóknastöðin við Mývatn. Gert er ráð fyrir 22,2 m.kr. fjárveitingu til stöðvarinnar og að hún lækki um 0,3 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs vegna áforma um lækkun ríkisútgjalda.

211 Umhverfisstofnun. Gert er ráð fyrir 882,7 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og jafngildir það 59,9 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Sótt er um 20 m.kr. tímabundið stofnkostnaðarframlag til að koma á fót skráningarkerfi um losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda. Um er að ræða skráningarkerfi í samræmi við lög nr. 64/2011, um breytingu á lögum nr. 65/2007, um losun gróðurhúsalofttegunda, sem leiða í íslenskan rétt reglur Evrópusambandsins um viðskiptakerfi með losunarheimildir. Einnig er sótt um 46 m.kr. rekstrarfjárveitingu en áætlað er að framkvæmd laganna kalli á 3½ viðbótarstöðugildi hjá stofnuninni. Veigamestu þættir í framkvæmdinni eru bókhald yfir losun gróðurhúsalofttegunda, rekstur skráningarkerfis, leyfisveitingar og eftirlit með losun koldíoxíðs frá þeim atvinnurekstri sem undir lögin fellur og úthlutun losunarheimilda til flugrekstraraðila. Farið er fram á 15

m.kr. fjárveitingu til reksturs Látrabjargstofu. Gert er ráð fyrir 1½ stöðugildi hjá stofunni og að hún hafi umsjón og eftirlit með svæðinu sem kennt er við Látrabjarg – Rauðasand, með möguleika á að tengja starfsemina við friðlandið í Vatnsfirði og náttúruvættið Dynjanda, og stuðli að varðveislu náttúruminja. Einnig er það markmið að stofan myndi tengsl við núverandi starfsemi á svæðinu t.d. á sviði náttúrufransrannsókna við Náttúrustofu Vestfjarða í Bolungavík vegna vöktunar, byggðasafna í héraði, forleifaverndar og annarra menningartengdrar starfsemi. Tillagan er hluti af aðgerðum sem ríkisstjórnin samþykkti þann 5. apríl 2011 til að efla atvinnu og byggð á Vestfjörðum. Niður fellur 10 m.kr. tímabundið viðhaldsframlag sem veitt var í fjárlögum 2011 til uppbyggingar í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Lagt er til að 10 m.kr. stofnkostnaðarframlag verði flutt af fjárlagalið Vatnajökulsþjóðgarðs til viðhalds í þjóðgördum og á friðlýsum svæðum í umsjón Umhverfisstofnunar í tilefni af 10 ára afmæli þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og til uppbyggingar á Malarífi. Lögð er til 0,8 m.kr. lækkun rekstrarfjárveitingar vegna aukinna endurgreiðslna ríkissjóðs til stofnunarinnar á virðisaukaskatti af aðkeyptri tölvuvinnslu frá einkafyrirtækjum miðað við undanfarin tvö ár. Lögð er til 20,3 m.kr. lækkun rekstrarfjárveitingar í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda.

212 Vatnajökulsþjóðgarður. Gert er ráð fyrir 353,6 m.kr. fjárveitingu á þennan lið og jafngildir það 14,8 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Lagt er til að 10 m.kr. stofnkostnaðarfjárheimild verði flutt á fjárlagalið Umhverfisstofnunar til viðhalds í þjóðgördum og á friðlýsum svæðum í tilefni af 10 ára afmæli þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og til uppbyggingar á Malarífi. Er þar um að ræða helming af 20 m.kr. framlagi sem veitt var til Vatnajökulsþjóðgarðs í fjárlögum 2011 af áttluðum tekjum af gistináttaskatti. Lögð er til 0,3 m.kr. lækkun rekstrarfjárveitingar vegna aukinna endurgreiðslna ríkissjóðs til stofnunarinnar á virðisaukaskatti af aðkeyptri tölvuvinnslu frá einkafyrirtækjum miðað við undanfarin tvö ár. Lögð er til 4,5 m.kr. lækkun rekstrarfjárveitingar í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda.

231 Landgræðsla ríkisins. Gert er ráð fyrir 580,3 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og jafngildir það 8,2 m.kr. lækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum. Lagt er til að 70 m.kr. framlag sem veitt var tímabundið til eins árs í fjárlögum 2011 vegna hækkunar á áburðaverði framlengist um eitt ár en hækki jafnframt um 10 m.kr. og verði 80 m.kr. Áburðarverð hefur hækkað mikið á undanförunum árum og ekki útlit fyrir að það muni lækka í náinni framtíð. Áburðarkostnaður Landgræðslunnar er einkum af þrennum toga: bein áburðar kaup, áburðarstyrkir vegna verkefnisins Bændur græða landið og styrkir úr Landbótasjóði. Lögð er til 18,2 m.kr. lækkun rekstrarfjárveitingar í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda.

- 241 Skógrækt ríkisins.** Gert er ráð fyrir 239,2 m.kr. fjárveitingu til stöðvarinnar sem er lækkun um 10,2 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs vegna áforma um lækkun ríkisútgjalda.
- 243 Hekluskógar.** Gert er ráð fyrir 20,2 m.kr. framlagi á liðinn sem er lækkun um 0,1 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs vegna áforma um lækkun ríkisútgjalda.
- 287 Úrvinnslusjóður.** Lögð er til 70 m.kr. hækkun fjárveitingar sem öll er fjármögnuð með tekjum af úrvinnslugjaldi. Áætlað er að á næsta ári verði tekjur af úrvinnslugjaldi 990 m.kr. en það er 70 m.kr. hækkun miðað við gildandi fjárlög. Útgjöld Úrvinnslusjóðs eru áætluð 850 m.kr. og gert er ráð fyrir að tekjunum verði varið til að fjármagna útgjöldin í samræmi við lög um úrvinnslugjald ásamt því að byggja upp eigið fé. Í áætlunum sjóðsins er miðað við að eigið fé hvers vörflokks verði að jafnaði ekki lægri en sem nemur 30% af árskostnaði.
- 289 Endurvinnslan hf.** Lögð er til 873 m.kr. hækkun á fjárheimild liðarins og er hún alfarið fjármögnuð með ríkistekjum af skilagjaldi og umsýsluþóknun á einnota drykkjarvöruumbúða úr áli, stáli, gleri og plastefni. Í vor var á Alþingi fallið frá fyrirætlun um upptöku framleiðendaábyrgðar á endurvinnslu þessara umbúða sem áformuð var á miðju ári 2011 samkvæmt lagafrumvarpi þar um. Framlag í gildandi fjárlögum miðaðist við að af þeim áformum yrði og að fjármögnun á kostnaði við endurvinnslu þessara umbúða myndi færast frá ríkinu á miðju þessu ári með upptöku framleiðendaábyrgðar. Áætlað er að á árinu 2012 verði tekjur af skilagjaldi 1.620 m.kr. og tekjur af umsýsluþóknun 93 m.kr. og að öllum tekjunum verði skilað til Endurvinnslunnar hf. Framlag í gildandi fjárlögum er 840 m.kr. og miðast því aðeins við hálf ár og skýrir það hina miklu hækkun núna.

Skipulagsmál

Þessir liðir teljast til málefnaflokksins: 301 Skipulagsstofnun; 303 Skipulagsmál sveitarfélaga; 310 Landmælingar Íslands; 320 Mannvirkjastofnun; 381 Ofanflóðasjóður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Skipulagsstofnun	160,2	174,7	188,1	7,7	17,4
Skipulagsmál sveitarfélaga	103,5	114,4	99,9	-12,7	-3,5
Landmælingar Íslands	245,2	232,7	245,0	5,3	-0,1
Mannvirkjastofnun	286,8	359,0	386,2	7,6	34,7
Ofanflóðasjóður	128,9	427,0	871,0	104,0	575,7
Samtals	924,6	1.307,8	1.790,2	36,9	93,6

Heildarfjárveiting til málefnaflokkans hækkar um 428 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar en þær nema alls 54,4 m.kr. og að þeim meðtöldum hækka útgjöldin um 482,4 m.kr. milli ára. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 49,2 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga. Á móti koma fram nokkur ný og breytt tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 477,2 m.kr. Veldur þar mestu hækkun á framlagi til Ofanflóðasjóðs.

301 Skipulagsstofnun. Gert er ráð fyrir 188,1 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar sem er lækkun um 0,4 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs vegna áforma um lækkun ríkisútgjalda.

303 Skipulagsmál sveitarfélaga. Á þennan lið er veitt fé til að standa straum af hlut Skipulagssjóðs í kostnaði sveitarfélaga við gerð skipulagsáætlana og er framlagið fjármagnað með tekjum af skipulagsgjaldi. Gert er ráð fyrir 99,9 m.kr. fjárveitingu á liðinn og er það 14,5 m.kr. lækkun frá gildandi fjárlögum. Áætlað er að á árinu 2012 verði heildartekjur af skipulagsgjaldi 160 m.kr. og að þar af muni 91 m.kr. falla til í sveitarfélögum sem annast sjálf skipulagsmál sín. Gert er ráð fyrir að yfirfæra helming þeirrar fjárhæðar, eða 45,5 m.kr. úr Skipulagssjóði til þessara sveitarfélaga sem er 14,5 m.kr. lægri fjárhæð en í gildandi fjárlögum.

310 Landmælingar Íslands. Gert er ráð fyrir 245 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar sem er lækkun um 3,9 m.kr. að raungildi frá gildandi fjárlögum vegna áforma um lækkun ríkisútgjalda.

320 Mannvirkjastofnun. Gert er ráð fyrir 386,2 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og jafngildir það 2,8 m.kr. hækkun að raungildi miðað við gildandi fjárlög. Lögð er til 10 m.kr. hækkun framlags sem fjármagnað er með ríkistekjum af gjöldum fyrir yfireftirlit og úrtaksskoðanir á rafveitum. Í endurskoðaðri áætlun um ríkistekjur stofnunarinnar er gert ráð fyrir 190 m.kr. tekjum af þessari gjaldtöku á árinu 2012. Það er 10 m.kr. hækkun miðað við fjárlög 2011 og er lagt til að stofnuninni verði heimilað að ráðstafa þessum tekjuauka til lögboðinna verkefna. Á móti kemur að lagt er til að fjárheimild lækki um 0,3 vegna aukinna endurgreiðslna ríkissjóðs til stofnunarinnar á virðisaukaskatti af aðkeyptri tölvuvinnslu frá einkafyrirtækjum miðað við undanfarin tvö ár. Einnig er lögð til 6,9 m.kr. lækkun í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda.

381 Ofanflóðasjóður. Gert er ráð fyrir að á næsta ári verði Ofanflóðasjóði veitt 871 m.kr. framlag af mörkuðum ríkistekjum af ofanflóðagjaldi en það er 444 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Áætlað er að auk framlags af ofanflóðagjaldi muni sjóður-

inn hafa 405 m.kr. vaxtatekjur af inneign sinni hjá ríkissjóði og er því reiknað með að fjárhagsleg framkvæmdageta sjóðsins á árinu 2012 verði 1.276 m.kr. fyrir utan ónýttar fjárheimildir frá fyrri árum. Breytingar eru af fjórum tilefnum. Í fyrsta lagi óskað eftir 400 m.kr. tímabundnu framlagi til ofanflóðaverkefna á Ísafirði og Patreksfirði. Annars vegar vegna varna undir Gleiðarhjalla á Ísafirði og hins vegar gerð varnargarðs á Patreksfirði við Klif. Áætlaður heildarkostnaður við þessar tvær framkvæmdir er um 1 mia.kr. og reiknað er með að þær kalli á 400 m.kr. framlag á árinu 2012 og 350 m.kr. á árinu 2013 til viðbótar framlögum vegna annarra framkvæmda. Gert er ráð fyrir að vinna við þessar tvær framkvæmdir samsvari u.þ.b. 70 ársverkum. Tillagan er hluti af aðgerðum sem ríkisstjórnin samþykkti þann 5. apríl 2011 til að efla atvinnu og byggð á Vestfjörðum. Í öðru lagi er sótt um 103 m.kr. tímabundið framlag til framkvæmda við varnargarða vegna snjóflóðahættu á Ísafirði og í Neskaupstað. Haustið 2010 ákvað ríkisstjórnin að auka framkvæmdir við ofanflóðavarnir. Samþykkt var að framkvæmdir við varnargarða undir Kubba á Ísafirði og Tröllagil í Neskaupstað yrðu boðnar út og að framkvæmdir hæfust á árinu 2011. Þá var áætlað að útgjöld við þessi verkefni yrðu 350 m.kr. árið 2011 og 450 m.kr. árið 2012. Í fjárlögum 2011 var 350 m.kr. veitt til þessara framkvæmda og með þessari tillögu er sótt um 103 m.kr. hækkun á því framlagi. Í þriðja lagi er lögð til 21 m.kr. óskipt lækkun á framlögum á móti aukinni fjármögnun með vaxtatekjum sjóðsins af inneign hjá ríkissjóði. Áætlað er að á næsta ári muni Ofanflóðasjóður hafa 405 m.kr. vaxtatekjur af inneign hjá ríkissjóði. Það eru 35 m.kr. meiri vaxtatekjur en reiknað er með í gildandi fjárlögum. Fjármagnstekjuskattur er 81 m.kr. og hækkar um 14 m.kr. miðað við fjárlög. Í fjórða lagi er lögð til 38 m.kr. óskipt lækkun á framlögum vegna áforma ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda.

Rannsóknir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 401 Náttúrufræðistofnun Íslands; 403 Náttúrustofur; 407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og 412 Veðurstofa Íslands.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Náttúrufræðistofnun Íslands	423,8	431,5	574,4	33,1	35,5
Náttúrustofur	127,7	117,6	83,7	-28,8	-34,5
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	33,4	27,3	29,0	6,2	-13,2
Veðurstofa Íslands	809,6	662,0	699,3	5,6	-13,6
Samtals	1.394,5	1.238,4	1.386,4	12,0	-0,6

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 49,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar en þær nema alls 98,3 m.kr. og að þeim meðtöldum hækka útgjöldin um 148 m.kr. milli ára. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga

úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 36,9 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga. Á móti eykst útgjaldaskuldbinding um 125 m.kr. vegna framlags til Náttúrufræðistofnunar Íslands sem fjármagnað er með styrk frá Evrópusambandinu. Á hinn bóginn falla niður samtals 38,4 m.kr. af framlögum sem veitt voru til tímabundinna verkefna.

401 Náttúrufræðistofnun Íslands. Gert er ráð fyrir 574,4 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og jafngildir það 111,6 m.kr. hækkun að raungildi miðað við gildandi fjárlög. Óskað er eftir 125 m.kr. tímabundinni fjárheimild á nýtt viðfangsefni *1.11 NATURA 2000 samstarfsnetið* til að ráðstafa styrk frá Evrópusambandinu vegna samnefnds verkefnis. Á móti fjárheimild samkvæmt þessari tillögu er gert ráð fyrir að komi óafturkræfur styrkur til íslenska ríkisins frá ESB sem færast á tekjuhlið og hefur verkefnið að því leyti til ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Í tillögu Íslands að IPA landsáætlun 2011 er lagt til að Náttúrufræðistofnun fái styrk til að byggja upp NATURA 2000 samstarfsnet á Íslandi. Gert er ráð fyrir að Náttúrufræðistofnun muni fara fyrir samstarfi fleiri stofnana á sviði umhverfismála við uppbyggingu verkefnisins. Markmið með verkefninu er að kortleggja vistkerfi og fuglalíf á Íslandi með það fyrir augum að auðkenna svæði sem þarfnast verndunar. Slík kortlagning leggur grunn að verndun íslenskrar náttúru og er mikilvæg við skipulagningu byggðamála og uppbyggingu ferðaþjónustu. Niðurstöður rannsóknanna verða birtar á vefnum jafnóðum og eru hluti af átaki um vitundarvakningu fyrir verndun íslenskrar náttúru. Hluti fjárstuðningsins fer í að fjölga starfsmönnum stofnunarinnar tímabundið. Áætlað er að heildarstuðningur Evrópusambandsins við verkefnið verði 3.685.000 evrur og að þar af verði 2.835.000 evrur í beinum fjárframlögum eða sem svarar til 468 m.kr. Til viðbótar við bein fjárframlög er gert ráð fyrir að verkefnið njóti einnig annars konar stuðnings frá sambandinu svo sem í formi þjálfunar, tækniaðstoðar og búnaðar. Áætlað er að útborgun styrksins verði þannig að 125 m.kr. komi til greiðslu á árinu 2012, 148 m.kr. árið 2013, 148 m.kr. árið 2014 og 47 m.kr. árið 2015. Verkefnið í tillögu Íslands að IPA landsáætlun 2011 voru m.a. valin m.t.t. þess að þau myndu nýtast Íslandi hvort sem aðild verður eða ekki. Á móti kemur að lögð er til 13,4 m.kr. lækkun fjárveitingar á viðfangsefnið *1.01 Náttúrufræðistofnun Íslands* í samræmi við stefnu-mörkun ríkisstjórnarinnar um samdrátt í stjórnsýslu og almennri þjónustu.

403 Náttúrustofur. Gert er ráð fyrir 83,7 m.kr. fjárveitingu á þennan lið og jafngildir það 40,1 m.kr. lækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum. Lækkunin skýrist af því að niður falla samtals 38,4 m.kr. framlög sem veitt eru tímabundið í fjárlögum 2011 og er þar um að ræða 6,4 m.kr. framlag hjá hverri stofu nema stofunnar á Húsavík. Eftir að búið var að loka talnabálki fjárlagafrumvarpsins kom í ljós að þar láðst hafði að reikna með niðurfellingu á jafn háu framlagi til stofunnar á Húsavík. Gert er ráð fyrir að úr því verði bætt við 2. umræðu frumvarpsins. Auk þess er lögð til samtals 1,7 m.kr.

lækkun fjárveitingar vegna áforma um lækkun ríkisútgjalda og nemur lækkunin ýmist 0,2 m.kr. eða 0,3 m.kr. hjá hverri stofu.

407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar. Gert er ráð fyrir 29 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar sem er lækkun um 0,4 m.kr. að raungildi frá gildandi fjárlögum vegna áforma um lækkun ríkisútgjalda.

412 Veðurstofa Íslands. Gert er ráð fyrir 699,3 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar sem er lækkun um 21,4 m.kr. að raungildi frá gildandi fjárlögum í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um samdrátt í stjórnsýslu og almennri þjónustu.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.10 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
14-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Rekstrargrunnur	Reikn. 2010 m.kr.	Fjárlög 2011 m.kr.	Endurmat 2011 m.kr.	Frumvarp 2012 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá emati %	Breyting frá reikn. %
Erlend lán	12.284	17.675	17.570	19.984	13,1	13,7	62,7
Ríkisbréf og ríkisvixlar	35.694	36.682	31.910	38.038	3,7	19,2	6,6
Önnur innlend lán	1.314	2.813	2.404	2.305	-18,1	-4,1	75,4
Seðlabanki vegna veð- og daglána	4.074	4.084	4.160	4.013	-1,7	-3,5	-1,5
Eiginfjármögnun banka	12.625	9.340	8.509	11.300	21,0	32,8	-10,5
Annar vaxtakostnaður	1.620	2.460	2.160	2.160	-12,2	0,0	33,3
Lántökukostnaður	491	600	600	600	0,0	0,0	22,2
Samtals	68.102	73.654	67.313	78.400	6,4	16,5	15,1

Áætlað er að vaxtagjöld ríkissjóðs nemi 78,4 mia.kr. á árinu 2012 og hækki þannig um 4,7 mia.kr. frá fjárlögum 2011. Hækkunin frá áætlaðri útkomu 2011 nemur 11 mia.kr. Hækkunin skýrist almennt af áætlaðri hækkun vaxta á innlendum og erlendum mörkuðum. Mest nemur hækkun ríkisverðbréfa í krónum talið en auk vaxtahækkana eykst staða ríkisbréfa á milli ára með útgáfu ríkisbréfa umfram innlausn. Í áætlunum er gert ráð fyrir að

lækka fjárhæð ómarkaðshæfra skulda ef aðstæður eru fyrir hendi og að endurfjármagna erlend lán.

Á milli árunna 2010 og 2011 er gert ráð fyrir að vaxtagjöld lækki um 0,8 mia.kr. Samkvæmt ríkisreikningi 2010 námu vaxtagjöld 68,1 mia.kr. en endurmat fyrir árið 2011 gerir ráð fyrir að vaxtagjöld nemi 67,3 mia.kr. Innlendir vextir lækka um 6,1 mia.kr. en á móti hækka erlendir vextir um 5,3 mia.kr. Vaxtalækkunarferli Seðlabankans ásamt gjaldeyrishöftum hafa leitt til lægri ávöxtunarkröfu í útboðum ríkisverðbréfa auk lækkunar vaxta af skuldabréfum sem gefin voru út til endurfjármögnunar viðskiptabankanna. Vextir skuldabréfanna taka mið af innlánsreikningum viðskiptastofnana hjá Seðlabanka Íslands.

Eins og áður segir hækka vextir af erlendum lánum ríkissjóðs um 5,3 mia.kr. á milli árunna 2010 og 2011. Aðallega er um að ræða vexti af lánnum samstarfsþjóða sem koma að fullum þunga inn í vaxtakostnað 2011 en meirihluti lántökunnar átti sér stað um mitt árið 2010. Það sama á við um vexti af skuldabréfi sem ríkissjóður gaf út í tengslum við kaup ríkissjóðs á skuldabréfum Avens B.V. um mitt ár 2010.

Sé áætluð útkoma yfirstandandi árs borin saman við fjárlög ársins þá er gert ráð fyrir 6,3 mia.kr. lækkun frá fjárlögum þar sem áætlanir gera ráð fyrir að vaxtagjöldin nemi 67,3 mia.kr. en fjárlög höfðu gert ráð fyrir 73,6 mia.kr. Tvennt skýrir aðallega þessa lækkun. Betri vaxtakjör í útboðum ríkisbréfa á árinu 2011, eins og áður hefur verið sagt frá og lækkunarferli Seðlabanka sem hefur áhrif á óverðtryggðar skuldir ríkissjóðs.

Annar vaxtakostnaður lækkar um 0,3 mia.kr. á milli frumvarps 2012 og fjárlaga 2011. Um er að ræða vexti af stöðu inneigna Ofanflóðasjóðs, Fjarskiptasjóðs, Úrvinnslusjóðs og annarra aðila sem eiga kröfur á markaða tekjustofna hjá ríkissjóði.

Þá er gert ráð fyrir að lántökukostnaður og kostnaður vegna lánaumsýslu verði óbreyttur, 0,6 mia.kr., á milli frumvarps 2012 og fjárlaga 2011.

Vaxtagreiðslur ársins 2012 eru áætlaðar 77,9 miakr. sem er 6,5 mia.kr. hærri fjárhæð en fjárlög 2011 gerðu ráð fyrir en 10,5 mia.kr. hærri en endurmat 2011. Innlendir vextir hækka um 7,5 mia.kr. og erlendir vextir hækka um 3 mia.kr. Ástæðan er áætlaðar hækkanir á innlendum og erlendum mörkuðum.

Áætlað er að mismunur gjaldfærðra og greiddra vaxta verði 0,5 mia.kr. á næsta ári sem kemur fram sem viðskiptahreyfing á þessum fjárlagalið.

Nánar má lesa um skuldir og kröfur ríkissjóðs í kafla 6.4 hér fyrir aftan.

4 Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B–hluta

Í B–hluta fjárlaga eru settar fram fjárreiður ríkisfyrirtækja, sem hvorki eru sameignar– né hlutafélög en starfa á markaði og standa að öllu eða verulegu leyti undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vöru eða þjónustu til almennings og fyrirtækja.

Framsetning áætlana í B–hluta byggir á reikningsskilum fyrirtækja. Með rekstrar– tekjum er átt við heildartekjur af reglulegri starfsemi og til rekstrargjalda telst allur kostnaður sem efnt er til á árinu vegna öflunar teknanna. Þetta er óháð því hvort tekjur verða innheimtar eða gjöld greidd á árinu. Þannig eru áunnar lífeyrisskuldbindingar starfsfólks færðar til gjalda á viðkomandi ári óháð því hve stór hluti verður greiddur á árinu. Það sama á við um afskriftir. Í yfirliti um sjóðstreymi kemur fram uppruni fjármagns og ráðstöfun þess.

Heildarrekstrartekjur fyrirtækja í B–hluta eru áætlaðar 29.987 m.kr. á árinu 2012 og rekstrargjöld 28.446 m.kr. Miðað við fjárlög 2011 hækka tekjurnar um 2.313 m.kr. en gjöldin um 2.264 m.kr. Miðað við ríkisreikning ársins 2011 lækka tekjur B–hlutans um 652 m.kr. og gjöld um 37 m.kr. Áætlað er að fjármunatekjur verði 90 m.kr. umfram fjármagnsgjöld og er það 10 m.kr. hækkun frá fjárlögum 2011 en lækkun um 10 m.kr. frá reikningi 2010. Eins og í ár er ekki gert ráð fyrir neinu rekstrarframlagi frá A–hluta ríkissjóðs til B–hluta fyrirtækja á árinu 2012. Miðað við framangreindar forsendur er gert ráð fyrir 1.631 m.kr. hagnaði á B–hlutanum á næsta ári og hækkar hann um 59 m.kr. frá áætlun fjárlaga 2011 en lækkar um 375 m.kr. frá reikningi 2010. Aukinn hagnað má rekja til Áfengis– og tóbaksverslunar ríkisins en áætlað er að hann hækki um 19 m.kr. á milli ára og um 20 m.kr. hjá Happpdrætti háskóla Íslands en á móti er gert ráð fyrir 20 m.kr. halla hjá Íslenskum orkurannsóknnum sem er helmingi minni halli en á þessu ári.

Fjárfestingar eru áætlaðar 380 m.kr., þar af 345 m.kr. í varanlegum rekstrarfjármunum en 38 m.kr. í áhættufjármunum. Sala varanlegra rekstrarfjármuna er áætluð 3 m.kr. Fjárfestingar aukast um 50 m.kr. frá áætlun fjárlaga 2011 en minnka um 56 m.kr. miðað við reikning 2010.

Engar lántökur eru áformaðar hjá B–hluta fyrirtækjum á árinu 2012 frekar en í ár.

Arðgreiðsla B–hluta fyrirtækja í ríkissjóð á árinu 2012 er áætluð 1.050 m.kr. og er það 50 m.kr. hækkun frá fjárlögum 2011. Einungis Áfengis– og tóbaksverslun ríkisins greiðir arð í ríkissjóð en Happpdrætti Háskóla Íslands greiðir hluta af hagnaði sínum beint til Háskóla Íslands og áætlað er að á árinu 2012 nemi það framlag 536 m.kr. en gert er ráð fyrir að framlagið verði 552 m.kr. á yfirstandandi ári.

Gangi framangreindar forsendur eftir er áætlað að handbært fê B–hluta fyrirtækja verði 2.763 m.kr. í árslok 2012.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2011	Frumvarp 2012
Rekstrartekjur	27.674,0	29.987,4
Rekstrargjöld	-26.181,5	-28.445,9
Fjármunatekjur - fjármagnsgjöld	80,0	90,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	1.572,5	1.631,5
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	0,0	0,0
Önnur framlög og óreglulegar tekjur/gjöld	0,0	0,0
Hagnaður (-tap)	1.572,5	1.631,5
Sjóðstreymi:		
Hagnaður (-tap)	1.572,5	1.631,5
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	240,0	244,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	0,0	0,0
Handbært fé frá rekstri	1.812,5	1.875,5
Varanlegir rekstrarfjármunir	-295,0	-345,0
Áhættufjármunir	-38,5	-38,5
Sala varanlegra rekstrarfjármuna og annað	3,0	3,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	-330,5	-380,5
Tekin löng lán	0,0	0,0
Afborganir af teknum löngum lánum	0,0	0,0
Arðgreiðsla í ríkissjóð	-1.000,0	-1.050,0
Annað	-552,0	-536,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	-1.552,0	-1.586,0
Breyting á handbæru fé	-70,0	-91,0
Handbært fé í ársbyrjun	2.887,8	2.853,8
Handbært fé í árslok	2.817,8	2.762,8

22 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, B-hluti

201 Happraetti Háskóla Íslands. Áætlað er að á árinu 2012 verði 780 m.kr. hagnaður af rekstri happraettisins en það er 20 m.kr. betri afkoma en gert var ráð fyrir í fjárlögum 2011 og 12 m.kr. betri afkoma en í reikningi ársins 2010. Tekjur og markaðshlutdeild happraettisins ráðast af samkeppnisaðstæðum á happraettismarkaði. Tekjuþróun og markaðshlutdeild happraettisins hefur verið hagstæð síðustu ár. Hins vegar hafa orðið töluverðar breytingar í umhverfinu á undanfönum misserum og því erfitt að spá fyrir um gengi happraettisins á næst ári. Áætlun um tekjur og gjöld happraettisins byggir á þeirri forsendu að starfsheimildir á happraettismarkaði taki ekki stórstígum breytingum.

Samkvæmt lögum um happraettið skal það greiða leyfisgjald í ríkissjóð sem svarar til 20% af nettóársarði, þó ekki hærrí fjárhæð en 150 m.kr. Tekjur af leyfisgjaldinu renna til Tækjasjóðs, samkvæmt lögum nr. 3/2003, um opinberan stuðning við

vísindarannsóknir, og á fjárlögum er framlagið veitt á lið 02–238 *Tækjasjóður*. Eins og áður sagði er áætlað að á árinu 2011 skili rekstur happdrættisins 780 m.kr. hagnaði og eru 20% af þeirri fjárhæð 156 m.kr. Gert er ráð fyrir að 43,2 m.kr. af tekjum leyfisgjaldsins verði haldið eftir á viðskiptareikningi eða 3,7 m.kr. hærri fjárhæð en gert var í fjárlögum 2011. Framlag í Tækjasjóð á árinu 2012 verður því 107 m.kr.

Samkvæmt lögum um happdrættið skal verja ágóða af rekstri þess til að reisa byggingar á vegum Háskóla Íslands. Ennfremur er heimilt að verja ágóðanum til greiðslu kostnaðar af viðhaldi háskólabygginga, til fegrunar á háskólalóðinni, til þess að koma á fót og efla rannsóknarstofur við hinar ýmsu deildir skólans, svo og til að greiða andvirði rannsóknar- og kennslutækja sem Háskólinn telur sér nauðsyn að eignast.

Gert er ráð fyrir að framlag til framkvæmda og viðhalds fasteigna Háskóla Íslands verði 536 m.kr. á árinu 2012 eða 15,7 m.kr. lægra en í fjárlögum 2011. Framlagið verður eingöngu fólgið í peningalegu framlagi þar sem lán vegna fyrri byggingaframkvæmda eru uppgreidd og því er ekki lengur um að ræða neinar greiðslur vaxta og afborgana. Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir að fjárheimildir Háskóla Íslands til framkvæmda verði 536 m.kr. á árinu 2011. Peningalegt framlag Happdrættis Háskóla Íslands til Háskóla Íslands á árinu 2011 takmarkast við þá fjárhæð.

29 Fjármálaráðuneyti, B–hluti

101 Áfengis og tóbaksverslun ríkisins. Rekstrartekjur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins árið 2012 eru áætlaðar um 25 mia.kr. sem er 8,7% hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum 2011. Tekjur af áfengissölu eru áætlaðar 17,6 mia.kr. og af sölu tóbaks 7,5 mia.kr. Gert er ráð fyrir óbreyttu magni af seldu áfengi frá rekstraráætlun ársins 2011. Reiknað er með 4% samdrætti í seldu magni vindlinga frá árinu 2011. Ekki er gert ráð fyrir hækkun áfengis- og tóbaksgjalda. Söluspá byggir á sölupróun áfengis og tóbaks það sem af er ári 2011 en til hliðsjónar eru hafðar spár um verðlagsþróun og þróun ráðstöfunartekna. Rekstrargjöld eru áætluð um 24,1 mia.kr. og eru um 9% hærri en gert var ráð fyrir á fjárlögum yfirstandandi árs. Vörunotkun er stærsti einstaki kostnaðarliðurinn og nemur hann samtals 21,2 mia.kr. Gert er ráð fyrir 4% verðlagsbreytingu rekstrargjalda og hækkun launa í samræmi við kjarasamninga sem gerðir voru á árinu 2011. Rekstrarliðir taka almennt mið af spám um selt magn, fjölda vinnbúða og verðlagsþróun. Eftirlaunaskuldbindingar vegna starfsmanna í B–hluta LSR eru áætlaðar 25 m.kr. Gert er ráð fyrir að verja um 300 m.kr. til fjárfestinga í varanlega rekstrarfjármuni. Áætlað er að hagnaður verði 861,5 m.kr. án fjármagnstekna og fjármagnsgjalda og að handbært fé stofnunarinnar verði 1.346,8 m.kr. í árslok 2012 og lækki um 323 m.kr. á árinu 2012. Reiknað er með 1.050 m.kr. arðgreiðslu í ríkissjóð.

31 Iðnaðarráðuneyti, B–hluti

301 Íslenskar orkurannsóknir. Vegna óvissu um framhald uppbyggingar í raforkuframleiðslu á Íslandi í náinni framtíð er mjög erfitt að gera áætlanir um starfsemi ÍSOR. Allar slíkar áætlanir eru háðar miklum og mörgum óvissuþáttum. Það er fátt sem bendir til þess að jarðhitaiðnaðurinn á Íslandi muni rétta úr kútnum á næstunni þótt yfirlýsing ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga á almennum markaði vorið 2011 veði vonir um að úr fari að rætast. Það er þó augljóst að þrennt ræður mestu; í fyrsta lagi hvort kaupendur fást að þeirri raforku sem til hefur staðið að framleiða innanlands, bæði á SV–horninu og í gosbeltinu í Þingeyjarsýslum, í öðru lagi hvort orkufyrirtækjunum tekst að fjármagna orkuframkvæmdir og í þriðja lagi hvort tilskilin leyfi fái til framkvæmda. Þá er óvíst hve miklu markaðsöflun erlendis mun skila á næsta ári þótt horfur þar séu batnandi.

Í fjárlagatillögum ÍSOR fyrir árið 2012 er valin sú leið að gera ráð fyrir svipuðum tekjum á árinu 2012 og horfur eru á að verði árið 2011. Jafnframt er gert ráð fyrir 20 m.kr. tapi á starfseminni sem er heldur minna en árin 2009–2011. Til að minnka tapið er óhjákvæmilegt að halda áfram að draga saman og spara í starfseminni og fækka starfsmönnum til að hindra að ÍSOR fari með tímanum í þrot. Stjórn ÍSOR mun endurmeta stöðu ÍSOR haustið 2011 og grípa til þeirra ráðstafana sem þarf til að tryggja starfsemi fyrirtækisins. Stjórnendur ÍSOR munu þó leita allra leiða til að halda í sem flesta af sérhæfðum starfsmönnum ÍSOR til að stofnunin verði í stakk búin að taka þátt í endurreisn orkuiðnaðarins þegar úr rætist. Það verður þó æ erfiðara eftir því sem efnahagskreppan dregst á langinn.

Einn liður í því að efla starfsemi ÍSOR er að afla verkefna erlendis. Það verði áfram gert í gegnum hlutafélög í samstarfi við aðra. Því er gert ráð fyrir að setja um 40 m.kr. árið 2011 í hlutafé í slíkum fyrirtækjum að fengnu samþykki ráðherra samkvæmt lögum.

Þá er gert ráð fyrir að verja 30 m.kr. til kaupa á tækjum og búnaði sem nauðsynlegur er til að halda þeirri starfseminni úti sem áætlunin byggist á.

5 Fjárreiður lánastofnana í C–hluta

Í C–hluta fjárlaga eru settar fram fjárreiður lánastofnana í eigu ríkisins sem eru hvorki sameignar- né hlutafélag. Fjárreiðurnar eru byggðar á reikningsskilum fyrirtækja í samþærilegum rekstri. Vísað er til umfjöllunar í 4. kafla um skýringar við reikningsskilin.

Áætlað er að á árinu 2012 verði fjármunatekjur lánastofnana í C–hluta 86,3 mia.kr. samanborið við 73,8 mia.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs og 103 mia.kr. í ríkisreikningi 2010. Hækkunin frá fjárlögum 2011 er 12,5 mia.kr. eða um 16,9%. Hækkun fjármunatekna er mest hjá Íbúðalánasjóði eða 19,8 mia.kr. en gert er ráð fyrir að fjármunatekjur Lánasjóðs íslenskra námsmanna lækki um 6,8 mia.kr. Heildarfjármagnsgjöld eru áætluð 84,1 mia.kr. en eru 65,3 mia.kr. í fjárlögum 2011 og 99,8 mia.kr. í ríkisreikningi 2010. Hækkunin frá fjárlögum 2011 er 18,8 mia.kr. eða 28,8%. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru þannig tölvert hærri en í fjárlögum yfirstandandi árs, en eilítið lægri en í ríkisreikningi 2010. Hækkunin skýrist af því að í forsendum frumvarpsins er gert ráð fyrir að verðbólga á árinu 2012 verði meiri en reiknað var með á árinu 2011 við afgreiðslu fjárlaga þess árs. Þannig er í forsendum frumvarpsins reiknað með að vísitala neysluverðs hækki um 3,7% milli árana 2011 og 2012 en verðlagsforsendur fjárlaga 2011 miðuðust við 2,3% hækkun vísitölunnar milli árana 2010 og 2011. Í nýrri þjóðhagsspá Hagstofunnar er gert ráð fyrir að verðlag milli árana 2010 og 2011 hækki hins vegar um 3,9%. Þar sem veitt og tekin lán sjóðanna eru yfirleitt verðtrygð, eins og t.d. í tilviki Íbúðalánasjóðs, geta frávik verðlagsbreytinga frá forsendum fjárlaga og breytingar á verðlagi á milli ára valdið miklum sveiflum, bæði í fjármunatekjum og fjármagnsgjöldum.

Framlög í afskriftasjóð útlána verða rúmir 5,8 mia.kr., eða um 8,8% af áætluðum útlán-um á árinu 2012, en í fjárlögum þessa árs nemur framlagið 10,1% af áætluðum útlán-um ársins. Framlög úr A–hluta ríkissjóðs til rekstrar C–hluta sjóða eru áætluð tæpir 8,5 mia.kr. samanborið við 9,1 mia.kr. í fjárlögum 2011 og 9,3 mia.kr. í ríkisreikningi 2010. Munar þar mest um 7,8 mia.kr. framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna en framlag til sjóðsins lækkar um rúmar 600 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Framlag til Íbúðalánasjóðs lækkar um 118 m.kr. en framlag til Byggingastofnunar hækkar um 23 m.kr. auk þess sem framlag til Orkusjóðs hækkar um 1 m.kr. Aðrar rekstrartekjur næsta árs eru áætlaðar 1.669 m.kr. sem er hækkun um rúmar 1,183 m.kr. frá fjárlögum 2011. Önnur rekstrargjöld eru áætluð 3.506 m.kr. sem er 982 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs.

Áætlað er að C–hluta sjóðir verði reknir með um 3,1 mia.kr. hagnaði á árinu 2012, samanborið við 9,3 mia.kr. hagnað samkvæmt áætlun fjárlaga 2011 og 12,7 mia.kr. hagnaði í ríkisreikningi 2010. Hagnaður Lánasjóðs íslenskra námsmanna er áætlaður 4,3 mia.kr. sem gengur til að viðhalda eiginfjárstöðu sjóðsins og standa undir framtíðarskuldbindingum hans. Á móti kemur að gert er ráð fyrir tæplega 1,3 mia.kr. tapi hjá Íbúðalánasjóði. Að

teknu tilliti til liða sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi og breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum er áætlað að handbært fé frá rekstri C–hluta sjóða verði samtals 6,5 mia.kr. á árinu 2012. Það er 5,4 mia.kr. lækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs, en 6,2 mia.kr. lækkun miðað við reikning 2010.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2011	Frumvarp 2012
Fjármunatekjur	73.851,2	86.322,3
Fjármagnsgjöld	-65.311,7	-84.118,2
Framlög í afskriftasjóð útlána	-6.330,8	-5.823,3
Hreinar fjármunatekjur	2.208,7	-3.619,2
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	9.116,8	8.549,3
Aðrar rekstrartekjur	486,0	1.669,0
Önnur rekstrargjöld	-2.523,3	-3.505,8
Hagnaður (-tap)	9.288,2	3.093,3
Sjóðstreymi:		
Hagnaður (-tap)	9.288,2	3.093,3
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-20.064,0	-18.878,5
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	22.687,0	22.269,0
Handbært fé frá rekstri	11.911,2	6.483,8
Veitt löng lán	-62.774,0	-66.208,4
Afborganir af veittum löngum lánum	29.789,8	58.154,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	-120,0	-227,0
Áhættufjármunir, nettó	907,0	-250,0
Fjárfestingarhreyfingar, samtals	-32.197,2	-8.531,4
Tekin löng lán	58.931,0	83.500,0
Afborganir af teknum löngum lánum	-45.362,0	-81.663,5
Annað, nettó	168,0	419,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	13.737,0	2.255,5
Breyting á handbæru fé	-6.549,0	207,9
Handbært fé í ársbyrjun	37.510,7	54.550,0
Handbært fé í árslok	30.961,7	54.757,9

Gert er ráð fyrir að veitt löng lán C–hluta sjóða á næsta ári verði samtals 66,2 mia.kr. Það er rúmlega 3,4 mia.kr., eða 5,5%, lægri lánveitingar en áætlaðar eru í fjárlögum 2011. Lánveitingar Íbúðalánasjóðs eru áætlaðar 47,5 mia.kr., þar af 27,3 mia.kr. til almennra íbúðalána og 19,5 mia.kr. til leiguíbúða. Reiknað með að í heild hækki lánveitingar Íbúðalánasjóðs um 4,4 mia.kr. Lánveitingar Lánasjóðs íslenskra námsmanna eru áætlaðar 17,3 mia.kr. og hækka um 1 mia.kr. frá fjárlögum 2011. Þá er gert ráð fyrir að á árinu 2012 innheimti C–hluta sjóðir samtals 58,2 mia.kr. í afborganir af veittum löngum lánum en það er 28,4 mia.kr. hærri afborganir en áætlaðar eru á fjárlögum ársins í ár.

Lántökur sjóða í C–hluta eru áætlaðar samtals 83,5 mia.kr. en það er hækkun um 24,6 mia.kr. frá áætlun fjárlaga 2011 og skýrist að mestu af meiri útlánaþörf Íbúðalánasjóðs. Afborganir af teknum lánnum eru áætlaðar rúmir 81,7 mia.kr. en eru 45,4 mia.kr. á fjárlögum yfirstandandi árs. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður leggi Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins til 280 m.kr. eiginfjárframlag, en í fjárlögum 2011 er eiginfjárframlagið 500 m.kr. Gangi framangreindar áætlanir eftir er gert ráð fyrir að handbært fé lánastofnana í C–hluta hækki um 23,8 mia.kr. á árinu 2012 og verði um 54,8 mia.kr. í árslok.

42 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, C–hluti

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna. Útlán sjóðsins árið 2012 eru áætluð 17.344 m.kr. og hækka um 1.044 m.kr. frá áætlun fjárlaga 2011 en hækka um 1.683 m.kr. frá ársreikningi 2010. Hækkun lánveitinga milli árána 2011 og 2012 er rúm 6% sem skýrist að mestu á hækkun framfærslulána um 10%, framfærslulánnum erlendis um 4% að jafnaði og fjölgun lánþega vegna aðgerða stjórnvalda í að koma atvinnuleitendum í nám. Eins og á undanförunum árum er framlag A–hluta ríkissjóðs til sjóðsins á liðnum 02–872 Lánasjóður íslenskra námsmanna. Árlegt framlag ríkisins gengur að mestu leyti til þess að viðhalda og byggja upp eiginfjárstöðu sjóðsins til að gera honum kleift í framtíðinni að mæta neikvæðum vaxtamun í lánastarfsemi og ívilnandi endurgreiðslum námslána vegna tekjutengingar. Bókfært eigið fé sjóðsins í árslok 2010 nam 66,5 mia.kr. en miðað við núvirðingu á útlánasafni hans er núvirt eigið fé hans 33,9 mia.kr. og er eiginfjárstaðan því mjög traust. Þessi sterka eiginfjárstaða skýrist einkum af því að vextir tekinn lána hafa verið talsvert lægri undanfarinn áratug en reiknað hafði verið með, launahækkningar í góðærinu leiddu til hraðari endurgreiðslu lána en áður, auk þess sem meðallán lánþega hafa farið lækkandi þar sem stærri hluti lánþega stundar nám við íslenska skóla fremur en erlenda. Með hliðsjón af því er í frumvarpinu gert ráð fyrir að framlag úr A–hluta til sjóðsins verði á næsta ári tímabundið 1 mia.kr. lægra en vanalegur útreikningur á metinni framlagsþörf gæfi til kynna. Framlag ríkissjóðs er samkvæmt þessu áætlað 7.762 m.kr. og lækkar um 474 m.kr. frá fjárlögum 2011. Af framlagi ríkissjóðs er áætlað að 295 m.kr. séu vegna vaxtastyrks og 338 m.kr. vegna rekstrar eða samtals 633 m.kr. Frá framlaginu dragast 23 m.kr. sem eru áætlaðar sértekjur sjóðsins. Framlagið miðast við að framfærslugrunnur námslána verði hækkaður um 10% framfærslulána við endurskoðun á úthlutunarreglum sjóðsins fyrir næsta skólaár. Einnig er gert ráð fyrir að ná fram nokkrum sparnaði í útgjöldum vegna sjóðsins með breytingum á lánareglum sem snúa að því að stytta þann hámarkstíma sem námsmenn eiga rétt á námslánnum. Nánar er fjallað um forsendur framlagsins í umfjöllun um lið sjóðsins í A–hlutanum.

Fjármunatekjur sjóðsins eru áætlaðar 5.095,7 m.kr., fjármagnsgjöld 4.782,4 m.kr. og framlög í afskriftasjóð útlána 3.168,3 m.kr. Hreinar fjármunatekjur eru samkvæmt þessu áætlaðar neikvæðar um 2.855 m.kr. en voru jákvæðar um 885,2 m.kr. á fjárlögum yfirstandandi árs en neikvæðar um 2.563,5 m.kr. í ársreikningi 2010. Miðað við framangreindar forsendur er áætlað að hagnaður sjóðsins verði 4.297 m.kr. og lækki um 4.255 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Útlán sjóðsins eru verðtryggð og námu, að frádragnum afskriftareikningi, 128.721,7 m.kr. í árslok 2010.

Námslán eru vaxtalaus á námstíma en fylgja neysluverðsvisitölu og bera 1% vexti frá námslokum. Í árslok 2010 nam bókfært eigið fé sjóðsins 66.504 m.kr. Þar sem núvirði útlána í árslok var 33.922 m.kr. lægra en bókfært verðmæti þeirra, var núvirði eigin fjár 94.800 m.kr.

Gert er ráð fyrir að sjóðurinn innheimti 5.400 m.kr. í afborganir af veittum löngum lánum og er það óbreytt frá fjárlögum 2011. Áætlað er að verja 79 m.kr. til kaupa á varanlegum rekstrarfjármunum. Þá er áætlað að sjóðurinn taki 11.500 m.kr. í löng lán og greiði 6.306 m.kr. í afborganir af teknum lánum. Gangi framangreindar forsendur lækkar handbært fé sjóðsins um 1.270 m.kr. á árinu og verður 1.128 m.kr. í árslok.

48 Velferðarráðuneyti, C–hluti

Íbúðalánasjóður.

Mikil óvissa hefur ríkt um fjárhagslega stöðu Íbúðalánasjóðs á síðustu árum. Sjóðurinn tapaði miklum fjármunum vegna lausafjárstöðu og afleiðusamninga við fjármálafyrirtæki og afskriftir lána jukust til muna eftir bankahrunið haustið 2008 og því hefur gengið hratt á eigið fé sjóðsins. Á síðasta ári var staða hans orðin óviðunandi m.t.t. eiginfjárlutfalls og ennfremur var ljóst að sjóðurinn þyrfti að afskrifa umtalsverðar fjárhæðir til viðbótar vegna yfirskuldsetningar einstaklinga og lögaðila. Því var sett í fjáraukalög 2010 heimild til að efla eiginfjárstöðu sjóðsins um allt að 33 mia.kr. Markmiðið var að gera sjóðnum mögulegt að mæta afskriftaþörf næstu ára og jafnframt að eiginfjárstaða hans gæti orðið allt að 5% af áhættugrunni hans. Heimildin í fjáraukalögum 2010 var í fyrsta lagi ákveðin með hliðsjón af viðskipta- og rekstraráætlun sjóðsins fyrir árin 2010–2013 en megin niðurstaða hennar var að heildarafskriftir lána gætu orðið um 18 mia.kr. á tímabilinu. Þá var í rekstraráætluninni talið að framlag til eflingar eiginfjárstöðu þyrfti að nema um 4 mia.kr. Í öðru lagi var horft til kostnaðar vegna 110% afskriftarleiðar. Gróflegt kostnaðarmat hafði verið gert í upphafi undirbúnings aðgerðarinnar sem benti til að um 12 mia.kr. yrðu afskrifaðir. Á móti var talið að niðurfærsla lána niður í 110% af verðgildi fasteigna ætti að geta orðið til þess að afskriftir sem ella hefðu fallið til gætu orðið nokkru minni. Á síðari stigum

undirbúnings 110% leiðarinnar hækkaði matið á afskriftarþörf á lánum í tæpa 22 mia.kr. en gert var ráð fyrir að um 9,400 einstaklinga gætu notið góðs af aðgerðunum.

Afgreiðsla umsókna vegna 110% leiðarinnar er nú langt komin og orðið ljóst að afskriftir verða nærri því sem fyrst var ætlað eða um 10–11 mia.kr. en 5.000 umsóknir um niðurfærslu lána bárust sjóðnum. Því hafa varúðarniðurfærslur vegna lána til einstaklinga frá fyrra ári verið að hluta færðar til baka. Á móti þessu vegur að erfiðleikar lögaðila virðast vera mun meiri en áður var reiknað með og hefur sjóðurinn því þurft að færa til viðbótar 4 mia.kr. í varúðarframlög vegna þeirra.

Útlán sjóðsins á árinu 2012 eru áætluð 47,5 mia.kr. en eru 43,1 mia.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs og nemur hækkunin milli ára um 10,2% og er áætlað að lánþekkur sjóðsins nemi um 69 mia.kr. á árinu 2012.

Gert er ráð fyrir að innheimtar afborganir af veittum lögum lánum, uppgreiðsla eldri lána og skuldbreytingar á afborgunum í tengslum við greiðsluferfiðleikaaðstoð nemi um 51,6 mia.kr. og að afborganir sjóðsins af teknum lögum lánum nemi 72,2 mia.kr.

Fjármagnstekjur næsta árs eru áætlaðar um 80 mia.kr. en höfðu verið áætlaðar 60,2 mia.kr. í fjárlögum þessa árs. Fjármagnsgjöld eru áætluð 78,8 mia.kr. en gildandi fjárlög gera ráð fyrir að þau séu um 60 mia.kr. Áætlað er að leggja 1,9 mia.kr. í afskriftasjóð útlána. Hreinar fjármunatekjur eru því áætlaðar neikvæðar um 749 m.kr.

Áætlað er að á árinu 2012 verði rekstrartekjur sjóðsins um 1,3 mia.kr. sem er nokkuð aukning frá því sem fjárlög fyrir yfirstandandi ár gera ráð fyrir en það kemur til af þeirri fjölgun íbúða í útleigu sem nú eru í eigu sjóðsins. Rekstrargjöld næsta árs eru áætluð 2,3 mia.kr. sem einnig er nokkur aukning frá því sem fjárlög yfirstandandi árs gera ráð fyrir en það kemur til af auknum kostnaði í tengslum við fullnustueignir sjóðsins. Tap ársins er áætlað um 1,2 mia.kr.

Við gerð fjárlagatillagna fyrir árið 2012 var viðhaft sama fyrirkomulag og síðustu tvö árin, að unnin var heildaráætlun fyrir sjóðinn allan og síðan var öðrum liðum en útlánunum skipt í hlutfalli við útlánin á einstök fjárlaganúmer. Þar sem sjóðurinn er ekki deildarskiptur í samræmi við fjárlaganúmerin heldur rekin sem ein heild er öðrum liðum en útlánunum ekki skipt upp í bókhaldi sjóðsins og verður því að áætla skiptingu þeirra á einstök fjárlaganúmer. Skipting þessara liða þarf því ekki að endurspeglar raunverulegt umfang hvers liðar fyrir sig.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2011	Frumvarp 2012
Fjármunatekjur	60.214,0	79.996,0
Fjármagnsgjöld	-56.950,0	-78.845,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	-2.071,0	-1.900,0
Hreinar fjármunatekjur	1.193,0	-749,0
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	565,0	447,0
Aðrar rekstrartekjur	296,0	1.301,0
Önnur rekstrargjöld	-1.347,0	-2.268,0
Hagnaður (-tap)	707,0	-1.269,0
Sjóðsstreymi:		
Hagnaður (-tap)	707,0	-1.269,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-17.384,0	-20.656,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	22.687,0	22.269,0
Handbært fé frá rekstri	6.010,0	344,0
Veitt löng lán	-43.099,0	-47.508,0
Afborganir af veittum löngum lánum	23.278,0	51.604,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	-41,0	-133,0
Áhættufjármunir, nettó	0,0	0,0
Annað (inn)	1.607,0	0,0
Fjárfestingarhreyfingar, samtals	-18.255,0	3.963,0
Tekin löng lán	43.331,0	69.000,0
Afborganir af teknum löngum lánum	-37.756,0	-72.212,0
Annað, nettó	-232,0	139,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	5.343,0	-3.073,0
Breyting á handbæru fé	-6.902,0	1.234,0
Handbært fé í ársbyrjun	35.090,0	50.000,0
Handbært fé í árslok	28.188,0	53.209,0

201 Íbúðarlánasjóður, húsbrefadeild. Fjármunatekjur húsbrefadeildar á árinu 2012 eru áætlaðar 15,1 mia.kr. og fjármagnsgjöld 14,9 mia.kr. Framlag í afskriftarsjóð útlána eru áætlaðar 360 m.kr. og hreinar fjármunatekjur því neikvæðar um 142 m.kr. Rekstrartekjur eru áætlaðar 245 m.kr., rekstrargjöldin 202 m.kr. og tap ársins er því áætlað 99 m.kr. Innheimtar afborganir veittra lána eru áætlaðir 9,9 mia.kr. og afborganir sjóðsins af útgefnum húsbrefum og endurfjármögnunarbréfum er áætlaður 13,7 mia.kr. Reiknað er með að handbært fé minnki um 3,5 mia.kr. og verði 9,9 mia.kr. í árslok.

205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir, og aðrir lánaflokkar. Heildarlánveitingar til leiguíbúða og annarra lána flokka á næsta ári eru áætlaðar 19,5 mia.kr. Meðal verkefna sem sjóðurinn lánar til eru lán til allt að 75 leiguíbúða með niðurgreiddum vöxtum. Gert er ráð

fyrir að meðallán til þessara íbúða verði um 20 m.kr. og heildarfjárhæð 1,5 mia.kr. Þá er einnig gert ráð fyrir 3,5 mia.kr. í lán til byggingar þjónustumiðstöðva aldraðra, ásamt til bygginga og kaupa á sambýlum fyrir fatlaða, meiriháttar utanhússviðgerða á félagslegum íbúðum, lána til einstaklinga með sérþarfir, lána og styrkja til tækni-nýjunga og annarra umbóta í byggingariðnaði og til vistheimila fyrir börn og unglinga. Sjóðurinn gerir ráð fyrir að allt að 8,5 mia.kr. af heildarlánnum til leiguíbúða verði greiðsluerfiðleikalán þ.e. lán til skuldbreytinga á vanskilum, til að mæta minnkandi innstreymi vegna frystingar á þegar veittum lánnum og vegna lenginga á lánstíma hjá þeim sem eru í greiðsluerfiðleikum.

211 Íbúðalánasjóður, viðbótarlán. Með breytingum, sem gerð voru á lögum um húsnæðismál í desember 2004 var veitingu viðbótarlána hætt. Í frumvarpinu er hvorki gert ráð fyrir nýjum lánveitingum eða lántökum í tenglum við lánaflokkinn. Sjóðsstaða er áætluð jákvæð um 711 m.kr. í árlök 2012.

215 Íbúðalánasjóður, byggingarsjóðir ríkisins og verkamanna. Sjóðirnir hafa ekki stundað útlánastarfsemi síðan Íbúðalánasjóður tók til starfa. Því er hvorki gert ráð fyrir nýjum lánveitingum eða lántökum vegna þeirra.

219 Íbúðalánasjóður, íbúðalánadeild. Áætlað er að á árinu 2012 muni fjármunatekjur vegna almennra íbúðalána nema um 41 mia.kr. og fjármagnsgjöldin eru áætluð um 40,4 mia.kr. Áætlað er að leggja 1,3 mia kr. í afskriftasjóð útlána. Hreinar fjármunatekjur eru áætlaðar neikvæðar um 384 m.kr. og tap ársins 976 m.kr. Gert er ráð fyrir að á næsta ári nemi ný almenn íbúðalán 27,3 mia.kr. Lántökur á næsta ári eru áætlaðar um 40,2 mia kr. Í áætlunum er reiknað með svipuðu vaxtastigi á verðbréfamarkaði á árinu 2012 og á yfirstandandi ári.

51 Iðnaðarráðuneyti, C–hluti

101 Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 61/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Hann fjárfestir í vænlegum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum og tekur því meiri áhættu en aðrar lánastofnanir ríkisins. Innan sjóðsins er rekin Tryggingardeild útflutnings sem veitir tryggingar og ábyrgðir til þess að efla íslenskan útflutning. Gert er ráð fyrir að fjármunatekjur sjóðsins verði 100 m.kr. á árinu 2012 og eru þær 100 m.kr. lægri frá fjárlögum 2011 en 0,9 m.kr. lægri en árið 2010. Ráðgert er að leggja 250 m.kr. í afskriftarsjóð. Rekstrarkostnaður skrifstofu sjóðsins er áætlaður 130 m.kr. en það er 1,2 m.kr. hærri kostnaður en árið 2010. Gert er ráð fyrir 48 m.kr. hagnaði á rekstri sjóðsins en árið 2010 var hagnaður af rekstri

sjóðsins 15,9 m.kr. en þá voru lagðar 282,6 m.kr. í afskriftasjóð. Gert er ráð fyrir að framlag ríkissjóðs til sjóðsins, sem hluti af ráðstöfun af söluandvirði Landssíma Íslands, verði að fullu greitt til sjóðsins á árinu 2012. Gangi framangreint eftir verður handbært fé í árslok 2012 um 1.247 m.kr.

371 Orkusjóður. Meginhlutverk Orkusjóðs er að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda landsins með styrkjum eða lánum, einkum til aðgerða er miða að því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis. Sjóðurinn veitir lán til jarðhitaleitar, þar sem hagkvæmt þykir, með það að markmiði að draga úr kostnaði við upphitun húsnæðis. Einnig veitir hann styrki til þróunarverkefna, rannsókna og fræðslu til að stuðla að minni notkun á jarðefnaeldsneyti. Lagt er til að sjóðurinn fái 31,2 m.kr. rekstrarframlag frá A–hluta ríkissjóðs af lið 11–371 Orkusjóður. Miðað er við að framlagið og hreinar fjármunatekjur að fjárhæð 3,5 m.kr. standi undir rekstrarútgjöldum sjóðsins.

411 Byggðastofnun. Í skýrslu starfshóps um lánastarfsemi Byggðastofnunar sem kom út í janúar 2011 kom fram að til þess að Byggðastofnun gæti haldið áfram óbreyttri lánastarfsemi mætti varlega áætlað reikna með að ríkissjóður þyrfti að leggja stofnuninni til 3,5 mia.kr. á næstu 5 árum. Á það er bent að Byggðastofnun starfar nú á undanþágu frá Fjármálaeftirlitinu þar sem Byggðastofnun uppfyllir ekki skilyrði um 8% eiginfjárlutfall. Varlega metið er gert ráð fyrir að það þurfi 2,5 mia.kr. eiginfjárframlag á fjárlögum 2012 til þess að ná því marki. Málefni Byggðastofnunar hafa verið til skoðunar í haust og ekki hefur verið tekin endanleg afstaða til þess hvort ríkissjóður leggi stofnuninni til aukið eigið fé til þess að bregðast við veikri eiginfjárstöðu. Sú tillaga sem hér er sett fram gerir ráð fyrir að Byggðastofnun fái ekki eiginfjárframlag úr ríkissjóði á fjárlögum 2012. Samt er gert ráð fyrir að útlánastarfsemi haldi áfram, sem byggir á þeirri forsendu að Fjármálaeftirlitið framlengi þá undanþágu sem Byggðastofnun hefur verið veitt og heimilar stofnuninni að starfa með eigið fé undir viðmiðunarmörkum.

6 Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

Hér verður gerð grein fyrir lánsfjárförf, lántökum og afborgunum hjá A–hluta ríkissjóðs, ríkisfyrirtækjum í B–hluta, sjóðum í C–hluta og öðrum aðilum sem taka lán á grundvelli sérlaga. Vísað er til 2. og 5. gr. frumvarpsins.

6.1 Horfur fyrir árið 2011

Horfur eru á að á árinu 2011 verði hreinn lánsfjárfjöfnuður A–hluta ríkissjóðs neikvæður um 46,8 mia.kr. Reiknað er með að handbært fé frá rekstri verði neikvætt um 52,7 mia.kr. en fjármunahreyfingar jákvæðar um 5,9 mia.kr. Við afgreiðslu á fjárlögum 2011 var áætlað að hreinn lánsfjárfjöfnuður yrði neikvæður um 57,4 mia.kr. og er því útlit fyrir að hreinn lánsfjárfjöfnuður batni um 10,6 mia.kr. frá fjárlögum. Minni lánsfjárförf skýrist aðallega af 18 mia.kr. meiri aukningu í innheimtum afborgunum en lánveitingum á móti 7,1 mia.kr. lækkun handbærs fjár frá rekstri. Við afgreiðslu fjárlaga var ekki gert ráð fyrir sérstökum lánveitingum til Seðlabanka Íslands eða afborgunum bankans af veittum lánnum. Núna eru hins vegar horfur á að lánveitingar ríkissjóðs til bankans jafngildi 117 mia.kr. og að bankinn greiði ríkissjóði samsvarandi í afborganir af veittum lánnum. Er þá annars vegar miðað við að ríkissjóður veiti andvirði 1 mia. dollara skuldabréfaútboðs sem fram fór í júní sl. í formi láns til bankans og hins vegar innheimtu á eftirstöðvum af gjaldeyrislánnum sem ríkissjóður tók á árunum 2006 og 2008 samtals að fjárhæð 1,3 mia. evra og veiti áfram í formi láns til Seðlabankans. Ríkissjóður hefur keypt upp hluta þessara lána bæði í ár og í fyrra en lokagreiðsla þeirra er 1. desember n.k. Því til viðbótar hefur ríkissjóður fengið greiddar jafngildi tæplega 7 mia.kr. eftirstöðva af svokölluðu Avens–samkomulagi sem gert var við lífeyrissjóðina á árinu 2010. Í annan stað var við afgreiðslu fjárlaga gert ráð fyrir 6 mia.kr. lánafyrirgreiðslu til hlutafélaga um vegaframkvæmdir á grundvelli laga nr. 97/2010. Nú er reiknað með að þær lánveitingar frestist fram yfir áramót. Í þriðja lagi er nú útlit fyrir að í ár verði lánsfjárförf Lána sjóðs íslenskra námsmanna 8 mia.kr. sem er 4,6 mia.kr. minni þörf en gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Í fjórða lagi er reiknað með 400 m.kr. betri innheimtu afborgana af öðrum lánnum en í fjárlögum. Reiknað er með að handbært fé frá rekstri lækki um 7,1 mia.kr. frá áætlun fjárlaga því gert er ráð fyrir að greidd gjöld hækki um 17,3 mia.kr. samanborið við 10,2 mia.kr. aukningu innheimtra tekna. Gert er ráð fyrir að í ár taki ríkissjóður 266 mia.kr. að láni og greiði 195 mia.kr. í afborganir af teknum lánnum. Miðað við það eykst handbært fé ríkissjóðs um 24,2 mia.kr. á árinu og batnar staða hans hjá Seðlabanka Íslands sem því nemur.

Lántökur árið 2011. Eins og áður sagði er gert ráð fyrir að í ár muni heildarlántökur A–hluta ríkissjóðs nema 266 mia.kr. og er það 1 mia.kr. minni lántökur en áætlaðar voru við afgreiðslu fjárlaga. Nú er reiknað með að ríkissjóður greiði 195 mia.kr. í afborganir af

teknum lánnum. Það eru 40 mia.kr. minni afborganir en reiknað var með fjárlögum en þar var gert ráð fyrir svigrúmi til niðurgreiðslu skulda. Nánar er vikið að lánamálum ríkissjóðs í kafla 6.4 Skuldir, kröfur og hrein staða ríkissjóðs.

Horfur eru á að lántökur ríkisfyrirtækja í B–hluta, sjóða í C–hluta sem hafa heimild til lántöku í sérlögum og Landsvirkjunar verði í ár samtals 79,6 mia.kr. Reiknað er með að afborganir þessara aðila af teknum lánnum verði 110 mia.kr. Er því útlit fyrir að afborganir þessara aðila verði 30,4 mia.kr. umfram lántökur en við afgreiðslu fjárlaga var reiknað með 2,3 mia.kr. nettólaðtöku. Reiknað er með að lántökur Íbúðalánasjóðs verði 9,7 mia.kr. minni en áætlað var við afgreiðslu fjárlaga og að sjóðurinn muni greiða 20,1 mia.kr. meira í afborganir af teknum lánnum en þar var áætlað. Útlit er einnig fyrir að lánveitingar sjóðsins verði verulega minni en áætlað var við afgreiðslu fjárlaga. Reiknað er með að Bygga- stofnun muni taka rúmlega 1 mia.kr. að láni í ár og greiða 2,2 mia.kr. í afborganir af teknum lánnum. Það er tæplega 2 mia.kr. minni lántaka og 0,9 mia.kr. meiri afborganir en áætlað var við afgreiðslu fjárlaga. Á hinn bóginn er reiknað með að lántökur Landsvirkjunar verði 15 mia.kr. umfram heimild fjárlaga og að umframlántöku verði varið til uppgreiðslu eldri skulda.

Samkvæmt þessu eru horfur á að í ár verði hrein lánsfjárförf A–hluta ríkissjóðs 71 mia.kr. en að fyrirtæki í B–hluta, sjóðir í C–hluta og Landsvirkjun greiði niður skuldir um 30,4 mia.kr. Í heildina tekið er hrein lánsfjárförf þessara aðila í ár áætluð 40,6 mia.kr. eða sem svarar 2,5% af vergri landsframleiðslu. Að frátalinni 117 mia.kr. lántöku til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands er hrein lánsfjárförf neikvæð um 76,4 mia.kr.

6.2 Heildarlánsfjárförf ríkissjóðs, fyrirtækja og sjóða árið 2012

Áætlað er að á árinu 2012 verði heildarlántökur A–hluta ríkissjóðs, fyrirtækja í B–hluta, sjóða í C–hluta og Landsvirkjunar samtals 237 mia.kr. Afborganir þessara aðila af teknum lánnum eru áætlaðar 229,4 mia.kr. og er hrein lánsfjárförf þeirra á næsta ári því áætluð 7,6 mia.kr.

Lántökur A–hluta ríkissjóðs á árinu 2012 eru áætlaðar 115 mia.kr. og afborganir af teknum lánnum 104 mia.kr. Hrein lánsfjárförf A–hluta ríkissjóðs á næsta ári er því áætluð 11 mia.kr., eða 60 mia.kr. minni en í ár. Minni lánsfjárförf á næsta ári stafar af minni þörf fyrir rekstrarlán og áformum um að ganga á innstæður ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands. Áætlað er að staða handbærs fjár frá rekstri verði 14,3 mia.kr. betri á næsta ári en í ár. Á móti vegur 0,9 mia.kr. nettóúttreyymi í fjármunahreyfingum á næsta ári samanborið við 5,9 mia.kr. nettóinnstreyymi í ár. Einnig er áætlað að á næst ári verði gengið á inneign ríkissjóðs í Seðlabankanum um 28,3 mia.kr. en reiknað er með að í ár aukist innstæður ríkissjóðs í bankanum um 24,2 mia.kr.

Í milljörðum króna	Horfur 2011			Frumvarp 2012		
	Innlent	Erlent	Samtals	Innlent	Erlent	Samtals
Lántökur	195,6	150,0	345,6	-	-	237,0
Ríki	165,6	135,0	300,6	-	-	187,0
A-hluti	131,0	135,0	266,0	-	-	115,0
B- og C-hluti	34,6	0,0	34,6	-	-	72,0
Landsvirkjun	30,0	15,0	45,0	-	-	50,0
Afborganir	118,0	187,0	305,0	-	-	229,4
Ríki	117,9	137,1	255,0	-	-	179,4
A-hluti	60,0	135,0	195,0	-	-	104,0
B- og C-hluti	57,9	2,1	60,0	-	-	75,4
Landsvirkjun	0,1	49,9	50,0	-	-	50,0
Hrein lánsfjárförf	77,6	-37,0	40,6	-	-	7,6
Hlutfall af vergri landsframleiðslu	4,8%	-2,3%	2,5%	-	-	0,4%

Lántökur fyrirtækja í B–hluta, sjóða í C–hluta og Landsvirkjunar eru áætlaðar 122 mia.kr. og afborganir tekinna lána 125,4 mia.kr. Er því áætlað að á næsta ári greiði þessir aðilar niður skuldir um 3,4 mia.kr. og horfur eru á að í ár greiði þeir niður skuldir um 30,4 mia.kr. Veldur þar mestu horfur um 24,3 mia.kr. niðurgreiðslu skulda Íbúðalánasjóðs í ár og 3,2 mia.kr. á næsta ári og 5 mia.kr. niðurgreiðslu í ár á skuldum Landsvirkjunar. Nánari grein er gerð fyrir lántökuáformun einstakra fyrirtækja og sjóða aftast í þessum kafla.

Í heildina tekið er því reiknað með að á árinu 2012 verði hrein lánsfjárförf A–hluta ríkissjóðs 11 mia.kr. en að fyrirtæki í B–hluta, sjóðir í C–hluta og Landsvirkjun greiði skuldir niður um 3,4 mia.kr. Hrein lánsfjárförf þessara aðila er því áætluð samtals 7,6 mia.kr. eða sem nemur 0,4% af vergri landsframleiðslu.

6.3 Sjóðstreymi og lánsfjárförf A–hluta ríkissjóðs

Áætlað er að á árinu 2012 verði tekjujöfnuður A–hluta ríkissjóðs neikvæður um 17,7 mia.kr. og reiknað er með að í ár verði tekjujöfnuðurinn neikvæður um 42,1 mia.kr. Samkvæmt því er gert ráð fyrir að á rekstrargrunni batni afkoman um 24,4 mia.kr. milli ára sem endurspeglar áframhaldandi útgjaldaaðhald og aukningu tekna í samræmi við áætlun ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum. Á greiðslugrunni batnar afkoman um 21,3 mia.kr. Áætlað er að á rekstrargrunni aukist gjöldin um 14,3 mia.kr. milli ára en um 14,2 mia.kr. á greiðslugrunni. Reiknað er með að á rekstrargrunni vaxi tekjurnar um 38,7 mia.kr. milli ára en um 35,5 mia.kr. á greiðslugrunni. Gert er ráð fyrir að handbært fé til rekstrar minnki um 14,3 mia.kr. milli ára auk þess sem reiknað er með eignasala muni skila ríkissjóði 7 mia.kr. meiri tekjum á næsta ári en í ár.

Áætlað er að á árinu 2012 verði hreinn lánsfjárfjöfnuður A–hluta ríkissjóðs neikvæður um 39,3 mia.kr. þar sem reiknað er með að handbært fé frá rekstri verði neikvætt um 38,4 mia.kr. og fjármunahreyfingar neikvæðar um 0,9 mia.kr.

Til samanburðar eru horfur á að í ár verði hreinn lánsfjárjöfnuður neikvæður um 46,8 mia.kr. þannig að breyting milli ára er jákvæð um 7,5 mia.kr. Betri staða hreins lánsfjárjöfnuðar á næsta ári stafar einkum af minni þörf ríkissjóðs fyrir rekstrarlán, enda batnar staða handbærs fjár frá rekstri um 14,3 mia.kr., en á móti vegur 6,8 mia.kr. neikvæð breyting í fjármunahreyfingum sem einkum skýrist af breytingum í veittum lánnum ríkissjóðs og afborgunum af þeim.

M.kr.	Horfur 2011	Frumvarp 2012
Handbært fé frá rekstri	-52.724	-38.419
Fjármunahreyfingar:		
Veitt löng lán	-125.000	-15.100
Afborganir veittra lána	133.000	8.000
Hlutabréfakaup og eiginfjárframlög	-2.300	-1.000
Sala hlutabréfa og eignarhluta	200	7.200
Fjármunahreyfingar samtals	5.900	-900
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-46.824	-39.319
Fjármögnun:		
Tekin löng lán	266.000	115.000
Afborganir af teknum lánnum	-195.000	-104.000
Fjármögnun samtals	71.000	11.000
Breyting á handbæru fé	24.176	-28.319

Gert er ráð fyrir að fjármunahreyfingar næsta árs verði í heild neikvæðar um 0,9 mia.kr. en jákvæðar um 5,9 mia.kr. í ár. Breyting milli ára er neikvæð um 6,8 mia.kr. og er í megin dráttum af þrennum toga. Í fyrsta lagi er reiknað með að í ár verði innheimtar afborganir af veittum lánnum ríkissjóðs 8 mia.kr. umfram lánveitingar. Reiknað er með að á næsta ári snúist dæmið við og að lánveitingar verði 7,1 mia.kr. umfram afborganir sem er viðsnúningur um 15,1 mia.kr. Veldur þar mestu að í ár fékk ríkissjóður greiddar 7 mia.kr. eftirstöðvar af svokölluðu Avens-samkomulagi sem gert var við lífeyrissjóðina á árinu 2010 og að reiknað er með 3,5 mia.kr. meiri lánveitingum á næsta ári en í ár til Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 2,3 mia.kr. útstreymi fjár í ár vegna eiginfjárframlaga samanborið við 1 mia.kr. á næsta ári. Í þriðja lagi er svo áætlað að á næsta ári muni eignasala skila ríkissjóði 7 mia.kr. meiri tekjum en í ár. Hreinn lánsfjárjöfnuður verður samkvæmt þessu neikvæður um 39,3 mia.kr. á árinu 2012. Á móti koma lántökur ríkissjóðs sem áætlað er að verði 11 mia.kr. umfram afborganir af teknum lánnum. Gangi þetta eftir minnkar handbært fé um 28,3 mia.kr. á næsta ári og versnar staða ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands sem því nemur.

Handbært fé frá rekstri. Handbært fé frá rekstri er það fé sem regluleg starfsemi ríkisins skilar þegar frá eru taldar rekstrarfærðar tekjur og gjöld sem ekki koma til innheimtu eða útgreiðslu á árinu. Horfur eru á að í ár verði handbært fé frá rekstri neikvætt um 52,7 mia.kr. og áætlað er að það verði neikvætt um 38,4 mia.kr. á næsta ári. Breytingin á milli ára er jákvæð um 14,3 mia.kr. þar sem gert er ráð fyrir verulegum vexti tekna umfram útgjöld.

Veitt löng lán. Í 2. tl. 5. gr. frumvarpsins er sótt um heimild til 15,1 mia.kr. lánveitinga úr ríkissjóði til lengri tíma en eins árs. Er þar um að ræða 11,5 mia.kr. til Lánasjóðs íslenskra námsmanna og 3,6 mia.kr. til hlutafélaga um vegafframkvæmdir. Lánveitingar í ár eru áætlaðar 125 mia.kr. og lækka samkvæmt því um 109,9 mia.kr. milli ára. Lækkunin skýrist aðallega af því að á næsta ári er ekki gert ráð fyrir veitingu gjaldeyrisforðalans til Seðlabanka Íslands en í ár er reiknað með jafngildi 117 mia.kr. lánveitingu í þessu skyni. Á móti vegur að á næsta ári er reiknað með 3,5 mia.kr. meiri lánveitingu til Lánasjóðs íslenskra námsmanna en í ár. Auk þess er reiknað með allt að 3,6 mia.kr. lánveitingum vegna vegafframkvæmda á næsta ári.

Afborganir veittra lána. Reiknað er með að í ár innheimtist 133 mia.kr. í afborganir af veittum lánum ríkissjóðs og áætlað er að á næsta ári nemi afborganir 8 mia.kr. Breytingin milli ára er 125 mia.kr. til lækkunar og skýrist að mestu af áætlun um 117 mia.kr. afborgun Seðlabankans af gjaldeyrisforðaláni í ár og innheimtu á 7 mia.kr. eftirstöðvum af Avens samkomulaginu. Afborganir Lánasjóðs íslenskra námsmanna á næsta ári eru áætlaðar 6,2 mia.kr. og lækka um 0,1 mia.kr. milli ára. Aðrar smærri afborganir eru áætlaðar samtals um 1,8 mia.kr. og lækka um 900 m.kr. milli ára.

Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög. Undir þennan lið falla eiginfjárframlög og kaup á eignarhlutum í félögum sem færðir eru í efnahagsreikning ríkissjóðs. Við afgreiðslu fjárlaga í desember í fyrra var reiknað með að í ár myndi ríkið leggja allt að 2.000 m.kr. í slík framlög. Bar þar hæst 1.000 m.kr. til Bygðastofnunar og 500 m.kr. til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Bygðastofnun uppfyllir ekki skilyrði um eiginfjárlutfall og eru málefni hennar til skoðunar. Um greiðslur til Nýsköpunarsjóðs fer eftir samkomulagi fjármálaráðuneytis og sjóðsins frá 29. desember 2008, á grundvelli 2. mgr. 5. gr. laga nr. 133/2005, um ráðstöfun á söluandvirði Landsíma Íslands hf., og er heildarframlag ríkissjóðs samkvæmt því 1.500 m.kr. Áætlað hefur verið fyrir 500 m.kr. árlegu framlagi í fjárlögum 2007–2011. Greiðslur hafa þó ekki verið jafn örar og nema rúmlega 975 m.kr. frá ársbyrjun 2007 til ársloka 2010. Reiknað er með 235 m.kr. framlagi í ár. Hvað næsta ár varðar þá er í frumvarpinu áætlað fyrir samtals 1.000 m.kr. í hlutafjárkaup og eiginfjárframlög ríkissjóðs. Ber þar hæst 280 m.kr. framlag til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og 235 m.kr. framlag til Alþjóðaframfarastofnunarinnar.

Gert er ráð fyrir rúmlega 400 m.kr. svigrúmi til annarra framlaga. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir helstu eiginfjárframlög og áform þar um í ár og á næsta ári.

M.kr.	Áætlun 2011	Frumvarp 2012
Byggðastofnun	1.000,0	0,0
Farice ehf.	656,0	0,0
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	235,0	280,0
Alþjóðaframálastofnunin (IDA)	234,0	235,0
Norræni þróunarsjóðurinn (NDF)	64,0	65,0
Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO)	5,0	5,0
Önnur hluta- og stofnfjárframlög	106,0	415,0
Samtals	2.300,0	1.000,0

Sala hlutabréfa og eignarhluta. Gert er ráð fyrir 7,2 mia.kr. tekjum á næsta ári af sölu á eignarhlutum í félögum. Í fjárlögum yfirstandandi árs er reiknað með 200 m.kr. tekjum af sölu á eignarhlutum þannig að aukning milli ára er 7 mia.kr. Í langtímaáætlun í ríkissfjármálum 2012–2015 er gert ráð fyrir umtalsverðum tekjum af sölu ríkisins á eignarhlutum í félögum og fyrirtækjum, og eftir atvikum af annarri eignasölu. Nánari ákvörðun um sölu tiltekinna eigna liggur ekki fyrir en sérstakur starfshópur á vegum ríkisstjórnarinnar vinnur nú að tillögugerð þess efnis. Þar sem ekki liggur fyrir hvaða eignir verða boðnar til sölu var valið að áætla ekki fyrir bókfærðu verði seldra eigna í frumvarpinu. Í sjóðstreymi ríkissjóðs er því öll 7 mia.kr. tekjuaukningin færð til lækkunar rekstrarliða sem hafa ekki áhrif á handbært fé. Sú framsetning kann að breytast verði mótaðar tillögur um eignasölu á næsta ári komnar fram fyrir lokaafgreiðslu fjárlagsfrumvarpsins.

Hreinn lánsfjárjöfnuður. Áætlað er að hreinn lánsfjárjöfnuður verði neikvæður um 46,8 mia.kr. í ár og neikvæður um 39,3 mia.kr. á næsta ári. Breyting milli ára er 7,5 mia.kr. til batnaðar sem skýrist af 14,3 mia.kr. aukningu handbærs fár frá rekstri á móti 6,8 m.kr. neikvæðum viðsnúningi í fjármunahreyfingum eins og áður hefur verið rakið.

Lántökur A–hluta ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir 115 mia.kr. lántökum ríkissjóðs á árinu 2012 og í 1. tl. 5. gr. frumvarpsins er sótt um heimild fyrir fjármálaráðherra til að taka þá fjárhæð að láni fyrir hönd ríkissjóðs. Lántökur í ár eru áætlaðar 266 mia.kr. og lækka lántökur ríkissjóðs samkvæmt því um 151 mia.kr. milli ára 2011 og 2012. Minni lántökuáform á næsta ári skýrast einkum af minni endurfjármögnun en einnig af betri stöðu handbærs fjár frá rekstri auk þess sem áformað er að ganga á innstæður ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands. Til viðbótar við framangreinda 115 mia.kr. lántökuheimild er í 4. tl. 5. gr. sótt um heimild til að taka lán allt að 340 mia.kr. eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, verði þess talin þörf til að efla gjaldeyrisvaraförða Seðlabanka Íslands eða til

endurfjármögnunar erlendra lána. Ríkissjóður hóf á ný alþjóðlega skuldabréfaútgáfu sumarið 2011 eftir bankahrunið 2008 og það efnahaglega áfall sem Ísland varð fyrir í kjölfarið. Sú útgáfa var afar mikilvægur áfangi í efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar og skref í átt að því markmiði að tryggja varanlegan aðgang að erlendum skuldabréfamörkuðum. Ekkert liggur fyrir um það hvort þessi heimild verði nýtt en mikilvægt er að geta haldið áfram að byggja upp aðgengi að fjölbreyttum og sterkum hópi skuldabréfafjárfesta þar sem endurfjármagna þarf á komandi árum þau lán sem tekin hafa verið í tengslum við efnahagsáætlunina. Nauðsynlegt er að ríkissjóður hafi tækifæri til að nýta sér aðstæður sem skapast geta til útgáfu á erlendum mörkuðum til að endurfjármagna eldri lán eða til að styrkja gjaldeyrisvaraforða Seðlabanka Íslands. Endurfjármögnun eldri lána eykur ekki skuldsetningu ríkissjóðs og lántaka til að styrkja gjaldeyrisforðann eykur ekki hreinar skuldir ríkissjóðs þótt heildarskuldir hækki.

Afborganir af teknum lánnum. Áætlað er að á árinu 2012 greiði ríkissjóður 104 mia.kr. í afborganir af teknum lánnum. Gert er ráð fyrir að greiða 195 mia.kr. í afborganir í ár og lækka afborganir samkvæmt því um 91 mia.kr. milli árána 2011 og 2012. Miðað við framangreindar áætlanir um lántökur aukast nettóskuldir A–hluta ríkissjóðs um 82 mia.kr. að nafnverði á þessum tveimur árum.

6.4 Skuldir, kröfur og hrein staða ríkissjóðs

Taflan hér á eftir gefur yfirlit um langtímaskuldir, kröfur og eignahluti ríkissjóðs í árslok 2010 og áætlaðar stöður í árslok 2011 og 2012 á verðlagi í lok hvers árs, sbr. einnig nánari sundurliðun í töflu 9 um eignir og skuldir ríkissjóðs í töfluviðauka frumvarpsins.

Stöðutölur í milljónum króna á verðlagi í lok hvers árs	Árslok 2010	Áætlun 2011	Frumvarp 2012
Skuldir ríkissjóðs	1.285.074	1.386.476	1.405.993
Ríkisbréf og ríkisvixlar	496.009	552.907	586.715
Skuldabréf vegna endurfjármögnunar Seðlabanka Íslands	163.468	169.795	159.656
Skuldabréf vegna eiginfjárframlaga til fjármálastofnana	226.213	246.213	246.213
Aðrir innlendar langtímaskuldir	58.255	53.575	51.618
Lántaka til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands	281.318	300.900	299.028
Aðrar erlendar langtímaskuldir	59.811	63.086	62.763
Kröfur ríkissjóðs	326.132	536.334	545.444
Veitt lán	130.779	134.129	141.307
Vegna gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands	117.253	320.505	318.437
Viðskiptareikningar, nettó	78.100	81.700	85.700
Hreinar lántökur ríkissjóðs	958.942	850.142	860.549
Handbært fé, nettó	311.289	148.286	123.212
Hrein staða ríkissjóðs	-647.653	-701.856	-737.337
Hlutfé, eignarhlutir og stofnfé	342.933	344.733	345.533
Hrein staða ríkissjóðs að teknu tilliti til eigna	-304.720	-357.123	-391.804

Samkvæmt ríkisreikningi námu langtímaskuldir ríkissjóðs 1.285 mia.kr. í árslok 2010 og áætlað er að skuldirnar verði 1.386 mia.kr. í árslok 2011 og 1.406 mia.kr. í árslok 2012. Hreinar lántökur ríkissjóðs námu hins vegar 959 mia.kr. í árslok 2010 og áætlað er að hreinar lántökur verði 850 mia.kr. í árslok 2011 og 860 mia.kr. í árslok 2012.

Halla á rekstri ríkissjóðs og afborgunum af teknum lánunum verður mætt með útgáfu ríkisskuldabréfa og með því að draga á innistæður í Seðlabanka Íslands. Reiknað er með að í ár verði nálægt 42 mia.kr. halli á rekstri ríkissjóðs og tæplega 18 mia.kr. halli á næsta ári. Horfur eru á að handbært fé frá rekstri verði neikvætt um tæpa 53 mia.kr. í ár og neikvætt um rúma 38 mia.kr. á næsta ári. Útgáfa ríkisverðbréfa umfram innlausn verður því hvað mest á yfirstandandi ári. Á næsta ári er ráðgert að hefja endurskipulagningu á skuldum ríkissjóðs með útgáfu ríkisbréfa til niðurgreiðslu á ómarkaðshæfum bréfum ríkissjóðs verði aðstæður fyrir hendi. Kjör ríkissjóðs í útboðum það sem af er þessu ári hafa tekið mið af vaxtalækkunarferli Seðlabankans og gjaldeyrishöftum og hafa verið ríkissjóði hagfelld. Staða ríkisbréfa og ríkisvixla mun aukast um 90,7 mia.kr. á milli ársloka 2010 og 2012 miðað við áætlun frumvarpsins.

Með samkomulagi sem gert var í byrjun árs 2009 og tók gildi í árslok 2008 framseldi Seðlabanki Íslands ríkissjóði samtals 345 mia.kr. kröfur sem bankinn hafði tekið sem tryggingar fyrir veð- og daglánunum sem hann hafði veitt fjármála-fyrirtækjum í samræmi við hlutverk sitt sem seðlabanki. Tilgangur samkomulagsins var að tryggja bankanum viðunandi eiginfjárstöðu. Ríkissjóður keypti tryggingabréfin og lét í staðinn 270 mia.kr. verðtryggt ríkisskuldabréf. Síðar framseldi ríkissjóður kröfurnar ásamt kröfum vegna verðbréfalána ríkissjóðs til Seðlabanka gegn lækkun skuldabréfsins. Í árslok 2010 nam staða skuldabréfsins 163,5 mia.kr. en lækkar í 159,7 mia.kr. í árslok 2012 gangi áætlanir um endurskipulagningu skulda eftir.

Í árslok 2010 námu eiginfjárframlög ríkisins til fjármálastofnana 226,2 mia.kr. Eru þá meðtalin framlög til Íbúðalánasjóðs að fjárhæð 33 mia.kr. og Byggðastofnunar að fjárhæð 3,6 mia.kr. Fjármögnun eiginfjárframlaga hefur á síðustu árum að mestu farið fram með afhendingu ríkisskuldabréfa en gefinn var út nýr skuldabréfaflokkur sérstaklega til þessa. Gjaldldagi flokksins er árið 2018 og taka vextir mið af vaxtakjörum viðskiptareikninga innlánsstofnana í Seðlabanka. Á móti þessari skuld kemur eignarhluti ríkissjóðs í fjármála-fyrirtækjunum og krafa ríkissjóðs vegna víkjandi gengisbundinna lána sem Íslandsbanka og Arion banka voru veitt í tengslum við sölu ríkissjóðs á eignarhlutum í þessum bönkum.

Aðrar innlendar langtímaskuldir eru aðallega að tvennum toga. Annars vegar skulda-bréf með ríkisábyrgð frá árunum 1989 til 1998 sem ríkissjóður tók yfir í árslok 2010 og mun ríkissjóður gera kröfur í þrotabú bankanna um endurheimtur. Hins vegar skuldabréf sem gefin voru út vegna kaupa ríkissjóðs á helmings hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrar-bæjar í Landsvirkjun árið 2007. Eignarhlutur ríkissjóðs í Landsvirkjun kemur því á móti þessari skuld.

Ríkissjóður hefur nú dregið á um það bil helminginn af þeirri lánaþyrirgreiðslu samstarfsþjóða sem Íslandi var veitt í tengslum við efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) til eflingar gjaldeyrisforða landsins. Þar af er um helmingur frá Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi og um þriðjungur frá Póllandi. Þegar hefur verið tekið lán frá Færeyjum. Lán frá AGS og Noregi eru veitt beint til Seðlabanka Íslands. Gert var ráð fyrir því að lán Norðurlanda yrðu greidd út í fjórum áföngum og lán Póllands í þremur. Staða þessara lána nam 114 mia.kr. í árslok 2010 og áætlað er að þau nemi að jafnvirði tæpum 123 mia.kr. í árslok 2011 og 122 mia.kr. í árslok 2012. Andvirði lánanna eru á innlendum gjaldeyrisreikningum ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands. Til skoðunar er að veita þessu fé áfram í formi láns til bankans en niðurstaða liggur ekki fyrir.

Á árinu 2010 gerði ríkissjóður samkomulag við Seðlabankann í Lúxemborg um kaup á eignavörðum skuldabréfum Avens B.V. (Landslux Notes) þar sem að baki voru íbúða- og ríkisbréf ásamt reiðufé. Með kaupunum tryggði ríkissjóður sér full yfirráð yfir eignum Avens B.V. sem var stærsti einstaki eigandi krónueigna utan Íslands en krónueignir þess námu um fjórðungi allra krónueigna erlendra aðila. Ríkissjóður greiddi fyrir þessar eignir með skuldabréfi að fjárhæð 401,5 milljónum evra til 15 ára og með 35 milljónum evra og 5 mia.kr. reiðufé. Staða lánsins í árslok 2011 verður um 63 mia.kr. Ríkissjóður keypti til viðbótar íbúðabréf af Eignarhaldsfélagi Seðlabanka Íslands og gerði síðar samkomulag um sölu íbúðabréfanna til 26 innlendra lífeyrissjóða gegn greiðslu að fjárhæð 549 milljónir evra. Áformað er að ríkissjóður veiti fénu áfram í formi láns til Seðlabanka. Því er ekki um fjárfestingu fyrir ríkissjóðs að ræða heldur aukningu á gjaldeyrisforða landsins og endurskipulagningu á skuldum. Þessi viðskipti skýra hærri kröfu á Seðlabanka vegna gjaldeyrisforða heldur en lántökur vegna hans.

Ríkissjóður hefur keypt upp hluta af erlendum lánum, sem tekin voru til styrkingar gjaldeyrisforða á árunum 2006 og 2008, upphaflega að fjárhæð 1,3 milljarðar evra á gjalddaga í september og desember á þessu ári og 250 milljónir evra á gjalddaga í apríl 2012, á mjög ásættanlegum kjörum fyrir ríkissjóð. Lán samstarfsþjóða Íslands og andvirði samnings í evrum við lífeyrissjóði um kaup á íbúðabréfum hafa gert ríkissjóði kleift að nýta hagkvæm tækifæri á markaði til uppkaupa á skuldum í evrum fyrir gjalddaga. Á árunum 2010 og það sem af er árinu 2011 hafa verið keyptar skuldir fyrir um 1.030 milljónir evra. Á gjalddaga í ár eru því 356 milljónir evra og á árinu 2012 eru 164 milljónir evra á gjalddaga. Á móti lántökunum frá 2006 og 2008 var krafa á hendur Seðlabankanum sem lækkaði samsvarandi á móti uppkaupum skulda.

Um mitt árið 2011 fór ríkissjóður í skuldabréfaútboð til að styrkja gjaldeyrisforða landsins og styrkja stöðu sína á erlendum mörkuðum. Útgáfan tókst mjög vel og var eftirspurn umfram framboð. Gefin voru út skuldabréf að fjárhæð 1 milljarði dollara á tæplega 5% vöxtum. Staða lánsins er áætluð 116 mia.kr. í árslok 2011. Gert er ráð fyrir að andvirði lántökunnar verði veitt áfram með láni til Seðlabanka Íslands. Aðrar erlendar langtímaskuldir eru frá fyrri árum og hafa verið að greiðast niður jafnt og þétt.

Veitt lán ríkissjóðs, önnur en gjaldeyrisforðalán til Seðlabankans, eru að meginstofni víkjandi lán til Íslandsbanka og Arion banka sem áður var minnst á og endurlán til aðila sem njóta ríkisábyrgðar svo sem Lánasjóðs íslenskra námsmanna og Alþjóðaflugþjónustunnar.

Samkvæmt endurmati á sjóðstreymi ríkissjóðs lækkar handbært fé nettó nokkuð á milli ársloka 2010 og áætlunar 2011 eða um 163 mia.kr. og um 25 mia.kr. til viðbótar á árinu 2012. Gert er ráð fyrir að á árinu 2011 verði gjaldeyriseign ríkissjóðs sem nú er á innlendum gjaldeyrisreikningum í Seðlabanka Íslands veitt til bankans gegn útgáfu skuldaþréfs. Þessi áætlun miðast við að andvirði 1 milljarð dollara skuldabréfaútbóðs frá því í sumar og lánnum samstarfsþjóða verði veitt áfram í formi láns til Seðlabankans en eins og áður sagði þá eru þau mál enn til skoðunar.

Hrein staða ríkissjóðs er neikvæð um 647,7 mia.kr. í árslok 2010 og áætlað er að hún verði neikvæð um 701,9 mia.kr. í árslok 2011 og neikvæð um 737,3 mia.kr. í árslok 2012.

Hlutafé, eignahlutir og stofnfé nemur 342,9 mia.kr. í árslok 2010 og áætlað er að þessar eignir muni nema 344,7 mia.kr. í árslok 2011 og 345,5 mia.kr. í árslok 2012.

Hrein staða að teknu tilliti til eigna er neikvæð um 304,7 mia.kr. í árslok 2010 og áætlað er að hún verði neikvæð um 357,1 mia.kr. í árslok 2011 og neikvæð um 391,8 mia.kr. í árslok 2012.

6.5 Lántökur ríkisfyrirtækja og sjóða – ríkisábyrgðir

Í 3. tl. 5. gr. frumvarpsins er sett hámark á nýtingu lántökuheimilda sem kveðið er á um í hlutaðeigandi sérlægum. Reiknað er með að í ár verði lántökur ríkisfyrirtækja og sjóða samtals 79,6 mia.kr. og áætlað er að lántökur þessara aðila verði 122 mia.kr. árið 2012 en það er rúmlega 42 mia.kr. aukning milli ára. Helstu breytingar felast í 35,4 mia.kr. hækkun á lántökum Íbúðalánasjóðs og 5 mia.kr. hækkun á lántökum Landsvirkjunar.

Eins er gert ráð fyrir að í ár greiði ríkisfyrirtæki og sjóðir samtals 110 mia.kr. í afborganir af teknum lánnum og 125,4 mia.kr. árið 2012. Er því útlit fyrir að í ár lækki nettóskuldir þessara aðila um 30,4 mia.kr. og um 3,4 mia.kr. árið 2012, eða um tæpa 34 mia.kr. á þessum tveimur árum.

Hér á eftir eru raktar lántökuheimildir sem lagt er til að verði veittar skv. 3. tl. 5. gr. Nánari greinargerðir um stofnanir í B- og C-hluta eru í 4. og 5. kafla frumvarpsins.

Landsvirkjun. Lagt er til að Landsvirkjun verði heimiluð allt að 50 mia.kr. lántaka á árinu 2012. Fyrirtækið hefur 30 mia.kr. lántökuheimild í fjárlögum 2011 og gert er ráð fyrir að sækja um 15 mia.kr. hækkun á þeirri heimild í frumvarpi til fjárlögreglu fyrir árið 2011. Áætlað er að í ár greiði fyrirtækið 50 mia.kr. í afborganir af teknum lánnum og jafn mikið á næsta ári. Í ár hefur Landsvirkjun tekist að fjármagna sig betur en á horfðist og útlit er fyrir að skuldabréfaútgáfa til innlendra aðila geti orðið nálægt 30 mia.kr. á árinu. Því til viðbótar verður dregið á lán frá Norræna fjárfestingarbankanum fyrir um 8 mia.kr. Auk þess er

reiknað með að til frekari fjármögnunar geti komið gefist tækifæri til að greiða til baka eldri skuldabréf fyrir gjalddaga. Er því farið fram á að lántökuheimild verði aukin úr 30 í 45 mia.kr. Þó óvíst sé að hún verði nýtt að fullu á árinu. Gert er ráð fyrir að á árinu 2012 verði dregið á lán frá Evrópska fjárfestingarbankanum fyrir um 12 mia.kr., auk þess sem fyrirtækið gerir ráð fyrir að ráðast í skuldabréfaútgáfu í Bandaríkjunum sem gæti numið 30–35 mia.kr. Eins og áður sagði er sótt um heimild til lántöku fyrir allt að 50 mia.kr. sem bæði verður nýtt til uppgreiðslu skulda og fjármögnunar framkvæmda á árinu 2012 og að hluta til árána á eftir, en mikilvægt er að geta sýnt fram á að framkvæmdafé sé til staðar þegar kemur að töku ákvarðana um auknar framkvæmdir. Einnig er mikilvægt fyrir Landsvirkjun að hafa nægilegt fjármagn til endurfjármögnunar eldri skulda fyrir gjalddaga ef tækifæri gefast. Fyrr á þessu ári greiddi fyrirtækið t.d. upp 40 milljónir CHF skuld sem var á gjalddaga 2012. Áætlanir um afborganir lána taka að einhverju leyti mið af þessu en umsamdar afborganir eru nokkuð lægri en þeir 50 mia.kr. sem áætlað er fyrir 2011 og 2012. Einnig er lagt upp með að sjóðstaða verði nokkuð rúm og hefur fyrirtækið lagt aukna áherslu á rúmt aðgengi að fyrirvaralausum fjármagni sem er mikilvægt á óvissutímum. Þrátt fyrir að lagt sé til nokkur aukning í heimild til lántöku á árinu 2011 er gert ráð fyrir óbreyttri stöðu þegar kemur að nettó breytingum þar sem aukin lántaka kemur fram í hærri afborgunum og sjóðs-aukningu. Svipað gildir fyrir árið 2012. Er því gert ráð fyrir að skuldastaða fyrirtækisins verði því sem næst óbreytt eða lægri takist að nýta sjóðstöðu til lækkunar skulda.

Íbúðalánasjóður. Sótt er um 69 mia.kr. lánsfjárheimild til handa Íbúðalánasjóði á árinu 2012. Lántökur íbúðalánadeildar eru áætlaðar 40,2 mia.kr. og lántökur vegna leiguíbúða 28,8 mia.kr. Við afgreiðslu gildandi fjárlaga var reiknað með að Íbúðalánasjóður myndi taka 43,3 mia.kr. að láni og veita nánast sömu fjárhæð í útlán. Nú er útlit fyrir að í ár verði umfang lánastarfseminnar mun minna en reiknað var með og að lántökur verði 33,6 mia.kr. og lánveitingar tæpir 27 mia.kr., þar af 24 mia.kr. í almenn íbúðalán og 3 mia.kr. vegna leiguíbúða. Reiknað er með að í ár muni sjóðurinn greiða 57,9 mia.kr. í afborganir af teknum lánnum og 72,2 mia.kr. á næsta ári. Hrein lánsfjárbörf sjóðsins í ár er því neikvæð um 24,3 mia.kr. og neikvæð um 3,2 mia.kr. á næsta ári. Er því útlit fyrir að á þessum tveimur árum minnki skuldsetning sjóðsins um 27,5 mia.kr. á nafnvirði.

Byggðastofnun. Farið er fram á 3 mia.kr. lánsfjárheimild fyrir Byggðastofnun á árinu 2012 en horfur eru á að í ár nemi lántökur stofnunarinnar um 1 mia.kr. Reiknað er með að í ár greiði stofnunin 2,2 mia.kr. í afborganir af teknum lánnum og 3,1 mia.kr. á næsta ári. Miðað við það mun hún greiða niður skuldir um 1,3 mia.kr. á þessum tveimur árum. Við afgreiðslu gildandi fjárlaga var áætlað að stofnunin myndi taka 3 mia.kr. að láni í ár og veita jafn miklu til nýrra lánveitinga. Nú lítur út fyrir að lánveitingar í ár verði um 1 mia.kr. og áætlað er að lánveitingar á næsta ári verði 2 mia.kr. Byggðastofnun starfar nú á undanþágu frá Fjármálaeftirlitinu þar sem stofnunin uppfyllir ekki skilyrði um 8% eiginfjár-

hlutfall. Varlega metið er talið að leggja þurfi stofnuninni til 3,5 mia.kr. til að ná því marki en í gildandi fjárlögum er heimild til 1 mia.kr. framlags að fenginni úttekt iðnaðar-ráðuneytis á framtíðarfyrirkomulagi lánastarfsemi stofnunarinnar. Málafni stofnunarinnar verða til skoðunar í haust.

7 Heimildir

Í 40. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, segir að ekki megi selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild. Enn fremur segir í 29 gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, að ríkisaðilar í A–hluta skuli hverju sinni afla heimilda í lögum til að kaupa, selja, skipta eða leigja til langs tíma fasteignir, eignarhluta í félögum, skip og flugvélar, söfn og safn-hluta sem hafa að geyma menningarverðmæti og aðrar eignir sem verulegt verðgildi hafa. Lagaheimilda til þessara aðgerða er aflað í 6. gr. fjárlaga. Heimildum fjármálaráðherra er skipt í sjö flokka og eru þær samtals 74 talsins. Heimildirnar skiptast þannig að heimild til eftirgjafar gjalda er 1, til sölu húsnæðis eru 17, til sölu eignarhluta í húsnæði eru 10, til sölu lóða og jarða eru 12, til kaupa og sölu hlutabréfa eru 3, til kaupa og leigu á fasteignum eru 18 og ýmsar heimildir eru 13. Í frumvarpinu er lagt til að fjárveiting til útgjalda vegna heimildagreinar sé 330 m.kr. Ef nýta á allar eða flestar heimildanna er þó ljóst að fjár-veitingin dugir skammt.

Í fyrsta flokki er heimild til handa fjármálaráðherra til að fella niður virðisaukaskatt af efniskostnaði og sérfræðipjónustu sem keypt er fyrir styrktarfé vegna rannsóknar Hjartaverndar um heilbrigði öldrunar. Heimildin er óbreytt frá fyrra ári en hún er komin til vegna umfangsmikillar rannsóknar sem Hjartavernd stendur fyrir í samvinnu við erlenda aðila.

Í öðrum og þriðja flokki eru heimildir til sölu húsnæðis og eignarhluta í húsnæði. Flestar heimildirnar eru til sölu fasteigna sem eru óhentugar eða nýtast ekki lengur í ríkisrekstrinum. Sem dæmi um heimildir í þessum flokki má nefna 2.8 sem er almennt orðuð heimild til sölu á húsnæði dómstóla, lögreglu– og sýslumannsembætta og kaup eða leigu á öðru hentugra húsnæði. Ástæða heimildarinnar er að veita yfirvöldum svigrúm til endurskipulagningar húsnæðismála þessara aðila í tengslum við skipulagsbreytingar sem nú eiga sér stað í málaflokknum. Heimild 2.15 og 2.16 er til sölu á fasteignum sem nýttar hafa verið sem húsnæði dýralækna. Með breyttri skipan þeirra mála hefur sjávarútvegs– og landbúnaðarráðuneytið ekki talið þörf á þessum eignum. Heimild 2.17 er til sölu eða leigu á þjónustuhúsi við Gullfoss. Hér er um að ræða s.k. „Sigríðarstofu“ en rekstri stofunnar hefur verið hætt. Heimild 3.10 er almennt orðið heimild til sölu á íbúðarhúsnæði heilbrigðisstofnana um landið og kaup eða leigu á öðru hentugra húsnæði. Heimildin hefur sama tilgang og heimild 2.8, þ.e. að gefa heilbrigðisyrfirvöldum svigrúm til endurskipulagningar húsnæðismála þessara stofnana.

Fjórdi flokkurinn eru heimildir til sölu lóða og jarða. Heimildirnar eru flestar frá fyrra árum. Heimildir 4.3, 4.6, 4.7, 4.10 og 4.11 eru til komnar vegna almennrar umsýslu Jarðasjóðs. Heimild 4.12 er til sölu Arnarholts á Kjalarnesi en öll starfsemi á vegum velferðar-ráðuneytis hefur verið hætt í eigninni og stendur hún nú auð.

Í fimmta flokki er fjallað um heimildir til kaupa og sölu hlutabréfa. Umræddar þrjár heimildir eru óbreyttar frá fyrra ári.

Í sjötta flokki eru heimildir til kaupa og leigu fasteigna. Þar er helst að nefna heimild 6.16 varðandi kaup á sumarbústöðum í Þjóðgarðinum á Þingvöllum og jarðir í næsta nágrenni hans. Sambærileg heimild var í fjárlögum margra undanfarandi ára en hefur ekki verið þar allra síðustu ár. Að mati forsætisráðuneytisins er talið rétt að taka slíka heimild að nýju í heimildagrein fjárlaga. Heimild 6.17 er til komin vegna viðræðna Háskóla Íslands við Sáttmálasjóð vegna hugsanlegra kaupa eða yfirtöku skólans á húsnæði Háskóla Íslands af Sáttmálasjóði sem er þinglýstur eigandi hennar. Húsnæðið er nú nýtt af stærstum hluta í þágu kennslu á vegum skólans. Heimild 6.18 er til komin vegna áhuga Heilbrigðisstofnunar Austurlands á að leigja aðstöðu í fyrirhugaðri nýbyggingu hjúkrunar- og dvalarheimilis aldraðra á Egilsstöðum.

Í sjöunda flokki eru ýmsar heimildir sem flestar eru óbreyttar frá fyrra ári og skýra sig að mestu sjálfar. Rétt er þó að nefna heimild 7.13 sem er til komin vegna vilja sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis að afhenda Þekkingarsetri Vestmannaeyja rannsóknar-bátinn Friðrik Jesson VE-177 til eignar og afnota.

8 Ríkisábyrgðir og áhættuskuldbindingar

Fjárhagsáhætta ríkissjóðs felst í því að ýmsir þættir geta leitt til þess að rekstrarniðurstaða ríkissjóðs og skuldastaða verði frábrugðin því sem gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Flokka má skuldbindingar ríkissjóðs sem beinar og óbeinar skuldbindingar. Beinar skuldbindingar eru gjöld sem falla á ríkissjóð með fullri vissu og á ákveðnum tíma. Á móti eru óbeinar skuldbindingar gjöld sem falla á ríkissjóð einungis við ákveðin skilyrði í framtíðinni og er óvíst bæði hvort og hvenær gjöldin falla til. Helstu beinu skuldbindingarnar eru skuldastaða ríkissjóðs og lífeyrisskuldbindingar en stærsta óbeina skuldbindingin snýr að ríkisábyrgðum. Aðrar óbeinar skuldbindingar sem vert er að nefna eru áhættuskuldbindingar vegna lagalegrar óvissu sökum meðferðar Icesave málsins hjá eftirlitsstofnun EFTA (ESA).

Beinar skuldbindingar ríkissjóðs. Skuldastaða ríkissjóðs felur í sér fjárhagsáhættu. Áætlað er að heildarskuldir ríkissjóðs í árslok 2011 nemi um 1.386 ma.kr. og þar af verði innlendar kuldir 1.022 ma.kr. og erlendar kuldir 364 ma.kr. Áhættan felst í því að hækkun ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa myndi leiða til hærri vaxtakostnaðar af nýrri lántöku en það myndi hafa neikvæð áhrif á rekstrarniðurstöðu ríkissjóðs. Gjaldmiðlaáhættu vegna erlendra skulda ríkissjóðs er haldið í lágmarki með eignum í erlendri mynt til mótvægis við kuldir.

Hreinar lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs vegna ríkisstarfsmanna námu um 345 ma.kr. í árslok 2010 og er sú skuldbinding færð í ríkisreikning. Af hreinum lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs eru 84% gagnvart B–deild LSR og 10% gagnvart Lífeyrissjóði Hjúkrunarfræðinga. Ríkissjóður hefur enga beina skuldbindingu gagnvart A–deild LSR en þó má nefna að í ársskýrslu LSR fyrir árið 2010 var heildar tryggingafræðileg staða A–deildar LSR neikvæð um 12% eða 47,4 ma.kr. Fjármálaeftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að lög nr. 1/1997 um LSR séu sérlög sem gildi um LSR og gangi framur almennum ákvæðum laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Því þurfi að leiðrétta stöðu A–deildarinnar og er ætlað að hækka þurfi heildariðgjaldið um 4 prósentustig eða úr 15,5% í 19,5%, til að heildarstaða A–deildar verði í jafnvægi.

Óbeinar skuldbindingar ríkissjóðs

Ríkisábyrgðir. Helsta óbeina skuldbinding ríkissjóðs felst í ríkisábyrgðum. Veiting ríkisábyrgðar byggir á lögum nr. 121/1997 um ríkisábyrgðir. Staða ríkisábyrgða 30.júní 2011 nam um 1.207 mia.kr og lækkaði um 14 mia.kr. milli ára. Lækkunin felst aðallega í innlausn ábyrgðaskuldbindinga vegna Lánasjóðs Landbúnaðarins, Landsbanka Íslands hf. og Glitnis banka hf. í árslok 2010 og lægri skuldbindingu gagnvart Landsvirkjun. Á móti

lækkuninni vegur hækkun skuldbindingar vegna Íbúðalánasjóðs. Áætlað er að í lok árs 2011 muni staða ríkisábyrgða nema um 1.185 mia.kr. og er þá ekki reiknað með neinum nýjum ábyrgðum. Áætlað er að staðan hækki og verði 1.217 ma.kr. í árslok 2012. Hækkunin skýrist af yfirtöku ríkissjóðs á ábyrgðarskuldbindingum Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar vegna lántöku Landsvirkjunar í ársbyrjun 2007.

Skráðar ríkisábyrgðir - Eftirstöðvar ^{1, 6, 7}	31. júní 2011	30. júní 2010
Ríkisfyrirtæki og lánastofnanir B- og C- hluta	952.021,0	928.167,0
Íbúðalánasjóður ²	934.512,0	909.619,0
Byggðastofnun	17.268,0	18.310,0
Annað	241,0	238,0
E-hluti sameignar- og hlutafélaga	249.554,0	261.213,0
Landsvirkjun ³	231.228,0	241.250,0
Rafmagnsveitur ríkisins	2.975,0	5.156,0
Eignarhaldsfélagið Farice ehf.	7.230,0	6.964,0
Isavia hf.	3.656,0	3.019,0
Ríkisútvarpið	3.655,0	3.991,0
Íslandspóstur hf.	810,0	833,0
Atvinnuvegir	5.587,0	32.253,0
Kaupþing banki hf ⁴	1.738,0	1.851,0
Glitnir banki hf ⁵	0,0	404,0
Landsbanki hf ⁵	0,0	11.247,0
Lánasjóður Landbúnaðarins ⁵	0,0	15.210,0
Norræni Fjárfestingarbankinn	2.938,0	2.689,0
Annað	911,0	852,0
Skráðar ríkisábyrgðir samtals	1.207.162,0	1.221.633,0

¹ Staða ríkisábyrgða er sýnd með áföllum vöxtum og verðbótum í lok viðkomandi tímabils.

² Tölur fyrir Íbúðalánasjóð sýna verðbréfaútgáfu á nafnverði með áföllum vöxtum og verðbótum, utan Húsbréfa, sem eru á markaðsvirði. Innifalið í tölum fyrir Íbúðalánasjóð eru íbúðabréf (HFF bréf) sem frátekin eru vegna sammings við aðalmiðlara, alls 44,6 ma.kr. á uppreiknuðu verði (27,8 ma.kr. að nafnverði)

³ Ríkissjóður keypti 50% hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun miðað við árslok 2006. Reykjavíkurborg og Akureyrarbær eru ábyrgðaraðilar að 50% skuldbindinga Landsvirkjunar sem stofnað var til fyrir árslok 2006. Í ársbyrjun 2012 yfirtekur Ríkissjóður þessar ábyrgðarskuldbindingar. Alls nema þessar skuldbindingar 114,8 milljörðum í lok annars ársfjórðungs 2011.

⁴ Ábyrgðaskuldbindingar Kaupþing banka hf sem enn voru til staðar við fall bankans eru færðar sem ríkisábyrgðir, þar sem ekki hefur verið gengið frá uppgjöri og krafa því ekki formlega fallin á ríkissjóð.

⁵ Ríkissjóður innleysti í árslok 2010 ábyrgðaskuldbindingar vegna Lánasjóðs Landbúnaðarins, Landsbanka Íslands hf og Glitnis banka hf, og námu þá skuldbindingarnar samtals 22,53 ma.kr.

⁶ Innstæður í íslenskum bönkum, sem njóta ríkisábyrgðar samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands, eru ekki meðtaldar í yfirliti þessu, þ.á.m. eru skaðleysisábyrgðir vegna innstæðna í Straum Burðarás fjárfestingarbanka sem Íslandsbanki yfirtók og vegna innstæðna í SPRON sem Arion banki yfirtók.

⁷ Hugaðlegar ábyrgðir vegna innstæðna í útibúum íslenskra banka erlendir eru ekki meðtaldar í yfirliti þessu.

Stærstu aðilarnir sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum eru Íbúðalánasjóður með rúm 77% heildarfjárhæðar ríkisábyrgða og Landsvirkjun með rúm 19%. Íbúðalánasjóður starfar eftir lögum nr. 44/1998 um húsnæðismál og hefur það hlutverk að lána til húsnæðis-kaupa á Íslandi. Samkvæmt árs hlutareikningi Íbúðalánasjóðs fyrir fyrri hluta árs 2011 varð viðsnúningur á rekstri sjóðsins frá áramótum og var hagnaður upp á 1,6 mia.kr. Eigið fé í lok júní 2011 nam um 10,1 mia.kr. og var eiginfjárlutfall sjóðsins 2,4% reiknað samkvæmt ákvæðum í reglugerð nr. 544/2004 um Íbúðalánasjóð. Fjárframlag ríkissjóðs í fjárukalögum 2010 upp á 33 mia.kr. var að stórum hluta ráðstafað til að mæta fyrirhugaðri niðurfærslu lána einstaklinga niður í 110% af fasteignamati eða verðmati eigna og styrktist eiginfjárlutfall sjóðsins lítið fyrir vikið. Þó var þátttaka í 110% leiðinni töluvert minni en búist var við. Eftir stendur að eiginfjárlutfallið er undir tilskyldu viðmiði upp á 5%. Áhættuþættir Íbúðalánasjóðs eru útlánaáhætta, lausafjáraáhætta, vaxta- og verðbólguáhætta, uppgreiðsluáhætta, endurfjármögnunaráhætta og rekstraráhætta. Þar af er útlánaáhættan langveigamesti áhættuþátturinn sem endurspeglast í því að taprekstur Íbúðalánasjóðs síðastliðin ár stafar af mestu leyti af virðisrýrnun útlána. Virðisrýrnun útlána nam 34 ma.kr. í lok júní 2011 sem er lækkun um 4,8 ma.kr. frá áramótum. Um 4.400 færri sóttu um 110% úrræði stjórnvalda en búist var við og því gengur hluti varúðarniðurfærslu síðasta árs til baka. Á hinn bóginn leiðir ítarlegri greining í ljós meiri skulda- og rekstrarvanda lögaðila en áður var talið og því eru færðir 4 milljarðar í viðbótar varúðarframlag vegna þeirra. Vaxtaáhætta er einnig mikilvægur áhættuþáttur þar sem hreinar vaxtatekjur er stór þáttur í rekstrarreikningi Íbúðalánasjóðs. Lág eiginfjárlutfall sjóðsins gerir honum erfiðara fyrir að mæta áhættuþáttum í rekstri sjóðsins og er fjárhagsáhætta ríkissjóðs því þeim mun meiri.

Fjárhagsstaða Landsvirkjunar er viðunandi en rekstrarhagnaður samstæðunnar fyrir afskriftir nam 179,2 milljónum Bandaríkjadala á fyrstu sex mánuðum ársins 2011 og var eiginfjárlutfall hátt eða um 34,9%. Lausafjárstaða félagsins er einnig sterk vegna góðrar sjóðstöðu og veltilána og samstæðan er vel í stakk búin að standa straum af afborgunum lána á næstu árum. Gert er ráð fyrir því að fyrirtækið geti mætt skuldbindingum sínum til ársloka 2012 þótt enginn aðgangur verði að nýju lánsfjármagni. Fjárhagsleg áhætta Landsvirkjunar greinist í markaðsáhættu, lausafjáraáhættu og mótaðilaáhættu. Á árinu 2010 var markvisst dregið úr markaðsáhættu félagsins með nýjum samningi milli Landsvirkjunar og Alcan á Íslandi. Álverðstenging fyrri samnings er þannig afnumin og öll sala raforku til Alcan tengd vísitölu neysliverðs í Bandaríkjunum. Hlutfall raforkusölu Landsvirkjunar sem tengd er verði á áli lækkar því umtalsvert, eða úr 76% í kringum 50% á árinu 2011. Rekstur félagsins verður áfram næmur fyrir hreyfingum í álverði en góðar varnir og breiðari tekju-grunnur mun tryggja félaginu gott sjóðstreymi á næstu árum. Dregið er úr endurfjármögnunaráhættu félagsins með jafnri dreifingu afborganna og vaxta og með löngum líftíma útistandandi lána. Veginn meðallíftími lánasafnsins var um 7,5 ár í lok júní 2011.

Fyrir utan Íbúðalánasjóð og Landsvirkjun eru Bygðastofnun og Farice stærstu aðilarnir sem njóta ríkisábyrgðar. Eiginfjárstaða Bygðastofnunnar 31. júlí 2011 var neikvæð um 483 m.kr. þrátt fyrir framlag ríkissjóðs upp á 1 ma.kr. Eiginfjárlutfallið er því neikvætt og nemur $-2,41\%$. Bæði hafa hærri framlög í afskriftasjóð útlána stofnunarinnar og lakari hreinar vaxtatekjur haft neikvæð áhrif á eiginfjárlutfallið. Áskilið er í gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki að eiginfjárgrunnur skuli nema að lágmarki 8% af áhættugrunni. Fjárhagsáhætta ríkissjóðs felst í því að á næstu árum þurfi að styrkja eiginfjárgrunn Bygðastofnunar miðað við að starfsemin verði í óbreyttri mynd og gæti sú fjárþörf numið nokkrum milljörðum króna. Eignarhaldsfélagið Farice ehf. og dótturfélag þess Farice hf. fór í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu árið 2010 og voru félögin sameinuð í eitt félag, Farice ehf. Stærstu hluthafar félagsins, íslenska ríkið og Landsvirkjun, lögðu félaginu til nýtt hlutafé að fjárhæð 11 milljónir evra. Tekjumöguleikar félagsins eru háðir gagnaversgeiranum hér á landi og vaxandi eftirspurn eftir bandvídd. Fjárhagsleg áhætta ríkissjóðs getur farið vaxandi ef tekjur Farice ehf. standast ekki áætlanir næstu árin og taprekstur heldur áfram. Komist uppbygging gagnaversiðnaðarins á skrið og umferð um sæstrengina eykst getur félagið hins vegar fljótt orðið mjög ábatasamt.

Aðrar óbeinar skuldbindingar ríkissjóðs. Samstarfsverkefni ríkissjóðs og einkaaðila (e. public private partnership) geta falið í sér fjárhagsáhættu fyrir ríkissjóð þótt engin ríkisábyrgð hvíli á verkefninum. Samstarfsverkefnin fela í sér litla fjárhagsáhættu fyrir ríkissjóð en þó geta komið upp aðstæður þar sem verkefni þurfa fjármagn umfram það sem er áætlað í núverandi fjárlögum. Helstu samstarfsverkefnin eru bygging og rekstur tónlistarhússins Hörpu, vegaframkvæmdir svo sem Vaðlaheiðagöng og bygging nýs landsspítala.

Ýmsar óbeinar skuldbindingar ríkissjóðs má flokka sem ólögbundnar áhættuskuldbindingar. Slíkar skuldbindingar eru ekki lagalega bindandi og falla aðeins til ef ákveðin skilyrði myndast þar sem talið er þjóðhagslega mikilvægt fyrir ríkissjóð að leggja fram fjármagn til að tryggja hagsmuni þjóðarbúsins. Dæmi um slíkar ólögbundnar áhættuskuldbindingar er sú lagalega óvissa sem stafar af meðferð Icesave málsins hjá eftirlitsstofnun EFTA (ESA) og sá möguleiki að málið endi fyrir EFTA-dómstólnum.

Rétt þykir að halda því til haga að Icesave-málið svokallaða kann að hafa veruleg áhrif á stöðu ríkissjóðs þegar lyktir þess liggja endanlega fyrir. Niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslu um gildi laga nr. 13/2011¹, um heimild fjármálaráðherra til að staðfesta Icesave-samninga við stjórnvöld í Bretlandi og Hollandi felur í sér að meiri óvissa ríkir um áhrif Icesave-deilunnar á stöðu og horfur í ríkisfjármálum en ella hefði orðið.

Þegar samningar um Icesave voru gerðir í lok síðasta árs, var það mat stjórnvalda og samninganefndar Íslands að allar líkur væru á að eignir bús Landsbankans myndu duga til

¹ Lög um heimild til handa fjármálaráðherra til að staðfesta samninga, sem áritaðir voru í London 8. desember 2010, um ábyrgð á endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta til breska og hollenska ríkisins á kostnaði af greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi og greiðslu eftirstöðva og vaxta af þeim skuldbindingum.

greiðslu á höfuðstóli forgangskrafna í búið. Uppfært eignamat skilanevndar Landsbanka Íslands frá 1. september sl., um heimtur eigna búsinu benda eindregið til að það mat hafi verið rétt og að yfirgnæfandi líkur séu á að eignir búsinu muni duga til að greiða allar þær kröfur sem slitastjórnin hefur skilgreint sem forgangskröfur, þ.m.t. kröfur almennra innstæðueigenda, sem að stærstum hluta til eru í höndum innstæðutryggingasjóða Bretlands og Hollands. Vonir standa til þess að u.þ.b. þriðjungur þessara krafna verði greiddur út síðar á þessu ári, en að eftirstöðvar dreifist á nokkur ár þar á eftir, eftir því sem tekjur af eignum búsinu berast.

Fjármálaráðuneytið og samninganevndin hafa í mati sínu gert ráð fyrir að áhætta ríkissjóðs með því að staðfesta þann samning sem náðist milli samninganevnda landanna fælist einkum í þeim vaxtagreiðslum sem féllu á ríkissjóð umfram það sem gerðist upp með fjármunum í eigu innstæðutryggingarsjóðsins og gengismuni vegna sterkari krónu. Samkvæmt uppfærðu eignamati skilanevndarinnar frá 1. september sl. áætla fjármálaráðuneytið nú að þessi kostnaður nemi um 25 milljörðum kr. Miðast það við gengi krónunnar í dag. Styrking krónunnar lækkar þessa áætlun en veiking hins vegar hækkar hana.

Uppfært heimtummat skilanevndar á eignum búsinu Landsbankans og greiðslur úr búinu breyta hins vegar engu um það ferli sem í gangi er gagnvart Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) eftir því sem fram kom í rökstuddu álitni stofnunarinnar frá 10. júní sl. Samningsbrotamál á hendur íslenskum stjórnvöldum fyrir EFTA dómstólnum virðist því óumflýjanlegt.

Óvissa um lyktir þess dómsmáls, og aðrir óvissuþættir, valda því að ógerningur er að áætla með nokkurri vissu þann kostnað sem kann að lenda á ríkissjóði. Endanlegur kostnaður ræðst af eftirfarandi þáttum:

1. Niðurstöðu Hæstaréttar í dómsmáli um gildi neyðarlaganna og forgangi innstæðukrafna.
2. Niðurstöðu EFTA dómstólsins í því dómsmáli sem væntanlega verður höfðað á hendur íslenskum stjórnvöldum. Því máli gæti lokið með því að íslensk stjórnvöld teldust ekki bera ábyrgð á innstæðum Icesave reikninganna. Málinu gæti einnig lokið þannig að stjórnvöld þyrftu að tryggja greiðslu á lágmarksinnstæðum, og/eða að stjórnvöld teldust hafa mismunað innstæðueigendum með því að tryggja innstæðueigendum í útibúum Landsbankans á Íslandi betri stöðu en þeim sem áttu innstæður í útibúum í Hollandi og Bretlandi. Niðurstaða um að mismunun hafi átt sér stað gæti leitt til þess að stjórnvöld í Bretlandi og Hollandi setji fram kröfur um að íslensk stjórnvöld tryggi allar innstæður að fullu eins og gert var í útibúum á Íslandi, en ekki einvörðungu lágmarksfjárhæðina.

Verði niðurstaða EFTA dómstólsins íslenskum stjórnvöldum í óhag, eða tapist málið, mun endanlegur kostnaður ríkissjóðs einkum ráðast af

- a) heimtum búans,
- b) gengisþróun krónu og helstu gjaldmiðla,
- c) uppgjörsaðferð slitastjórnar gagnvart forgangskröfuhöfum,
- d) efni dómsniðurstöðunnar, m.a. hvort íslensk stjórnvöld verði á grundvelli mismununar gerð ábyrg fyrir öllum innistæðum, en ekki eingöngu lágmarksfjárhæðinni eins og samningarnir gerðu ráð fyrir, og loks því,
- e) hvaða vexti Ísland þyrfti þá á endanum að greiða til Breta og Hollendinga.

Af framangreindu má ráða að endanlegur kostnaður gæti orðið lítill eða enginn ef niðurstaða dómsmála verður með hagfelldasta hætti fyrir ríkissjóð.

Á hinn bóginn gæti önnur niðurstaða valdið ríkissjóði mjög alvarlegum skakkaföllum. Færi svo þyrfti að endurskoða frá grunni meginmarkmið ríkisfjármálaáætlunarinnar.

Lagaleg óvissa ríkir um hvort ríkisábyrgð á skuldbindingum innstæðutryggingasjóða standist almenn sjónarmið Evrópuréttar. Með álitni ESA þann 10. júní 2011 fengu íslensk stjórnvöld þrjá mánuði til að gera viðeigandi ráðstafanir til að fara að álitinu. Að öðrum kosti má búast við að málinu verði vísað til EFTA dómstólsins. Framundan kann því að vera málarekstur um þetta mál fyrir dómi. Þótt EFTA dómstóllin komist að þeirri niðurstöðu að íslensk stjórnvöld brjóti gegn tilskipun um innstæðutryggingar er enn óljóst hver fjárhagsleg skuldbinding ríkissjóðs yrði. Slíku yrði að skera úr um með því að reka skaðabótamál fyrir íslenskum dómstólum eða með samningum milli málsaðila. Áhætta ríkissjóðs felst í því að niðurstaða Icesave deilunnar verði fjárhagsleg skuldbinding ríkissjóðs til að greiða Bretum og Hollendingum a.m.k. lágmarkstryggingu samkvæmt tilskipun um innstæðutryggingar. Áhættan minnkar þó verulega ef sú þróun heldur áfram að endurheimtur úr búi Landsbanka Íslands hf. standast áætlanir skilaneftdarinnar. En samkvæmt áætlun skilaneftdarinnar frá september 2011 munu endurheimtur vera um 98% af forgangskröfum og er búið að endurheimta rúmlega 40% af forgangskröfum nú þegar. Endurheimtur hafa farið batnandi frá árinu 2009 og ef sú þróun heldur áfram mun sú fjárhæð sem að lokum fellur á ríkissjóð verða hverfandi.

Ekki er um að ræða neina lögbundna ábyrgð á skuldum sveitarfélaga en fjárhagsstaða þeirra getur falið í sér almenna áhættu fyrir efnahagslífið og ríkissjóð. Þannig er mikil skuldsetning sumra sveitarfélaga og veik fjárhagsstaða þeirra áhyggjuefni. Skuldir íslenskra sveitarfélaga hafa verið í hærra lagi frá 2008 en þá hækkaði hlutfall heildarskulda af heildartekjum snögglega og er gert ráð fyrir að það verði um 243% árið 2011. Það er þó rétt að taka fram að háar skuldir Orkuveitu Reykjavíkur (OR) skekkja myndina töluvert og er réttast að horfa framhjá OR til að fá rétta mynd af skuldastöðu sveitarfélaga. Án OR er gert ráð fyrir að skuldir og skuldbindingar sveitarfélaga verði um 140% árið 2011.

Reglur um fjármál sveitarfélaga í frumvarpi sem nýlega voru lögfestar á Alþingi gera ráð fyrir að skuldir og skuldbindingar fari ekki yfir 150% af tekjum. Sveitarfélögin fá all rúman aðlögunartíma til að ná fjárhagslegum kennitölum sínum inn undir þau markmið, en mikilvægt er að sá tími verði vel nýttur og fjármál sveitarfélaganna ekki síður en ríkisins komist sem fyrst á sjálfbæran grunn.

9 Skattastyrkir

Skattalegar ívilnanir eða afslættir er eitt þeirra hagstjórnartækja sem stjórnvöld hafa yfir að ráða. Hugtakið skattastyrkur (e. tax expenditure) hefur verið notað sem mælikvarði á áhrif þessara ívilnana, en því er ætlað að gefa til kynna hver sé líklegur tekjumissir hins opinbera vegna þeirra. Útgangspunkturinn við mat á umfangi þessara ívilnana er skilgreining á því hver sé grunngerð skattkerfisins (Bench marking) og hvaða frávik séu til staðar frá þeirri grunngerð. Þessum frávikum eða ívilnunum er gjarnan skipt í eftirfarandi flokka:

- Undanþágur frá skattskyldu
- Lægri skatthlutföll
- Lengri greiðslufresti
- Skattafslátt, þ.e. frádrátt frá skatti
- Frádrátt frá skattstofni

Þá eru einnig til neikvæðir skattastyrkir eins og í þeim tilvikum þegar lagður er hærri skattur á tekjur eða eignir hjá tilteknum afmörkuðum hópi skattgreiðenda umfram það sem gerist hjá skattgreiðendum almennt. Sem dæmi um neikvæðan skattastyrk væri t.d. hærri fasteignaskattur á skrifstofuhúsnæði en á atvinnuhúsnæði almennt.

Ljóst er að með víðtækri beitingu skattastyrkja verða mörkin milli tekna og gjalda hjá hinu opinbera óskýrari og um leið verður skattkerfið ógagnsærra og flóknara. Ennfremur er tilhneiging til að viðhalda þeim mjög rík, jafnvel þótt upprunalegu rökin fyrir tilvist þeirra eigi ekki lengur við. Dæmi um það gæti verið sjómannaafslátturinn en hann verður felldur niður í áföngum á næstu misserum. Breikkun skattstofna með fækkun undanþága og fáum skatthlutföllum er ein þeirra leiða sem unnt er að nota til að draga úr vægi skattastyrkja og um leið verður skattkerfið gagnsærra og einfaldara. Önnur leið sem hér er fjallað nánar um er lögformlegt uppgjör sem birt er sem hluti af fjárlagaáætlun eða bókhaldi hins opinbera.

Í allmörgum aðildarríkjum OECD er slíkt uppgjör lögformlegur hluti af fjárlögum en hjá öðrum eru þau birt sem fylgiskjöl með fjárlögum eða yfirlit með endanlegu uppgjöri á reikningshaldi ríkisins, eins og gert er hér á landi. Með reglulegri birtingu slíkra uppgjöra óháð formi er vakin sérstök athygli á því að í stað tiltekinnar ívilnunar á tekjuhlíð gætu komið aukin útgjöld í formi beinna styrkja til þeirra sem notið hafa viðkomandi ívilnunar. Sem dæmi um þetta má taka niðurfellingu bifreiðagjalda til öryrkja en þeirri ívilnun eða sömu áhrifum mætti eins ná með samsvarandi hækkun örorkubóta hjá viðkomandi einstaklingum. Samkvæmt gildandi reglum eru tekjur af bifreiðagjaldi færðar á tekjuhlíð ríkissjóðs að frádregnum niðurfelldum gjöldum sem þýðir að tekjuhlíðin verður lægri en ef stuðningurinn væri bókfærður sem bein útgjöld.

Ljóst er að mat á þessum ívilnunum, eða skattastyrkjum, er alls ekki einhlítt og kallar oft og tíðum á áætlanir með tilheyrandi ónákvæmni. Ennfremur er alltaf spurning hversu langt á að ganga í skilgreiningu á því hvaða þætti ber að telja sem skattastyrk, enda víða grá svæði. Í 10. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, segir: „Skattafslættir sem ekki eru útborganlegir, skulu dregnir frá tekjum samkvæmt 1. tölulið, 9. gr. Þeir skulu þó sýndir sérstaklega í tekjuyfirliti ríkisreiknings.“² Þetta ákvæði var nýmæli í fjárreiðulögunum sem samþykkt voru á árinu 1997. Þau komu til framkvæmda frá og með árinu 1998 þegar birt var mat á skattastyrkjum ríkisins í tekjuyfirliti ríkisreiknings fyrir það ár eftir skatttegundum og málaflokkum. Þó svo að skilgreining á skattastyrkjum samkvæmt íslenskum fjárreiðulögunum sé fremur þröng í alþjóðlegu tilliti nær hún samt þeim megintilgangi að kalla fram uppgjör á þessum mikilvæga þætti í fjármálastjórn ríkisins sem gjarnan hverfur í skuggann af hefðbundinni umræðu um tekjur, útgjöld og afkomu ríkissjóðs. Rétt er að áréttta að uppgjör á skattastyrkjum hefur engin áhrif á þessar grunnstærðir ríkisfjármálanna heldur er því einungis ætlað að veita upplýsingar og skapa vitund um áhrif þessa hagsjórnartækis sem Alþingi beitir á hverju ári með samþykkt fjárlaga. Á hinn bóginn vaknar sú spurning hvort þetta lögbundna yfirlit sem nú birtist einungis sem séryfirlit í ríkisreikningi ár hvert sem eftiráuppgjör eigi heima í frumvarpi til fjárlaga ásamt áætlun um hvers sé að vænta á yfirstandandi ári og komandi árum. Með því næðist fram aukið gagnsæi í fjárlagaáætlun ríkisins og ríkisbúskapnum almennt.

9.1 Umfang skattastyrkja

Sem fyrr segir var sérstakt uppgjör á skattastyrkjum fyrst birt í ríkisreikningi árið 1998. Á því ári námu þeir 6,3 ma.kr., eða 3,9% af heildarskatttekjum ríkisins, sem svarar til 1,1% af landsframleiðslu þess árs. Á þeim tíma námu skattastyrkir vegna tekjuskatta ríflega 36% af heildarfjárhæðinni og styrkir tengdir virðisaukaskatti rúmum 38%. Hlutdeild tolla og vörugjalda var hæst meðal annarra skattastyrkja eða ríflega 17%. Samkvæmt ríkisreikningi 2010 námu skattastyrkir þess árs um 15,3 ma.kr. eða 3,7% af heildarskatttekjum sem er svipað hlutfall og árið 1998. Þetta sama hlutfall var 3,8% árið 2009 og hefur því haldist nokkuð stöðugt á milli ára (sjá töflu). Aftur á móti hefur samsetning skattastyrkja breyst verulega síðan þeim voru fyrst gerð skil 1998 en hlutdeild virðisaukaskatta hefur margfaldast á meðan hlutdeild tekjuskatta hefur lækkað mikið. Þeir liðir sem vega hvað þyngst innan virðisaukaskatts árið 2010 eru endurgreiðslur vegna vinnu við byggingu og endurbætur íbúðarhúsnæðis og endurgreiðsla til sveitarfélaga vegna kaupa á margvíslegri þjónustu³. Sjómannaflátturinn skiptir mestu máli í tilviki tekjuskattanna en hann hefur

² Í 9.gr. er að finna upptalningu á þeim þáttum sem teljast til ríkistekna í A–hluta. 1. töluliður 9.gr. er svohljóðandi: *Skattar og gjöld sem ríkið leggur á og innheimtir á grundvelli laga án þess að á móti komi beint framlag eða þjónusta í réttu hlutfalli við greiðslur*

³ Strangt til tekið ætti sú skattaívilnun sem felst í lægra þrepi virðisaukaskatts (matvörur, bækur, blöð o.fl.) að teljast sem skattastyrkur, en í þessu uppgjöri er það ekki gert.

dregist saman í krónum talið á undandörnum misserum sem skýrir að stærstum hluta fallandi vægi tekjuskatta í heildaruppgjörinu.⁴ Aftur á móti munu nýleg lög um stuðning við nýsköpun og sömuleiðis frádrátt frá tekjuskattsstofni vegna byggingar eða viðhalds á íbúðarhúsnæði vega upp á móti þessari þróun og auka aftur vægi tekjuskatts á komandi misserum.⁵

Skattastyrkir	1998		2009		2010	
	mia	%	mia	%	mia	%
Tekjuskattar	2,3	36,5	2,0	13,7	2,1	14,4
Virðisaukaskattur	2,4	38,1	10,9	74,7	10,9	74,7
Tollar og vörugjöld	1,1	17,5	1,2	8,2	1,6	11,0
Aðrir skattar	0,5	7,9	0,5	3,4	0,7	4,8
Samtals	6,3	100,0	14,6	100,0	15,3	104,8
<i>Hlutfall af skatttekjum alls, %</i>	<i>3,9</i>		<i>3,8</i>		<i>3,7</i>	
<i>Hlutfall af VLF, %</i>	<i>1,1</i>		<i>1,0</i>		<i>1,0</i>	

9.2 Alþjóðleg þróun

Árið 2010 birti efnahags- og framfarastofnunin (OECD) viðamikla úttekt á skattastyrkjum í nokkrum aðildarríkja samtakanna.⁶ Þar er meðal annars fjallað um sögulegan bakgrunn uppgjors skattastyrkja, hugmyndafræðina og hlutverk uppgjorsins í fjárlagaferlinu. Í skýrslunni má einnig finna lýsingu á aðferðarfræði einstakra ríkja (Kanada, Frakkland, Þýskaland, Japan, Suður-Kórea, Holland, Spánn, Svíþjóð, Bretland og Bandaríkin) og stöðu uppgjorsins í ríkisbúskapnum hjá þeim. Í skýrslunni kemur fram að hlutfall skattastyrkja af landsframleiðslu er hæst í Frakklandi, eða um 7%, næst koma Bandaríkin með 6,2% og síðan Svíþjóð með 5,7%. Skattastyrkir í Japan, Suður-Kórea og Þýskalandi mælast undir 1% af landsframleiðslu, sem er talsvert lægra hlutfall en á Íslandi. Samanburði milli landa ber þó taka með fyrirvara enda engin ein lína sem hefur verið mörkuð fyrir OECD-ríkin í heild hvað varðar uppgjör skattastyrkja, þó svo að flest aðhyllist þau þá stefnu sem stofnunin hefur lagt grunn að á undangengnum áratugum.

Vinnuhópur norrænna skattahagfræðinga kynnti einnig niðurstöður úttektar á skattastyrkjum á Norðurlöndum fyrir fáeinum misserum.⁷ Í inngangi skýrslunnar kemur fram að tilurð hennar megi að hluta til rekja til óska Ríkisendurskoðunar í einstökum ríkjum um betri upplýsingar á þessu sviði, auk krafna frá ýmsum öðrum aðilum um gagnsæi og nákvæmari upplýsingar um opinber fjármál. Samkvæmt skýrslunni eru skattastyrkir sem

⁴ Sem fyrr segir verður sjómannaafslátturinn lækkaður í áföngum á næstu misserum og gert er ráð fyrir að hann falli alveg niður 2014 samkvæmt lögum nr. 128/2009.

⁵ Í lögum nr. 152/2009 er nýsköpunarfyrirtækjum veitt heimild til frádráttar hluta kostnaðar vegna rannsóknar- og þróunarstarfs.

⁶ *Tax Expenditures in OECD Countries*, OECD, 2010.

⁷ Skýrslan er unnin af vinnuhópi norrænna skattahagfræðinga og var niðurstaða hennar fyrst kynnt á fundi í Osló 2009. Ísland átti ekki fulltrúa í þeim vinnuhópi og tók ekki þátt í rannsókninni.

hlutfall af landsframleiðslu hæstir í Svíþjóð, eða 8%, og litlu lægri í Finnlandi, eða 7%. Í Noregi mælast skattastyrkirnir 5,4% af landsframleiðslu og 4,4% í Danmörku. Ísland var ekki með í úttektinni en niðurstöður gefa engu að síður til kynna að umfang skattastyrkja hér á landi sé minna en á Norðurlöndunum almennt.⁸

⁸ Niðurstöður OECD og norrænu skattahagfræðinganna eru ekki fyllilega sambærilegar.

10 Yfirlit yfir lagabreytingar

Lagðar verða fram eftirfarandi breytingar á lögum vegna áforma í fjárlagafrumvarpinu:

Lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlagafrumvarpsins:

Lög nr. 155/2010, um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki. Lagt er til að bráðabirgðaákvæði í lögnum vegna fjármögnunar sérstakrar vaxtaniðurgreiðslu verði framlengt um eitt ár.

Lög nr. 129/2009, um umhverfis- og auðlindaskatta. Lögð verður til hækkun á kolefnisgjaldi af fljótandi eldsneyti, gjaldstofninn verður breikkaður og lögin gerð ótímabundin.

